ANNA KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR

*Á framúrstefnulegan stól úr basti*

• Heimili • Heilsa • Tíska • Jólin koma

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




JÓNAS ÖRN HELGASON

*Meistarinn liggur undir feldi*

Íhugar að verja titilinn eftir áramót

FÓLK 74









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. nóvember 2006 — 321. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

**Þroskasögur fyrir allan aldur**



Gagnrýnendur Fréttablaðsins rýna í tvær nýjar bækur Kristínar Steinsdóttur.

MENNING 50

**Jólapera á Grand rokki**



Jólaguðspjallið frá sjónarhóli Jósefs frá Nasaret í leikriti á Grand rokki.

FÓLK 74

**Innflutningur vinnuafls**

„Íslendingar þurfa að búa í haginn fyrir nýbúa og aðra, sem eru hingað komnir til skemmri vinnudvalar, til að jafna kjörin,“ segir Þorvaldur Gylfason.



Í DAG 36

**Frídagur í Rúmeníu**



Íslensku landsliðsstelpurnar mæta liði Portúgals í dag en styttu sér stundir á frídegi sínum í gær.

ÍÞRÓTTIR 66

## VEÐRIÐ Í DAG




**VERSNANDI VEÐUR -** Það er vaxandi norðaustan átt, 15-23 m/s sunnan og vestan til síðdegis. Heldur hægari á Norðausturlandi. Talsverð rigning síðdegis, einkum suðaustan og austan til. Hiti 2-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4




# Fjöldi kókaínfíkla hefur tuttugufaldast

**Kókaínfíklum í meðferð á Vogi hefur fjölgað úr tíu á ári í yfir 200 á innan við áratug. Neyslan almennari og tengd breyttum skemmtanahefðum segir yfirlæknir á Vogi. Metmagn af kókaíni hefur verið gert upptækt á þessu ári.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Fjöldi þeirra sem leita sér meðferðar vegna kókaínfíknar hefur meira en tuttugufaldast á örfáum árum. Að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, hófst þessi mikla fjölgun rétt fyrir aldamótin síðustu. „Á tveggja ára tímabili frá 1998 til 2000 fjölgaði þeim sem leituðu til okkar vegna kókaínfíknar frá því að vera um tíu á ári í það að vera yfir 150. Síðan hefur fjöldinn aukist hægt og rólega. Núna fáum við yfir 200 tilfelli árlega. Þetta breyttist mikið á þessum tíma. Neyslan varð almennari og tengist meira skemmtunum og skemmtanaiðnaðinum. Obbi þeirra sem leita til okkar vegna kókaínneyslu er enda ungt fólk, flest á aldrinum 20-30 ára.“

Að sögn Þórarins fer það mikið eftir fjárhag neytenda hverju sinni hvaða efna þeir eru að neyta. „Það er að færast í aukana að fólk noti einvörðungu kókaín. Þegar vel stendur á hjá því efnalega þá sækir það í kókaín en skiptir svo yfir í amfetamín þegar það er féminna. Sumir kvarta yfir því að kókaín sé svo dýrt, annars myndu þeir taka meira af því.“

> Það er mikið af fólki í þjóðfélaginu sem vill kókaín og er tilbúið að borga mikið fyrir það.
>
> ÞÓRARINN TYRFINGSSON
> YFIRLÆKNIR Á VOGI

Í síðustu viku var íslenskur karlmaður handtekinn í Leifsstöð með þrjú kíló af kókaíni í farangri sínum. Það er mesta magn efnisins sem gert hefur verið upptækt við tollaeftirlit hér á landi frá upphafi. Það er þriðja stóra kókaínmálið sem upp hefur komið á síðustu mánuðum. Í ágúst var átján ára stúlka gripin við reglubundið tollaeftirlit með um tvö kíló af efninu í fórum sínum. Í október komu svo upp tvö aðskilin mál með skömmu millibili þar sem samanlagt um 700 grömm af kókaíni fundust falin í skóm einstaklinga sem komu til landsins. Alls hefur verið lagt hald á um 13 kíló af efninu í ár sem er langmesta magn kókaíns sem lögregla og tollgæsla hafa gert upptækt á einu ári.

Fyrra metár var árið 2004 þegar lagt var hald á rúm 6 kíló. Utan þess árs var meðaltal kókaíns sem var gert upptækt á tímabilinu 1999 til 2005 í kringum eitt kíló. Þórarinn segir að það magn sem finnist sé fyrst og síðast mælikvarði á það að aðilar séu að reyna að koma kókaíni á markað hérlendis. „Það er eftirsóknarvert að koma kókaíni á markað vegna þess að verðið er mjög hátt og ágóðavonin mikil. Það er mikið af fólki í þjóðfélaginu sem vill kókaín og er tilbúið að borga mikið fyrir að fá það.“

- þsj



**ÆGIFEGURÐ** Snjóinn hefur tekið hratt upp í umhleypingum síðustu daga, við misjafnar undirtektir eins og alltaf. Sumir kjósa snjóalög og land í klakaböndum en aðrir nýta sér það þegar vetur konungur sleppir takinu augnablik. Ægisíðan er ákjósanlegur staður til að njóta skammvinnra hlýinda, sérstaklega þegar leikur ljóss og skugga undirstrika fjölbreytni og fegurð árstíðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Forsætis- og utanríkisráðherra hittu ráðamenn grannríkja á leiðtogafundi NATO:

# Viðræður um varnarsamstarf

**VARNARMÁL** Breytt staða varnarmála Íslands eftir brottför varnarliðsins er einnig úrlausnarefni NATO og af Íslands hálfu verður málið borið upp í Norður-Atlantshafsráðinu, æðstu stofnun bandalagsins, á næstu vikum. Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á leiðtogafundi NATO sem lauk í Ríga í Lettlandi í gær.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hitti á fundinum ráðherra frá Noregi, Danmörku, Bretlandi og Kanada og átti við þá viðræður um hugsanlega aukna aðkomu þessara næstu grannþjóða Íslendinga að því að tryggja öryggi og varnir Íslands.

Á fundi Valgerðar með norskum starfsbróður hennar, Jonas Gahr Störe, var ákveðið að embættismenn landanna myndu halda áfram viðræðum um aukið öryggis- og varnarsamstarf þjóðanna á Íslandi um miðjan desember. Jafnframt myndu fulltrúar norskra stjórnvalda kynna sér aðstæður á hinu nýja öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli, sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að þjóni þar áfram landvarnahlutverki.

Valgerður og Ulrik Federspiel, ráðuneytisstjóri danska utanríkisráðuneytisins, urðu líka ásátt um að danskir og íslenskir embættismenn myndu hittast á næstu vikum til að ræða möguleikana á efldu samstarfi á þessu sviði.

Utanríkisráðherra ræddi einnig við breska Evrópumálaráðherrann Geoff Hoon og kanadíska utanríkisráðherrann Peter Gordon MacKay. Þeir lýstu áhuga á að koma til Íslands bráðlega til viðræðna um öryggis- og varnarmál í Norðurhöfum.

- aa/ sjá síðu 4

Menntamálanefnd:

# Frumvarp afgreitt úr nefnd

**ALÞINGI** Dagný Jónsdóttir, annar af fulltrúum Framsóknarflokksins í menntamálanefnd, lagði fram yfirlýsingu á fundi nefndarinnar í gærkvöldi um að Framsóknarflokkurinn styddi afgreiðslu frumvarpsins um Ríkisútvarpið ohf. úr nefndinni á fundinum.

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar og fulltrúi minnihlutans í menntamálanefnd, sagði að þegar rúm klukkustund var liðin af fundinum hafði meirihlutinn ekki lagt fram neinar tillögur um að takmarka auglýsingatekjur RÚV í frumvarpinu. Fundinum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

- ifv



**ÞEGAR NEYÐIN ER STÆRST?** Gríðarleg neyð ríkir nú meðal íbúa Darfúr-héraðs.

Sífellt hærri tölur í Darfúr:

# Hundruð þúsunda talin af

**SÚDAN, AP** **Tala látinna í Darfúrhéraðinu vegna átaka þar er talin vera komin upp í minnst 200.000 manns. Þetta kom fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna í gær, en aðrar rannsóknir hafa bent til þess að talan gæti verið nær 400.000 eða jafnvel hærri.**

**Súdanska ríkisstjórnin heldur því hins vegar fram að raunverulega talan sé eingöngu brot af áætlun SÞ.**

**Erfitt hefur reynst að komast að endanlegri tölu í átökunum sem mannréttindasamtök hafa kallað „verstu mannúðarkrísu heims“ því erlendir hjálparstarfsmenn hafa eingöngu haft takmarkaðan aðgang að Súdan síðan átökin hófust árið 2003.**

- smk




## SPURNING DAGSINS



*Karl, finnst þér kínverskt betra en íslenskt?*

Ég elska þjóðlegan íslenskan mat en sá kínverski er uppáhaldið mitt.

Karl Steingrímsson er eigandi veitingastaðarins Naustsins sem er frægur fyrir að bera fram þjóðlegan íslenskan mat. Ekki er lengur hægt að slafra í sig súrmat á Naustinu því kínverskur veitingastaður mun verða opnaður í húsnæðinu í mars.

Sektir vegna umferðalagabrota geta náð 300 þúsund krónum eftir hækkun:

# Umferðarsektir hækka á morgun

**UMFERÐAMÁL** Sektir vegna umferðarlagabrota hækka umtalsvert á morgun. Sektirnar geta numið allt að 300 þúsund krónum sé ekið á meira en 170 km hraða. Þá varða viðurlög á brotum á reglum um aksturs- og hvíldartíma nú sekt og punkti eða punktum í ökuferilsskrá.

William Thomas Möller, lögfræðingur hjá Umferðarstofu, fagnar þessum breytingum og segir hækkunum ætlað að ná árangri í því að slá á brotafjölda. „Þegar aðgerðir sem þessar eru gerðar er ekki síður mikilvægt að lögreglan haldi vöku sinni yfir umferðarlagabrotum því bestur árangur næst ef allir vinna saman."

Sem dæmi um sektir vegna aksturs yfir löglegum hámarkshraða má nefna að sé ekið á 46-50 km hraða þar sem hámarkshraði er 30 km skal sektin vera 15 þúsund krónur og 50 þúsund sé ekið á 71-75 km hraða þar sem hámarkshraði er 30 km. Fyrir slík brot skal ökumaður jafnframt sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði.

Sé ekið á 101-110 km hraða þar sem hámarkshraði er 90 km skal sektarfjárhæð vera 15 þúsund krónur, 60 þúsund krónur ef hraðinn er á milli 131-140 km og beita skal 110 þúsund króna sekt og þriggja mánaða ökuleyfissviptingu sé ökuhraðinn orðinn 161-170 km þar sem hámarkshraðinn er 90 km. **- hs**



**UMFERÐ** Á morgun hækka sektir vegna umferðarlagabrota og geta orðið allt að 300 þúsund krónum.

Fjáraukalög ársins 2006:

# Aukning um 738 milljónir

**STJÓRNMÁL** Sérstakri fjárveitingu upp á samtals 560 milljónir króna er varið til að mæta rekstrarhalla heilbrigðisstofnana samkvæmt tillögu meirihluta fjárlaganefndar við meðferð fjáraukalaga. Tillagan var afgreidd úr nefndinni í gær og er stefnt að afgreiðslu laganna í dag. Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, segir þetta í samræmi við fyrri ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Við meðferð frumvarpsins eftir aðra umræðu bætast 738 milljónir við þá 16,2 milljarða sem fjáraukalögin ráðgera að ríkisútgjöldin aukist um á árinu, frá því sem kveðið var á um í fjárlögum. **- bþs**

Bæjarstjórn Kópavogs:

# Staðfesta ósk um eignarnám

**KÓPAVOGUR Bæjarstjórn Kópavogs ákvað samhljóma á fundi á þriðjudag að leita heimildar umhverfisráðherra fyrir eignarnámi á 863 hektörum lands úr Vatnsendajörðinni. Samkvæmt samkomulagi við Þorstein Hjaltested, landeiganda á Vatnsenda, verður umsamið verð fyrir landið ekki gert opinbert fyrr en hefur veitt eignarnámsheimildina.**



GUNNAR I. BIRGISSON

**Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hindra ákvæði í erfðaskrá Þorstein í að selja land úr Vatnsendajörðinni beinni sölu. Þess vegna er sú krókaleið farin að óska eignarnámsheimildar og gera síðan sátt í málinu. Sú sátt mun síðan byggjast á samkomulagi sem þegar liggur fyrir. - gar**

Málið til ríkissaksóknara:

# Liggur enn á gjörgæsludeild

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem fékk hjartastopp í lögreglubíl á laugardagskvöldið liggur enn á gjörgæsludeild Landspítalans. Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að rannsókn málsins standi yfir. Hann telur líklegt að því verði vísað til ríkissaksóknara.

Maðurinn var gestur á Radisson SAS Hótel Sögu í Reykjavík á laugardagskvöldið. Lögreglan var kölluð á hótelið vegna óláta sem maðurinn var með og lenti í átökum við hann. Maðurinn var í hjartastoppi þegar komið var með hann á lögreglustöðina. Sjúkralið kom á staðinn og lífgaði manninn við og var hann fluttur á gjörgæsludeild. **-ifv**

# Greiða 208 milljónir fyrir fjóra hektara

**Reykjavíkurborg greiddi 208 milljónir fyrir fjóra hektara í Norðlingaholti. Upphæðin er samkvæmt niðurstöðu matsnefnd eignarnámsbóta sem borgarráð ákvað í vor að skjóta til dómstóla. Borgaritari segir forsendur hafa breyst.**

**STJÓRNSÝSLA** Reykjavíkurborg hefur greitt 208 milljónir króna fyrir tæplega fjögurra hektara land í Norðlingaholti. Eigandinn var Kjartan Gunnarsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

Upphæðin er í samræmi við úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta frá því í mars. Í apríl lá hins vegar fyrir vilji sú stefna í borgarráði að una ekki úrskurðinum heldur skjóta málinu til dómstóla.

„Það er í raun með ólíkindum að taka kúvendingar í svona málum án þess að ráðfæra sig við borgarráð. Ég man ekki betur en að það hafi allir í borgarráði, meðal annars núverandi borgarstjóri, verið sammála um að fara með málið fyrir dóm," segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn. „Það er augljóslega mörgum spurningum ósvarað í þessu máli. En eitt er víst: Það getur ekki verið hlutverk borgarinnar að gera starfslokasamning við Kjartan Gunnarsson."

Umleitanir um viðskiptin stóðu lengi án árangurs. Að lokum bauð Kjartan landið fyrir 130 milljónir króna en borgin vildi aðeins greiða fimmtíu milljónir. Matsnefnd eignarnámsbóta úrskurðaði síðan í mars á þessu ári að greiða ætti 208 milljónir króna.

Í borgarráði í apríl var lögð fram umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu borgarinnar þar sem sagt var fullt tilefni til að skjóta málinu til dómstóla því matið væri alltof hátt og ekki stutt neinum ábreifanlegum rökum, eins og sagði í umsögn Kristbjargar Stephensen, sem nú gegnir einnig starfi borgarritara tímabundið.

Kristbjörg segir nú að fyrir matsnefndinni hafi borgin nefnt 111 milljónir króna sem hámarksupphæð sem síðan hafi verið greidd Kjartani í maí sem innáborgun. Eftir að hún hafi í sumar uppreiknað þessar 111 milljónir í samræmi við nýtt lóðaútboð í Norðlingaholti hafi aðeins munað á bilinu 20 til 30 milljónum króna á þeirri tölu og niðurstöðu matsnefndarinnar.

Kristbjörg segist þá hafa skrifað minnisblað til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra þar sem fram hafi komið að hún vildi ekki standa ein að þeirri ákvörðun að efna til dómsmáls þegar svo lítið bæri í milli og hætta væri á að borgin yrði jafnvel dæmd til að greiða enn hærri upphæð. Borgarstjóri hafi þá fallist á tillögu hennar um að una niðurstöðu matsnefndarinnar. Þessi ákvörðun var ekki kynnt borgarráði:

„Það hefði væntanlega verið eðlilegt vegna stærðar málsins að kynna borgarráði að niðurstaðan hafi orðið önnur en leit út fyrir síðasta vor. En það fórst einfaldlega fyrir," segir Kristbjörg. **gar@frettabladid.is**



**NORÐLINGAHOLT** Verð fyrir lóðir í Norðlingaholti hefur hækkað stöðugt á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DAGUR B. EGGERTSSON** Oddviti Samfylkingar segir það ekki hlutverk borgarinnar að gera starfslokasamning við Kjartan Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Borgarstjóri vildi ekki taka áhættuna sem fylgdi málaferlum vegna deilu um verð fyrir land í Norðlingaholti.

Rússneskir njósnarar:

# Sextíu njósna í Bretlandi

**BRETLAND, AP** Allt að sextíu rússneskir njósnarar starfa nú í Bretlandi, kom fram í máli Chris Bryant, þingmanns verkalýðsflokksins, sem forsætisráðherrann Tony Blair stýrir.

„Ég tel að sjálfstætt ríki ættu að hafa áhyggjur af því þegar verulega margir njósnarar starfa í löndum þeirra," sagði Bryant á málþingi um tengslin milli Moskvu og Lundúna sem haldið var í Westminister Hall. Bryant sagði jafnframt að þessir njósnarar njósni nokkurn veginn óhindrað, því Bretar beini frekar sjónum sínum að mögulegri ógn frá öfgasinnuðum múslimum. **- smk**

Þyrla kölluð til í sjúkraflug:

# Sjúkraflugvélin var í viðhaldi

**SAMGÖNGUMÁL Sjúkraflugvél var ekki staðsett í Vestmannaeyjum á þriðjudagskvöld þegar þurfti að flytja alvarlega veikan mann til Reykjavíkur. Því var þyrla Landhelgisgæslunnar kölluð út til að flytja manninn.**

**Að sögn Sigurbjarnar Daða Dagbjartssonar hjá Landsflugi, sem annast sjúkraflug til og frá Vestmannaeyjum, var sjúkraflugvélin í viðhaldi. Hann segir það heldur ekki hafa skipt neinu máli þótt vélin hefði verið í Eyjum þar sem ekki hafi verið flugfært þaðan þegar kallið kom. - þsj**

## GARÐUR

**Brúðkaup trufla sólsetrurshátíð**

Fyrirsjáanlegur fjöldi brúðkaupa hinn 7. júlí næsta sumar gæti orðið til þess að svokölluð Sólsetrurshátíð í Garðinum á Suðurnesjum verði ekki haldin þann dag eins og áætlað hefur verið. Verðandi brúðhjón munu sækjast eftir því að athöfnin fari fram þegar dagsetningin er 07.07.07.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Fylgismenn Muqtada al-Sadrs mótmæla fundi með Bush:

# Hafa sagt sig úr stjórn Íraks

**ÍRAK, AP** Fylgismenn sjíaklerksins Muqtada al-Sadrs á þingi og í ríkisstjórn Íraks hafa dregið til baka stuðning sinn við ríkisstjórn landsins. Með þessu vilja þeir mótmæla því að Nouri al-Maliki forsætisráðherra skuli fara á fund George W. Bush Bandaríkjaforseta í Jórdaníu.

Fundur þeirra Bush og al-Malikis „ögrar tilfinningum írösku þjóðarinnar og er brot á stjórnarskrárbundnum réttindum Íraka," að því er segir í yfirlýsingu frá þrjátíu þingmönnum og fimm ráðherrum, sem allir eru hliðhollir Sadr.

Bush hélt í gær rakleiðis frá leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Lettlandi til Jórdaníu þar sem hann á fundi bæði með al-Maliki og Abdullah Jórdaníukonungi. Aðalefni fundanna er að finna leiðir til að draga úr átökum í Írak, átökum milli sjía og súnníta sem hafa verið svo harðskeytt undanfarið að margir vilja segja að borgarastyrjöld sé skollin á í landinu.

Stuðningsmenn Sadrs hótuðu því fyrir fáeinum dögum að segja sig úr stjórn landsins láti al-Maliki, sem er sjálfur sjíi, verða af því að hitta Bush að máli.

„Írakstjórn á að semja við Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, ekki við leiðtoga þess lands sem hefur hertekið Írak," sagði Falih Hassan, þingmaður úr hópi Sadrs. **- gb**



**ABDULLAH OG AL-MALIKI** Jórdaníukonungur og forsætisráðherra Íraks hittust í Jórdaníu í gær, en Bush Bandaríkjaforseti hittir þá hvorn í sínu lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Aðeins í dag!
kerti
30%
afsláttur



Jólasýpris 299
Pottur 199



Úrvals jólastjörnur 999
Ómissandi um jólin



Ferskir grenikransar
verð frá
1699

# Kerti fyrir aðventuna



Blick's gæðaseríur, úti og inni
30%
afsláttur

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 29.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,9 | 69,06 |
| Sterlingspund | 134,3 | 134,96 |
| Evra | 90,66 | 91,16 |
| Dönsk króna | 12,16 | 12,232 |
| Norsk króna | 10,98 | 11,044 |
| Sænsk króna | 9,984 | 10,042 |
| Japanskt jen | 0,5927 | 0,5961 |
| SDR | 103,7 | 104,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

124,1972

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kaup á nýju varðskipi frá Chile verða tekin fyrir á ríkisstjórnarfundi á morgun:

# Birni falið að ganga frá kaupum

**ÖRYGGISMÁL** Ríkisstjórn Íslands fer yfir niðurstöðu skýringaviðræðna íslenskra yfirvalda og skipasmíðafyrirtækisins Asmar á ríkisstjórnarfundi á morgun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra falið að ganga endanlega frá kaupum á varðskipinu á grundvelli skýringaviðræðna sem fram fóru í síðustu viku.

Fulltrúar skipasmíðafyrirtækisins Asmar, sem smíðar skip sín í Talcahuano í Chile, funduðu þá með forsvarsmönnum Landhelgisgæslunnar, Ríkiskaupa og Rolls Royce í Noregi en það fyrirtæki kemur að hönnun skipsins.

Danskur verkfræðingur, Carsten Fauner, var íslenskum yfirvöldum innan handar í samningaviðræðunum sem tæknilegur ráðgjafi.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu átti Asmar lægsta tilboðið í gerð nýs varðskips, um 2,4 milljarða króna sem var um 200 milljónum undir áætluðum kostnaði.

Þrjú önnur fyrirtæki buðu í gerð varðskipsins, Damen í Hollandi, Simek í Noregi og Peene-werft í Þýskalandi.

Gert er ráð fyrir að skipið verði rúmlega 90 metra langt og með 100 til 125 tonna dráttarkraft. Björn Bjarnason vildi ekki tjá sig um málið er Fréttablaðið leitaði eftir því í gær frekar en Sólmundur Jónsson, rekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar. Ekki náðist í Georg Lárusson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- mh**



**VARÐSKIPIÐ TÝR** Varðskip Landhelgisgæslunnar eru þrjú, Ægir, Týr og Óðinn.

Stofnfrumurannsóknir:

# Þörf á nýjum reglugerðum

**VÍSINDASTARF Málþing um stofnfrumurannsóknir, þar sem drög að nýju frumvarpi verður kynnt verður haldið í Norræna húsinu í dag.**

**Árið 2005 var skipuð nefnd sem fékk það verkefni að endurskoða lög um tæknifrjóvgun með tilliti til rannsókna á stofnfrumum úr fósturvísum en afrakstur nefndarstarfsins liggur nú fyrir.**

**Ólöf Ýrr Atladóttir, framkvæmdastjóri vísindasiðanefndar, segir vísindarannsóknir á heilbrigðissviði vaxandi grein hér á landi en að þörf sé á að endurskoða löggjöfina. Málþingið stendur frá klukkan 13-18. - hs**

## Nýtt að samningurinn sé ófullnægjandi

Að mati Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, má draga þá ályktun af ummælum



forsætis- og utanríkisráðherra um varnarmál Íslands síðustu daga, „að tvíhliða varnarsamningurinn við Bandaríkin sé ekki fullnægjandi og taki fyrst og fremst til ófriðartíma“.

Hún segir að sér og öðrum í Samfylkingunni þyki það annars fagnaðarefni að farið sé með þetta inn á vettvang NATO og reynt að ná fjölþjóðlegri samvinnu um öryggi og varnir Íslands.

## Frekari varnarviðbúnaður óþarfur

Að sögn Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, er engin þörf á því að leita



eftir því við NATO og grannþjóðirnar að sjá Íslendingum fyrir frekari varnarviðbúnaði eftir brottför varnarliðsins.

Steingrímur segir að í orðum forsætisráðherra „veki mikla athygli að þar er í raun verið að segja að þessi samningur við Bandaríkin sé ekki fullnægjandi“.

Hann hafi heldur enga trú á því að hvorki Danir „né þaðan af síður Norðmenn fari að taka á sig neinn kostnað vegna slíkra skuldbindinga“.

## Rétt að ræða við grannþjóðir

„Ég vek athygli á því að strax árið 2003 bentum við í Frjálslynda flokknum á að það væri ástæða fyrir okkur



að ræða við nágrannaþjóðir okkar um það hvernig vörnum Íslands verði háttað,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Við tökum þeim hugmyndum mjög vel að ræða varnarmálin við næstu grannþjóðir okkar,“ segir Guðjón Arnar.

# Breytt staða varna Íslands líka úrlausnarefni NATO

**Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins luku fundi sínum í Ríga í Lettlandi í gær með því að álykta um staðfestu bandalagsins að ná árangri í Afganistan. Forsætisráðherra sagði breytta stöðu varnarmála á Íslandi einnig vera úrlausnarefni NATO. Málið yrði tekið til umfjöllunar í Norður-Atlantshafsráðinu á næstunni.**

**VARNARMÁL** Leiðtogar hinna 26 aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins strengdu þess heit í lok tveggja daga fundar síns í Ríga í Lettlandi í gær að standa sína pligt í Afganistan, þrátt fyrir vaxandi mannfall í átökum þar og neitun sumra NATO-ríkja um að leggja til hermenn í hættulegustu verkefnin.

Geir H. Haarde forsætisráðherra benti í ræðu sinni á fundinum á, að Ísland hefði nú þá sérstöðu að vera án reglubundins eftirlits og viðbúnaðar í lofti á friðartímum. Sú staða yrði úrlausnarefni bæði fyrir íslensk stjórnvöld og bandalagið. Því myndi ríkisstjórn Íslands óska eftir því að málið yrði sem fyrst tekið til umfjöllunar í Norður-Atlantshafsráðinu.

Leiðtogarnir lýstu því yfir að 25 þúsund manna viðbragðssveitir bandalagsins væru komnar á laggirnar eftir fjögurra ára undirbúning, en þeim er ætlað að standa í fylkingarbrjósti nútímavædds herafla NATO.

Þá var Serbíu - sjö og hálfu ári eftir loftárásir NATO á landið - ásamt grannríkjunum Makedóníu og Svartfjallalandi boðin þátttaka í aðildarundirbúningsáætlun bandalagsins.

„Við staðfestum óbifandi stöðugleika bandalags okkar og lýsum því yfir að [NATO-herliðið í Afganistan] búi yfir þeim mannafla, búnaði og sveigjanleika sem þörf krefur til að tryggja áframhaldandi árangursríka framkvæmd verkefnisins,“ segir í lokaályktun leiðtoganna.

Af þessu tilefni greindi Geir H. Haarde forsætisráðherra frá því að íslensk stjórnvöld myndu auka framlög til endurreisnar- og þróunarverkefna í Afganistan, auk þess sem staðið yrði að flugfrakt í þágu þeirra bandalagsríkja sem hafa liðsafla í sunnanverðu landinu.

Í umræðum um pólitíska og hernaðarlega uppfærslu NATO sagði Geir að um mjög nauðsynlegt ferli væri að ræða sem varðaði getu bandalagsins til að gegna hlutverki sínu við breyttar aðstæður. Um leið benti hann á að þetta mætti ekki verða til þess að bandalagið missti sjónar á kjarnatilgangi samstarfsins, það er sameiginlegum vörnum byggðum á gagnkvæmum varnarskuldbindingum aðildarríkjanna.

Í því samhengi benti Geir á, að Ísland hefði nú þá sérstöðu innan bandalagsins að vera án reglubundins eftirlits og viðbúnaðar í lofti á friðartímum. Sú staða yrði úrlausnarefni bæði fyrir íslensk stjórnvöld og bandalagið, „enda hefði það ávallt nálgast öryggi aðildarríkjanna með heildstæðum hætti,“ að því er haft er eftir Geir í fréttatilkynningu.

Geir sagði að íslensk stjórnvöld væru ánægð með nýlegt samkomulag við Bandaríkin um varnarmál, en eftir stæði nauðsyn á eftirliti og viðbúnaði á friðartímum. Því yrði af Íslands hálfu óskað eftir að málið yrði tekið til umfjöllunar í Norður-Atlantshafsráðinu á næstu vikum. Norður-Atlantshafsráðið er æðsta stofnun NATO. **audunn@frettabladid.is**



**GEIR Í RÍGA** Geir H. Haarde forsætisráðherra ásamt starfsbræðrum sínum frá Póllandi og Bretlandi, þeim Jaroslaw Kaczynski og Tony Blair, í Ríga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONT VEÐUR**

Nú í morgunsárið er víða hvasst á Vestfjörðum en veður fer versnandi annars staðar eftir því sem líður á daginn og síðdegis verður hvassviðri eða stormur á sunnan- og vestanverðu landinu. Vindur verður skaplegri á Norðausturlandi en vex þó er á daginn líður, einkum á annesjum. Það verður lítilsháttar úrkoma hér og hvar í fyrstu en talsverð rigning eða slydda síðdegis og í kvöld.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Vaxandi norðaustan átt. Allhvasst síðdegis og í kvöld. Úrkomulítið í fyrstu en síðan rigning. Milt.

um hádegi »




» á morgun




Víðast hvassviðri eða stormur

» laugardagur




Yfirleitt 5-10 m/s en 10-15 m/s á Vestfjörðum

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C skúrir | London | 13°C léttskýjað | Alicante | 18°C rigning |
| Þórshöfn | 10°C skúrir | París | 10°C hálfskýjað | Mallorca | 17°C rigning |
| Osló | 8°C skúrir | Frankfurt | 9°C alskýjað | Algarve | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C skúrir | Friedrichshafen | 11°C hálfskýjað | Krít | 20°C heiðskírt |
| Gautaborg | 10°C skúrir | Berlín | 10°C hálfskýjað | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hverju má fórna fyrir helsta dýrgrip íslensku þjóðarinnar?






**„Írónísk, launfyndin, bókmenntaleg spennusaga.“**
★★★ *Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

„Arnaldur hefur góð tök á frásagnartækni ... **lesturinn er góð skemmtun**.“
*Katrín Jakobsdóttir, Mbl.*

„Konungsbók er **viðburðarík og spennandi saga**.“
*Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is*

„Með verki sínu tekst Arnaldi bæði að vekja nýjar kynslóðir Íslendinga til vitundar um mikilvægi þeirra gríðarlegu menningarverðmæta sem okkur hefur verið trúað fyrir - um leið og hann notar hugmyndirnar og tilfinningarnar sem aflgjafa fyrir **magnaða og trúverðuga spennusögu** í samtíma okkar.“
*Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar*




Metsölubókin Mýrin aftur fáanleg í nýrri kiljuútgáfu.
Yfir 30.000 eintök seld.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú dottað undir stýri?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,0% |
| Nei | 55,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Gefur þú blóð?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Blaðamaður Ísafoldar villti á sér heimildir og kynnti sér aðbúnað á elliheimili:

# Blaðamaður réði sig til starfa á Grund

**FJÖLMIÐLAR** Bæta þarf þjónustu við aldraða til muna segir Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, blaðamaður hjá tímaritinu Ísafold, sem villti á sér heimildir þegar hún réði sig á elliheimilið Grund í vikutíma og skrifaði grein um aðbúnað vistmanna þar.

Það hefur ekki gerst áður hér á Íslandi að blaðamaður beiti slíkum vinnubrögðum. Fyrri hluti greinarinnar birtist í blaðinu Ísafold sem kemur út í dag.

Reynir Traustason, ritstjóri Ísafoldar, segir að slík vinnubrögð séu ekki siðferðilega röng. „Þetta er eina leiðin til að komast að raunveruleikanum. Við viljum vita hvort við séum að fara nógu vel með gamla fólkið, hvernig því líður í raun inni á þessari stofnun,“ segir Reynir.

Að sögn Reynis var öllum nöfnum vistmanna breytt í greininni og því komi umfjöllunin sér ekki illa fyrir neinn.



**INGIBJÖRG DÖGG KJARTANSDÓTTIR** blaðamaður.

Spurður segir Reynir að vissulega hafi Ingibjörg villt á sér heimildir, því þeir sem réðu hana í starfið vissu ekki að hún ætlaði að skrifa grein um reynslu sína í starfinu.

Reynir segir að menn muni sjá meira af slíkum greinum í Ísafold. „Ef við ætlum að fylgja öllum siðferðisreglum þá munu fullt af hneykslismálum aldrei koma upp á yfirborðið,“ segir ritstjórinn og kallar þessi vinnubrögð „hina nýju blaðamennsku“.

Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri Grundar, sagði í Kastljósi Sjónvarpsins í gær að sú mynd sem Ingibjörg dregur upp af elliheimilinu sé nöturleg og að vinnubrögð Ísafoldar séu vafasöm.

Hann sagði að ekki væri hægt að líða að Ingibjörg hafi logið sig inn í starfið og ýjaði að því að Grund myndi leita réttar síns fyrir dómstólum.

- ifv





Debetkort með kreditheimild*

– vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar!

Kynntu þér *DMK Debetkort* og aðra þjónustuþætti *DMK* á spron.is

* skv. útlánareglum SPRON

spron





**HRAÐBANKI LANDSBANKANS AÐ KLETTHÁLSI** Tveir menn gerðu vonlitla tilraun til að stela 300 kílóa hraðbanka úr útibúi Landsbankans að Klettháls í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ætluðu að stela 300 kílóa hraðbanka

**Tveir menn reyndu að fremja klaufalegt rán í gær. Ránið var í beinni útsendingu. Starfsmaður Landsbankans segir hraðbankann hafa verið illa festan.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn reyndu að stela þrjú hundruð kílóa hraðbanka úr útibúi Landsbankans að Kletthálsi í Reykjavík á miðvikudagsmorgun.

Mennirnir losuðu hraðbankann, mjökuðu honum að hurð bankans og veltu honum á hliðina. Öryggiskerfi bankans fór í gang og tóku myndavélar í anddyrinu aðfarirnar upp á myndband. Þegar öryggisvörður kom á vettvang lá hraðbankinn í dyragættinni en mennirnir höfðu hypjað sig.

Öryggisvörðurinn gerði lögreglunni viðvart laust fyrir klukkan átta og kom hún á vettvang og rannsakaði vegsummerki eftir ránstilraunina.

Mennirnir voru ekki með nein verkfæri þegar þeir reyndu að fremja ránið og bendir það til að um skyndiákvörðun hafi verið að ræða.

Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landsbankans, segir að mennirnir hafi líklega ekki áttað sig almennilega á því hvað þeir voru að gera; að þeir væru í beinni útsendingu meðan þeir böðluðust á hraðbankanum. „Ef þeir hefðu litið upp og séð myndavélina þá hefðu þeir áttað sig á því að þetta var vonlaus tilraun,“ segir Haukur og bætir því við að hraðbankar í landinu hafi yfirleitt verið látnir í friði.

Að sögn Hauks var hraðbankinn illa festur, hann var ekki boltaður niður í gólfið, sem venjulega er gert til að festa slíka hraðbanka. Ástæðan er sú að það er hiti í flísunum í anddyri útibúsins sem gerir það ómögulegt að festa hraðbankann með boltum því þeir eyðileggi hitamottuna undir flísunum. „Í þessu tilfelli var hraðbankinn festur með lélegustu festingunum okkar.“

Haukur segir að hugsanlega hafi tæknibúnaður inni í hraðbankanum skemmst en að líklega sé ekki um mikið tjón að ræða fyrir bankann.

Starfsmaður lögreglunnar í Reykjavík segir að ekki sé gáfulegt að stela slíkum hraðbönkum því yfirleitt séu ekki miklir peningar í þeim. Hann segist eingöngu muna eftir einu slíku ráni. Það átti sér stað í anddyri Kennaraháskólans fyrir nokkrum árum. Þá náðu þjófar að nema hraðbanka á brott og gómaði lögreglan mennina og var hraðbankinn í bíl þeirra.

Lögreglan rannsakar nú ránstilraunina og býst við því að handtaka þjófana fljótlega ef þeir gefa sig þá ekki fram áður.

ingifreyr@frettabladid.is





HB HERRAFATAVERSLUN BIRGIS

FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

*Gæði, fagmennska og gott úrval*


Tekjur Dagsbrúnar á þriðja ársfjórðungi námu 16 milljörðum króna:

# Dagsbrún tapaði 3,2 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Dagsbrún tapaði 3,2 milljörðum króna á þriðja fjórðungi ársins. Þetta er nokkuð meira en greiningardeild Glitnis reiknaði með en hún spáði 2,8 milljarða króna tapi á fjórðungnum.

Þá nam tap félagsins tæpum 4,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 554 milljóna króna hagnað á sama tíma í fyrra.

Í uppgjöri Dagsbrúnar segir að tekjur Dagsbrúnar (nú 365 hf.) hafi numið 36,1 milljarði króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er rúm þreföldun frá síðasta ári en þá námu þær rúmum 10,8 milljörðum króna. Tekjur á þriðja ársfjórðungi námu tæpum 16 milljörðum króna, sem er 12,1 milljarðs króna aukning á milli ára.

Rekstrarhagnaður (EBITDA) af reglulegri starfsemi fyrir óvenjulega liði fyrstu níu mánuði ársins nam tæpum 3,8 milljörðum króna samanborið við rétt rúma 2,3 milljarða króna í fyrra.

Handbært fé Dagsbrúnar frá rekstri án vaxta nam 26 milljónum króna fyrstu níu mánuði ársins sem skýrist af miklum óvenjulegum kostnaði í fjórðungnum og aukningu á rekstrartengdum eignum og skuldum. Á sama tíma í fyrra nam þessi liður tæpum 1,9 milljörðum króna, að því er segir í uppgjörinu.



**MIÐLAR 365** Dagsbrún, sem skipt hefur verið upp í tvö félög, tapaði 400 milljónum krónum meira en spáð hafði verið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Heildareignir félagsins í septemberlok námu 87,6 milljörðum króna samanborið við 22,8 milljarða króna í lok síðasta árs.

# Ótrúlegt verð

## á hlýjum undirfatnaði á dömur og herra

weather report™






weather report™

Hlý undirpeysa
st. S-3XL
1.299kr

weather report™

Hlý míkróflís undirpeysa
st. S-3XL
1.699kr

weather report™

Hlýjar undirbuxur
st. S-3XL
999kr

weather report™

Hlýjar míkróflís undirbuxur
st. S-3XL
1.499kr

Utanyfir nærfatnaður sem hentar vel við öll tækifæri. Mjög hlýtt og gott í kulda og einnig frábært á skíði. Hönnun sem hentar íslenskum aðstæðum.

1. Heldur húðinni þurri þegar þú svitnar
2. Mikil teygja og fellur því vel að líkamanum
3. Andar mjög vel
4. Þægilegt viðkomu
5. Endingargott og vindþolið
6. Þolir þvott í þvottavél

**Hlýtt, þunnt og þægilegt míkróflís.**

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða sögufræga hús verður að kínversku veitingahúsi?*

2 *Íslenska kvennalandsliðið vann góðan sigur í undankeppni HM í handbolta á þriðjudag. Hverjir voru andstæðingarnir?*

3 *Íþróttavefur The Guardian heldur úti skopmyndasamkeppni og nýjasta viðfangsefni hennar er Íslendingur. Hvað heitir hann?*

SVÖRIN ERU Á BLS.

Sigrún Björk Jakobsdóttir tekur við starfi bæjarstjóra á Akureyri:

# Fyrsta konan til að gegna starfinu

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Sigrún Björk Jakobsdóttir tekur við starfi bæjarstjóra á Akureyri 9. janúar næstkomandi. Þá sest Kristján Þór Júlíusson, fráfarandi bæjarstjóri, í stól forseta bæjarstjórnar en Sigrún hefur gegnt því embætti á þessu kjörtímabili. Kristján Þór mun leiða lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi í komandi alþingiskosningum en hann hlaut fyrsta sæti í prófkjöri flokksins í liðinni viku.

Sigrún Björk verður fyrst kvenna til að gegna embætti bæjarstjóra á Akureyri.

„Áherslur kvenna eru oft á tíðum öðruvísi. Það eru 79 sveitafélög á landinu í dag og af þeim eru 20 þar sem konur gegna embætti sveitarstjóra. Ég fagna auknum hlut kvenna í þessum hópi og hlakka til að takast á við þau verkefni sem bíða,“ segir Sigrún.

Hún segist ekki ætla að gera stórar breytingar þegar hún tekur við starfinu.

„Akureyri er með mjög skýrt mótaða stefnu í sínum málum og meirihlutaflokkarnir hafa góðan málefnasamning sem ég mun vinna eftir.“

Sigrún hefur setið í bæjarráði en Hjalti Jón Sveinsson mun taka við sæti hennar þar. **- öhö**



**HAFA SÆTASKIPTI** Sigrún Björk tekur við starfi bæjarstjóra af Kristjáni Þór sem verður forseti bæjarstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

DV-frétt um Holberg Másson:

## Sátt um miskabætur vegna rangrar fréttar

**FJÖLMIÐLAR** **Útgáfufélag DV hefur samið við Holberg Másson um greiðslu miskabóta vegna fréttar sem birtist í DV 24. janúar síðastliðinn. Í fréttinni sagði meðal annars að Holberg hefði smyglað hassi til landsins í loftbelg á áttunda áratugnum.**

**„Hinn 29. nóvember 2006 var gengið frá sátt við Holberg Másson vegna forsíðufréttar í DV í ársbyrjun. Fyrir liggur að fréttin var efnislega röng. Af því tilefni vilja 365 miðlar hf., sem gefur út DV, taka fram að félagið harmi rangan fréttaflutning blaðsins af fortíð Holbergs, samhliða því sem hann er beðinn afsökunar á þeim óþægindum sem hin ranga umfjöllun olli honum,“ segir í yfirlýsingu 365.** **- th**

**SANDGERÐI**

### Niðurgreiddir öryggishnappar

Um eitt hundrað lífeyrisþegar og öryrkjar í Sandgerði munu brátt eiga þess kost að fá niðurgreidda öryggishnappa á heimili sín. Bæjarstjórnin segist leggja áherslu á öryggi þessa hóps og hyggst því greiða 2.600 krónur af 3.950 króna mánaðargjaldi fyrir hvern einstakling.

# Ástandið er erfitt fyrir alla

**Palestínskur félagsráðgjafi segist ekki saka Ísraela um ástandið í Palestínu, heldur stjórnina. Hann missti sjónina í árás Ísraelshers. Amro er staddur hér á landi til að ræða stöðu fatlaðra í Palestínu.**

**FÖTLUN** „Á hverjum degi verða fleiri Palestínumenn fatlaðir vegna árása og aðgerða Ísraelshers,“ segir Ziad Amro, fatlaður palestínskur félagsráðgjafi, sem staddur er hér á landi á vegum félagsins Ísland-Palestína, Blindrafélagsins og Öryrkjabandalags Íslands.

Yfir kaffibolla og rammíslenskri berjasaft í notalegu einbýlishúsi í Breiðholtinu virðast hörmungarnar í Palestínu langt undan, en fyrir Amro eru þær hluti af daglegri reynslu.

„Ástandið er afar erfitt fyrir alla, en ekki síst fyrir fatlaða. Gaza-svæðið er í raun bara eitt stórt fangelsi Ísraels,“ segir Amro, sem sjálfur missti sjónina vegna aðgerða Ísraelshers í háskólanum þar sem hann stundaði nám fyrir nokkrum árum. „Efnahagur fólks er bágborinn, það er enga vinnu að fá og enginn lífeyrir frá ríkinu.“

Amro, sem hefur lengi verið virkur í mannréttindabaráttu fatlaðra á herteknu svæðunum heima fyrir, starfar sem formaður Öryrkjabandalags Palestínu en hann er jafnframt stofnandi bandalagsins. Eins var hann fulltrúi Palestínu í nefnd Sameinuðu þjóðanna um sáttmála um réttindi og reisn fatlaðra sem samþykktur var í september.

„Við lifum við aðgerðir Ísraelsmanna. Nú stendur yfir aðgerðin „Haustský“ á Gaza-svæðinu sem hefur á seinustu tveimur til þremur vikunum ollið varanlegri fötlun yfir fimmtíu palestínskra manna, kvenna og barna,“ segir Amro.

Og í hernumdu landi er fátt eitt til ráða og lítið um úrræði fyrir fatlaða, sem oft eiga afar erfitt með að sjá sér og sínum farborða.



**FATLAÐIR Í PALESTÍNU** Ziad Amro er staddur hér á landi til að ræða stöðu fatlaðra í Palestínu, en sífellt fleiri Palestínumenn slasast vegna aðgerða Ísraelshers á Gaza-svæðinu og Vesturbakkanum, en lítið er um stuðning og úrræði þeim til handa. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Það verður að stöðva Ísrael. Þetta er eina landið í heiminum sem brýtur á hverjum degi alþjóðalög, og við verðum að kalla eftir að þau ríki sem hafa neitunarvald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, Rússland, Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Kína, sem og gyðingar um heim allan, fari að beita sér í þágu palestínsku þjóðarinnar,“ sagði Amro.

En þrátt fyrir að hann hafi misst sjónina vegna aðgerða Ísraelshers, segir hann að ekki sé við Ísraelsmenn að sakast.

„Ég ásaka ekki ísraelska fólkið, ég kenni ísraelsku ríkisstjórninni um ástandið heima hjá mér,“ segir Amro, sem býr í Ramallah á Vesturbakkanum. „Auðvitað verður að draga þá fyrir dóm sem bjóða sig fram í sjálfboðavinnu innan hersins til að brjóta alþjóðalög, en í heildina er eingöngu við Ísraelsstjórn og þau ríki og sérfræðingaráð sem sýna henni stuðning að sakast.“

Amro heldur fyrirlestur síðdegis í dag á vegum Blindrafélagsins og Öryrkjabandalags Íslands í Hamrahlíð 17 klukkan 17.30.

**smk@frettabladid.is**


V O X
RESTAURANT/BISTRO



Jól
& villigæs
Jólamatseðill með íslenskri villigæs í aðalrétt frá 1. des.
Borðapantanir í síma 444 5050 eða vox@vox.is






**Loftljós**
og veggljós í miklu úrvali
RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is



**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, boðar til**
**AUKA - AÐALFUNDAR**

þriðjudaginn 5. desember 2006, kl. 20.30,
að Grettisgötu 89, 1.hæð.

Fundurinn er haldinn vegna væntanlegrar sameiningar Starfsmannafélags Akraness við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um næstu áramót.

**Fundarefni:**
1. Tillaga til lagabreytingar.
2. Önnur mál.

***Stjórnin***


Mál Hannesar Hólmsteins og Jóns Ólafssonar:

# Málið tekið fyrir í yfirrétti á Englandi

**DÓMSMÁL** Málflutningur í máli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors og Jóns Ólafssonar kaupsýslumanns, í yfirrétti á Englandi, fer fram í dag.

Kröfu Hannesar um að dómur sem féll í enskum dómstóli, þess efnis að Hannesi bæri að greiða Jóni tólf milljónir króna vegna orða sem hann birti á heimasíðu sinni, yrði ógiltur var hafnað. Hann áfrýjaði málinu í kjölfarið til yfirréttar. „Aðalatriðið er að ég tel að mér hafi verið ranglega stefnt og í dómi undirréttar var á það fallist að mér hafi verið stefnt á röngum forsendum. Hins vegar þótti það ekki nóg ástæða til þess að fallast á mína kröfu og ég ákvað í kjölfarið að láta á það reyna, hvort yfirréttur myndi meta efnisatriði málsins með sama hætti,“ sagði Hannes er Fréttablaðið náði tali af honum í gær en hann var þá staddur í London og ætlaði sér að vera viðstaddur málflutninginn í dag.



**JÓN ÓLAFSSON** Vildi ekkert tjá sig um efnisatriði málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON** Krefst þess að dómur í málinu verði ógildur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grundvöllur málsins byggist á ummælum er birtust á heimasíðu Hannesar, sem vistuð var á vefsvæði Háskóla Íslands. Ummælin voru á ensku og fjölluðu um að Jón hefði lagt grunninn að viðskiptaferli sínum með ólögmætum fíkniefnaviðskiptum. Hannes hefur síðan margsinnis haldið því fram að hann hafi aðeins verið að endursegja fréttir sem fjallað hafi verið um í íslenskum dagblöðum, meðal annars í Morgunpóstinum árið 1995.

Jón Ólafsson sagði lögfræðinga sína sjá alfarið um málið er Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann var því ekki tilbúinn til þess að ræða efnisatriði þess. **- mh**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
BÍLL
SEM SPLÆSIR!
Sennheiser heyrnartól kr. 11.900, Qonix ferðahljómtæki kr. 7.990. Fæst í Ormsson í Smáralind.
Bleikir vængir 2.499. Fæst í Ice in a Bucket í Smáralind.
Þegar þú kaupir nýjan bíl færðu í kaupbæti 100.000 króna gjafakort
frá Smáralind. Tilboðið gildir á öllum nýjum bílum frá Ingvari Helgasyni.
Láttu bílinn kaupa jólagjafirnar í ár!
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
ZR 367
SUBARU IMPREZA
Verð frá 1.990.000
SUBARU LEGACY
Verð frá 2.490.000
SUBARU FORESTER
Verð frá 2.490.000
SUBARU TRIBECA
Verð frá 4.990.000
SUBARU
NISSAN
SAAB
ISUZU
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

DAGSLJÓSALAMPAR
með stækkunargleri

20% afsláttur

Notaðu tækifærið til þess að eignast eða gefa þessa frábæru lampa á sérstöku tilboðsverði.



ODDI HÖNNUN V0C5004

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5
200 Kópavogur
www.skola.is

Sími 585 0500
Opið virka daga 9-18
og laugardaga 10-14

Aðgerðir lögreglu fólu í sér ólögmæta meingerð:

# Bætur vegna hlerana

**DÓMSMÁL** Karlmanni hafa verið dæmdar 50 þúsund krónur í miskabætur vegna þess að lögreglan á Sauðárkróki hleraði síma hans í desember árið 2004. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Maðurinn var grunaður um að hafa átt aðild að eldsvoða í húsi við Bárustíg á Sauðárkróki hinn 4. desember árið 2004 þar sem einn maður lést. Lögreglan fékk upplýsingar um símtöl úr og í síma mannsins hinn 3. og 4. desember og var sími hans hleraður frá 9. til 22. desember sama ár. Þessar aðgerðir voru heimilaðar með dómsúrskurði. Ekki var gefin út ákæra á hendur manninum.

Maðurinn byggði kröfu sína á því að hann hefði verið beittur þvingunaraðgerðum og að umfjöllun um málið í fjölmiðlum hefði valdið honum andlegum þjáningum. Maðurinn fór fram á hálfa milljón króna í bætur.

Í niðurstöðu dómsins kemur fram að að aðgerðir lögreglu hafi falið í sér ólögmæta meingerð gagnvart manninum en að jafnframt hefði ekki verið sýnt fram á að lögreglumenn hafi átt frumkvæði að umfjöllun fjölmiðla um eldsvoðann. Dómurinn taldi því að greiða ætti manninum 50.000 krónur í miskabætur vegna skerðingar á einkalífi hans.

- ifv



**FORSETI Í FJÖRUTÍU ÁR** Sigurður Líndal lagaprófessor telur félagið eiga jafn mikið erindi við þjóðina og síðastliðin 190 ár. Það sinni verkum sem annars væru ekki unnin. Með Sigurði á myndinni eru Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og Sverrir Kristinsson, eigandi Eignamiðlunar, en þeir starfa báðir fyrir Bókmenntafélagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Elsta félag Íslands 190 ára

**Hið íslenzka bókmenntafélag var stofnað árið 1816. Félagið hefur í 190 ár staðið fyrir útgáfu fjölda fræðirita sem eru þjóðinni ómetanleg. Félagið hefur einnig gefið út tímaritið Skírni í 180 ár samfellt.**

**FRÆÐI** Hið íslenzka bókmenntafélag heldur um þessar mundir uppá 190 ára afmæli sitt en félagið er elsta félag og bókaforlag á Íslandi stofnað árið 1816. Félagið hefur á langri vegferð aldrei hvikað frá því markmiði sem það hefur ávallt haft í hávegum – útgáfu markverðra fræðirita á sem flestum sviðum, til að efla vísindi Íslendinga á allan hátt. Útgáfa félagsins er mikil vöxtum og þess eru fá dæmi meðal annarra þjóða og einsdæmi hér á landi að frjálst félag geti státað af álíka hefð.

Bókmenntafélagið er fræðafélag þótt það sé kennt við bókmenntir. Við stofnun félagsins merkti orðið bókmenntir hvers konar menntir sem bundnar voru við bækur og þá ekki síður fræði en skáldskap en auk bókaútgáfu sinnti félagið margs konar annarri vísinda- og fræðastarfsemi.



**TÍMARIT BÓKMENNTAFÉLAGSINS** Skírnir hefur komið út í 180 ár samfellt og er ein af meginstoðunum í starfsemi félagsins.

Bækur félagsins hafa fjallað um bókmenntir, listir, skáldskap, hagfræði, lögfræði, sálfræði, sagnfræði og fornleifafræði auk eins víðamesta og þekktasta flokki bóka félagsins, Lærdómsritunum, að ógleymdri útgáfu Skírnis, tímarits félagsins.

Sigurður Líndal, lagaprófessor og forseti HÍB, síðastliðna fjóra áratugi, segist hugsa um félagið sem elstu stofnun hins nýja Íslands og að afmæli félagsins sé miðað við sameiningu Íslands- og Danmerkurdeildar félagsins 15. ágúst 1816 þótt stofnun Íslandsdeildarinnar hafi verið árið 1815. „Félagið stóð í ýmsu öðru en að gefa út bækur. Það stofnaði til dæmis það sem nú er kallað Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn,“ segir Sigurður og minnir jafnframt á að félagið hafði forgöngu um mælingu Íslands og útgáfu fyrsta uppdráttar landsins sem telja má nokkurn veginn réttan. Það annaðist einnig veðurathuganir og félagið lét safna efni í mikla Íslandslýsingu. Um Skírni segir Sigurður að það sé meira en eitt tímarit. „Ég kallaði það eitt sinn langafa íslenskrar fjölmiðlunar. Fyrst kom hann og svo blöðin, útvarpið og loks sjónvarpið.“

Afmælis- og aðalfundur HÍB verður haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur laugardaginn 2. desember næstkomandi klukkan 14.00.

svavar@frettabladid.is

Ekið á hjólreiðamann:

## Maðurinn er alvarlega slasaður

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á hjólreiðamann á fimmtugsaldri í Flatahrauni í Hafnarfirði á miðvikudagsmorgun.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk tilkynningu um slysið laust fyrir klukkan átta.

Maðurinn var fluttur á gjörgæsludeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Hann hlaut höfuðáverka en er ekki þungt haldinn að sögn svæfingalæknis.

Tildrög slyssins eru ókunn. Lögreglan í Hafnarfirði vinnur að rannsókn málsins og að sögn hennar kann myrkur og töluverð hálka að hafa orsakað slysið. - ifv

Í fyrra var met sett í komufjölda í Kvennaathvarfið sem verður slegið í ár:

# Fleiri komur í Kvennaathvarf

**OFBELDI** Í fyrra var metár í komum kvenna í Kvennaathvarfið og stefnir í enn meiri fjölda í ár. Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi sem Fræðslunefnd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa stóð fyrir í gær og var yfirskrift fundarins ofbeldi á heimilum. Í fyrra komu 92 konur í dvöl og 465 í viðtöl að sögn Sigþrúðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, sem hefur verið rekið síðan árið 1982. Á þeim tíma hafa alls um 7.000 konur komið í athvarfið og 2.400 börn. Um 26 prósent kvenna sem komu í athvarfið í fyrra fóru aftur heim í óbreytt ástand.



**KRISTJANA SIGMUNDSDÓTTIR FÉLAGSRÁÐGJAFI** Segir að rjúfa þurfi einangrun aldraðra og auka sjálfstæði þeirra til að sporna við ofbeldi gagnvart öldruðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigþrúður sagði athugavert að lítið væri um að eldri konur kæmu í athvarfið og til dæmis hefði engin kona eldri en 57 ára komið í fyrra.

Ofbeldi gagnvart öldruðum var einnig rætt á fundinum og gerði Kristjana Sigmundsdóttir félagsráðgjafi meðal annars kerfislægt ofbeldi að umtalsefni þar sem úrræðaleysi þjónustu sé ákveðin gerð ofbeldis gagnvart öldruðum.

Kristjana sagði ýmsar rannsóknir benda til þess að þrjú til tíu prósent eldri borgara verði fyrir ofbeldi af ýmsu tagi. Þó sé talið að það sýni aðeins brot vandans þar sem aldraðir viðurkenni síður að þeir verði fyrir ofbeldi.

Fundurinn var í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem fjöldi félagasamtaka stendur að. - sdg

Norðausturvegur:

## Fer í gang á næsta ári

**SAMGÖNGUR** **Framkvæmdum við Norðausturveg, sem átti að hefjast á næsta ári, verður seinkað og 300 milljóna króna fjárveitingu frestað frá 2007 til 2008. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að framkvæmdin verði boðin út á fyrri hluta næsta árs og að framkvæmdir hefjist um mitt næsta ár.**

**„Við ætluðum að byrja framkvæmdir á næsta ári en það voru deilur við landeigendur og því hefur ekki verið hægt að byrja fullnaðarhönnun og undirbúning framkvæmda. Verkið kemst því ekki af stað fyrr en líður á árið," segir Sturla Böðvarsson.** - ghs

Eldsvoði í Grímsnesi:

## Hundur bjargaði manninum

**LÖGREGLUMÁL** **Sumarbústaður við Kiðjabergsveg í Grímsnesi brann til kaldra kola aðfaranótt miðvikudagsins.**

**Einn maður á fimmtudagsaldri var í bústaðnum þegar eldurinn kom upp. Hundur mannsins vakti hann og stóð bústaðurinn þá í ljósum logum. Maðurinn náði að komast út af sjálfsdáðum.**

**Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu um eldsvoðann klukkan rúmlega tvö og hringdi á sjúkrabíl sem flutti manninn á slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hann var útskrifaður í gær.**

**Eldsupptök eru ókunn en lögreglan vinnur að rannsókn málsins.** - ifv



**MOLLY CAMPBELL** Einnig nefnd Misbah Iram Ahmed Rana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómstóll í Pakistan:

## Skoska stúlkan farin til Skotlands

**LAHORE, AP** Hæstiréttur í Pakistan úrskurðaði í gær að tólf ára gömul skosk stúlka, Molly Campbell, sem einnig gengur undir nafninu Misbah Iram Ahmed Rana, eigi að fara til móður sinnar í Skotlandi. Föður hennar í Pakistan er gert að afhenda hana breskum yfirvöldum innan viku.

Móðir stúlkunnar, sem er skosk, fékk forræði yfir henni árið 2005 og segir að faðir hennar, sem er pakistanskur, hafi flutt hana ólöglega frá Skotlandi til Pakistan.

Sjálf segist stúlkan vilja búa hjá föður sínum. Lögfræðingur hennar segir að málinu verði áfrýjað. - gb

**NESKAUPSSTAÐUR**

### Afmælishátíð úr böndunum

Bæjarráð Fjarðabyggðar segir óviðunandi að kostnaður við afmælishátíð Tónskóla Neskaupstaðar hafi farið 243 þúsund krónur fram úr áætlun þannig að sækja þurfti um peninga eftir á úr bæjarsjóði.







Losun kolefnis í formi koltvísýrings í andrúmsloftið eykst hratt:

# Ástæðan er verðhækkun olíu

**UMHVERFISMÁL** Losun kolefnis í formi koltvísýrings út í andrúmsloftið hefur aukist um 2,5 prósent á ári frá árinu 2001 en losunin jókst um eitt prósent árlega fram til ársins 2000. Þetta kemur fram á bloggsíðu Einars Sveinbjörnssonar, aðstoðarmanns umhverfisráðherra, www.esv.blog.is.

Ástæðan fyrir því að losunin hefur aukist svo hratt er rakin til þess að meira er brennt af kolum en áður. Skýringin er að hluta til verðhækkun á olíu upp á síðkastið en stórir orkuframleiðendur hafa skipt frá olíu yfir í kol sem menga meira.



**HEIMILISKYNDING Á GAMLA MÁTANN** Meira er brennt af kolum en áður auk þess sem fleiri hafa tekið upp heimiliskyndingu upp á gamla mátann.

„Einnig hafa fleiri brugðið á það ráð að taka upp heimiliskyndingu upp á gamla mátann með eldivið og öðrum álíka orkugjöfum. Upp úr 1970 virtist sem heimsbyggðin væri að ná tökum á losun kolefnis þar sem eldsneytisnotkunin minnkaði og breyttist,“ segir Einar og telur líkast til vísað til aukinnar notkunar á kjarnorku sem hafi orðið á þessum árum og notkunar á nýjum jarðgaslindum sem hafi útrýmt kolum að mestu.

„En nú sem sagt eykst þessi bruni hratt á nýjan leik. Og auk þeirrar ástæðu sem áður er talin eiga fjölmenn nýhagvaxtarlönd með Kína í fararbroddi sinn þátt í þessari aukningu. Samkvæmt þessum upplýsingum er því gróðurhúsavandinn enn stærri og illviðráðanlegri en áður var talið. Eða hvað?“ spyr hann. - ghs

Páfi blandar sér í deilur Tyrklands og Evrópusambandsins:

# Erdogan æfur vegna frestunar

**TYRKLAND** Benedikt sextándi páfi lýsti sig í gær fylgjandi því að Tyrkland fái aðild að Evrópusambandinu. Páfi er í opinberri heimsókn í Tyrklandi í þeim tilgangi að lægja reiðiöldur múslima gagnvart sér og stuðla að sáttum milli kristinna og múslima.

Hugsanleg aðild Tyrklands að Evrópusambandinu er vægast sagt umdeild, jafnt í Tyrklandi sem í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Tyrknesk stjórnvöld hafa á síðustu árum sótt það stíft að fá aðild að Evrópusambandinu, en strandað hefur á ýmsu, nú síðast á kröfu Evrópusambandsins og Kýpur-Grikkja um að Tyrkir veiti Kýpur-Grikkjum aðgang að höfnum og flugvöllum í Tyrklandi.

Í gær lagði Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórn sambandsins, að aðildarviðræðum við Tyrkland verði að hluta frestað vegna deilunnar, þar sem Tyrkir hafa til þessa ekki viljað veita Kýpur, sem er fullgilt aðildarríki í Evrópusambandinu, þennan aðgang.

Endanleg ákvörðun um hvort aðildarviðræðum verði frestað vegna þessarar deilu verður þó ekki tekin fyrr en á leiðtogafundi Evrópusambandsins um miðjan desember.

Recep Tayyin Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, brást í gær ókvæða við þessari tillögu Rehns. „Við látum engan troða á réttindum okkar,“ sagði hann. - gb



**BENEDIKT SEXTÁNDI** Páfi staddur við hús í Efesus á Tyrklandi þar sem María mey á að hafa búið síðustu æviárin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




JÓLIN ERU KOMIN Í SMÁRALIND
OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
**Opið:** Mán, þri, mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19,
lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is



**30%** **afsláttur**
fimmtudag








# af öllum jólaljósum

til sunnudags







HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



KYNNINGAR
á jólavörunum frá
OROBLU í dag
fimmtudag, kl. 14-18
í Lyfjavali í Mjódd.

Kaupauki
fylgir hverri
OROBLU vöru

Lyfjaval
APÓTEK


Nágrannasveitarfélög Hafnarfjaðar hafa ekki rætt fyrirhugaða stækkun álversins:

# Óvissa með mengun eftir stækkun álvers

**UMHVERFISMÁL** Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, segir stækkun álversins ekki hafa verið rædda í umhverfisráði enda hafi engin beiðni komið um að það yrði gert.

„Í dag er ekki hægt að greina áhrif álversins í Staumsvík á loftgæði í okkar mælingum og áhrif umferðar á loftgæði eru mun meiri. Hvort það breytist við stækkun álversins er óvíst en mælingar á flúormengun sem gerðar voru fyrir tíu árum sýndu enga slíka mengun af völdum álversins.“

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur ekki rætt sérstaklega fyrirhugaða stækkun álversins en Gunnar Einarsson bæjarstjóri segir að málið verði hugsanlega sett á dagskrá. „Þó svo að fyrirhuguð stækkun sé í lögsögu Hafnarfjarðar er ljóst að nærliggjandi bæjarfélög verða fyrir áhrifum af stækkuninni. Það er þó erfitt að meta það á þessum tímapunkti hver áhrifin yrðu en mengunarþátturinn hefur verið í umræðunni og fyrirhuguð stækkun álversins mun væntanlega auka umferð í gegnum Garðabæ.“

Gunnar er formaður samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og segir hann að fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík hafi ekki verið rædd innan samtakanna. **- hs**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Mengun frá álverinu hefur ekki verið mælanleg í Reykjavík en þar er umferð stærsti mengunarþátturinn.

# Telur að stórefla þurfi verðeftirlit á matvörumarkaði

**Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis óttast að matvöruverð hækki á næstu mánuðum og telur að stórefla þurfi eftirlit með verðlagningu matvara. Formaður SVÞ telur enga hættu á verðhækkun.**

**LANDBÚNAÐUR** Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis, telur hættu á því að matvöruverð hækki á næstu mánuðum áður en lægri vörugjöld, virðisaukaskattur og almennir tollar á algengum kjötvörum taka gildi í byrjun mars.

Aðalsteinn flutti ávarp á fundi Bændasamtaka Íslands í gær og fagnaði þessum tillögum. Hann sagði að stórefla þyrfti eftirlit með verðmyndun og verðlagningu matvara á komandi mánuðum til að tryggja að ávinningur skattalækkana og annarra aðgerða skiluðu sér í buddu landsmanna.

„Ég hvet fólk til að fylgjast með því hvað gerist. Það kæmi mér ekki á óvart þó að verslunin tæki upp á því að hækka vöruverð fyrir lækkun. Það er hætta á þessu og ég vara við því,“ sagði hann.

Aðalsteinn sagði að ekki mætti stofna matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu eða ganga of nærri hagsmunum og atvinnuöryggi bænda, starfsfólks afurðastöðva og annarra í landbúnaði og lýsti áhyggjum af því að störf víðs vegar um landið væru í hættu ef frekari samdráttur yrði á næstu árum og áratugum.

„Menn verða að átta sig á því að málið snýst ekki bara um bændur. Það er miklu meira undir,“ sagði hann og gagnrýndi þingmenn fyrir að tala fyrir eflingu byggðar og atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins. „Er hægt að taka mark á mönnum sem ríða um héruð og safna fylgi vegna kosninganna í vor? Miðað við þennan málflutning er ég ekki viss um að þeir komi allir ríðandi til þings heldur verði hugsanlega fótaskortur á leiðinni.“

Aðalsteinn rifjaði upp kröfur til afurðastöðva og kvaðst hafa á tilfinningunni að þær væru miklu meiri hér en hjá öðrum þjóðum. Í Færeyjum þekkist að bændur rými íbúðarhús á haustin og reki sitt fé inn til slátrunar.

„Í Hvalfirði hefur mátt sjá gesti og gangandi spígspora á planinu, jafnvel með hundana sína, innan um mörg tonn af hvalkjöti sem ætlað er til manneldis. Slíkt leyfist ekki í öðrum kjötvinnslum á Íslandi.“

„Ég tel ekki að kaupmenn hækki verð til að búa sig undir þessa lækkun. Verð hækkar og lækkar eftir gengi og markaðsaðstæðum hverju sinni en ég reikna ekki með að kaupmenn reyni að sæta lagi,“ segir Hrund Rudolfsdóttir, formaður SVÞ. **ghs@islandia.is**



**VARAR VIÐ VERÐHÆKKUN** Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis, óttast að kaupmenn hækki verð á matvörum á næstunni áður en boðuð lækkun á vörugjöldum, virðisaukaskatti og tollum verður að veruleika. Hann hvetur fólk til að fylgjast vel með matvöruverði og telur að stórefla þurfi verðeftirlitið.



**AÐALSTEINN BALDURSSON**



**HRUND RUDOLFSDÓTTIR**


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ







Fjölgun í óskráð trúfélög:

# Um 20.000 manns standa utan viðurkenndra trúfélaga

**TRÚMÁL** Um 84 prósent Íslendinga eru í Þjóðkirkjunni, samkvæmt tölum þjóðskrár, og hefur þeim fækkað um eitt og hálft prósent á einu ári. Þeim sem eru skráðir í önnur trúfélög eða eru ótilgreindir hefur hins vegar fjölgað um þrjú þúsund manns, og eru nú fjögur prósent landsmanna. Í síðastnefnda hópinn flokkast samkvæmt Hagstofu: „Þeir sem teljast til trúfélags sem hefur ekki verið viðurkennt eða til trúarbragða án trúfélags hér á landi svo og þeir sem upplýsingar vantar um koma saman í einn lið: Óskráð trúfélög og ótilgreint. Utan trúfélaga teljast þeir sem hafa skráð sig svo.“ Þeim sem standa utan trúfélaga hefur fjölgað um 235 manns á sama tíma. Ef dæmi eru tekin af öðrum trúfélögum hefur meðlimum í Félagi múslima fjölgað um tuttugu, en í kaþólsku kirkjunni hefur fjölgað um næstum því þúsund manns. Tölur fyrir árið 2006 verða birtar í lok janúar á næsta ári. **- vg**



**HALLGRÍMSKIRKJA** Þjóðkirkjan er enn stærst.




**299** kr/kg áður 679 kr/kg.
Goða grísabógur ferskur




**1.399** kr/kg áður 2.148 kr/kg.
Norðlenskt hangilæri




**1.189** kr/kg. áður 1.698 kr/kg.
Goða hamborgarhryggur




**979** kr/kg. áður 1.748 kr/kg.
Norðlenskur hangiframpartur




**1.445** kr/kg. áður 2.409 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur skinnlausar




**249** kr/stk.
Uncle Bens sósa Tikka Masala 500 gr.




**378** kr/pk. áður 756 kr/pk.
Pepsi 2 ltr 4 í pakka




**175** kr/pk. áður 349 kr/pk.
Lambi wc 6 rúllur

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 30. nóvember til 3. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

## „ORÐRÉTT“

### En hún hljómar vonandi ekki illa

**„Auk sjónmengunar óttumst við lyktarmengun frá fyrirhugaðri starfsemi.“**

GUÐBRANDUR SIGURÐSSON, ÍBÚI Í GRUNDARHVERFI, HEFUR ÁHYGGJUR AF NÝRRI SKÓLPHREINSISTÖÐ.

**Morgunblaðið 29. nóvember**

### Er þögn sama og staðfesta?

**(þögn)**

DAVÍÐ ODDSSON UM ÁKVÖRÐUNINA UM AÐ RÁÐAST INN Í ÍRAK.

**Allir fjölmiðlar 29. nóvember**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LÁRA VILBERGSDÓTTIR FRAMHALDSSKÓLAKENNARI

## Hannar lampa úr plexígleri

„Sem stendur er ég í hálfu starfi sem kennari í textílhönnun við Menntaskólann á Egilsstöðum. Að öðru leyti er ég að sinna ýmsum verkefnum fyrir sjálfa mig og safna kröftum,“ segir Lára sem er framkvæmdastjóri Ormsteitis sem haldið er í ágústmánuði ár hvert.

Lára segist einnig vera að vinna að eigin hönnun sem innihaldi meðal annars lampa úr plexígleri. „Þá er ég að vinna að lítilli jólalínu sem vonandi lítur dagsins ljós fyrir næstu jól.



Annars er orðið mjög jólalegt hérna á Egilsstöðum og búið að kveikja á jólatrénu við Kaupfélagið sem er hæsta tréð sem fellt er í Hallormsstaðaskógi fyrir hver jól. Í ár erum við þó ekki með hæsta tréð sem fellt var á landinu en ég held að bæjarbúar megi samt vera sáttir við þetta veglega tré. Það vantar heldur ekki jólastemninguna í veðrið en hér hefur snjóað nokkuð í vetur. Ég reyni að láta veður ekki hafa áhrif á mig en ég viðurkenni að ég fagna sólinni þegar hún lætur sjá sig í svartasta skammdeginu.

Af menningarmálum er það helst að frétta að um síðustu helgi var haldin listasýning í gamla sláturhúsinu undir yfirskriftinni „Dýrið í mér“.“ Lára á sæti í menningarnefnd bæjarins en nokkur umræða hefur verið um framtíð gamla sláturhússins sem lauk hlutverki sínu fyrir allnokkrum árum. „Nú er verið að skoða þá möguleika að nýta það undir fjölbreytta listastarfsemi og félagsmiðstöð fyrir ungt fólk.“

## STÆRSTU BORGIR EVRÓPU:

### ÍSTANBÚL NÆSTSTÆRST

Moskva er stærsta borg Evrópu sé miðað við þá sem búa innan borgarmarka, með um 10 milljón íbúa, en Istanbúl er í öðru sæti með tæpar níu milljónir. London lendir í þriðja sæti með 7,5 milljónir, en næstum 15 milljón manns búa á Stór-Lundúnasvæðinu. Stærsta borg Norðurlanda er Stokkhólmur með 800.000 manns, en Kaupmannahöfn, Osló og Helsinki hafa um hálfa milljón hver.



## SJÓNARHÓLL

### SKATTLAGNING Á ÁFENGI



**BÖRKUR GUNNARSSON**
Leikstjóri

## Þvílík della

„Þvílík della, er þetta ekki nógu dýrt fyrir?“ segir Börkur Gunnarsson leikstjóri varðandi hugmyndir um fyrirhugaðar skattbreytingar á áfengi sem myndu leiða til þess að ódýrara áfengi myndi hækka í verði en dýrari tegundir lækka. „Þetta eru harðsvíraðir menn. Það hljóta að hafa verið einhverjir koníakskallar sem hafa samið þetta.“ Dæmi hefur verið tekið um að vínflaska sem kostar eitt þúsund krónur myndi hækka upp í 1.100 meðan koníaksflaska sem kostar tíu þúsund krónur myndi lækka í 8.500 krónur. „Bjór og vín eru hluti af lífinu hjá öllum siðmenntuðum þjóðum og á ekki að gera að stórhættulegum hlutum. Venjulegt fólk vill lyfta sér upp við og við,“ segir Börkur og bætir við: „Það á að taka þessa skatta af.“

# Ferð til Íslands í brúðkaupsgjöf

**Hakan og Aylin eru ritstjórar tímaritsins Bant í Tyrklandi, en þau fengu heldur óhefðbundna brúðkaupsgjöf. 35 vinir þeirra lögðu í púkk og gáfu þeim ferð til Íslands.**

„Við héldum veislu á veitingastað í Istanbúl til að þakka þeim fyrir, og hengdum íslenska fánann á vegginn,“ segja hin nýbökuðu hjón þar sem þau sitja á hótelinu Klöpp á Klapparstíg.

Þau eru þó ekki eingöngu hér til að skemmta sér, því þau nýta fríið til að taka viðtöl við íslenska tónlistarmenn eins og Dr. Gunna og Örvar úr múm.

„Þetta er yfirleitt svona hjá okkur, við höfum farið saman til Barcelona og Stokkhólms og notuðum þá tækifærið til að tala við þarlenda tónlistarmenn. En manni líður aldrei eins og þetta sé vinna, þvert á móti er þetta góð leið til að kynnast fólki,“ segir Aylin. „Við giftum okkur fyrir þremur vikum síðan, en vinirnir pössuðu upp á að panta ekki ferðina fyrr en blaðið var komið í prentun. Daginn eftir brúðkaupið þurftum við að mæta til vinnu,“ segir Hakan.

Þau unnu áður hjá fyrirtækinu Merkez Dergi, sem gefur út fjöldamörg blöð, meðal annars Cosmopolitan á tyrknesku, en stofnuðu fyrir tveimur árum síðan tímaritið Bent.

„Okkur langaði til að gera eitthvað þar sem við sjálf réðum ferðinni. Í fyrstu lögðu vinir okkar til greinar, en nú erum við farin að geta borgað fólki og erum einnig með útvarpsþátt og höldum tónleika. Þetta er allsherjar lífsstílsblað, en við leggjum áherslu á að kynna listafólk og tónlistarmenn sem ekki er fjallað um annars staðar. Það er mikil gróska í Istanbúl þótt plötufyrirtækin sinni henni illa og gefi helst út iðnaðarpopp.“

En hvers vegna, ber mér skylda til að spyrja, Ísland?

„Það var annaðhvort Brasilía eða Ísland,“ svarar Hakan. Jú, annaðhvort hlaut það að vera.

„Ég hef mikinn áhuga á norðurslóðum og hef horft á íslenskar bíómyndir eins og Cold Fever, 101 Reykjavík og Nóa albínóa, og langaði til að sjá öll litlu húsin,“ segir Aylin.

Nýbakaður eiginmaðurinn hefur meiri áhuga á tónlist. „Það hljómar klént, en ég hef hlustað mikið á Björk og hún hefur dregið upp ákveðna mynd af Íslandi sem er heillandi en kannski aðeins að hluta til rétt. Hún spilaði á djasshátíð í Istanbúl fyrir tíu árum síðan en það hefði verið gaman að sjá hana hér með Sykurmolunum. Svo hlusta ég einnig á Sigurrós og múm.“

Hjónin verða hér í rúma viku og ætla að fara í sund, sjá Gullfoss og Geysi og svo að sjálfsögðu skoða sig um í plötubúðum.

„Smekkleysubúðin og 12 Tónar eru mjög skemmtilegar búðir, en geisladiskar hér eru dýrir. Ég keypti þrjá geisladiska í gær en hefði fengið tíu á sama verði heima,“ segir Aylin.

**valurg@frettabladid.is**



**KOMINN FRÁ KONSTANTÍNÓPEL** Hinum megin í álfunni er Ísland.

# Frægustu Tyrkir í heimi

Líklega hefur Tyrkjaránið mótað viðhorf Íslendinga til Tyrkja öldum saman, þrátt fyrir að vera framið af Alsírmönnum undir stjórn Hollendings. Einnig vakti forræðisdeila Sophiu Hansen og Halim Al mikla athygli, en hægt er að nefna marga aðra Tyrki og heimsfrægari.

Sertab Erener er ein vinsælasta söngkona Tyrklands, og vann Eurovision árið 2003 með laginu Everyway That I Can, sem fór í kjölfarið í fyrsta sæti í ýmsum Evrópulöndum.

Drottning tyrkneska poppsins er þó hin rúmlega fimmtuga Sezen Aksu, sem hefur selt yfir fjörutíu milljón plötur.

Áhrifameiri en þær báðar er Ahmet Ertegun, fæddur í Istanbúl en stofnaði Atlantic útgáfuna í Bandaríkjunum og uppgötvaði listamenn á borð við Ray Charles, Led Zeppelin og Frank Zappa. Rithöfundurinn Orhan Pamuk vann Nóbelsverðlaunin í ár, fyrstur Tyrkja. Kúrdíski höfundurinn Mehmet Uzun er fæddur í Tyrklandi og býr nú í Istanbúl eftir langa dvöl í Svíþjóð. Til gamans má einnig nefna leikkonuna Tuna Metya sem búið hefur á Íslandi undanfarin ár og leikur nú í leikritinu Best í heimi.

Lengra aftur í sögunni má finna marga fræga menn sem fæðst hafa á því svæði sem nú er Tyrkland, svo sem Abraham ættfaðir, skáldið Hómer, Pál postula og jafnvel jólasveininn sjálfan, heilagan Nikulás.

- vg



**SERTAB ERENER, VINNINGSHAFI EVRÓVISJÓN 2003** Hefur sungið með José Carreras og Ricky Martin.

DÚN & FIÐUR

HLÝJAR JÓLAGJAFIR





DÚNSÆNGUR OG KODDAR

Í MIKLU ÚRVALI

FYRSTA FLOKKS GÆÐI OG FRÁBÆR VERÐ

*Gefðu hlýju*

Laugavegi 87 • símar 551 8740 & 511 2004

# 40% afsláttur

## af bókum í nettó




**Hönnun:** H:N markaðssamskipti / SÍA
**Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta**

## allt í matinn á einum stað

**www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur**
**Gildistími 30. nóvember til 3. desember eða á meðan birgðir endast.**

**Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi**

netto



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 900 kr. kg
LAMBA RIB EYE
2.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
20% afsláttur
GOURMET BLÁBERJA LAMBALÆRI
1.499 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
GOURMET RAFTASKINKA
1.485 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 592 kr. kg
UNGNAUTAGÚLLAS Í KÍNASÓSU
1.698 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
KJÖTFARSBOLLUR Í BRÚNNI SÓSU
699 kr. kg
1944 réttir beint í ofninn
10% afsláttur
Fiskibollur m/ kartöflum, Hangikjöt í uppstúf, kjötbollur í brúnni sósu og kindabjúgu m/ uppstúf
RØDKÅL
1 KG SUPER RAUÐKÁL
129 kr. stk.
Salthnetukökur
JÓLA SALTNETUSMÁKÖKUR
499 kr. stk.
Beauvais meðlæti!
Beauvais
NÓATÚN



NÓATÚN
í 40 ár
Ódýrt og gott!
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
UNGNAUTABORGARAR
120 GRAMMA
139 kr. stk.
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 500 kr. kg
UNGNAUTAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI
899 kr. kg
Naggalínan
30% afsláttur
Sænskar kjötbollur
grísasnitsel
lambasneiðar
NAGGALÍNAN
Girnilegt úrval af fiskibollum!
Úr Fiskborði Nóatúns
Smáar fiskibollur
með ostafyllingu
með pizzufyllingu
og hefðbundnar
NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni
Blue Dragon
austurlenskar gæðavörur
25% afsláttur
Verði ykkur að góðu!

## Svona erum við

> Fjöldi dagskammta meltingarfæralyfja á hverja 1000 íbúa.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: BLÓÐBANKINN

# Yfir 70 blóðgjafa þarf daglega

Neyðarástand skapaðist í byrjun vikunnar í Blóðbankanum vegna blóðskorts í annað skiptið á tveimur vikum eftir óvenjulega mikla notkun á blóði undanfarið.

Blóðbankinn þarf yfir sextán þúsund blóðgjafa á ári sem eru sjötíu blóðgjafar á dag.

**Hvert er meginverkefni Blóðbankans?**

Meginverkefnið er að fullnægja þörfum sjúkrahúsanna fyrir blóð og blóðhluta. Nútíma skurðlækningar eru óframkvæmanlegar nema þær eigi að bakhjarli blóðbankaþjónustu til að bæta sjúklingi upp hættulegan blóðmissi sem hann verður fyrir við skurðaðgerðina.

**Hver er starfsemi Blóðbankans?**

Í blóðsöfnunardeild annast hjúkrunarfræðingar blóðtöku og ráðleggingar varðandi heilsufarsskýrslu. Þar fer einnig fram innköllun blóðgjafa. Haft er samband við átta til tíu þúsund virka blóðgjafa og gefa þeir um fimmtán þúsund einingar af blóði á ári hverju.

Starfsfólk blóðsöfnunardeildar fer einnig reglulega með blóðbankabílnum í blóðsöfnunarferðir í nágrannabyggðir Reykjavíkur, auk þess að heimsækja skóla og vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu.

**Hver er saga Blóðbankans?**

Blóðbankastarfsemi Landspítalans var stofnuð í sérstakri byggingu árið 1953. Þekkingin um blóðflokka manna efldist mjög á árum seinni heimsstyrjaldarinnar og margs konar tækni var þróuð til að gera vinnslu blóðhluta og blóðvatnsþátta mögulega og handhæga við lækningar. Meðal þýðingarmestu framfara voru plastpokar sem umbúðir til varðveislu blóðs. Þeir voru fyrst búnir til í Bandaríkjunum um 1950 og farið var að nota þá í stórum stíl á sjöunda áratugnum. Á Íslandi leystu slíkir plastpokar glerflöskur af hólmi árið 1968.

Heimild: www.blodbankinn.is



## SPURT & SVARAÐ

SÝKNUDÓMUR HÉRAÐSDÓMS



HILMAR ÖRN HILMARSSON
Allsherjargoði Ásatrúarfélagsins.

### *Enda í Strassbourg*

Á þriðjudag sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur íslenska ríkið af kröfum Ásatrúarfélagsins um að fá sambærilega greiðslu – tæplega 1,1 milljón – miðað við höfðatölu og þjóðkirkjan fær frá ríkinu. Félagið hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

**Er ykkur í Ásatrúarfélaginu mismunað?**

Já, að nokkru leyti vegna þess að þjóðkirkjan er á fyrsta farrými í samfélaginu en ekki önnur trúfélög.

**Hverjar eru kröfur ykkar?**

Einfaldlega að öll trúfélög sitji við sama borð.

**Hversu langt ætlið þið að fara með málið?**

Ætlum við endum ekki hjá Mannréttindadómstólnum í Strassbourg.




# Átta stefna á forystusæti VG

**Átta af 30 þátttakendum í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu vilja leiða lista á höfuðborgarsvæðinu. Flokkurinn heldur sameiginlegt forval fyrir Reykjavíkurkjördæmin tvö og Suðvesturkjördæmi. Báðir þingmenn flokksins í Reykjavík sækjast eftir endurkjöri.**



**FAGNAÐ** Vinstri græn komu saman í Iðnó á kosninganótt 2003. Flokkurinn fékk fimm þingmenn kjörna – þar af tvo á höfuðborgarsvæðinu. Sjö stefna á forystusæti í kjördæmunum þremur á suðvesturhorninu nú. Forval fer fram á laugardag.

Forval VG, sem fram fer á laugardag, er sérstakt fyrir þær sakir að það er sameiginlegt fyrir þrjú kjördæmi. Í því verða frambjóðendur flokksins í báðum Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi valdir en stjórnmálaflokkar hafa ekki farið þá leið áður. Þá er aðferðin sem beitt er við val á frambjóðendum athyglisverð en kjósendur eiga að velja þrjá frambjóðendur í hvert efstu sætanna – þrjá í fyrsta sæti, þrjá í annað sæti, þrjá í þriðja sætið og þrjá í fjórða sæti.

Reglur flokksins kveða á um að tvö efstu sæti listanna þriggja (alls sex sæti) skulu skipuð þremur konum og þremur körlum. Þá verður tryggt að fólk af sama kyni verði ekki í efstu sætum allra lista. Er þetta gert „í anda kvenfrelsis“, eins og það er orðað í forvalsreglunum. Til þeirrar reglu verður horft við röðun fólks á lista í kjördæmunum, auk búsetu en kjörstjórn hefur mjög frjálsar hendur við niðurröðun á lista.

Góð þátttaka vekur einnig athygli. Frambjóðendur eru jafnmargir og í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi og litlu færri en í prófkjörum Samfylkingarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn fékk fjórtán þingmenn í kjördæmunum í síðustu kosningum, Samfylkingin tólf en VG tvo.

Forvalið er hið fyrsta sem VG efnir til vegna alþingiskosninga. Fyrir fyrri kosningar hefur flokkurinn stillt upp á lista sína og sú aðferð er einnig viðhöfð í öðrum kjördæmum nú.

Átta frambjóðendur stefna á fyrsta sæti en af þeim nefna þrír fyrsta sætið eingöngu. Það eru þingmennirnir tveir Kolbrún Halldórsdóttir og Ögmundur Jónasson og Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins. Fjórir frambjóðendur sækjast eftir 1.-2. sæti, þau Álfheiður Ingadóttir varaþingmaður, Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi, Guðmundur Magnússon leikari og Þórir Steingrímsson rannsóknarlögreglumaður. Þá sækist Paul F. Nikolov blaðamaður eftir 1-3. sæti.

Átta sækjast eftir öðru sæti og nefna það ýmist eingöngu eða næstu sæti einnig. Það eru þau Andrea Ólafsdóttir nemi, Auður Lilja Erlingsdóttir stjórnmálafræðingur, Friðrik Atlason deildarstjóri, Gestur Svavarsson hugbúnaðarráðgjafi, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagnfræðingur, Jóhann Björnsson kennari, Kristín Tómasdóttir nemi og Kristján Hreinsson skáld.

Af samtölum við flokksmenn að dæma þykir staða sitjandi þingmanna sterk og er almennt búist við að þeir haldi sætum sínum. Af öðrum frambjóðendum þykja Árni Þór Sigurðsson, Katrín Jakobsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Gestur Svavarsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir einna líklegust til afreka.

Prófkjörsbaráttan hefur verið drengileg og kynning frambjóðenda að mestu farið fram á sameiginlegum fundum og í bæklingi. Ekki eru í gildi sérstakar reglur um auglýsingar eða kostnað sem hver og einn má stofna til en gengið út frá því að frambjóðendur starfi í anda þeirrar menningar VG að verja litlu til prófkjörsbaráttu. Er það talinn nægilegur varnagli að menn skjóti sig í fótinn með dýrum auglýsingum.

**ÞAU GEFA KOST Á SÉR**

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Katrín Jakobsdóttir, varaformaður VG |
| | Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður |
| | Ögmundur Jónasson alþingismaður |
| **1.-2. sæti** | Álfheiður Ingadóttir líffræðingur |
| | Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi |
| | Guðmundur Magnússon leikari |
| | Þórir Steingrímsson rannsóknarlögreglumaður |
| **1.-3. sæti** | Paul F. Nikolov, blaðamaður og stuðningsfulltr. á sambýli |
| **2. sæti** | Auður Lilja Erlingsdóttir stjórnmálafræðingur |
| | Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagnfræðingur |
| | Jóhann Björnsson kennari |
| | Kristján Hreinsson skáld |
| **2.-3. sæti** | Gestur Svavarsson hugbúnaðarráðgjafi |
| **2.-4. sæti** | Andrea Ólafsdóttir, nemi í uppeldis- og menntunarfræði |
| | Friðrik Atlason, deildarstjóri á sambýli |
| | Kristín Tómasdóttir háskólanemi |
| **3.-4. sæti** | Elías Halldór Ágústsson kerfisfr. |
| | Emil Hjörvar Petersen, háskólanemi í bókm. og íslensku |
| | Erlendur Jónsson efnafræðingur |
| | Kári Páll Óskarsson, háskólanemi í þýðingarfræðum |
| | Mireya Samper myndlistarkona |
| | Ólafur Arason nemi |
| | Sigmar Þormar, kennari og ráðgjafi |
| | Steinar Harðarson umdæmisstjóri |
| | Svala Heiðberg fr.h.skólakennari |
| **4. sæti** | Benedikt Kristjánsson nemi |
| | Steinunn Þóra Árnadóttir, háskólanemi og öryrki |
| **Gefa ekki upp sæti** | Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri |
| | Wojciech Szewczyk verkamaður |
| | Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur |

**Framkvæmd forvalsins**

Kosið verður laugardaginn 2. desember í Reykjavík, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Kjörfundur stendur frá 10-22.

Á kjörskrá eru rúmlega 1.800 kjósendur.

Í kjördæmunum þremur hlaut flokkurinn samtals 9.646 atkvæði í síðustu kosningum.

Fyrstu tölur eru væntanlegar upp úr klukkan 10 og ættu lokaniðurstöður að liggja fyrir um miðnætti.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

# *Ógleymanleg og dramatísk saga*




# Meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna

Saga Ólafíu Jóhannsdóttur er samofin sögu íslenskra kvenna á ofanverði nítjándu öld og fram yfir aldamótin 1900. Hún er jafnframt saga skapríkrar konu sem fór ævinlega sína leið og þegar öll sund virtust lokuð fann hún frelsi sitt og lífsbjörg í trú á kærleiksríkan Guð. Í krafti þess gerði hún sér heimili meðal vændiskvenna, fátæklinga og drykkjumanna í Ósló.

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur um árabil verið prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands. Bók hennar *Björg. Ævisaga Bjargar C. Þorláksson* hlaut **Íslensku bókmenntaverðlaunin** árið 2001.

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is


Bónus með
REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1199 KR.
Merkt verð 1599 KR.
500 ml
49 KR.
Pepsi MAX
500 ml
49 KR.
Egils appelsín
500 ml
49 KR.
Egils GULL
ERAN/Landlist
Leggir kílóverð nú:
387 KR.
Merkt verð 387 KR.
EKKERT BRUÐL
2 lítrar
98 KR.
SPRITE
Vængir kílóverð nú:
192 KR.
Merkt verð 320 KR.
Ferskir leggir læri
40% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
600g
259 KR.
Bónussíld
ELDHÚSPAPPÍR
149 KR.
jólarisarúlla
Jóla risarúlla
6 RÚLLUR
259 KR.
jóla salernispappír


aðventubragði!
SS ÚRB. HANGILÆRI kílóverð nú:
1819 KR.
Merkt verð 2598KR.
SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
30% afsláttur við kassann
2.3 kíló
398 KR.
ROBIN KLEMENTÍNUR
Robin klemmurnar Ný sending!
Írskar svínalundir
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1698 KR.
kílóverð nú
Kókostoppar
198 KR.
250g
Baka hvað?
Brúnkökur
259 KR.
350g
Pipardropar
198 KR.
500g
Kransakökur
179 KR.
140g
10 tartalettur
98 KR.
KAREN VOLF
Ferskar bringur
FERSKAR SKINNLAUSAR kílóverð nú:
1668 KR.
Merkt verð 2565KR.
500 ml
159 KR.
CULT ORKUDRYKKUR
Nú 500 ml
35% afsláttur við kassann
www.bonus.is
BÓNUS


FRÁ REYKJAVÍK Þrjátíu manns bjóða sig fram í forvali vinstri grænna sem fram fer á laugardaginn. Kosið verður á lista í Reykjavíkurkjördæmunum báðum auk Suðvesturkjördæmis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ósammála um einkavæðingu

**Þrjátíu manns eru í framboði í forvali Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs sem fram fer um helgina. Afdráttarlaus svör frambjóðenda í tvö efstu sætin gefa vísbendingu um pólitískan samhljóm en um leið greinilegan skoðanamun frambjóðenda.**

Frambjóðendur eru ósammála um hvort rétt hafi verið að einkavæða bankana. Kristján Hreinsson segir það hafa verið rétt að einkavæða bankana en að það hafi verið „óþarfi að gefa Búnaðarbankann."

Frambjóðendur hafna alfarið áformum um stækkun álvers Alcan í Straumsvík. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu greiða Hafnfirðingar atkvæði um það hvort stækkunaráform fyrirtækisins nái fram að ganga. Byggir sú ákvörðun bæjaryfirvalda á 33. grein samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarbæjar, en þar segir að bæjarstjórn beri „að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álítur vera mjög þýðingarmikil fyrir bæjarfélagið."

### Umhverfismálin í fararbroddi

Allir eru sammála um að verðleggja eigi útblástur á kolefnissamböndum út í andrúmsloftið.

Breski hagfræðingurinn Nicholas Stern, sem fór fyrir vinnu bresku ríkisstjórnarinnar um athugun á hugsanlegum áhrifum aðgerðaleysis vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum, sagði það brýnt viðfangsefni að ríkisstjórnir þjóða heimsins verðlegðu útblástur á kolefnissamböndum. Grundvallarröksemdin að baki þessari skoðun Stern er sú sama og Auður Lilja Erlingsdóttir bendir á í svari sínu, að það eigi að „kosta að menga og borga sig að vera umhverfisvænn."

Samhljómur frambjóðenda gefur vísbendingu um að loftslagsbreytingar af mannavöldum séu þegar orðið mikilvægt umræðuefni meðal flokksmanna.

### Innflytjendamál umdeild

Frambjóðendur eru skýrlega ósammála um hvort rétt hafi verið að óska ekki eftir fresti er frjáls för íbúa frá átta Austur-Evrópuríkjum var heimiluð 1. maí á þessu ári. Sumir segja það hafa verið rétt, aðrir rangt.

Paul F. Nikolov, sem unnið hefur að málefnum innflytjenda, segir ákvörðunina hafa verið rétta í ljósi þess að „atvinnuleysi hefur minnkað þrátt fyrir að hingað hafi komið þúsundir frá 1. maí."

### Einkavæðingu Landsvirkjunar alfarið hafnað

Það kemur ekki á óvart að allir frambjóðendur hafni einkavæðingu Landsvirkjunar þar sem hugmyndir í þá veru samrýmast ekki pólitískri hugsjón flokksins. Búast má við því að umræða um náttúruvernd og umhverfismál snúist að einhverju leyti um þá grundvallarspurningu, hvort það sé heppilegt að ríkið ráði því hvaða auðlindir megi nýta og hverjar ekki, um leið og ríkið er eini eigandinn að stærsta fyrirtækinu sem sækist eftir nýtingu auðlinda.

Eflaust á umræða um þá stöðu sem upp kemur um áramót, þegar ríkið verður eini eigandinn að Landsvirkjun, eftir að fara fram innan stjórnmálaflokkanna og þá hvort eignarhaldið sé ákjósanlegt. Augljóslega gefa svör frambjóðenda um einkavæðingaráform ekki tæmandi svör en þau gefa vísbendingum um pólitíska sýn flokksmanna.

### Einn með hvalveiðum - skattar

Kristján Hreinsson er eini frambjóðandinn sem telur það hafa verið rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni. Hann nefnir það sérstaklega að réttast hefði verið að „afla fylgis á alþjóðavettvangi" áður en ákveðið var að hefja veiðarnar.

Skattahækkanir eru óvinsælar. Augljóst er að stór hluti frambjóðenda í forvalinu er ósáttur við núverandi skattkerfi. Er það almennt viðhorf að réttast væri að „jafna skattbyrðina, létta henni af þeim sem þurfa að lifa af lágmarkslaunum", eins og Kolbrún Halldórsdóttir þingkona segir í svari sínu.

### Samstarf, heilbrigðismál og lífeyriskjör

Frambjóðendur útiloka ekki samstarf við Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn, þótt „það sé ekki fyrsti kostur", eins og skýrlega kemur fram í svörum Kristínar Tómasdóttur og Álfheiðar Ingadóttur.

Frambjóðendur eru ósammála um hvort stuðla eigi að frekara samstarfi einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu. Hluti frambjóðenda hafnar alfarið aðkomu einkaaðila að heilbrigðiskerfinu á meðan aðrir eru því hlynntir, svo lengi sem heilbrigðiskerfið heyri undir ríki og sveitarfélög og sé að þeirra ábyrgð.

Mikill meirihluti frambjóðenda telur það óréttlætanlegt að lífeyriskjör þingmanna og ráðherra séu betri en annarra starfsstétta. Kolbrún Halldórsdóttir lætur sér nægja að svara spurningunni á þann veg að baráttan fyrir launajöfnun sé brýn en það blási ekki byrlega.


FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

## SPURNINGARNAR TÍU

1. Var rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni?
2. Á að einkavæða Landsvirkjun?
3. Á að heimila stækkun álvers Alcan í Straumsvík?
4. Var rétt að einkavæða bankana?
5. Á að verðleggja, í ríkari mæli, útblástur kolefnissambanda út í andrúmsloftið?
6. Á að stuðla að frekara samstarfi einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu?
7. Var rétt að óska ekki eftir fresti vegna frjálsrar komu íbúa frá átta ríkjum EES til landsins frá 1. maí?
8. Er réttlætanlegt að lífeyriskjör þingmanna og ráðherra séu betri en annarra?
9. Kemur ríkisstjórnarsamstarf Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og Sjálfstæðisflokksins til greina?
10. Á að hækka skatta frá því sem nú er?




### 1. sæti KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Nei, staða mála nú er viðunandi.
7. Já.
8. Nei, þau eiga að fylgja opinberum starfsmönnum.
9. Já.
10. Nei. Ekki heildrænt en það má breyta þeim.

### 2. sæti KRISTJÁN HREINSSON



1. Já, en afla fylgis á alþjóðavettvangi fyrst.
2. Nei.
3. Nei.
4. Já, en það var óþarfi að gefa Búnaðarbankann.
5. Já.
6. Já, en forðast ameríska kerfið sem heitan eldinn.
7. Nei. Í ljósi þess að ekki var búið að vinna undirbúningsvinnu nægilega vel hefði mátt sækja um lengri frest.
8. Nei.
9. Já.
10. Nei.

### 1. sæti KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei
4. Nei.
5. Já, „grænir skattar" eru vel fallnir til þess að ná umhverfislegum markmiðum.
6. Já, en ekki með því að koma á tvöföldu kerfi, þar sem aðgangur hinna efnameiri verður tryggður umfram aðgang hinna sem minna hafa milli handanna.
7. Já, úr því að tillaga okkar í stjórnarandstöðunni um framlengingu á aðlöguninni til 1. jan. 2007 var felld. Það sem mér finnst alvarlegt í þessum málum er sinnuleysi stjórnvalda og það hversu illa þau hafa nýtt aðlögunartímann.
8. Baráttan fyrir launajöfnun er brýn, en það blæs ekki byrlega.
9. Já.
10. Nei, en það á að jafna skattbyrðina, létta henni af þeim sem þurfa að lifa af lágmarkslaunum.

### 2. sæti AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Já.
5. Já. Það á að kosta að menga og borga sig að vera umhverfisvænn.
6. Já, svo lengi sem heilbrigðiskerfið heyrir undir ríki og sveitarfélög og er á þeirra ábyrgð.
7. Já.
8. Nei.
9. Já.
10. Nei. Eigum við ekki að sjá hvort við getum forgangsraðað betur fyrst.

### 1. sæti ÖGMUNDUR JÓNASSON



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Krefst meira en eins atkvæðis svars.
5. Já.
6. Nei við meiri einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.
7. Eftir að koma í ljós því þetta ræðst af öðrum lögum, reglum og eftirfylgni.
8. Nei.
9. Ekki hægt að svara í svart á hvítu.
10. Dreifa þarf skattbyrðinni betur.

FRAMHALD
Framhald á umfjöllun um forval vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu er á síðu 38.

Pioneer





MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

PUREBLACK Panel 2 – Ótrúlega nákvæmir og náttúrulegir litir, mögnuð dýpt og skerpa
Direct Colour Filter 2 – Einstök filma í stað glerhlífar veitir glampavörn og nær ótakmarkað sjónsvið
Dynamic HD Converter – Stækkar venjuleg sjónvarpsmerki upp í HD upplausn og gefur óvenjuskarpa mynd
Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur

Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m2
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner, multi-mode)

PDP-427XD Verð: 399.900 kr.
PDP-507XD Verð: 499.900 kr.

# PIONEER PDP-427XD / PDP-507XD

Sjöunda kynslóð margverðlaunaðrar plasmatækninnar frá Pioneer – Það flottasta á markaðnum!



**PIONEER RCS-404H**
**Heimabíókerfi með DVD upptöku og hörðum disk**
Kraftmikill 360W RMS magnari
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
Verð: 114.900 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**

**PIONEER DCS-353**
**5.1 rása heimabíókerfi**
Kraftmikill 360W RMS magnari
HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið
USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
Verð: 49.900 kr.



**PIONEER VSX-416**
**5 rása A/V heimabíómagnari**
5 x 100W RMS @ 8 ohm
Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro
FM/AM útvarp með RDS
Sound Retriever tækni – bætir hljómgæði frá MP3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
192Khz/24-bit D/A breytir
Fáanlegur svartur eða silfraður
Verð: 39.900 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 33.900 kr.**



**PIONEER VSX-1016V**
**7 rása A/V heimabíómagnari með HDMI**
7 x 150W RMS @ 6 ohm
Sjálfvirk stilling með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir) og Phase Control
FM/AM útvarp með RDS
Forritanleg fjarstýring með skjá
USB inngangur fyrir MP3 spilara og minniskubba
Innbyggður HDMI (2:1) og Component (3:1) video-skiptir
Fáanlegur svartur eða silfraður
Verð: 96.900 kr.



**PIONEER DVR-440H**
**DVD upptökutæki með hörðum disk**
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Chase Play – samhliða afspilun og upptaka
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
Verð: 65.900 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 55.900 kr.**





**PIONEER DEH-P4800MP**
**Bíltæki**
4 x 50W MOSFET magnari
CD/-RW Geislaspilari með MP3/WMA stuðning
FM útvarp með RDS og langbylgju
iP-BUS tengi - möguleiki á iPod tengingu
Aux-inngangur
Verð: 24.900 kr.

Pioneer MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · WWW.ORMSSON.IS

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 | AKUREYRI · SÍMI 461 5000 | KEFLAVÍK · SÍMI 421 1535 | ÍSAFIRÐI · SÍMI 456-4751



**ÚR MOSFELLSBÆ** Um 1800 manns eru á kjörskrá í forvalinu. Flokksmenn í átta sveitarfélögum geta tekið þátt í því. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forval vinstri grænna fyrir allt höfuðborgarsvæðið:

# Jafnrétti kynjanna í tveimur efstu sætum

Forvalið, sem fram fer á laugardaginn er sameiginlegt fyrir þrjú kjördæmi, bæði Reykjavíkurkjördæmin og Suðvesturkjördæmi.

Kjósendur velja þrjá frambjóðendur í efstu sætin, það er þrjá í efsta sæti, þrjá í annað sæti og þrjá í þriðja sæti. Þrjátíu manns eru í framboði í forvalinu en um 1800 manns eru á kjörskrá.

Samkvæmt reglum flokksins þurfa tvö efstu sætin á lista flokksins í kjördæmunum þremur, það er sex sæti, að vera skipuð þremur konum og þremur körlum.

**SPURNINGARNAR TÍU**

1. Var rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni?
2. Á að einkavæða Landsvirkjun?
3. Á að heimila stækkun álvers Alcan í Straumsvík?
4. Var rétt að einkavæða bankana?
5. Á að verðleggja, í ríkari mæli, útblástur kolefnissambanda út í andrúmsloftið?
6. Á að stuðla að frekara samstarfi einkaaðila og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu?
7. Var rétt að óska ekki eftir fresti vegna frjálsrar komu íbúa frá átta ríkjum EES til landsins frá 1. maí?
8. Er réttlætanlegt að lífeyriskjör þingmanna og ráðherra séu betri en annarra?
9. Kemur ríkisstjórnarsamstarf Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og Sjálfstæðisflokksins til greina?
10. Á að hækka skatta frá því sem nú er?






**2.-4. sæti**
**KRISTÍN TÓMASDÓTTIR**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Nei.
7. Nei.
8. Nei.
9. Já, en það er ekki fyrsti kostur.
10. Nei, ekki ef þeim er varið á réttan hátt.

**1.-2. sæti**
**ÞÓRIR STEINGRÍMSSON**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Já.
5. Já.
6. Nei.
7. Já.
8. Nei.
9. Já.
10. Nei.

**2.-4. sæti**
**FRIÐRIK ATLASON**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Já.
5. Já.
6. Nei.
7. Já.
8. Nei, alls ekki.
9. Nei.
10. Já, það má hækka tekjuskatt á hina efnameiri og taka að nýju upp hátekjuskatt.

**2.-4. sæti**
**ANDREA ÓLAFSDÓTTIR**



1. Nei.
2. Nei - endurskilgreina hlutverk LV.
3. Nei.
4. Nei, þjóðaratkvæðagreiðsla á að gilda um almenningseigur.
5. Já.
6. Já, með hugmyndafræði og þekkingu, en ekki með einkavæðingu.
7. Nei - samþykkja átti tillögu um framlengingu á aðlögun og undirbúa betur.
8. Nei.
9. Ekki útilokað, en æskilegast er stjórnarsamstarf stjórnarandstöðu.
10. Nei, færa skattbyrðina. Hækka lágmarkslaun og skattleysismörk.

**1.-2. sæti**
**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Já, en ekki á kostnað notenda þjónustunnar.
7. Já.
8. Nei.
9. Já, en er ekki fyrsti kostur.
10. Já, á þá sem hafa háar tekjur.

**2. sæti**
**JÓHANN BJÖRNSSON**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Þetta þarf að skoða vandlega.
7. Já.
8. Nei það er ekki sanngjarnt.
9. Já, þótt það sé fjarlægt í mínum huga.
10. Hækka skatta á þá sem eru með hærri tekjur, til þess að stuðla að jöfnun lífskjara.

**1.-2. sæti**
**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Nei.
7. Já.
8. Nei.
9. Já.
10. Já á hátekjufólk, en nei aðra.

**2.-3. sæti**
**GESTUR SVAVARSSON**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Nei, en það getur átt við í einhverjum tilvikum.
7. Ég held að það hefði engu breytt þótt óskað hefði verið eftir fresti.
8. Nei.
9. Já, fyrir mína parta.
10. Já á ákveðna hópa.

**1.-3. sæti**
**PAUL F. NIKOLOV**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Nei. Frekar á að ráða þá sem koma til landsins með menntun og reynslu til starfa.
7. Já. Atvinnuleysi hefur minnkað þrátt fyrir að hingað hafi komið þúsundir.
8. Nei.
9. Já.
10. Hækka fyrirtækjaskatta en lækka skatta á einstaklinga.

**1.-2. sæti**
**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Já.
6. Nei.
7. Ekki gott að segja. En stjórnvöld hafa haldið illa á málefnum útlendinga.
8. Nei.
9. Nei. Við þurfum að losa okkur við þessa ríkisstjórn.
10. Já. Á hina efnameiri.

**2. sæti**
**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**



1. Nei.
2. Nei.
3. Nei.
4. Álitamál. Hefði átt að standa að því á réttlátari hátt.
5. Já.
6. Fer allt eftir því á hvaða forsendum slíkt samstarf er gert, fyrir hvern og með hvaða hætti. Ég vil til dæmis gjarnan sjá „einkarekið“ fæðingarheimili ljósmæðra svo lengi sem það er öllum opið og gjaldfrjálst.
7. Já ... en kannski nei. Því þá hefði orðið skortur á starfsmönnum til að vinna við hörmulegar stóriðjuframkvæmdir ríkisstjórnarinnar.
8. NEI.
9. Sannarlega ekki fyrsti kostur. Ég vil sjá sterka vinstri stjórn undir forystu VG!
10. Það á að hækka skattinn á auðmenn sem borga minna hlutfall af sínum launum en venjulegt launafólk.


SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER,
Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.
Grand Vitara er glæsilegur og vandaður jeppi framleiddur í Japan af Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda heims, framleiðanda sem hefur áratuga reynslu í hönnun og framleiðslu á notendavænum og sparneytnum fjórhjóladrifsbílum og jeppum. Grand Vitara er fullbúinn jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingunni leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. Öryggisbúnaðurinn er eins og best gerist. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður. Síðast en ekki síst gera einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara aksturinn ánægjulegan hvort sem ekið er í borgarumferðinni eða upp á fjöllum.
GRAND VITARA
Verð frá 2.790 þús.
Kíktu á suzukibilar.is
SUZUKI
...er lífsstíll!
Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 51 00.


SKELFIRINN
Úrvalið er
12.999 kr
Almennt verð 16.980,-
PICTIONARY
Teiknispilið
Gott verð
1.999 kr
Almennt verð 2.980,-
Pictionary
teiknispilið
Fjarstýrður
brunabíll
67 cm. Sprautar vatni,
blikkandi ljós og sírena.
Gott verð
4.999 kr
Almennt verð 11.480,-
Brunabíll
40 cm m/ fjarstýringu
Gott verð
2.499 kr
Almennt verð 4.780,-
Gerðu verð-
samanburð!
Fisher-Price
Disney
Winnie the Pooh
Flugvél
m/ fylgihlutum
Gott verð
2.999 kr
Skólabíll
m/ bílstjóra
og krökkum
Gott verð
2.999 kr
Almennt verð 4.999,-
Gott verð
4.999 kr
Bangsímon
rugguhestur
mjúkur
12-36 mánaða
Jeppar
m/ fjarstýringu.
Ljós, tónlist og
vélarhljóð
Gott verð
2.999 kr
Almennt verð 4.680,-
Sparkbíll
m/ flautu, síma og fl.
12-36 mánaða
Gott verð
3.499 kr
Mikki og Gúffi
slökkvisparkbíll
m/ hljóðum.
Gott verð
4.999 kr
Gott verð
1.499 kr
Almennt verð 1.990,-
BIONICLE
Gildir á meðan birgðir endast.



í Hagkaupum
Gott verð 2.999 kr
New born dúkka 43 cm.
Koppur og matarsett fylgir með
Gott verð 5.999 kr
Eldhús
m/ 30 hlutum og hljóðum
Gott verð 1.999 kr
New born dúkka
sem grætur, peli og snuð fylgja með
Disney
Gott verð 8.799 kr
Arielle Höll
m/ fylgihlutum
Arielle vagn
m/höfrungum
Gott verð 2.299 kr
Gott verð 2.499 kr
Arielle
förðunardúkka
Arielle
armband og hringur fylgir
Gott verð 1.299 kr
Arielle mini
m/ fylgihlutum
Gott verð 1.299 kr
Almennt verð 1.780,-
Arielle Flounder eða Sebastian
Gott verð 1.299 kr
Gott verð 1.499 kr
Keel Toys
TÖLVUSPIL
Verð frá 499 kr
Gott verð 799 kr
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Útgjöldin

> Verð á barnaklippingu miðað við verðlag á öllu landinu í ágúst.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: GESTUR SVAVARSSON HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

## *Notar útivistarbolinn alla daga*

Gestur segir bestu kaup sem hann hafi gert vera kaup á bol sem hann keypti upphaflega til að klæðast í fjallaferðum. „Þennan bol keypti ég á tilboði en hann er svo góður að ég nota hann dags daglega þó auðvitað noti ég hann líka í fjallaferðir. Bolurinn kostaði 3.500 krónur á útsölu en átti að kosta 7.800 krónur. Bolurinn er úr eðal pólíester efni sem andar en heldur manni samt heitum. Í sömu ferð hef ég hugsanlega gert mín verstu kaup en þá keypti ég stærðarinnar bakpoka til að nota í lengri fjallaferðum en ég er enn ekki farinn að nota pokann. Pokinn hefur þó nýst ágætlega en ég hef lánað hann til vina og vandamanna sem hyggja á fjallgöngur.“



Þegar Gestur rifjar upp fleiri slæm kaup kemur honum í hug prjónavél sem hann keypti ásamt konu sinni. „Vélin kostaði reyndar ekki nema 1.000 krónur en við höfum aldrei notað hana.“

Gestur segist horfa á gæðin í innkaupum og leggur mikið upp úr því að kaupa vandaðar og klassískar vörur sem lifa af tískubylgjur.

„Það kemur vissulega fyrir mig eins og aðra að kaupa hluti sem ég nota síðan ekkert og ég er sérstaklega veikur fyrir að kaupa græjur í eldhús eins og flysjara. Ég hef hins vegar komist að því að þessi tæki endast yfirleitt ekki lengi hvort sem um er að kenna klaufaskap mínum eða lélegum gæðum á þessum hlutum.“

## HÚSRÁÐ

### FAGFÓLK Í LAGFÆRINGAR

■ *Ari Matthíasson leikari hefur lært það af reynslunni að best sé að fá iðnaðarmenn til að sjá um endurbætur.*



„Nýverið þurfti að gera upp baðherbergið heima hjá mér og það sparaði mér bæði tíma og fyrirhöfn að fá faglærða menn til starfa. Fólk gerir sér kannski ekki grein fyrir því en það þarf margar tegundir iðnaðarmanna til að gera upp baðherbergi. Baðherbergi er líka það herbergi sem maður getur síst verið án lengi og því var þetta besta lausnin. Verkefnið tók aðeins nokkra daga og heppnaðist vel.“ Ari segist hafa parketlagt gólf en mælir samt með því að fá fagmenn til að forðast óþægileg eftirmál.

■ **Skil á jólagjöfum**

## Neytendur kynni sér reglur um skilafrest



Neytendasamtökin verða áþreifanlega vör við vandamál sem geta skapast þegar jólagjöfum er skilað og vilja samtökin hvetja neytendur til að kynna sér reglur um skilarétt áður en jólagjafir eru keyptar. Meginreglan varðandi skil á jólagjöfum eru þær að neytandi á rétt á að minnsta kosti fjórtán daga skilafresti. Þá skulu inneignarnótur miðast við upprunalegt verð vöru og gjafabréf og inneignarnótur gilda í allt að fjögur ár frá útgáfudegi. Flestar útsölur byrja strax eftir jól en ef á að skila vöru sem keypt hefur verið innan fjórtán daga fyrir upphaf útsölunnar á að miða við verð vörunnar á útsölunni en ekki upphaflegt verð nema seljandi samþykki. Gjafabréf eiga að gilda á útsölu rétt eins og um peninga væri að ræða. Neytendasamtökin ráðleggja fólki að biðja um sérstakt gjafamerki, en þegar vöru með gjafamerki er skilað þarf ekki að leggja fram kassakvittun.

■ **Bifreiðaþjónusta**

## Viðmót þjónustuaðila gagnvart konum

Félag íslenskra bifreiðaeigenda gengst fyrir könnun á heimasíðu sinni um hvernig konur upplifa viðmót þjónustuaðila varðandi bíla. Kveikjan að því að ákveðið var að kanna þetta var frásögn félagsmanns FÍB, sem er kona, um dónaskap og vanvirðingu sem henni var sýnd þegar hún kom með bíl sinn í viðgerð.
Var ákveðið að kanna reynslu annarra kvenna af viðmóti bifreiðaþjónstuaðila gagnvart þeim sjálfum. Könnunina er að finna á slóðinni www.fib.is.

■ **Ostar á netinu**

## Nýr endurbættur ostavefur opnaður

Á vefnum ostahusid.is er hægt að nálgast uppskriftir með ostum og er vörum gerð góð skil með myndum sem hjálpar notendum að sjá hvað er í boði.



Einnig er hægt að panta ostakörfur og veisluþjónustu beint á vefsíðunni. Þá geta áhugasamir skráð sig á póstlista og fengið sent til sín nýjar og girnilegar uppskriftir, upplýsingar um nýjar vörur, osta og annan fróðleik.

■ **Þjóðleg tíska:**

## Eskifjarðarbolir til sölu erlendis

Í tískuvöruversluninni ESPRIT á Oxfordstræti í Lundúnum eru til sölu bolir með áletruninni Eskifjörður að því er ruv.is segir frá. Um er að ræða langermaboli í fjórum litum sem eru verðlagðir á tuttugu pund stykkið, eða um þrjú þúsund krónur. Við eftirgrennslan vissi starfsfólk búðarinnar ekki hver hugmyndin á bakvið bolina væri, né hvaðan hún væri komin, en þeir eru framleiddir í Tyrklandi fyrir ESPRIT tískukeðjuna. Nú er bara spurning hvort sveitarfélagið Fjarðabyggð fer fram á að fá prósentuhlut fyrir notkun á nafninu.




# Þúsundir jólapakka til útlanda á ári hverju

**Nú fer í hönd sá tími sem fólk fer að huga að jólagjöfum handa vinum og vandamönnum hérlendis og erlendis. Þeir sem hyggjast senda jólagjafir út fyrir landsteinana geta valið úr nokkrum fyrirtækjum sem bjóða upp á sendingarþjónustu.**



ANNA KARTÍN HALLDÓRSDÓTTIR Fyrir jólin í fyrra sendi Pósturinn um 8.000 jólapakka til útlanda og var meðalpakkinn um þrjú kíló að þyngd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs hjá Póstinum, segir alltaf mest að gera á þeim degi þegar fresturinn til að senda pakka og póst rennur út. „Viðskiptavinir okkar senda sjötíu prósent allra pakka til Norðurlandanna og Norður-Evrópu. Fyrir jólin í fyrra sendum við átta þúsund pakka út og var meðalþyngd þeirra um þrjú kíló.“ Anna segir að það kosti 2.495 krónur að senda tveggja kílóa pakka til Bretlands og sama þyngd til Danmerkur kostar 1.750 krónur.

Pósturinn reiknar ekki út ákveðinn dagafjölda fyrir sendingar en miðar við að sendingarnar komist til skila fyrir jól séu þær ekki sendar síðar en á síðasta sendingardegi fyrir jól.

Anna segir þá sem panta vörur að utan, til dæmis af netbóksölunni Amazon, ættu að bæta nokkrum dögum við þann afhendingartíma sem gefin er upp á vefnum því hann sé oft knappur.

Kolbrún Sigtryggsdóttir, deildarstjóri útflutnings hjá UPS, segir sendingar yfirleitt aðeins taka einn dag til Evrópu og Bandaríkjanna en utan þessara svæða séu vörur yfirleitt komnar eftir tvo til fjóra daga. „Það hefur færst í aukana að fólk notfæri sér þjónustu okkar, sérstaklega þegar það þarf að senda matvæli. Heimurinn skiptist í átta verðsvæði og er verð breytilegt eftir þjónustustigi, en boðið verður upp á sérstök tilboð í desember.“ Ef miðað er við tveggja kílóa sendingu til Bretlands og Danmerkur er verð á henni 5.593 krónur.

Kolbrún segir að pakkinn sé sóttur til sendanda og viðtakandi fái hann síðan sendan heim að dyrum. „Þeir sem búa úti á landi þurfa að koma sendingunni til höfuðborgarinnar en við getum síðan sótt hana hvert sem er innan borgarmarkanna.“

Haukur Óskarsson, þjónustustjóri hjá DHL á Íslandi, segir sendingartíma stuttan, aðeins einn dag ef allt gengur upp. „Þeir sem senda geta fengið kassa og límband hjá okkur en einnig er hægt að sækja pakkann heim og hann er síðan fluttur heim til viðtakanda. Flutningsgjald fyrir tveggja kílóa pakka til Bretlands er 2.750 krónur og er verðið svipað til Bandaríkjanna en til Danmerkur er kostnaðurinn 3.462 krónur.

Þeir sem senda mat til útlanda þurfa að skila inn heilbrigðisvottorði og þeir sem senda matvæli til Bandaríkjanna geta lent í því að sendingin sé stoppuð í tollinum, sérstaklega ef um er að ræða reyktan lax eða hangikjöt.“ Haukur bendir fólki á að vera tímanlega með sendingar til að minnka líkur á því að þetta gerist.

Kristbjörn Eydal, þjónustufulltrúi Fedex hraðflutninga, segir sendingartíma til Evrópu og Ameríku vera einn til tvo daga og að mest sé sent út af jólagjöfum og hangikjöti. „Við sjáum nokkra aukningu á milli ára og greinilegt að fleiri senda vinum og ættingjum erlendis jólaglaðning.“ Kristbjörn segir sérstakt jólatilboð í gangi núna sem miði við tvær stærðir af kössum. „Minni kassinn rúmar fimm kíló en flutningur á honum kostar 5.775 krónur. Stærri kassinn rúmar 9-14 kg en sendingarkostnaður hans er 9.775 krónur. Þess skal getið að sendingarkostnaður er sá sami óháð áfangastað.“

Kristbjörn segir Fedex sækja pakkana til sendanda og að viðtakandi fái þá síðan afhenta heim til sín.

hugrun@frettabladid.is

### VERÐ Á SENDINGUM

| | Danmörk | Bretland |
|---|---|---|
| Pósturinn | 1.750.- | 2.495.- |
| UPS | 5.593.- | 5.593.- |
| DHL | 3.462.- | 2.750.- |
| *Miðað við tveggja kílóa sendingar.* | | |
| | **5 kg** | **9-14 kg** |
| Fedex | 5.775.- | 9.775.- |

*Miðað við sama sendingarkostnað á alla áfangastaði.*

### SKILAFRESTUR BÖGGLA OG BRÉFA*

| | pakkar utan Evrópu | pakkar innan Evrópu | jólakort utan Evrópu | jólakort innan Evrópu |
|---|---|---|---|---|
| Pósturinn | 4. des. | 12. des. | 7. des. | 14. des. |
| DHL | 14. des. | 18. des. | | |
| USP | 18. des. | 20. des. | | |
| Fedex | 15. des. | 15. des. | | |

* listinn er ekki tæmandi og fleiri fyrirtæki bjóða upp á flutningsþjónustu


heima er best!
“ Skrýtið hvernig lífið breytist - þegar maður er kominn með barn þá langar mann hvergi annars staðar að vera en heima hjá sér. ”
Bjarni, Hrefna & Ronja
Fiori
sófi: Fiori 3ja sæta. kr. 99.800 kr.
Höfum opnað stærri verslun með enn fjölbreyttara úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að Síðumúla 30
Komdu við, úrvalið kemur á óvart.
heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.144 **+0,32%** **Fjöldi viðskipta:** 255 **Velta:** 3.543 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | +1,00% | **365** | -4,55% |
| **Kaupþing** | +0,76% | **Flaga** | -3,10% |
| **Actavis** | +0,61% | **Atl. Petroleum** | -3,06% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,36 -4,55% ... Actavis 66,40 +0,61% ... Alfesca 5,07 +0,20% ... Atlantic Petroleum 570,00 -3,06% ... Atorka 6,28 -0,16% ... Bakkavör 60,60 +1,00% ... Eimskipafélagið 31,10 -0,32% ... FL Group 22,50 -0,88% ... Glitnir 21,85 +0,69% ... Kaupþing 792,00 +0,89% ... Landsbankinn 26,40 +0,38% ... Marel 78,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,80 -0,59% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 113,50 +0,00%

*** Í gær klukkan 14.50.**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Vill uppfræða stjórnmálamenn**
Ekki er víst að fullur einhugur sé í ríkisstjórn um fyrirhugaðar tollalækkanir og afnám innflutningshafta í mars næstkomandi ef marka má orð Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra þegar hann kvaddi sér hljóðs á morgunverðarfundi Bændasamtakanna um framtíð íslensks landbúnaðar í gær. „Við skulum halda þessari umræðu áfram. Við skulum uppfræða stjórnmálamenninina sem varð á í messunni í sumar og standa saman. Sóknin er það eina sem við eigum. Þá erum við að verja og sækja fram fyrir íslenska hagsmuni, því að landbúnaðurinn hlýtur, og á, að eiga sér sterka framtíð,“ sagði ráðherrann og hvatti til aukinnar umræðu um stöðu landbúnaðar hér.



**Þjóðin styður landbúnaðinn**
Um leið fagnaði Guðni góðum fundi og sagðist fullviss um stuðning þjóðarinnar allrar við landbúnaðinn. „Ég veit að höfuðborgin er full af fólki sem styður íslenskan landbúnað, þótt vatnið sé því miður gárað af háværum mönnum sem halda að þeir afli sér fylgis með því að tala um tollana burt og að landbúnaðurinn eigi ekki rétt á sér.“ Guðni segir landið gott landbúnaðarland, jafnvel mun betra en þjóðin hafi gert sér grein fyrir. „Nóttlaus voraldarveröld þar sem margt gott gerist undir sól og regni. Íslenska fjölskyldan er frábær framleiðslueining sem byggir þetta land og Ísland yrði fátækt ef sveitirnar féllu í eyði. Takk fyrir frábæran fund!,“ sagði Guðni.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Icelandic Group hf., hefur ákveðið að láta af störfum og verða starfslok hans um miðjan desember. Bogi hefur gegnt starfinu frá því í júní 2004.

Greining Glitnis hefur hækkað verðmatsgengi á Bakkavör hefur verið úr 55,5 í 60 krónur á hlut. Verðmatsgengið er jafnt gengi á markaði. Er fjárfestum ráðlagt að halda bréfum í félaginu horft til langs tíma.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur lýst yfir áhyggjum vegna mikils vaxtar rússneska ríkisorkufyrirtækisins Gazprom, sem sagt er hafa einokunarstöðu á markaði fyrir jarðgas í Austur-Evrópu.

# Eigendur Magasin kaupa í tískuhúsi

### Birgir Bieltvedt stýrir stjórn Day Birger et Mikkelsen.

M-Invest, félag í eigu Baugs og Birgis Þórs Bieltvedt, hefur eignast helmingshlut í Day Birger et Mikkelsen, einu frægasta tískuhúsi Danmerkur.



BIRGIR ÞÓR BIELTVEDT

Seljandi bréfanna er félag í eigu forstjórans Keld Mikkelsen sem mun eftir sem áður eiga helmingshlut í tískuhúsinu.

Með kaupunum er verið að styðja við áframhaldandi útrás félagsins á erlenda markaði og frekari vöruþróun og vörusölu. Vörumerkið er selt í yfir eitt þúsund verslunum í nítján löndum, meðal annars í Magasin du Nord og í verslunum í Lundúnum.

„Ég er mjög ánægður með þennan samning. Baugur mun opna okkur möguleika á að nýta viðskiptatækifæri í vöruþróun og félagið hugsar til langs tíma sem mun gera fyrirtækið að spennandi vinnustað til framtíðar,“ segir Keld Mikkelsen. „Lykilstjórnendur halda áfram að vinna hjá fyrirtækinu en þessi kaup munu skerpa sýn okkar á að þróa félagið í alþjóðlegri samkeppni.“ M-Invest er dótturfélag M-Holding sem er eigandi vöruhúsanna Magasin du Nord og Illum. Birgir Þór verður stjórnarformaður félagsins. **- eþa**



**PÁLMI HARALDSSON** Fons er nálægt yfirtöku á Ticket. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fons nærri yfirtöku

Fons, eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, á orðið 29,2 prósent í norrænu ferðaskrifstofukeðjunni Ticket og stendur því nærri þrjátíu prósenta yfirtökumörkum sem gilda fyrir skráð félög á sænska markaðnum.

Fons hefur keypt tvö hundruð þúsund hluti sem samsvarar um fjórum prósentum hlutafjár. Jafnframt jók Lennart Käll, forstjóri Ticket, við hlut sinn.

Stjórnendur Ticket hafa boðað frekari yfirtökur á næstunni, en á dögunum keypti félagið MZ Travel Group sem sérhæfir sig í viðskiptaferðalögum. **- eþa**

# Nasdaq tryggir sig fyrir yfirtöku á LSE

Stjórn bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq segist hafa tryggt sér tæplega 5,1 milljarð bandaríkjadala eða ríflega 358 milljarða íslenskra króna til að gera tilboð í öll hlutabréf í kauphöll Lundúna í Bretlandi (LSE).

Fjármögnunin samanstendur af láni til allt að sjö ára sem gerir hlutabréfamarkaðnum kleift að að standa straum af öllum aukakostnaði sem fellur til við tilboðsferlið.



**KAUPHÖLL LUNDÚNA** Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq hefur tryggt sig fyrir óvinveitta yfirtöku á Kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi.

Í framhaldinu mun Nasdaq selja eigin bréf fyrir allt að 775 milljónir bandaríkjadala eða um 55 milljarða íslenskra króna til að tryggja sig.

Um gríðarlegar lántökur er að ræða og tilkynntu matsfyrirtækin Standard & Poor's og Moody's, að þau myndu færa lánshæfismat markaðarins niður reynist lánabagginn of þungur.

Nasdaq gerði yfirtökutilboð í annað sinn á árinu í LSE í síðustu viku sem hljóðaði upp á ríflega 367 milljarða íslenskra króna. Samhliða því jók markaðurinn eign sína í LSE úr fimmtungshlut í 28,75 prósent.

Carla Furse, forstjóri LSE, hafnaði tilboðinu og taldi það ekki endurspegla virði markaðarins og framtíðarmöguleika hans.

Robert Greifeld, forstjóri Nasdaq, sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með að LSE tók ekki tilboðinu og lýsti því yfir að Nasdaq myndi fara í óvinveitta yfirtöku á LSE. **- jab**

# Eigum ekki að bera okkur saman við Nýsjálendinga

### Landbúnaður á Nýja-Sjálandi og Íslandi er svo ólíkur að ekki er hægt að bera löndin saman. Þar var ríkisstuðningur afnuminn fyrir um aldarfjórðungi. Valdimar Einarsson, sérfræðingur frá Nýja-Sjálandi, gagnrýnir framseljanlegan ríkisstuðning.

Landbúnaður hér kemur alltaf til með að þurfa ríkisstuðning í einhverri mynd auk tollavarna að mati Valdimars Einarssonar, sérfræðings í landbúnaðarmálum frá Nýja-Sjálandi. Hann segir fyrirvaralaust afnám ríkisstuðningsins við landbúnað þar í landi hafa verið um margt sársaukafullt ferli, en hér telur hann að áhrifin yrðu jafnvel enn meiri. Valdimar var með erindi á fundi Bændasamtaka Íslands í gærmorgun undir yfirskriftinni „Á að vera landbúnaður á Íslandi?“

Valdimar telur fyrirvaralaust afnám ríkisstyrkja hér í raun myndu boða endalok landbúnaðar,



**VALDIMAR EINARSSON** Valdimar er búfræðingur sem starfað hefur hjá nýsjálenska landbúnaðarráðuneytinu, verið bankastjóri hjá Landsbankanum nýsjálenska, en starfar nú hjá alþjóðabankanum Rabobank. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

en segir Nýsjálendinga um leið ekki sjá eftir breytingunni þar. „Þar átti aldrei að taka upp ríkisstyrki,“ segir hann.

Valdimar bendir engu að síður á að Nýsjálendingar verji sinn landbúnað og séu líklega með mestu innflutningstakmarkanir á landbúnaðarvörum sem þekkist. „Við getum lært af Nýsjálendingum og höfum gert það með því að flytja inn þekkingu og reynslu þeirra af sauðfjárrækt,“ segir hann, en áréttar að stærðarhlutföll og áherslur séu allt aðrar í landbúnaði þar en hér. „Nýsjálendingar eru útflutningsþjóð,“ segir hann og bendir á að 90 prósent af framleiddu kindakjöti og 95 prósent mjólkurframleiðslu Nýsjálendinga sé til útflutnings. Hlutur landsins í heimsviðskiptum nemur 55 prósentum í kindakjötinu og 33 prósentum í mjólkinni. Til að setja stærðarhlutföll í samhengi bendir hann á að 17 ára sonur hans vinni á Nýja-Sjálandi við annan mann við að mjólka um þúsund kýr tvisvar á dag. „Á Íslandi öllu eru um 25.000 kýr. Á svæðinu sem ég starfa á þarf ég ekki að keyra nema 15 til 20 kílómetra til að vera kominn fram hjá allri íslensku hjörðinni.“ Valdimar telur að þegar komi að mjólkurframleiðslu eigi Íslendingar að bera sig saman við Danmörku, ekki Nýja-Sjáland. „Danir eru að gera það gott og þar er rétta viðmiðunin.“ Í máli Valdimars kom engu að síður fram að hér mætti gera umbætur og var hann gagnrýninn á kvótakerfið sem hann telur ávísun á skuldasett bú. „Framsal kvóta nýtist bara fyrstu kynslóðinni,“ segir hann. Þá telur hann færa leið að setja nýtingarskyldu á bújarðir, því verð þeirra hér verði aldrei í samræmi við þær nytjar sem hafa megi af landbúnaði á þeim. **olikr@frettabladid.is**

# Ekki minni halli í tólf mánuði

Halli á vöruskiptum við útlönd hefur ekki mælst minni en nú síðastliðna tólf mánuði. Sjö milljarða halli var á vöruskiptum í október miðað við 6,4 milljarða í október 2005 á föstu gengi. Nýjar tölur sem Hagstofan birti í gær sýna að í október voru fluttar út vörur fyrir 20 milljarða króna og inn fyrir 27 milljarða.

Fyrstu tíu mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 193,2 milljarða króna en inn fyrir 302,4 milljarða. Nemur því hallinn 109,1 milljarði en á sama tíma árið áður voru vöruskiptin óhagstæð um 81,8 milljarða á sama gengi.

Verðmæti vöruútflutnings fyrstu tíu mánuði ársins var 12,5 milljörðum eða 6,9 prósentum meira en á sama tíma árið áður. Í Morgunkorni Glitnis segir að álútflutningur hafi aukist um rúm fjörutíu prósent frá sama tíma í fyrra á föstu gengi. Útflutt magn áls hafi þó aðeins aukist um rúm fimm prósent svo hækkunin kemur fyrst og fremst til af háu heimsmarkaðsverð á áli.

Verðmæti vöruinnflutnings fyrstu tíu mánuði ársins var 39,8 milljörðum eða 15,2 prósentum meira en árið áður. Rúman helming af þeirri aukningu, eða 20,8 milljarða, má rekja til aukins innflutnings á fjárfestingarvöru sem náði hámarki í sumar og hefur aukist um 35,1 prósent á tímabilinu. Úr þeim innflutningi hefur hins vegar dregið verulega undanfarna mánuði. **- hhs**

# Krónan kom mikið við sögu

### Miklar sveifur á afkomu HB Granda á milli ársfjórðunga. Grunnrekstur batnar.

Hagnaður HB Granda var rúmur 1,5 milljarður króna á þriðja ársfjórðungi og jókst um 160 prósent frá sama tímabili í fyrra. Uppgjörið er gott að mati Greiningar Glitnis.

Þrátt fyrir bættan rekstur félagsins og auknar tekjur á árinu, sem markast af hærra afurðaverði og lægra gengi krónunnar, veldur gengisfall krónunnar miklum fjármagnskostnaði og því er félagið gert upp með eins milljarðs tapi á fyrstu níu mánuðum ársins.

Tekjur félagsins á þriðja fjórðungi voru um 3,2 milljarðar króna og jukust um 28 prósent. Framlegð sem hlutfall af tekjum var 17,5 prósent eða 5,5 prósentustigum meira en árið áður.



**ENGEY, FLAGGSKIP Í FLOTA HB GRANDA** Grandi hagnaðist um 1,5 milljarða króna á 3. ársfjórðungi. Á fyrstu níu mánuðum ársins tapaði félagið einum milljarði.

Tekjur á fyrstu níu mánuðunum voru tæpir 10,9 milljarðar króna og jukust um 26,7 prósent á milli ára. Glitnir bendir á að tekjur þessa árs eru nú þegar orðnar meiri en allt árið í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 2,2 milljarðar á tímabilinu eða 20,3 prósent af rekstrartekjum samanborið við 1,5 milljarð, eða 17,6 prósent af tekjum, á fyrstu níu mánuðunum 2005.

Eignir HB Granda voru 29,8 milljarðar króna í lok september og eigið fé 9,1 milljarður. Eiginfjárhlutfall félagsins stóð í 30,7 prósentum. **- eþa**




Dríföu núna

# Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Dríföu þig núna!







Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

**2.890.000** kr.
beinskiptur ES

**2.990.000** kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
**Dríföu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bilver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Bíll á mynd er EXE útfærsla.

H:N markaðssamskipti / SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sambúð ríkis og kirkju tilheyrir liðnum tíma.

## Kirkja sem er ekki reist á kletti

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fyrir ekki svo mörgum árum gilti sú regla að þegar safnaðarbörn í Fríkirkjunni í Reykjavík fluttu frá höfuðborginni voru þau sjálfkrafa afskráð úr Fríkirkjusöfnuðinum og í þá þjóðkirkjusókn þar sem þeirra nýja lögheimili var.

Um það bil aldarfjórðungi eftir að þessi regla var afnumin þykja svo róttæk afskipti ríkisins af trúarlífi landsmanna algjörlega fráleit. Enn þann dag í dag búum við hins vegar við þann veruleika að í landinu er ríkiskirkja sem nýtur mikilla forréttinda.

Nýfallinn dómur Héraðsdóms Reykavíkur í máli Ásatrúarfélagsins gegn íslenska ríkinu beinir kastljósinu að þessu lögverndaða misrétti sem þjóðkirkjan býr við umfram önnur trúfélög.

Ásatrúarfélagið krafðist þess að njóta sama réttar og þjóðkirkjan og fá greidd sambærileg gjöld, miðað við höfðatölu félagsmanna sinna, og greidd eru í kirkjumálasjóð og Jöfnunarsjóð sókna samkvæmt lögum.

Byggði Ásatrúarfélagið kröfu sína á jafnréttis- og trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Héraðsdómur hafnaði kröfunni og vísaði meðal annars til þess að þjóðkirkjan nýtur sérstakrar verndar samvæmt stjórnarskrá og lögum umfram önnur trúfélög, en sú sérstaka vernd þjóðkirkjunnar færir henni meðal annars um tvo milljarða á ári hverju umfram önnur trúfélög.

Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði Ásatrúarfélagsins, vill ekki sætta sig við þetta misrétti og hefur gefið út að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Hjörtur Magni Jóhannsson, fríkirkjuprestur í Reykjavík, er annar forsvarsmaður trúfélags utan þjóðkirkjunnar sem hefur hefur gagnrýnt óeðlileg forréttindi þjóðkirkjunnar. Í útvarpspredikun þann 19. nóvember benti hann til dæmis á þá undarlegu hugsun, sem er að baki samningi þjóðkirkjunnar og ríkisins, að laun biskups, vígslubiskupa og presta séu greiðsla ríkisins fyrir kirkjujarðir.

„Prestar þjóðkirkjunnar og starfsmenn Biskupsstofu eru sem sagt einir og sér að taka út kirkjusögulegan arf allra kristinna formæðra og forfeðra. Hvaða starfsmaður biskups eða þjóðkirkjuprestur skyldi nú vera að taka út arf minna forfeðra og formæðra, langt aftur í aldir? Hvaða þjóðkirkjustarfsmenn skyldu nú vera að taka út kirkjusögulegan arf Hvítasunnumanna, aðventista og allra hinna?" spurði Hjörtur Magni.

Hjörtur Magni hefur líka verið óþreytandi við að benda á að ríkisstyrktar trúmálastofnanir eru hverfandi fyrirbæri á heimsvísu og það hefði ekki í för með sér endalok kristni á Íslandi þótt íslenska þjóðkirkjan yrði lögð niður.

Full ástæða er til að taka undir þau orð. Má reyndar ætla að trúarlíf landsmanna gengi í gegnum ákveðna endurnýjun og uppgang ef ríkið sleppti alfarið af því hendinni eins og hefur orðið raunin á öðrum sviðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjölskylduhleranir

Nú hefur Ólafur Hannibalsson upplýst að sími föður hans, Hannibals Valdimarssonar, var hleraður árið 1961. Þá var Hannibal alþingismaður og formaður Alþýðusambands Íslands. Hlerunin fór fram að beiðni dómsmálaráðuneytisins í ráðherratíð Bjarna Benediktssonar. Þá var Ólafur Thors forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Nema hvað. Ólafur Thors var afi Guðrúnar Pétursdóttur, maka Ólafs Hannibalssonar, og Bjarni Benediktsson var föðurbróðir hennar. Umræður um hleranir eru því líklega eldfjörugar við eldhúsorðið á þessu stórpólitíska heimili Ólafs og Guðrúnar.



### Sérstök staða

Frambjóðendur í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu eru í þeirri óvenjulegu stöðu að hafa ekki hugmynd um í hvaða kjördæmi þeir verða í framboði í vor. Sú staða er reyndar þekkt í sameiginlegum prófkjörum flokka í Reykjavíkurkjördæmunum en hjá VG er Suðvesturkjördæmi einnig undir. Rótgróinn Reykvíkingur gæti því orðið þingmannsefni Kjósarmanna og Hafnfirðingur af lífi og sál gæti hafnað í framboði í Reykjavík.



### Margrét formaður

Menn eru ekki sammála um hvort Frjálslyndi flokkurinn hafi styrkst eða veikst í umræðunni undanfarnar vikur. Sumir voru búnir að gleyma þessu pólitíska afli í íslenskum stjórnmálum sem nú er á allra vitorði. Átök í kringum endurnýjun eflir þó frjálslynda líklega til lengri tíma. Valdimar Jóhannesson segir í grein í Fréttablaðinu í dag að búið hafi verið að taka ákvörðun um að Margrét Sverrisdóttir tæki við forystu í flokknum af Guðjóni Arnari Kristjánssyni næði flokkurinn ekki að auka við fylgi sitt. Sé það rétt er forsendan fyrir formannsskiptum ekki brostin?

bjorgvin@frettabladid
bjorn@frettabladid.is

## Innflutningur vinnuafls: Taka tvö



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Enn um nýbúa

Eystrasaltslöndin eru næsti bær við Norðurlönd og glíma nú að sumu leyti við svipaða vaxtarverki og Íslendingar. Eistland, Lettland og Litháen hafa haft hamskipti síðan 1991, þegar þau losnuðu undan oki Sovétríkjanna og endurheimtu langþráð frelsi og sjálfstæði. Umskiptin hafa lyft lífskjörum Letta í nýjar hæðir, en nýfengnu frelsi og meðfylgjandi lífskjarabyltingu fylgja ýmis vandamál svo sem við var að búast. Hér segir frá því.

Hefjum leikinn í Lettlandi. Þar búa rösklega tvær milljónir manns, þar af þriðjungurinn í höfuðborginni, Rigu. Landið er á fleygiferð. Landsframleiðslan hefur aukizt um tíu prósent á ár. Fá lönd önnur en Kína geta státað af svo örum vexti. Þriðjungur íbúa Lettlands kann þó ekki lettnesku. Flest þetta fólk er Rússar. Forsagan er sú, að Sovétstjórnin rak Letta á sínum tíma tugþúsundum saman burt úr eigin landi, suma í fangabúðir, aðra í opinn dauðann, og sendi í þeirra stað til Lettlands Rússa, sem urðu ný yfirstétt í Lettlandi. Margir aðrir Lettar flúðu land, ef þeir gátu. Samsetning mannfjöldans gerbreyttist smám saman. Þegar veldi Sovétríkjanna í Lettlandi hrundi 1991, hafði Rússum þar fjölgað svo, að þeir voru orðnir tæpur helmingur landsmanna. Rússneska var aðalmálið í Rigu. Annað var eftir því. Flestir Rússar höfðu ekki séð ástæðu til að læra lettnesku, enda voru Lettar kúguð undirstétt í eigin landi. Þegar Lettar náðu landi sínu á sitt vald á ný 1991 við hrun Sovétríkjanna, tóku þeir til óspilltra málanna. Þeir samþykktu strax ný lög þess efnis, að atkvæðisréttur og kjörgengi gætu ekki öðrum hlotnazt en þeim, sem kunna lettnesku og kunna einnig viðhlítandi skil á sögu Lettlands. Þetta þýðir í reynd, að rússneskir íbúar Lettlands þurfa að þreyta próf í lettnesku og sögu til að öðlast sömu lýðréttindi og innfæddir Lettar – og samt eru þessir Rússar margir innfæddir sjálfir, þeir eru afkomendur Rússanna, sem byrjuðu að flykkjast til Lettlands 1940, þegar Sovétríkin sölsuðu landið undir sig með ofbeldi. Rússarnir hafa þó fæstir kosið að hverfa aftur til Rússlands. Þeir virðast líta svo á, að þeim sé nú betur borgið sem hálfmállausri láglaunastétt í Lettlandi en sem óbreyttum borgurum í Rússlandi. Rússarnir vinna ýmis störf, sem Lettar kæra sig ekki um. Þeir eru eins og nýbúar í landi, þar sem þeir hafa þó flestir átt heima alla ævi. Ríkisstjórnin í Kreml fylgist gerla með afdrifum Rússa í Lettlandi og hinum Eystrasaltsríkjunum tveim og lætur á sér skiljast, að hún muni ekki láta bjóða þeim hvað sem er. Lettar óttast eins og gefur að skilja grannann í austri. Sumir rússneskir íbúar landsins af eldri kynslóðinni kæra sig ekki um að læra lettnesku og segjast bíða þess, að Rússar ráðist á ný inn í landið. Þetta viðhorf er ekki til þess fallið að treysta böndin milli lettneska meiri hlutans og rússneska minni hlutans. Aðrir Rússar eru vinveittari Lettum og lögðu þeim lið í baráttunni gegn yfirráðum Sovétstjórnarinnar fyrir 1991.

Lettar hafa látið hendur standa fram úr ermum. Þeir gengu í Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið 2004 og bíða þess með nokkurri óþreyju að fá að taka upp evruna. Síðan 2004 hafa 100.000 Lettar – fjögur prósent þjóðarinnar – neytt lags og flutt af landi brott í leit að betri lífskjörum í öðrum ESB-löndum. Við þetta myndaðist djúp hola á lettneskum vinnumarkaði. Hvað gerðu vinnuveitendur? Þeir fluttu inn ódýrt vinnuafl – einkum frá Rússlandi. Nú standa Lettar frammi fyrir tveim kostum. Annar kosturinn er að horfa aftur í tímann og fara í ljósi hins liðna hægt í innflutning á nýju rússnesku vinnuafli til að styrkja ekki stöðu rússneska minni hlutans í landinu og eiga það ekki á hættu að ýfa upp ný átök um réttleysi Rússa í landinu. Hinn kosturinn er að horfa heldur fram á veginn og færa sér í nyt ódýrt vinnuafl, hvaðan sem það kemur, til að fóstra hagvöxtinn, sem Lettar þurfa svo mjög á að halda til að bæta skaðann, sem kúgun Sovétríkjanna bakaði þeim 1940-1991. Hér er úr vöndu að ráða. Það er yfirleitt ekki heppilegt, að íbúar lands séu klofnir í tvær fylkingar eftir bæði þjóðerni og efnahag. Það er púðurtunna.

Á Íslandi býr nú ört vaxandi fjöldi erlendra verkamanna og annarra innflytjenda. Sumt af þessu fólki býr við húsakost og kjör, sem innfæddir myndu fæstir láta bjóða sér. Íslendingar þurfa að búa í haginn fyrir nýbúa og aðra, sem eru hingað komnir til skemmri vinnudvalar, til að jafna kjörin. Kennum þeim að minnsta kosti íslenzku, og sögu.

## Meinleg málsvörn borgarstjóra

**UMRÆÐAN**
Sala Landsvirkjunar



DAGUR B. EGGERTSSON

Eftir snarpa fimm tíma rimmu í borgarstjórn var samningur um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun samþykktur. Það var sérkennilegur andi í salnum. Yngri deildin í meirihlutanum gaf lítinn kost á augnsambandi undir umræðunum, brosti vandræðalega, beit á jaxlinn og greiddi atkvæði. Borgarstjóri var skilinn einn eftir í andsvörum. Eina ræða Gísla Marteins var tveggja mínútna svar, flutt til að koma því á framfæri að engu skipti þótt borgarstjóri slægi úr og í um einkavæðingu Landsvirkjunar, Gísli sjálfur og Geir Haarde væru báðir þeirrar skoðunar að einkavæðing skyldi verða!

Málsvörn borgarstjóra var orðin býsna flóttaleg. Hann leitaði hvarvetna skjóls til að skauta fram hjá kjarnanum: það sem skorti við samningsborðið var pólitískt afl til að knýja fram ásættanlega niðurstöðu fyrir Reykvíkinga. Okkur lá ekkert á að selja og áttum ekki að verðlauna ríkið fyrir óbilgirnina. Borgarstjóri gat heldur engu svarað um ástæður þess að hann gekk á bak skriflegu loforði til borgarráðs frá júlí sl. um að kynna þar meginlínur í samningum þegar fyrir „liggi atriði sem taka þarf afstöðu til".

Hápunktur umræðunnar var þó þegar upplýst var að borgarstjóri hefði orðið tvísaga í málinu. Í Fréttablaðinu 4. nóvember kannaðist hann ekki við að minnisblað með verðmati upp á 91,2 milljarða væri til. Viku síðar byggði hann þó á sama minnisblaði í svörum til borgarráðs. Í borgarstjórn bar borgarstjóri fram þær skýringar að hann hefði ekki kynnt sér minnisblaðið með útreikningunum fyrr en eftir að þetta verðmat kom til umfjöllunar í fjölmiðlum. Með öðrum orðum: borgarstjóri kynnti sér ekki lykilgögn um samningsmarkmið borgarinnar fyrr en fimm dögum eftir að hann skrifaði undir samning um sölu Landsvirkjunar.

Hvernig ætli færi fyrir nýjum forstjóra sem færi á bak við stjórn við gerð risasamninga og verði hendur sínar í umræðunni með því að undirstrika að hann hefði ekki kynnt sér lykilgögn áður en hann skrifaði undir? Niðurstaðan endurspeglar vanhæfni borgarstjóra: illa var haldið á hagsmunum Reykjavíkurborgar, verðið var of lágt og greiðsluformið vont. Það sem eftir situr er vondur samningur og sú tilfinning að enginn fulltrúi meirihlutans hefði gengið að honum ef þeirra eigin peningar hefðu verið undir.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn.*

„Hefur alla þá kosti sem prýða mega **metsölubók, vel skrifuð, æsileg og dularfull.**“

Árni Matthíasson / MORGUNBLAÐIÐ




*Þrettánda sagan* er mögnuð frásögn af fjölskyldu-leyndarmálum, óvæntu dauðsfalli, eldsvoða, sifjaspellum, ást og geðveiki. Þetta er listilega skrifuð frumraun höfundar, sögð af miklum tilfinningahita og töfrandi frásagnargáfu. Útgefendur um allan heim hafa bitist um útgáfuréttinn og kemur bókin út samtímis á yfir þrjátíu tungumálum.

„… minnti mig óneitanlega á **Skugga vindsins** … **hélt mér fanginni** frá upphafi til enda og nú langar mig í meira.“
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir / bokmenntir.is

„Ótrúlega sannfærandi byrjandaverk … Þetta er **einstök, óvenjuleg** og **heillandi** saga sem hefur yfir sér blæ tímaleysis.“
Scotland on Sunday

„Hitaðu þér stóran bolla af kakói og dragðu vel fyrir gluggana – nú verða bornar á borð **vel útilátnar bókmenntakræsingar.**“
Daily Express

„Þrettánda sagan … hefur verið á hvers manns vörum og **stendur fyllilega undir væntingum.**“
Bookseller

„Grípur lesandann með rökum, köldum fingrum og **sleppir ekki takinu** fyrr en hulunni hefur verið svipt af síðasta leyndarmálinu.“
Library Journal

„Hver sá sem opnar þessa bók mun ekki geta lagt hana frá sér. **Opnaðu hana.**“
Elizabeth Jane Howard



Diane Setterfield er rúmlega fertug. Hún er menntuð á sviði bókmennta og hefur dvalist í Frakklandi en býr nú í Bretlandi. *Þrettánda sagan* er frumraun hennar sem skáldsagnahöfundar en áður hafa komið út eftir hana verk um franskar bókmenntir nítjándu og tuttugustu aldar.

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is

# Hver kemur til með að annast Hannes Hólmstein?

**UMRÆÐAN**
Velferðin og hamingjan

Hannes Hólmsteinn Gissurarson spyr í Fréttablaðsgrein 10. nóvember síðastliðinn hvort Rousseau sé kominn í stað Marx í stjórnmál samtímans, rómantíkerinn í stað efnishyggjumannsins. Báðir fá þeir Rousseau og Marx slæma einkunn hjá háskólaprófessornum þótt hann virðist kunna betur á bókhaldið en tilfinningarnar og eigi þar af leiðandi auðveldara með að skilja efnishyggjumanninn Marx.

Hannesi Hólmsteini er nokkur vorkunn. Við lifum á tíma græðginnar. Öll andmæli heita öfund, öll gagnrýni heitir að vera á móti! Annað hvort sem kommúnisti eða sem rómantíker. Þess vegna vísan í Rousseau og Marx. Sá hópur fólks sem vill andæfa lífi í græðgi hefur í dag „rangt fyrir sér“. Þetta er samkvæmt boðendum fagnaðarerindis óheftrar frjálshyggju „röng lífsskoðun“. Getur lífsskoðun nokkurn tímann verið „röng“? Þegar allt kemur til alls snýst málið um hvernig lífi við viljum lifa. Um einmitt það snýst lífsskoðunin. Gryfjan sem frjálshyggjumenn falla í er sú, að þeir ganga út frá því að við lifum á brauði einu saman. Að framfarir séu eingöngu efnahagslegar. Að lífshamingju sé aðeins hægt að mæla í gulli. Ef við viljum lifa í gleði og sæmilegum jöfnuði, viljum gæta fjölskyldu okkar, hafa tíma fyrir börnin okkar, þá segja hinir sókndjörfu forystumenn græðginnar: Við höfum ekki tíma fyrir þetta. Á sama hátt og lærisveinar Jesú æmtu þegar hann bað þá að yfirgefa allt og fylgja honum. En herra, sögðu þeir, við viljum hlú að foreldrum okkar og fjölskyldu, við getum ekki yfirgefið allt og alla. Þá sagði meistarinn: Það er meira virði að boða fagnaðarerindið, allir sem það geta eiga að ganga með mér, þeir sem ekki geta það eru hvort eð er dauðir. Látum hina dauðu grafa hina dauðu. Og það er þetta sem frjálshyggjumenn segja við málsvara hófsemi og mannræktar. Við þá sem vilja fara varlega í nýtingu auðlinda. Við þá sem vilja ekki bíða með að sinna öldruðum, þangað til lífeyrissjóðirnir eru orðnir nógu stórir. Við þá sem trúa ekki á sæluríki sem ávallt kemur seinna. Frjálshyggjumennirnir segja: Þið eruð á móti öllu. Þið eruð dauð, þið verðið skilin eftir. Látum hina dauðu grafa hina dauðu.


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Fagnaðarerindi dagsins er því miður ekki kærleikur, jöfnuður og bræðralag, heldur yfirtaka á búlgarska símanum, Storebrand og Harrods. En hitt er í fullu gildi að aldraðir og sjúkir fá ekkert núna en mikið seinna. Tökum öll þátt í sókninni, dönsum í kringum gullkálfinn. Hefur einhver heyrt þetta áður? Er þetta kannski þúsund ára gömul saga?

*Fagnaðarerindi dagsins er því miður ekki kærleikur, jöfnuður og bræðralag, heldur yfirtaka á búlgarska símanum, Storebrand og Harrods.*

Ég segi að hinir dauðu eru menn peninganna. Hinir dauðu eru þeir sem ekki sjá lífið í kringum sig. Hinir dauðu eru þeir sem ekki vilja hjúkra þeim sem eru sjúkir núna. Þeir sem eru aldraðir núna, fatlaðir núna, þurfandi núna. Hinir dauðu eru þeir sem ekki skilja vefnaðinn í samfélaginu. Skilja ekki mikilvægi hvers og eins. Enginn þrífst án samfélags, allir eru einhvern tímann börn, öll eldumst við og margir verða gamlir. Allir geta lent í vanda. Hver sem er getur lent í að hús hans brennur. Allir þurfa að standa saman þegar vandi steðjar að. Auðmaður með botnlangakast, frumkvöðull sem fer á hausinn, listamaður sem þarf að mennta sig. Menn njóta hvers annars. Maður er manns gaman en ekki þjónn hvers annars. Söngvari, læknir, íþróttaþjálfari, leiðsögumaður, kennari og þannig mætti áfram telja í samspili þjóðfélagsins. Þarf að skýra út samfélag? Það hefur aldrei verið til auðstétt án samfélags en oft samfélag án auðstéttar.

Í fyrrnefndri greiningu Hannesar Hólmsteins í Fréttablaðinu bendir hann á að stór hluti mannkynsins séu rómantíkerar. Og niðurstaða hans er sú að þessi hópur hafi með einhverjum hætti rangt fyrir sér. Hann tekur sitt uppáhalds dæmi þar sem eignarréttinum trónir á toppnum: Það sem allir eiga saman er eyðilagt (sbr. t.d. Kárahnjúkar?) en einkaeignin er í góðu standi að mati Hannesar Hólmsteins (kvótakerfið?). Indjánar Norður Ameríku eru – samkvæmt greinarskrifinu – viskulausir og samviskulausir eyðingarsinnar.

Hefur einhver velt því fyrir sér hvers vegna frjálshyggjan er fátæk af bókmenntum, söngvum, gleði? Hún er hins vegar rík af harðmúlaðri, samanbitinni púrítanískri vinnuhörku. Lífsgleðin er vandfundin í hennar ranni. Nema sú sem er mæld á Gullvoginni. Öðru máli gegnir um samfélagið. Takmarkið með því að ganga inn í samfélag er ekki að hámarka tekjur heldur hámarka lífsgleði og láta þúsund blóm blómstra. Leyfa öllum að njóta sín. Félagshyggja er eins og Óskar Wilde orðaði það: Einstaklingshyggja fyrir alla.

Frjálshyggja í sinni öfgafullu mynd er eins konar grámunkaregla sem vinnur að því dag og nótt, árið um kring, að kreista gleðisnauða hámarksnyt úr innfluttu kúakyni. Eins konar Amishregla græðginnar þar sem aðeins ein mælistika er til: Gullvogin. Aðeins hún skiptir máli í málmkenndum heimi Hannesar Hólmsteins; heimi þar sem enginn maður deyr og allir eru alltaf ungir. En hver mun annast Hannes Hólmstein þegar hann er orðinn gamall maður? David Friedman? Eða sjúkraliði á Landspítalanum? Hvað skyldi Hannes vilja sjálfur þegar á hólminn er komið?

*Höfundur er þingmaður vinstri grænna.*

# Flokkur í einkaeign?

**UMRÆÐAN**
Frjálslyndi flokkurinn

Stjórnmálaflokkur er félagsskapur fólks sem sameinast til að koma fram málum. Til þess er mótuð stefna og teknar ákvarðanir um það hvernig framboðum er hagað hvort heldur er til embætta innan flokks eða á opinberum vettvangi. Sumir líta öðru vísi á málin og þannig er þeim feðginum Sverri Hermannssyni og Margréti dóttur hans farið. Þau líta á Frjálslynda flokkinn sem sína einkaeign og að félagar þar eru eigi að vera sporgöngumenn og þjónar þeirra.


VALDIMAR H. JÓHANNESSON

Ég kom að stofnun Frjálslynda flokksins ásamt ýmsum vinum mínum og kunningjum. Við áttum það sameiginlegt að vera á móti gjafakvótakerfinu og vildum búa til pólitískan vettvang kvótaandstæðinga. Það endaði með því að Sverrir Hermannsson varð formaður flokksins. Þegar leið að alþingiskosningum fyrir tæpum 8 árum lagði Sverrir áherslu á það að við fengjum til liðs við okkur kraftmikla menn, eins og hann lýsti þeim þá, Ellerti B. Schram, Guðmundi G. Þórarinssyni og Jóni Magnússyni. Ítrekað lagði Sverrir áherslu á það hvílíkur fengur væri í þeim.

Sérkennilegt er að hlusta á Sverri Hermannsson núna finna Jóni Magnússyni allt til foráttu en það á sínar eðlilegu skýringar. Sverrir og Margrét dóttir hans eru hrædd við að það sem þau telja sína einkaeign verði frá þeim tekið.

Sú ákvörðun mun hafa verið tekin af helstu forystumönnum Frjálslynda flokksins í sumar að Margrét Sverrisdóttir tæki við sem formaður flokksins af Guðjóni Arnari Kristjánssyni ef flokkurinn færi ekki að sýna betri stöðu í skoðanakönnunum en 2-4 %. Þegar ég mætti á fyrsta fundinn í Frjálslynda flokknum eftir inngöngu mína í flokkinn aftur þá tók Margrét Sverrisdóttir til máls og þakkaði Jóni Magnússyni fyrir skeleggan málflutning í málefnum innflytjenda og góða frammistöðu í Kastljósþætti þar sem Jón atti kappi við Eirík Bergmann.

Á þeim tíma fannst Margréti málflutningur þeirra Jóns Magnússonar, Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar vera góður og í samræmi við stefnu Frjálslynda flokksins.

Síðan kom skoðanakönnun þar sem Frjálslyndi flokkurinn fimmfaldaði fylgi sitt og formannsdraumar Margrétar urðu að engu. Hún sneri þá við blaðinu og sagði í viðtali við Fréttablaðið að hún vildi ekki vera í framboði fyrir rasistaflokk eða flokk þar sem sjónarmið Jóns Magnússonar í málefnum innflytjenda væri stefnan. Hún hefði raunar getað sagt stefna þingflokksins sem Jón Magnússon hefur tekið undir. Það hefði verið sannleikanum samkvæmt.

Ef hún taldi skoðanir þingflokksins og Jóns vera andstæðar sínum skoðunum af hverju gerði hún þá ekki alvöru úr málinu og fór. Af hverju að vera með þessar hótanir og beina því sérstaklega að manninum sem hún hafði hælt opinberlega á fundi fyrir framgöngu í málinu?

*Sú ákvörðun mun hafa verið tekin af helstu forystumönnum Frjálslynda flokksins í sumar að Margrét Sverrisdóttir tæki við sem formaður flokksins af Guðjóni Arnari Kristjánssyni ef flokkurinn færi ekki að sýna betri stöðu í skoðanakönnunum en 2-4 %.*

Sverri Hermannssyni rann blóðið til skyldunnar. Dóttirin var í vanda og einkaeign þeirra, Frjálslyndi flokkurinn, var ef til vill að ganga þeim úr greipum sem gæti m.a. þýtt að Margrét fengi ekki lengur milljón krónur í laun á mánuði frá flokknum. Nú þurfti mikið við. Sverrir hellti úr sér gífuryrðum í Fréttablaðinu og í þættinum Silfri Egils og sparaði ekki stóru orðin gagnvart Jóni Magnússyni, Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni.

Sverrir og Margrét eru í stríði við forustu Frjálslynda flokksins. Margrét ætlar sér að verða formaður með góðu eða illu og Sverrir sparar engin fúkyrði til að koma því í kring.

Sennilega hafa kvótaeigendur ekki fengið traustari bandamenn en Sverri Hermannsson og Margréti dóttur hans en ég mun víkja að því síðar. Varla hefur Guðjón Arnar Kristjánsson, sá ágæti maður, unnið eins mikið óþurftarverk gagnvart málsstaðnum eins og að bera pólitíska umrenninginn Sverri Hermannsson á bakinu inn á Alþingi Íslendinga úthrópaðan fyrir spillingu og nýrekinn frá Landsbanka Íslands með skömm.

*Höfundur kom að stofnun Frjálslynda flokksins.*


# Postulín sem gleður – Pillivuyt





## AF NETINU

### Sigrún Björk bæjarstjóri – Kristján Þór forseti

**Stefán Friðrik Stefánsson fjallar um hrókeringar í pólitíkinni á Akureyri.**

Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar, tekur við embætti bæjarstjóra á Akureyri, fyrst kvenna, þann 9. janúar 2007 af Kristjáni Þór Júlíussyni, nýkjörnum leiðtoga Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi og fráfarandi bæjarstjóra. Kristján Þór mun áfram sitja í bæjarstjórn í kjölfar þess að hann lætur af embætti bæjarstjóra í ársbyrjun en verður þó ekki óbreyttur bæjarfulltrúi.


STEFÁN FRIÐRIK STEFÁNSSON

Mikla athygli stjórnmálaáhugamanna hér á Akureyri og almennra flokksmanna vekur að Kristján Þór muni taka við embætti forseta bæjarstjórnar af Sigrúnu Björk og verður því fyrsti bæjarstjórinn í sögu Akureyrarkaupstaðar sem ennfremur er forseti bæjarstjórnar. Útilokar hann ekki að gegna embættinu með þingmennsku. Hann mun því áfram verða veigamikill hluti bæjarstjórnarfunda og halda áfram sínum verkum fyrir Akureyringa í bæjarmálum út kjörtímabil sitt.

Mikill orðrómur hafði verið um það að Kristján Þór myndi yfirgefa bæjarmálin og halda alfarið til verka í landsmálum. Skv. þessu er ljóst að svo verður ekki og hann mun sinna bæjarmálum með landsmálunum með eftir því sem þurfa þykir. Það eru mikil tíðindi að fráfarandi bæjarstjóri verði forseti bæjarstjórnar og er flétta sem fáir sáu fyrir.

Þetta þýðir að Kristjáni Þór er full alvara með að efna loforð sín við bæjarbúa fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar um að sinna bæjarmálunum af krafti, en með öðrum hætti.

*Stefán skrifar á www.stebbifr.blog.is*



## NOTALEGAR PEYSUR

Nú er úti veður vott og því gott að skella sér í peysu. Fallegar peysur fást víða um þessar mundir.

TÍSKA 2



## EKKI BARA EINN OG ÁTTA

Í upphafi voru jólasveinarnir ekki bara níu eða þréttán. Svartiljótur, Lungnaslettir og Flotnös hafa gleymst með tímanum.

JÓLIN KOMA 16

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA JÓLIN KOMA TILBOÐ O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[ TÍSKA HEILSA HEIMILI JÓLIN KOMA ]**

**Jóga** er fyrirtaks leið til að ná úr sér streitu og jólastressi. Á heilsuræktarstöðvum víða um landið er boðið upp á jógakennslu en svo má einnig kaupa DVD-diska, t.d. á www.amazon.com.

**Laugardaginn** 2. desember mun fara fram upplestur úr jólabókum á bókasafni Hafnarfjarðar og því um að gera að skella sér þangað til að slaka á, hlusta og auðga andann. Upplesturinn hefst klukkan 13.00.



**Herðaslár** og treflar með áföstum hettum eru bæði elegant og hlýjar flíkur. Mjög fallega hettutrefla er t.d. hægt að kaupa í Spaksmannsspjörum í Bankastræti en hettutreflar eru hluti af nýjustu línu þeirra.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 30. nóvember, 334. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.42 | 13.16 | 15.50 |
| Akureyri | 10.49 | 13.01 | 15.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Í tæplega þrjátíu ára gömlum stól frá Noregi hefur sagan endurtekið sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stóllinn hennar Önnu

***Framúrstefnulegur stóll úr basti hefur fylgt Önnu Kristínu frá barnæsku.***

Anna Kristín Þorsteinsdóttir bjó í Noregi alla sína barnæsku og þar festu foreldrar hennar kaup á forláta fínum baststól.

„Þessi svokallaði ættarstóll var keyptur í einhvers konar norskri línu í kringum 1980,“ segir Anna. „Þá var allt svona í furu og basti og stóllinn þótti mjög nútímalegur. Hann fylgdi mér svo í gegnum allan uppvöxtinn og hvert sem við fluttum fór stóllinn með. Ég var alltaf mjög hrifin af þessum stól og því var hann alltaf kallaður „stóllinn hennar Önnu“. Við bróðir minn rifumst reyndar gjarna um hver mátti sitja í honum, en ég hafði alltaf betur þar sem ég var bæði eldri og frekari. Þegar ég svo flutti að heiman þá varð stóllinn eftir í foreldrahúsum í Noregi, en þegar þau fluttu aftur heim til Íslands þá fékk ég blessaðan stólinn. Um það leiti var ég að eignast eldri son minn og það vildi svo heppilega til að ég gat líka notað stólinn sem vöggu,“ segir Anna Kristín hlæjandi og bætir því við að hún hafi síðar einnig notað stólinn til að vagga dóttur sinni með.

„Svo þegar börnin mín urðu stærri þá tóku þau miklu ástfóstri við þennan stól og líkt og við bróðir minn rifumst um hver mætti sitja í honum þá gera börnin mín það í dag. Þannig er þetta allt að endurtaka sig,“ segir Anna að lokum glöð í bragði.

*mh@frettabladid.is*



LEGGINGS

frá kr.: 990.-

galleri sautján

Laugavegi 91 s.512 1777 - Kringlunni s.512 1750




Full búð af innblæstri, komdu og skoðaðu ótal hugmyndir að borðskreytingum, jólakrönsum og öllu sem tengist hátíðunum.

Njóttu þess að versla í afslöppuðu umhverfi, láttu okkur um að þjóna og leiðbeina þér. Gerðu jólainnkaupin ánægjulega Unika upplifun.



Ljósakrónur í öllum stærðum

JÓLAGJAFAHUGMYNDIR:



Borðbúnaður



Glerkúlur með ljósi



Vönduð húsgögn



Mikið úrval af seríum



Englar eru alltaf fallegir

NÝ HEIMASÍÐA




OPIÐ TIL KL. 18 ALLA HELGINA

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-18 og sun. 13-18
www.unika.is



**Gyllti liturinn** er heitur í tískuheiminum. Flott er að toppa heildarútlitið með fallegum gylltum aukahlut.


Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR










Ein stór og góð frá Zöru. Endist eflaust í nokkra vetur þessi.



Fallega kóngablá peysa með bandi í mittið og hnepptum kraga. Fæst í Debenhams.



Hnésíð og ótrúlega mjúk og notaleg peysa frá Top Shop.

# Notalegar peysur

***Nú er úti veður vott og því gott að fara í peysu.***

Ein eigulegasta flíkin í fataskápnum þessa dagana ætti að vera stór og hlý peysa. Háir sokkar eru líka í tísku þannig að stór, hnésíð peysa, háir sokkar og einhverjir góðir skór eru algerlega gjaldgengt „lúkk“ hvort sem er í skólanum, vinnunni eða einhverju fjölskylduboði.

Peysur sem þessar fást víða og eru á mjög misjöfnu verði, en hæglega er hægt að fá fína peysu frá 2.500 krónum og upp úr, allt eftir því hvernig ástatt er í buddunni hjá hverjum og einum. Nú svo má líka taka sig til og reyna að rifja upp það sem kennt var í handavinnu hér um árið með því að prjóna yfir kvöldfréttunum.

*mhg@frettabladid.is*



Rauð með stórum víðum kraga og skemmtilega röndóttu munstri. Vero Moda.



Allt er vænt sem vel er grænt. Benetton.



Þetta munstur hefur hvergi dalað í vinsældum frá árinu 1920. Enda alveg sérlega fínt. Benetton.



Flott peysa með litlum, skrítnum vösum. Retro.



Dúnmjúk og hlý peysa með stórum og notalegum kraga. Debenhams.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Náttkjóll í flösku númer fimm

Vertíð ilmvatnsframleiðenda er framundan. Jólin á næsta leiti og víst að ekki er tilviljun að ilmvötn hafa streymt út á markaðinn að undanförnu. Þekkt lausn fyrir þá sem eru í vandræðum með gjafahugmyndir. Í það minnsta eyðast ilmvötnin og von til að það sem gefið var í fyrra sé á þrotum.

Guerlain var lengi vel þekkt fyrir hágæða ilmvötn en svo keypti tískusamsteypan LVMH Guerlain og arður vék fyrir gæðum. Nú hafa stjórnendur vaknað upp við vondan draum og reyna að endurvinna glatað traust viðskiptavina. Nýjasta afurðin er Insolence. Hvert fyrirtæki fær svo sína stjörnu í auglýsingaherferðina til að selja drauminn um fágun, kynþokka og fegurð og hjá Guerlain er það Óskarsverðlaunaleikkonan Hillary Swank sem auglýsir ilmvatnið – ekki mjög franskt.

Givenchy sendir frá sér Ange ou Demon (engill eða djöfull) og fyrirsætan er Marie De Villepin sem er andlit Givenchy, sem væri ekki í frásögur færandi nema af því að hún er dóttir forsætisráðherrans Dominique de Villepin. Hjá Yves Saint Laurent er það svo kærasti Kylie Minogue, leikarinn Olivier Martinez sem kynnir nýja herrailminn, L´Homme.

Ilmvatnið er eins konar tákn hvers hönnuðar og kannski þess vegna sem tískuhús Lanvin, sem um nokkurt skeið hefur notið mikillar velgegni eftir að Alber Elbez tók við hönnuninni, hefur skapað ilminn Rumeur eða orðróm. Þannig er hægt að klæðast Elbez frá toppi til táar.

Það er orðin gömul hefð að hvert tískuhús blandi sér sitt ilmvatn. Gabrielle Chanel var á margan hátt brautryðjandi bæði sem kona og tískuhönnuður. Hún fleygði lífstykkinu og frelsaði konur úr þessari spennutreyju, notaði tauefni í handtöskur og svo mætti áfram telja. Hún var einnig fyrst til að búa til ilmvatn og selja í tískuhúsi sínu.

Það var árið 1920 sem Coco Chanel kynntist Ernest Beaux. Hann var fransk-rússneskur greifi sem blandaði ilmvötn keisarafjölskyldunnar rússnesku en flúði frá Rússlandi af því að hann hafði tekið þátt í morðinu á Raspútín. Mademoiselle Chanel bað hann um að blanda ilmvatn handa sér. Beaux blandaði saman 22 ilmum en flaska númer 5 var sú sem heillaði Coco mest. Þannig varð til hið fræga númer 5 sem í fyrstu var aðeins fyrir Coco sjálfa en viðskiptavinirnir vildu allir fá að vita hvaðan hann kæmi þessi einstaki ilmur. Þess vegna byrjaði Coco að selja ilminn árið 1924 í tískuhúsinu. Enn í dag er þetta mest selda ilmvatn í heimi, 85 árum eftir að það var skapað. Ekki að ástæðulausu að Marilyn Monroe notaði ilmvatn númer 5 í staðinn fyrir náttkjól, enda ilmvatnið tákn kvenleika. Nær allir tískuhönnuðir hafa síðan fylgt í fótspor Mademoiselle Chanel og skapað sitt eigið ilmvatn.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*














allt matur
Alla föstudaga
















Vegna fyrirsætustarfsins ferðast Sævar stundum til Parísar og þar finnst honum skemmtilegast að kaupa sér föt. FRETTABLADID/GVA

# Best að versla í París

***Sævar kynntist tískunni fyrst fyrir alvöru þegar hann hóf fyrirsætustörf.***

Sævar Markús Óskarsson byrjaði að starfa sem fyrirsæta fyrir rúmum tveimur árum. Þá kviknaði áhugi hans á tískunni fyrir alvöru, en fram að þeim tíma hafði hann haft minni áhuga á því sem gerðist því sviði. Vegna fyrirsætustarfsins ferðast Sævar stundum til Parísar, en þar finnst honum skemmtilegast að kaupa sér föt og kóngabláu kápuna sína keypti hann einmitt þar, en næluna fékk hann í verslun sem eitt sinn var við Laugaveg og hét Lakkrís.

„Þessi næla er eftir tvær systur sem starfa saman sem hönnuðir. Þær kalla sig Yasbukey og hanna hreinlega alls konar hluti úr alls konar efnum, meðal annars töskur, skartgripi, skó og fleira.“ Sævar hefur setið fyrir í ýmsum blöðum og tímaritum bæði hérlendis sem erlendis, og má nefna að hann hefur unnið fyrir Exit Magazine, Standard, Ralph Simmons, Dior og L'Oreal. Hann hefur fremur sérstakan smekk en spurður að því hvar hann kjósi helst að versla á Íslandi nefnir hann verslanirnar Kron Kron, Liborius og Fríðu frænku. „Annars finnst mér alltaf best að versla erlendis og þá sérstaklega í París.“

Næsta haust stefnir Sævar á að læra fatahönnun í Belgíu, enda búinn að finna sig á þessari hillu. „Með því að vera fyrirsæta hefur áhugi minn á tískunni vaknað. Þetta byrjaði bara á því að einhver erlendur ljósmyndari stoppaði mig á götu og bað mig að sitja fyrir. Síðan hefur þetta bara rúllað.“

*mhg@frettabladid.is*



Sævar starfar bæði sem barþjónn og módel en hann stefnir á nám í fatahönnun í Belgíu.













# Föt fyrir káta krakka

*Hressir og glaðir krakkar þurfa jafn mikið á góðum klæðnaði að halda eins og aðrir.*




Þegar kemur að því að velja föt fyrir yngstu kynslóðina skiptir mestu máli að hugsa um gæðin. Margir eru nefnilega örlítið kærulausir þegar kemur að þessum málum, en auðvitað á maður að vera góður við þá sem manni þykir vænst um.

Ekki er hins vegar verra þegar börnin hafa gaman af að klæðast þeim fötum sem keypt eru. Skemmtilegar persónur sem eru í uppáhaldi hjá litlu englunum geta bjargað deginum fyrir börnin og gert það að verkum að þeim líður betur.

Fyrst og fremst verður þó að hugsa um að börnunum sé nógu hlýtt og að fötin sem þau klæðist séu vönduð. Gott er líka að spyrja börnin sjálf álits. Ekki þarf annað en að setja sig í spor þeirra og hugsa: „Væri ég til í að klæðast einhverju sem mér líður ekki vel í?“



















Yfir 25 ára þjónusta
NEGLUR FYRIR VINNANDI KONUR
salon ritz
Snyrtistofa • Laugavegi 66 • Símapantanir: 552 2460


HÚFUR SEM HLÆJA
RÝMINGARSALA
Skólavörðustíg 18

STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
Jólafötin komin!
Falleg föt á flotta krakka
1 mán til 9 ára
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

Flottir skór fyrir jólin

áður 6.990
nú 5.490
áður 6.990
nú 5.490
áður 7.990
nú 5.990
Frábært úrval
EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420
Opið. 10-18 á laugard. og 13-17 á sunnud.
Sendum í póstkröfu




Brasilíska ofurfyrirsætan Izabel Goulard sést hér með vængi sem myndu sóma sér vel á hvaða brids- eða pókermóti sem er. Í það minnsta ætti þessi múndering að duga ágætlega til að rugla aðra leikmenn í ríminu.

# Leyndardómar Viktoríu

*Himnesk fegurð og ógleymanleg undirföt.*

Tískusýningar undirfatadrottninganna hjá Victoria´s Secret eru árlegur viðburður sem laðar að milljónir áhorfenda af báðum kynjum, en sýningin fór síðast fram í Hollywood hinn 17. nóvember síðastliðinn. Fyrirsætur sem taka þátt í sýningum þessum eru engir amlóðar, en meðal þeirra má t.d. nefna Tyru Banks, Gisele Bündchen, Naomi Campbell, Evu Herzigova og Heidi Klum. Á síðasta ári seldi Victoria‘s Secret vörur að andvirði 2,4 milljörðum bandaríkjadala, svo það er óhætt að fullyrða að hér er á ferð stærsti undirfataframleiðandi heims og kannski á markaðssetningin þar einhvern hlut að máli?

*mhg@frettabladid.is*



Silfurdrottning með áföstu sófabaki.



Yfirnáttúrulega sexí og sætt og eins og venjan er hjá Viktoríu og íburðarmiklir vængir.



Hún er ansi jólaleg þessi hnáta, en þó myndum við ekki mæla með þessu sem heppilegum klæðnaði á jólahlaðborðið.



Fagurt fiðrildi. Það fylgir ekki sögunni hvort þessir vængir fylgja með í kaupunum en þeir eru óneitanlega fallegir.



Rautt, svart, hvítt og svolítið sextíuog-eitthvað. Hún er nú svolítið kynþokkafull þessi dama.



Hárblásarar og margs konar efni sem sett eru í hárið geta gert það þurrt og slitið.

## Hár krefst umhyggju

KULDI OG FROST, HÁRÞURRKUR OG MARGS KONAR EFNI GETA VALDIÐ HÁRINU ÁLAGI.

Eitt af því sem flest hársnyrtifólk getur verið alveg sammála um er að vönduð sjampó og hárnæring geta gert gæfumuninn til að halda hárinu fallegu.
Eins og staðan á tískunni er í dag, lita flestar konur á sér hárið. Það að lita hár getur lífgað mikið upp á það en annar kosturinn við hárlitun er sá að með því að lita það gerum við hárið oft viðráðanlegra. Ókostirnir eru hins vegar þeir að með því að blása hárið, bera í það alls konar froður og gel, túbera og tuska til þá verður það fyrir meira álagi og þar með slitnar það fyrr.
Til að vega upp á móti þessu er nauðsynlegt að fjárfesta í góðum sjampóum og hárnæringu. Það skiptir miklu máli hvers konar sjampó og hárnæringu við notum, því oftar en ekki getur það farið verr með hárið en hitt að notast við ódýr efni í þessum geira.
Risastórir brúsar í fjölskyldustærð, ganga kannski ágætlega fyrir stutthærða karla og krakka, eða þá sem hafa stutt, ólitað hár, en fyrir hina (flestar konur) sem dúllast meira í hárinu er nauðsyn að notast við góð efni.
Góð sjampó og hárnæringu er hægt að fá m.a. á hársnyrtistofum eða í apótekum og snyrtivöruverslunum en til að finna réttu vöruna er gott að ráðfæra sig við hársnyrtifólk. Vörurnar frá Shiseido og Origins hafa t.d. reynst mörgum vel en þær er hægt að fá m.a. í Lyfju og Lyf og heilsu.




Eðal hárvörur frá Origins sem innihalda m.a. appelsínur og vanillu. Hárið ilmar og verður auðvelt viðureignar á eftir.




Hárúði frá Shiseido sem styrkir og lyftir hárinu.

Japanski snyrtivöruframleiðandinn Shiseido býður einnig upp á margskonar hárvörur sem eiga miklum vinsældum að fagna víða um heim.

Maski fyrir hárið sem enduruppbyggir og gefur fallegan gljáa.

## Talið flott að vera flugmannslegur



SÓLGLERAUGU FRÁ NÍUNDA ÁRATUGNUM GANGA Í ENDURNÝJUN LÍFDAGA.

Sólgleraugu sem minna á flugmannasólgleraugu frá byrjun níunda áratugarins njóta nú mikilla vinsælda, þótt vafalaust hvergi meiri en í Los Angeles þar sem fólk leggur sig fram við að leita uppi frumgerðina, Porche 5622. Því bregður oftar við að menn sætti sig ekki við eftirlíkingar, sem hafa fram til þessa verið eftirsóttar, heldur vilja ósvikna frumgerð af Porsche 5622. Er fólk reiðubúið að greiða himinháar upphæðir fyrir þau.
Nokkrir slungnir smásöluaðilar hafa keypt upp alla gömlu lagerana með þessari tegund sólgleraugna, sem voru fáanleg í verslunum Porsche á árunum 1983-1991, og selja þau nú á uppsprengdu verði. Þess eru dæmi að sólgleraugu hafi verið seld á allt að 35.000 krónur.
Smásöluaðilarnir hafa réttlætt kostnaðinn meðal annars með þeim rökum að gæði Porche 5622 séu engu lík vegna þeirrar verkkunnáttu sem liggur að baki gerð þeirra. Eftirlíkingar standist hreinlega engan veginn samanburðinn.

*- rve*

SKAGEN
DENMARK



BRILLIANT
LAUGAVEGUR·KRINGLAN·SMÁRALIND



















Léttur kjóll í klassískum stíl eftir Khoon Hooi.


Fatahönnuðurinn Kwan hannaði þennan sérstæða kjól.




# Fegurð í Kúala Lúmpúr

***Tískuvikur eru nú haldnar um heim allan.***

Tískuvikan í Kúala Lúmpúr er sameiginlegt átak dagblaðanna The Star og Utusan Malaysia. Tískuvikan var styrkt af ferðamannaráði landsins. Um tíu þúsund innlendir og erlendir gestir komu til að sjá það helsta í tískuhönnun í landinu en megináherslan var lögð á að sýna innlenda hönnun.

Kúala Lúmpúr keppist við að hafa allt sem glæsilegast enda er borgin í harðri samkeppni við nágrannaborgir eins og Bangkok, Jakarta og Singapore þar sem hefðin fyrir tískubransanum er mun meiri.




Þessi kjóll úr smiðju Kapas minnir helst á ævintýralegan sjó.


Litríkt og lifandi eftir Melinda Looi.

# Rakakrem og augnmaski frá Clinique

RAKI ER HÚÐINNI NAUÐSYN, SÉRSTAKLEGA ÞEGAR KALT ER Í VEÐRI.

Nú er komið á markaðinn einstaklega nærandi og rakagefandi krem frá Clinique. Kremið heitir Moisture Surge Extra og er ætlað konum sem hafa þurra húð. Kremið veitir góða og ferska tilfinningu og gefur húðinni mjög mikinn raka þegar þörf krefur. Einnig er hægt að bera það á í miklu magni og láta liggja á húðinni í fimm mínútur, en þá fer rakinn betur inn í húðina sem er oft gott þegar kalt er í veðri. Moisture Surge Extra er hægt að nota bæði undir og yfir farða, en að setja rakakrem yfir farða getur oft gefist vel þegar húðin er mjög þurr. Það kemur þá í veg fyrir að klessur og þurrkblettir myndist á húðinni.

Einnig er hægt að fá sérstakan augnmaska frá Clinique. Sá kemur í vönduðum pakkningum þar sem hver og einn „skammtur“ er í sérstöku bréfi. Maskinn veitir snögga og djúpa næringu yfir augnsvæðið sem gerir það stinnara og ferskara á augabragði. Aðeins þarf að hafa maskann á augunum í tíu mínútur en til að ná hámarksárangri er gott að nota Moisture Surge „refreshing eye mask“, einu sinni til tvisvar í viku.



Augnmaski




Moisture Surge Extra rakakremið virkar bæði sem maski og undir og yfir farða en augnmaskann á að nota einu sinni eða tvisvar í viku til að ná hámarksárangri.








Elvis Presley var ekki óvanur því að hnykkja mjöðmunum í uppbrettum gallabuxum á meðan hann söng og trallaði.

# Fágætar gallabuxur

***Einfaldar, ódýrar gallabuxur eru eftirsóttar.***

Fyrirtækið Kicking Mule Jeans hefur markaðssett nýjar gallabuxur, 1950 Classics, en eins og heitið gefur til kynna draga þær dám af bláu, gallabuxunum sem nutu vinsælda á 6. áratugnum.

Nýju gallabuxurnar, sem verða fáanlegar í Odin í New York og Arlington í Virginiu, eru að sögn eins forsvarsmanna Kicking Mule Jeans handsaumaðar og -litaðar í Japan.

Vegna þess hversu vel litaðar gallabuxurnar eru upplitast þær síður, en þess ber og að geta að þær má ekki setja í þvottvél þar sem þær eru úr afar viðkvæmu efni.

Sumir telja reyndar ókost að geta ekki þvegið þær í þvottavél og finnst ekki bæta úr skák að efnið skuli vera eins og sandpappír viðkomu við fyrstu notkun.

Forsvarsmenn Kicking Mule Jeans telja aftur á móti að hluti aðdráttarafls buxnanna felist einmitt í þessum „ókostum“, auk þess sem margir eigi eftir að sætta sig við þá vegna þess hversu sjaldgæfar handgerðar gallabuxur eru orðnar. Fágæti buxnanna á líkast til eftir að auka ennfremur aðdráttaraflið, því aðeins verða 40 stykki fáanleg.

Ekki munu þó allir hafa efni á að kaupa sér hinar nýju 1950 Classics gallabuxur, þar sem stykkið kemur til með að kosta um 41.916 krónur.

*- rve*



Kyntáknið Marlon Brando klæddist gjarnan uppbrettum, þröngum gallabuxum í upphaf ferilsins.




**Inniskó** er gott að eiga í bunkum heima því þá er hægt að bjóða gestum að skella sér í þá.




















Gay Bed sófi eftir George Nelson, sem var hannaður árið 1948, Noguchi-glerborð hannað 1944 og Plywood-stóll eftir Charles og Ray Eames frá árinu 1945. Gólfmotta eftir Verner Panton hönnuð 1960. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hágæðahönnun á Granda

***Saltfélagið á Grandagarði 2 hefur vakið töluverða athygli fyrir flotta og framsækna hönnunarvöru. Verslunin opnaði nýlega í húsnæði sem flestir þekkja en þar var Ellingsen áður til húsa.***

„Við leggjum töluvert upp úr hágæðahönnun, því allra nýjasta og flottasta í húsgögnum, ljósum, gjafavöru, bókum og tímaritum,“ útskýrir Ólöf Jakobína Ernudóttir, verslunarstjóri Saltfélagsins. Hún bætir við að ekki séu teknar inn heilar vörulínur frá fyrirtækjum heldur sé hver hlutur valinn af kostgæfni.

Að sögn Ólafar er verslunin uppfull af vörum frá þekktum og virtum fyrirtækjum. Hlutir frá hollenska vörumerkinu Moooi eru meðal þess sem er á boðstólum og einkennist af tilraunakenndri hönnun Marcel Wanders og hönnuða hans. Þá þykja vörur frá Droog Design ekki síður flottar og fríkaðar.

„Vitra er aftur gamalgróið, svissneskt fyrirtæki, sem hefur nýlega sett á fót sérstaka heimilislínu og vörur úr henni verða fáanlegar í versluninni,“ heldur Ólöf áfram. „Einnig má geta Toms Dixon, bresks hönnuðar sem hafði starfað hjá fjölda fyrirtækja áður en hann hóf nýverið framleiðslu á eigin vörulínu. Er þá fátt upptalið.“

Auk góðs og vandaðs vöruúrvals er kaffihús í Saltfélaginu, sem hefur að sögn Ólafar fallið í kramið hjá Vesturbæingum. „Þetta er náttúrulega eina kaffihúsið í vesturbænum að Kaffivagninum undanskildum,“ segir hún. „Það á þátt í að ljá húsnæðinu skemmtilegan blæ, sem við ákváðum að héldi hráu yfirbragðinu. Til marks um það gengum við svo langt að banna málurunum að sparsla í sprungurnar,“ bætir hún hlæjandi við.

Þess má loks geta að Saltfélagið er í eigu fyrirtækjanna Pennans, Lumex og RDC (Reykjavík Design Center).

*roald@frettabladid.is*



Þessi gutti kann vel að meta pullur eftir Hella Jongerius frá Vitra.



Bækur fást í góðu úrvali í versluninni.



Sófi frá Moooi, klæddur með hollenskri gæru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ólöf Jakobína Ernudóttir verslunarstjóri er ánægð með þær góðu viðtökur sem Saltfélagið hefur hlotið.




Saltfélagið hefur ekki síst vakið athygli fyrir skemmtilega staðsetningu.



Ávextir hangandi í borða eru alls staðar til prýði.

## Borðleggjandi borðar

FALLEGUR BORÐI GETUR VERIÐ BÆÐI GAGNLEGUR OG TIL PRÝÐI.

Það er auðvelt að lífga upp á heimilið með því að nota fallegan gjafaborða til að hengja hluti upp. Borðann má hengja í gardínustöng eða bara á venjulegan nagla en síðan er hægt að hengja ýmislegt í hann. Til dæmis fallegan spegil. myndaramma eða veggplatta. borðinn getur verið hvítur eða litríkur og þetta er kjörin leið til að tengja saman rými með því að hafa borðann samlitan borðdúk eða gardínum. Borðar eru til af ýmsum breiddum og gerðum og fást bæði til hannyrða og svo venjulegir skrautborðar utan um gjafir. Á þessum árstíma sem nú gengur í garð er kjörið að nota fallegan rauðan eða grænan borða til að hengja upp greinar eða annað skraut, til dæmis jólakúlur eða fallega ávexti. Alveg borðleggjandi!



Svona fallegur borði setur svip á heimilið.


Teppi fyrir veturinn



Þykk & mjúk

Náttúrulitir

RHODOS, VÖNDUÐ ULLARTEPPI

STÆRÐ OG VERÐ

60 x 90, verð 5.900,-

140 x 200, verð 39.000,-

170 x 240, verð 49.000,-

200 x 300, 79.000,-





★★★★★ Hlýleg jólagjöf

Persía

TEPPAGALLERÍ

Bæjarlind 16, Sími: 568 6999

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

MÁN – FÖS : KL. 10 – 18

LAU : KL. 11 – 16 & SUN : KL. 13 – 16






20" 46.990.-

Skerpa 500:1 • Birtustig 450cd/m2 • Upplausn 800*600

32" 89.990.-

Skerpa 800:1 • Birtustig 500cd/m2 • Upplausn 1366*768

37" 144.990.-

Skerpa 500:1 • Birtustig 500cd/m2 • Upplausn 1366*768 • HD Ready

42" 249.990.-

Skerpa 500:1 • Birtustig 500cd/m2 • Upplausn 1366*768 • HD Ready

• Öll verð m. vsk • veggfestingar fylgja • 2 ára ábyrgð •

Nánari upplýsingar gefur Jóhann í síma 561 9200 - Eða komið í heimsókn í Arnarvík, Höfðabakka 9 2. hæð, austanmegin.






# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Blaðbegóníur



Begóníur tilheyra afar stórri og fjölbreytilegri ættkvísl plantna sem finna má í öllum hitabeltisskógum beggja vegna miðbaugs. Fjölbreytileikinn er mestur í regnskógum Mið- og Suður-Ameríku, en Afríka og Suðaustur-Asía státa líka af fjölmörgum tegundum sem teknar hafa verið til ræktunar. Alls munu vera til um 800 til 1000 sjálfstæðar tegundir af begóníum. En tegundafjöldinn hefur verið nokkuð á reiki, því begóníur eiga vanda til að mynda blendinga sín á milli en þessir blendingar eru flestir langt frá því að vera frjótt upphaf nýrra tegunda. Þetta hefur ruglað grasafræðinga töluvert í ríminu, því að þótt þeir hafi talið sig finna „nýja begóníutegund“ sem þeir hafa svo lýst og gefið latnesk vísindaheiti hefur oftast komið í ljós við nánari athugun, að þær eru bara ófrjóir blendingar milli nærvaxandi tegunda.

## Franskur diplómat

Begóníur eru kenndar við franskan aðalsmann, Michel Bégon (1638-1710), sem var landstjóri Frakka í nýlendunni Santo Domingo, sem nú er lýðveldið Haití. Bégon þessi styrkti og var verndari grasafræðileiðangra sem gerðir voru út til allra nýlendna franska ríkisins í lok sautjándu aldar og í byrjun þeirrar átjándu. .

## Margir hópar

Begóníum er skipað í hópa eftir vaxtarlagi og ytri einkennum. Ýmsar tegundirnar mynda eins til þriggja metra háa runna með teinréttum stönglum sem minna á bambus. Aðrar eru skriðular og vaxa með jörð, margar fremur blaðstórar og skarta af og til stórum blómskúfum. Nokkrar eru hnúðjurtir, sem eru vinsæl sumarblóm. Haust- og vorbegóníurnar eru nettar blómjurtir sem fást næstum árið um kring í blómaverslununum. Líklega er langstærsti og fjölbreyttasti hópurinn „blaðbegóníur“. Til þeirra telst fjöldi tegunda sem skarta stórum skrautlegum blöðum. Blöðin eru með ýmis mynstur í andstæðum litum. Og þó að þær blómgist iðulega þá eru blöðin aðalatriðið.

## Blaðbegóníur

Í þessum hópi eru margar tegundir. Sú algengasta, kóngabegónían, Begonia x rex, sem ber höfuð og herðar yfir allar hinar, barst fyrst sem laumufarþegi í brönugrasasendingu frá Indlandi. Í tróðinu sem notað var til að búa um brönugrösin leyndist sproti sem byrjaður var að slá út einu blaði. Það vakti athygli garðykjumannanna, sem sáu um að taka á móti sendingunni, að þetta litla lauf var ólíkt öðru sem þeir höfðu séð. Litirnir voru skærrrauðir og silfraðir og á milli sást í dökkar blaðæðar. Tegundin sem slík hefur aldrei fundist í náttúrunni en plantan blómgaðist og bar fræ fyrir tilverknað sömu garðyrkjumanna. Þegar fræjunum var sáð kom í ljós að engar tvær af fræplöntunnum urðu eins, heldur birtist þarna urmull af margvíslega litum blöðum. Ekki komust allar plönturnar á legg, en þær sem af þóttu bera voru teknar til handargagns og eru formæður þeirra þúsunda kóngabegóníuyrkja sem ganga manna á milli vítt um heim.

## Ræktun

Allar blaðbegóníur, hverju nafni sem þær nefnast, eiga það sameiginlegt að vilja vaxa í fremur lausum, loftríkum, frjóum og jafnrökum jarðvegi. Grunn ílát og vikurblönduð pottamold hentar þeim prýðilega. Þær dafna best við stofuhita og á stað þar sem góðrar birtu nýtur og er laus við dragsúg. Þó þarf að verja þær gegn sterkasta sólskininu yfir vor- og sumarmánuðina. Vökvið þær alltaf með volgu vatni og aldrei meira en svo að moldin haldist hóflega rök. Gefið daufan áburðarskammt vikulega á sumrin. Plöntunum líður vel við háan loftraka og njóta sín best ef þær fá að standa nokkrar saman.






# Einarður talsmaður Art Nouveau í Skotlandi

*Mackintosh var þekktur fyrir sérstæðan hönnunarstíl.*

Charles Rennie Mackintosh (7. júní 1868 - 10. desember 1928) var skoskur arkitekt, hönnuður og vatnslitamálari. Hann var einn helsti talsmaður Art Nouveau í Skotlandi.

Mackintosh fæddist í Glasgow. Hann þjáðist af fóta- og augnameini og dvaldi lengstum í sveit sér til heilsubótar. Þar komst hann upp á lagið með að teikna fallegt landslag Skotlands.

Sextán ára fór hann í læri hjá arkitektinum John Hutchinson þar sem hann starfaði til ársins 1889 en varð árið 1901 meðeigandi í arkitektafyrirtækinu Honeyman and Keppie. Allan þennan tíma stundaði hann kvöldnám við listaskóla Glasgow.

Í skólanum hitti hann eiginkonuefni sitt Margaret MacDonald, systur hennar Frances og Herbert MacNair. Voru þessir vinir kölluð „Fjórmenningarnir“ eða „The Four“ og héldu sýningar saman í Glasgow, London og Vínarborg. Þessar sýningar urðu til að auka á hróður Mackintosh.

Hann þróaði sinn eigin stíl þar sem komu fram andstæður skarpra horna og útflúraðs skrauts með mjúkum línum. Stólar Mackintosh eru þekktir í heimi hönnunar en hér má sjá nokkra þeirra.



Argyle er einn af fyrstu stólunum með háu baki sem Mackintosh gerði. Hann er hannaður árið 1897 fyrir Testofuna í Argyle Street.



Þessi Mackintosh stóll er sjaldgæft eintak af húsgagni úr línu hönnuðarins enda handsmíðaður.



Ingram-stóllinn var hannaður árið 1900. Hann var búinn til fyrir Testofu fröken Cranston í Ingram Street í Glasgow. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES




Jón sinnir viðgerðum og endurnýjun á dyrasímakerfum, auk þess að leggja ný. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Dyrasímar spara sporin

DYRASÍMAR AUKA BÆÐI ÞÆGINDI FÓLKS OG ÖRYGGI.

„Dyrasímatæknin er alltaf að breytast, ný kerfi að koma inn og önnur að úreldast. Nú eru sjónvarps-dyrasímar að ná vinsældum enda orðnir miklu nettari en þegar þeir komu á markað,“ segir Jón Jónsson rafverktaki. Auk þess að fást við raflagnir hóf hann að leggja dyrasímakerfi í hús á níunda áratugnum og er einn af reyndari landsmönnum í því fagi. Hann segir mikilsvert að skipta við örugga innflytjendur þegar tækin eru keypt, til að auðveldara sé að fá varahluti því sjálfur fæst hann líka við endurnýjun og viðgerðir, auk nýlagna. „Þeir sem eru elstir í því að flytja inn þessi tæki eru S. Guðjónsson í Kópavogi og Smith og Norland í Nóatúninu,“ segir hann.

Dyrasímar eru ómissandi í fjölbýlishúsum og Jón segir notkun þeirra í einbýlishúsum og raðhúsum alltaf að aukast. „Eldra fólk fagnar því að fá dyrasíma og þurfa ekki að hlaupa langt þegar bjallan hringir og hið sama gildir um fjölskyldufólk. Stundum eru krakkar einir heima og það getur verið öruggara fyrir þau að þurfa ekki að opna útidyrnar ef einhver ókunnugur knýr dyra.“ - gun



„Gjörðu svo vel og gakktu í bæinn.“

Ný útvarpsstöð Kaninn Fm 94,3 ★ Íslensk músík alltaf!






# Lifandi búð með sauma-klúbbsstemningu

***Kvenlegar listir er nafn á nýrri verslun í Hlíðasmára 15 í Kópavogi. Þar er úrval af flestu því sem þarf til útsaums og annarra hannyrða.***

Útsaumsvörur, prjónagarn og spennandi nýjungar í þrykki er meðal þess sem hin nýja verslun Kvenlegar listir hefur á boðstólum. Eigandi hennar er Halldóra Arnórsdóttir og með henni innanbúðar er Erla Hrönn Sigurðardóttir textílkennari. Prjónagarnið í versluninni er danskt með merkinu Isager eftir þekktan danskan hönnuð Marianne Isager sem hannar litina. „Þetta er gæðagarn sem gaman er að prjóna úr,“ fullyrðir Halldóra.

Það vekur athygli að útsaumsvörurnar eru nokkuð annarrar gerðar en þær sem áður hafa sést hér á landi. Upprunalandið er Ástralía og blöð og bækur með hugmyndum og mynstrum eru líka þaðan.

„Við kappkostum að vera með vandaðan efnivið. Það gerir eftirleikinn svo miklu auðveldari því öll sköpun úr þeim efniviði verður svo skemmtileg,” segir Halldóra. „Konur í Ástralíu hafa setið árum saman á söfnum við að rannsaka hvernig handavinna var gerð fyrir langa, langa löngu og margt af því sem hér sést í útsaumsmynstrum er árangur þeirrar vinnu. Eins og sjá má er þetta allt upphleyptur saumur,“ segir hún og vekur athygli á rósum, vínberjaklösum og jarðarberjum sem allt er eins og nýsprottið í náttúrunni. Sumar rósirnar eru jafnvel aðeins festar með fínlegum gullvír við efnið. En kann nokkur með þetta að fara hér á landi?

„Við kennum aðferðirnar ef með þarf,“ segir Erla Hrönn. „Hér verða sett upp námskeið í útsaum, prjóni og þrykki enda góð vinnuaðstaða í búðinni. Síðan verður hægt að kaupa sér tímakort sem við klippum á fyrir hvern byrjaðan klukkutíma og þá er hægt að koma hingað, sitja hér og sauma.“

Halldóra hlær þegar haft er orð á að eflaust muni skapast notaleg stemning í Kvenlegum listum þegar þar verður kominn hálfgerður saumaklúbbur og búið verður að renna á könnuna. „Já, þannig viljum við hafa það,“ segir Halldóra. „Þetta á að verða lifandi búð þar sem alltaf er eitthvað að gerast.“

*gun@frettabladid.is*



Erla Hrönn og Halldóra eru hannyrðakonur sem eru tilbúnar að leiðbeina viðskiptavinum í kvenlegum listum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Prjónagarnið er danskt gæðagarn með merkinu Isager eftir hinum þekkta danska hönnuði Marianne Isager sem hannar litina.

Efni til útsaums er með ýmsu móti. Þessi taska er dæmi um það.



Í Kvenlegum listum er útsaumsgarn úr bómull, ull og silki.



Barnateppi með blómum.



Fínlegur púði sem gaman væri að gera.

Falleg hannyrðablöð veita innblástur.









**Góð krem** geta nært og bætt húðina og gert hana heilbrigða og fallega.






## Lýðheilsa

RANNVEIG LINDA ÞÓRISDÓTTIR
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

# Sykursýki – faraldur 21. aldar?

Á undanförnum árum hefur sykursýki greinst í síauknum mæli meðal almennings. Með núverandi lifnaðarháttum og þar með talið offituvanda í heiminum, má reikna með að sykursjúkum muni enn fara fjölgandi.

Sykursýki er langvinnur sjúkdómur sem einkennist af því að líkami okkar verður ófær um að stjórna blóðsykri en sykur er eitt þeirra orkuforma sem líkaminn nýtir sér í dagsins önn. Ákveðin hormón, þ.m.t. insúlín sem framleitt er í briskirtli, stjórna sykurmagni í blóði líkamans en briskirtillinn er lítið líffæri staðsett rétt neðan magans og tengist bæði meltingarvegi og blóðrás. Briskirtillinn losar annars vegar meltingarensím út í meltingarveginn svo við getum tekið upp þau næringarefni sem við þurfum á að halda og hins vegar insúlín og önnur hormón út í blóðrásina sem hjálpa líkamanum að vinna sykur úr fæðunni.

Skipta má sykursýki í tvo aðalflokka, sykursýki tegundir 1 og 2. Tegund 1 sykursýki getur greinst á hvaða aldri sem er, þó er algengast að hún greinist hjá börnum og unglingum, og einkennist af því að briskirtill líkamans hættir að framleiða insúlín eða framleiðir of lítið af því. Tegund 2 sykursýki hefur, þangað til á undanförnum árum, helst greinst hjá einstaklingum sem eru komnir yfir miðjan aldur en vegna offituvanda er greining að færast neðar í aldri. Þessi tegund sykursýki tengist svokölluðu insúlínþoli þar sem líkaminn nýtir verr það insúlín sem til er. Briskirtillinn bregst við fyrst í stað með því að framleiða og losa meira insúlín en smám saman gefst hann upp og framleiðslan fer dvínandi.

Sterk erfðafræðileg tengsl eru við sykursýki 2 en aðrir áhættuþættir eru aldur, ofþyngd, saga um meðgöngusykursýki, hár blóðþrýstingur, háar blóðfitur o.fl. Sykursýki 1 er talin vera sjálfsofnæmissjúkdómur þar sem ónæmiskerfið ræðst á og eyðileggur getu briskirtils til insúlínframleiðslu.

Einkenni sykursýki eru þorsti, tíð þvaglát, þreyta, svengd og stundum megrun. Einnig getur komið fram pirringur í fótum og sjóntruflanir. Sjúklingar sem greinast með sykursýki 2 hafa yfirleitt aðra sjúkdóma til staðar við greiningu, eins og hjarta- og æðasjúkdóma, og yfirleitt er sjúkdómurinn búinn að malla í mun lengri tíma en hjá sjúklingum með sykursýki 1.

Meðferð við sykursýki 1 er óhjákvæmileg insúlíngjöf þar sem þessir sjúklingar framleiða ekki nægjanlegt eigið insúlín og geta ekki lifað án þess. Hjá sjúklingum með sykursýki 2 er fyrst reynd megrun og líkamsrækt. Ef það gengur ekki eru gefin lyf sem hjálpa til við stjórnun blóðsykurs og með tímanum má reikna með að margir sjúklingar þurfi á insúlíngjöf að halda.

Líklega verður aldrei hægt að uppræta sykursýki en með því að vera vakandi fyrir einkennum sjúkdómsins og sporna við ofþyngd verður töluverður ávinningur í baráttunni, a.m.k. gegn sykursýki af tegund 2.

*Unnið í samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*



Ný húð á aðeins 5 dögum!
Ótrúlegur árangur!

ÁRANGUR Í 35 ÁR VEGNA MEÐFERÐAR Á:
- Óhreinni húð
- Stækkun svitahola
- Ótímabærrar öldrunar á húð
- Hrukkum
- Örum
- Húðslits
- Appelsínuhúð
- Minnkandi sveigjanleika húðar á maga, upphandleggjum og lærum

Kínastofan
NUDD OG SNYRTING
Stórhöfði 17
☎ 577 7007



ÞAÐ ER AUÐVELDARA EN ÞÚ HELDUR AÐ EIGNAST DRAUMAHÚSIÐ Á SPÁNI !
SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR Á AÐEINS 19.900.-
INNFALIÐ Í VERÐI: FLUG, GISTING OG FÆÐI
MASA INTERNATIONAL
Upplýsingar veitir Jónas í s: 862 4502

ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími 535-8500

Fyrsta flokks íslenskur harðfiskur
GULLFISKUR
HOLLUSTA Í HVERJUM BITA
NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
FÆST Í BÓNUS

# Ekki bara einn og átta

***Upphaflega voru jólasveinarnir ekki bara níu eða þrettán. Svartiljótur, Lungnaslettir og Flotnös eru nú flestum gleymdir.***

Í gamla daga gengu sögur af mun fleiri jólasveinum en þeim sem sungið er um í vísunni eftir Jóhannes úr Kötlum. Af einhverjum ástæðum heltust þó ansi margir úr lestinni. Svo margir að í dag tölum við einatt um jólasveinana einn og átta, eða þrettán, eftir því sem við á. Ástæðan að baki því að svo margir heltust úr lestinni er m.a. talin vera þessi vísa Jóhannesar sem hefur með tímanum orðið sígild en einnig hafa erlend áhrif komið við sögu. Í Evrópu og Bandaríkjunum er aðeins um einn jólasvein að ræða en á Norðurlöndunum eru einnig svokallaðir jólanissar, eða álfar á ferð.

Íslensku jólasveinarnir eru einskonar blanda af gömlu hrekkjalómunum sem gerðu víðreist um landið fyrr á öldum, dönskum jólanissum og hinum búsældarlega Santa Klás sem upphaflega kom frá Hollandi.

Eins og við vitum hafa nöfn jólasveinanna eitthvað að gera með það hvernig þeir hegða sér. Því þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér hegðun eða útlit Lungnaslettis, Lummusníkis, Svartaljóts og Reykjasvelgs. Í raun má telja að þessir jólasveinar hafi verið öllu verri og ofbeldishneigðari en þeir sem við höldum eftir í dag, í það minnsta voru sögurnar af þeim ekki fagrar. Lungnaslettir gekk t.d. með lungun framan á sér og ef illa lá á honum, hikaði hann ekki við að slá fólk með lungunum. Flotnös tók flot í nefið þegar fólk leit af öskunum sínum. Það er því um að gera að draga sængina upp fyrir haus og láta sem maður sé ekki á svæðinu ef slík vera birtist á glugganum eitthvert kvöldið fram að jólum.



*Tífall og Tútur,*
*Baggi og Hnútur,*
*Rauður og Redda,*
*Steingrímur og Sledda,*
*sjálfur Bjálfinn og Bjálfans barnið,*
*Bitahængir, Froðusleikir,*
*Gluggagægir og Syrjusleikir*

Ætli þessi heiti Flotgleypir? Eða kannski Kattarvali?

**Nöfn nokkurra týndra jólasveina:** Ausa, Baggalútur, Baggi, Bandaleysir, Bitahængir, Bjálfansbarnið, Bóla, Bjálfinn, Bjálminn sjálfur, Drumbur fyrir alla, Dúðadurtur, Efridrumbur, Faldafeykir, Flautaþyrill, Flotnös, Flaska, Flotgleypir, Flórsleikir, Froðusleikir, Gangagægir, Guttormur, Hlöðustrangi, Hrútur eða Hnútur, Kattarvali, Kleinusníkir, Klettaskora, Lampaskuggi, Litlipungur, Lummusníkir, Lungnaslettir, Lútur, Lækjarrægir, Moðbingur, Móamangi, Pönnuskuggi, Rauður, Redda, Reykjasvelgur, Skefill, Sledda, Smjörhákur, Steingrímur, Syrjusleikir, Strympa, Svartiljótur, Svellabrjótur, Tífall, Tífill, Tígull, Tútur og Þambarskelfir, Þorlákur og Örvadrumbur.

*mhg@frettabladid.is*

Við lögum húðslit!
GREEN PEEL
NÁTTÚRLEG JURTAMEÐFERÐ
Ótrúlegur árangur!
Styrkir slappa húð og lagar húðslit
Sama gamla verðið aðeins kr. 22.000,-
Hringdu núna! S. 577 7007
Kínastofan
NUDD OG SNYRTING

ECC
ECC Bolholti 4
Sími 511 1001
Bætt líðan með betra lofti
Hreinsar loftið
Eyðir lykt
Drepur bakteríur
www.ecc.is

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11
Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Rómantískt og róandi

*Hönnun Lene Bjerre er glæsileg og rómantísk eins og sést vel á jólaskrautinu hennar.*



Lene Bjerre er kona á besta aldri sem á áttunda áratugnum hóf að hanna lampaskerma úr veggfóðursafgöngum og er nú einn þekktasti og vinsælasti hönnuður Danmerkur. Hönnun hennar er mjög rómantísk og það sést vel á jólaskrautinu hennar sem er einstaklega glæsilegt. Skrautið er bæði kúlulaga og í ýmsum öðrum formum og gert úr gleri með gylltu munstri eða litað og blásið. Undanfarin ár hafa verið framleiddar nýjar gerðir af jólakúlum en það fer allt eftir því hvað Lene sjálfri hugnast að gera hvað verður á markaðnum. Vonandi verða kúlurnar fleiri. Gegnsæju glerkúlurnar stafa frá sér einföldum hreinleika og það getur verið afar róandi að stara inn í þær og gleyma stund og stað um hríð.

Þetta skraut fæst eingöngu í Lene Bjerre, Bæjarlind.






## jólakort }



Himinblámi eftir Svanborgu Matthíasdóttur.

## Skógræktarfélag Íslands

EITT KORT – EITT TRÉ

Jólakort Skógræktarfélags Íslands árið 2006 er komið út. Á kortinu er mynd af glæsilegu listaverki listakonunnar Svanborgar Matthíasdóttur sem heitir „Himinblámi". Þessi mynd prýðir einnig forsíðu Skógræktarritsins. Sérstök hvatning er á kortinu, þar sem fram kemur að fyrir hvert selt jólakort gróðursetur félagið eitt tré. Jólakortin eru seld tíu saman í pakka með umslagi og kostar pakkinn 1.000 krónur, það er 100 krónur kortið. Ef pöntuð eru 50 kort eða fleiri er veittur 25 prósenta afsláttur. Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands, í Skúlatúni 6 (á móti Ræsishúsinu), 2. hæð. Þá er einnig hægt að panta kortin símleiðis eða með tölvupósti og fá þau póstsend en þá bætist við 250 kr. afgreiðslugjald, síminn er 5518150, netfang skog@skog.is.



Yrsa Sigurðardóttir verður á glæpakvöldi á Grand rokki.

## Á döfinni

HÖFUNDAR EDDU ÚTGÁFU LESA UPP ÚR NÝJUM BÓKUM Á SÚFISTANUM, LAUGAVEGI 18, KL. 20.

Þeir höfundar sem lesa upp á Súfistanum eru Sigrún Eldjárn, Héðinn Björnsson, Reynir Traustason og Auður Jónsdóttir. Glæpakvöld Hins íslenska glæpafélags hefst á Grand rokki kl. 20.30. Höfundar fimm nýútkominna glæpasagna, þau Ævar Örn Jósepsson, Yrsa Sigurðardóttir, Páll Kristinn Pálsson, Steinar Bragi og Stefán Máni, lesa upp úr verkum sínum við undirleik dauðakántrísveitarinnar Sviðin Jörð.




Þýðandinn, Þorbjörg Daníelsdóttir, les úr Barnabiblíunni fyrir barnabörn sín.

# Lesum fyrir börnin




Barnabiblía er góður kostur til að kynnast boðskap Biblíunnar og fylgja sögunni þar sem Guð talar við allar kynslóðir, þær sem lifðu söguna og þær sem komu á eftir. Hún kemur sér vel í biblíulestri fullorðinna, fermingarbarna og allra barna og þeirra sem vilja lesa fyrir þau hina dýrmætu kristnu trú.
***Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir.***

Að þekkja efni Biblíunnar er lykill að skilningi á kristnum trúar- og menningararfi. Þessi bók er fengur fyrir þá foreldra sem vilja leggja alúð við þennan þátt í uppeldi og menningu barna sinna, að ekki sé talað um þá foreldra sem auk þess vilja leggja alúð við trúarlegt uppeldi barna sinna.
***Sr. Sigurður Pálsson, fyrrv. námsstjóri í kristnum fræðum.***

Tindur
Bókaútgáfa
Símar: 660 4753 • 534 6250
www.tindur.is •
tindur@internet.is • tindur@tindur.is

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir vönum verkstæðismanni með réttindi á verkstæði okkar Miðhrauni 10 Garðabæ. Góð vinnu aðstaða. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0876.**

**Leikskólinn Gullborg**
**Óskum eftir að ráða leiðbeinanda á Leikskólann Gullborg við Rekagranda 14. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í s. 562 2455 & 693 9820.**

**Laus störf í Smáranum**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra á dagvaktir sem og starfsmann í afgreiðslu á næturvaktir á Selectstöðina við Hagasmára. Nánari upplýsingar í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is, eða á næstu Shellstöð.**

**Superman**
**óskast í almenna jarðvegsvinnu, þarf að geta unnið sjálfstætt. Gott starfsumhverfi. Uppl. gefur Gísli í s. 698 5222.**

**Hugmyndaríkur og frjósamur einstaklingur óskast í blómaverslun.**
**Okkur vantar þig í lið með okkur í jólaösinni. Ef þú ert að læra hönnun, útstillingar eða blómaskreytingar gætir þú hentað okkur. Áhugasamir sendi póst á skreyting@internet.is**

**Selena undirfataverslun - framtíðarstarf**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í fullt starf eða hlutastarf. Umsóknir ásamt ferilskrá berist á selena@selena.is.**

**Málningarþjónusta JRJ**
**Óskum eftir að ráða málara eða menn vana málningarvinnu. Uppl. gefur Jón Pálmi í s. 869 6252.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

LR Ísland Heilsa - Fegurð- Tækifæri - Heilsa Engar kvaðir eða skyldur eru lagðar á herðar þátttakenda en með markvissri vinnu má hafa góðar tekjur í LR Upplýsingar í netfangið: frettir@simnet.is

Vantar vana menn í járnabindingar, mikil vinna, mæling. Uppl. Ármann sími 894 3398.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

**Jumbo sandwishes**
Wants to hire people on day shifts. Information given at Kársnesbraut 112 Kópavogur or tel. 554 6999.

**Starfsfólk óskast**
Næsti bar auglýsir eftir starfsfólki í sal. Einnig vantar barþjóna og fólk í glasatínslu, hentar vel með skóla. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 844 1304, e. kl. 13.00.

Stýrimann og matsvein vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 853 2999 & 845 3480.

**Zara Smáralind**
Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Skemmtilegt og lifandi starf Upplýsingar gefur Svanhildur í síma 522 8344 og einnig liggja umsóknareyðublöð á staðnum.

Gæðabakstur ehf. óskar að ráða röskan bakara til starfa á næturvakt sem fyrst. Unnið er 8 daga og 6 dagar frí. Einnig vantar vanan starfsmann í bakarí á sömu vaktir. Uppl. gefur Vilhjálmur í s. 897 5399.

## Viðskiptatækifæri

**Matvöruverslun úti á landi til leigu**
**Rekstur á matvöruverslun sem staðsett er í norðvesturkjördæmi er til leigu. Ársvelta er ca. 35 milljónir.**

**Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið smaar@frett.is merkt „verslun til leigu“.**

**Góð byrjun**

**www.visir.is**



Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni og við gætum komið þér skemmtilega á óvart!

**vísir** Fyrstur með fréttirnar!

www.akureyri.is
**Akureyri**
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti þann 12. september 2006 tillögu að Aðalskipulagi

Akureyrar 2005-2006. Tillagan var fyrst auglýst 3. febrúar 2006 og rann athugasemdafrestur út þann 17. mars 2006. Vegna athugasemda sem bárust við tillöguna voru gerðar breytingar á henni og hún auglýst að nýju þann 17. maí 2006 með athugasemdafresti til 28. júní 2006. Athugasemdir bæði við fyrri og síðari auglýsingu vörðuðu einkum tengibrautir við Lundarhverfi, Akureyrarvöll, þéttingu byggðar, miðbæinn og Oddeyri. Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína. Aðalskipulagstillagan var samþykkt óbreytt frá síðari auglýsingu.

Aðalskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra

um lokaafgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga um aðalskipulagið og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar, Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9. Frekari upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is.

Pétur Bolli Jóhannesson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrar

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is



**Draumahús 530 1800**

# — SÖLUSÝNING —

## Í DAG KL. 18:00 - 19:00
## Akurhvarf 1 - 203 Kóp




Frum

| *Verðdæmi* | | *127 fm 4ra herb.* |
|---|---|---|
| *KAUPVERÐ* | *KR.* | *30.900.000* |
| *LÁN FRÁ ÍBÚÐALÁNASJÓÐI* | *KR.* | *17.000.000* |
| *LÁN FRÁ SPARISJÓÐUM (UPP AÐ 75%)* | *KR.* | *6.175.000* |
| *LÁN FRÁ SELJANDA (20 ÁRA LÁN Á 6,9 % VÖXTUM)* | *KR.* | *4.635.000* |
| *EIGIÐ FÉ (10%)* | *KR.* | *3.090.000* |
| ***SAMTALS:*** | ***KR.*** | ***30.900.000*** |

Eigum eftir 5 glæsilegar 125,8 - 128,7 fm 4ra herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Akurhvarf í Kópavogi. Íbúðirnar eru fullfrágengnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísalögðu baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Stæði í bílageymslu fylgir. Glæsilegt útsýni !

**Sölumaður Draumahúsa tekur á móti gestum**

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA

**Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk**

**Bæjarhrauni 10 - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## NORÐURBRÚ 4 - 4RA - GBÆ, LAUS STRAX





Frum

Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í sölu í Sjálandinu í Garðabæ, stórglæsilega 135 fm. íbúð á 4.hæð (efstu) í mjög fallegu og vönduðu lyftuhúsi. Þar af er geymsla í kjallara 11,5 fm og sér stæði í lokaðri bílageymslu. Glæsilegar ca. 40 fm svalir fylgja eigninni, sjávarútsýni. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, 2 herbergi, hjónaherb., baðherbergi, þvotthús, geymslu og bílageymslu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Frábær staðsetning. Laus strax. Óskað er eftir tilboðum í eignina.

## GOTT VERÐ. ESKIVELLIR 1 - HF. 4RA MEÐ BÍLSKÚR





Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilega nýja 4ra herbergja íbúð, 108,4 fm. á þriðju hæð, ásamt stæði í bílageymslu, í góðu fullbúnu lyftuhúsi vel staðsettu í Vallarhverfi í Hafnarfirði. Íbúðin er nú þegar tilbúin til afhendingar með vönduðum eikarinnréttingum, flísalögðu baðherbergi og þvottahúsi. Eignin skiptist í forstofu, gang, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu. eldhús, þvottahús og tvær geymslur. Tvennar góðar suður og norð vestur svalir. Sameign fullfrágengin. Sameiginleg hjóla- og vagnageymsla í kjallara . Vandaður frágangur. Stutt í skóla og leikskóla. Lyklar á skrifstofu. Frábært verð, aðeins 22,7 millj.

**Magnús Emilsson, lögg. fast.sali - Ágústa Hauksdóttir, lögg. fast.sali - Freyja Sigurðardóttir, lögg. fast.sali**

## Skipulags- og byggingarfulltrúi

Hreppsnefnd Kjósarhrepps auglýsir starf byggingarfulltrúa í Kjósarhreppi laust til umsóknar samk. lögum nr.73/1997. Um er að ræða u.þ.b. 20% starf með starfsaðstöðu í Kjósarhreppi.

Umsóknum skal skila á skrifstofu hreppsins Ásgarði 270 Mosfellsbæ fyrir 15. desember 2006.

Upplýsingar veitir oddviti Kjósarhrepps í síma 896-6984.

IGS GROUND SERVICES



*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. er eitt af dótturfélögum Icelandair Group, býður viðskiptavinum sínum íslenskum sem erlendum upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli.*

Við bjóðum fjölbreytileg og skemmtileg störf í spennandi umhverfi flugheimsins.

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk til vinnu. Um er að ræða starf í Hleðslueftirliti. Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir 1 mánuð í senn.

### Hleðslueftirlit

**Starfslýsing:** Er m.a hleðsluáætlanagerð og hleðsluskráargerð, almennt eftirlit með afgreiðslu flugvéla, tengiliður við áhafnir og ýmsar deildir IGS, cockpit communication, skeytasendingar, afgreiðslu einkavéla. Ýmis önnur störf sem að starfsgrein þessari lýtur skv. fyrirmælum yfirmanns.

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf er æskilegt, aldurstakmark er 20 ára
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, góð þekking á starfsemi IGS
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða kunnáttu í ensku bæði mæltu og rituðu máli. Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í íslensku.
- Kunnátta á Excel og Word er nauðsynleg.
- Æskilegt er að umsækjendur séu tölugløggir þar sem mikið er um útreikninga í þessu starfi.
- Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til að sækja undirbúningsnámskeið og standast próf á vegum fyrirtækisins.

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu IGS fyrir **15. desember 2006**.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35164 11/06

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

***Deiliskipulag í landi Stóru - Sandvíkur.***

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á einbýlishúsabyggð í landi Stóru - Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir nyrsta hluta svonefnds Strokkhólstúns vestur af Eyrarbakkavegi og sunnan við Kaldaðarnesveg. Deiliskipulagssvæðið er um 2,0 ha. að stærð.

Á svæðinu er gert ráð fyrir 13 lóðum, 11 einbýlishúsalóðum 957 til 1.449 m2 að stærð og tveim parhúsalóðum 1.565 og 1.567 m2 að stærð.

Nýtingarhlutfall einbýlishúsalóða skal vera 0.2 en parhúsalóða 0.4. Aðkoma að svæðinu er frá Kaldaðarnesvegi.

Teikningar og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 30. nóvember til og með 28. desember 2006.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 12. janúar 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

Selfossi, 24. nóvember 2006.
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

FASTEIGNIR

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

### Smiðjustígur í miðbæ Reykjavíkur

Frum





Stórglæsilegar 2ja herb., nýstandsettar íbúðir á annari og þriðju hæð í virðulegu steinhúsi í miðbæ Reykjavíkur. Annarsvegar er um að ræða 63 fm og hinsvegar 55 fm íbúðir. Góð lofthæð er í íbúðunum og fallegir kverklistar. Á gólfum er parket og flísar. Íbúðirnar eru allar nýstandsettar eins og fyrr segir. Endurnýjað rafmagn, nýjar innréttingar, baðtæki o.fl. utan þess að eitt baðherbergi er upprunalegt með flottum „sixties“ flísum og baðtækjum. Tengt er fyrir þvottavél inni íbúðar. Sérgeymsla. Sjón er sögu ríkari.

***Nánari upplýsingar á skrifstofu.***

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

HÚSA NAUST FASTEIGNASALA

**Borgartúni 29 - Sími 530 7200**

*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*

### LYNGMÓAR - GARÐABÆ

Frum



142 fm íbúð með fallegu útsýni á ákjósanlegum stað í Garðabæ, ásamt bílskúr. Stofa er parketlögð, fallegt útsýni til norðurs og vesturs. Borðstofa er parketlögð, útgengi út á stórar yfirbyggðar svalir. Þrjú svefnherbergi. Eldhús með góðri innréttingu. Baðherbergi er flísalagt hólf í gólf, sturtuklefi, góð innrétting. Geymsla er innan íbúðarinnar auk sérgeymslu og þvottahúss í sameign. Bílskúr fylgir íbúðinni. **Verð. 28,4 millj.**




**Kíktu á www.floridafasteignir.is, við svörum öllum fyrirspurnum um hæl. Draumur þinn um að eignast fasteign á Flórída getur orðið að veruleika. Síminn okkar er: 00 1 407 6283606**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

*Heilshugar um þinn hag*

**Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali**
**Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali**

Frum

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

www.husid.is

## Stóriteigur 10, 270 Mos. Opið hús í dag kl. 18:30 -19:00



- 5 herb. 167 fm endaraðhús með bílskúr
- Suðvestur góður garður og svalir
- Nýlegt parket á stofu, stiga og gangi
- Laus við kaupsamning
- Eign með mikla möguleika

**Kolbeinn veitir allar nánari upplýsingar í síma 694 9100**

**3ja herbergja — Hamraborg - Kópavogur**



Laus strax.

55 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýli.

Íbúðin er mikið endurnýjuð t.d. nýleg parket og eldhúsinnrétting.

Aðgangur að stæði í opinni bílgeymslu.

Stutt er í alla þjónustu.

**3ja herbergja — Miklabraut - Reykjavík**



Rúmgóð 3ja herbergja 107,1 fm kjallaraíbúð. Anddyri með korkflísum á gólfi og hengi. Rúmgott eldhús með korkflísum á gólfi, eldri innrétting, flísar á milli skápa og borðkrókur. Hjónaherbergi með parketi á gólfi, rúmgott með skáp. Baðherbergi með lökkuðum korkflísum á gólfi, sturta og gluggi. Stofa með parketi á gólfi, rúmgóð og björt. Svefnherbergi með parketi á gólfi. Öll rými íbúðar nema baðherbergi og geymsla snúa frá götu. Verð 19,5

# Draumahús 530 1800

## Seljendur hafið í huga

**Alltaf föst lág söluþóknun**

**Er draumaeignin þín á www.draumahus.is**

**Tvær skrifstofur: Strandgötu 41, Hafnarfirði og Mörkinni 4, Reykjavík**

Frum

### 2ja herbergja

#### Álfaheiði - 200 Kóp



**17.400.000**
70,8 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð með frábæru útsýni á þessum eftirsótta stað í Kópavogi.
**Þórarinn s. 530 1811**

#### Efstasund - 104 Rvk



**16.500.000**
2ja herb. 69 fm íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli.
**Óli s. 530 1812**

### 4ra - 7 herbergja

#### Hrísateigur - 105 Rvk



**27.500.000**
114,2 fm 4 herbergi og 1 stofa, þar af 2 herbergi með sérinngang úr sameign. Íbúð í tvíbýli. Bílskúr fylgir eigninni. Mjög góð eign. **Sigurður s. 530 1809**

#### Langholtsvegur - 104 Rvk



**31.500.000**
136,5 fm 4ra herb. hæð á góðum stað í Vogunum, með sérinng., svölum og bílast.Geymsla í kjallara 10,4 fm. Þinglýstur bílskúrsréttur. **Eddi s. 530 1806**

### Rað - og parhús

#### Krossalind - 201 Kóp



**51.900.000**
Afar fallegt 170,7 fm 6 herbergja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 26,2 fm bílskúr, samtals 196,9 fm
**Þórarinn s. 530 1811**

#### Skeiðarvogur - 104 Rvk



**37.900.000**
Gott endaraðhús á 3 hæðum með aukaíbúð í kjallara sem stendur undir verulegri greiðslubyrði. Laust fljótlega. **Óli í s. 530 1812**

### 2ja og 3ja herbergja

#### Frostafold - 112 Rvk



**17.900.000**
Skemmtileg og rúmgóð 82 fm, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi á útsýnisstað í Grafarvoginum. Nýlegt parket og hurðir. **Sigurður s. 530 1809**

#### Rjúpnasalir - 201 Kóp



**22.900.000**
Afar falleg 3ja herbergja 94 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Vandaðar innréttingar og gólfefni.
**Þórarinn s. 530 1811**

### 4ra - 7 herbergja

#### Ofanleiti - 103 Rvk



**28.900.000**
Fín 109,8 fm endaíbúð með útsýni, auk 21,4 fm bílskúr, samtals birt stærð 131,2 fm.
**Óli s. 530 1812**

#### Eyrarholt - 220 Hfj



**32.000.000**
6 herbergja íbúð á 3 og efstu hæð í fjölbýli. 2 svalir. Frábært útsýni. Einkastæði fylgir.
**Stefanía s. 530 1805**

### Einbýli

#### Grundarhvarf - 203 Kóp



**85.000.000**
Einbýlishús á 2 hæðum með tvöf. bílsk. og aukaíbúð. Ca. 350 fm og þar af 61 fm bílskúr og 90 fm, 3ja herbergja íbúð.
**Sigurður s. 530 1809**

#### Hrísholt - 210 Gbæ



**65.000.000**
Fallegt einbýlishús á glæsilegum útsýnisstað. Alls 280,4 fm 4 herb. og 2 stofur. 2 baðh. Verönd með heitum potti. **Sigurður s. 530 1809**

### 3ja og 4ra herbergja

#### Sóleyjarimi - 112 Rvk



**24.400.000**
Mjög góð og vönduð 101,2 fm 3ja herbergja íbúð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri í Grafarvogi. Fallegt útsýni.
**Helgi Már s. 530 1808**

#### Hjarðarhagi - 107 Rvk



**24.900.000 LAUS STRAX**
Falleg 4ra herbergja 103,6 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli með aukaherbergi í risi og 24 fm bílskúr. Húsið að utan nýlega standsett. **Þórarinn s. 530 1811**

### Rað- og parhús

#### Arnartangi - 270 Mos



**25.300.000**
94 fm raðhús á einni hæð með góðum suðurgarði og 4 svefnherbergjum. Barnvænn og rólegur staður.
**Óli s. 530 1812**

#### Hálsasel - 109 Rvk



**35.900.000**
Afar fallegt 186,4 fm 7 herbergja (5 svefnherbergi) raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 21,7 fm bílskúr.
**Þórarinn s. 530 1811**

### Reykjanes og Hafnarfjörður

#### Norðurtún - 230 Rbæ



**20.500.000**
Einbýlishús á þessum friðsæla stað stutt frá skóla og leikskóla. Húsið er á 2 hæðum og að hafa sér íbúð á neðri hæðinni. **Þórarinn s. 530 1811**

#### Miðvangur - 220 Hfj



**23.500.000**
Mjög falleg 125,1fm 4ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýli.
**Sigurður s. 530 1809**


Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

## VISSIR ÞÚ ...

... að ropinn sem drundi úr Bretanum Paul Hunn í höfuðstöðvum Guinness í London 20. júlí 2004 mældist 104,9 db, háværari en fallhamar í 30 m fjarlægð og því sá háværasti sem mælst hefur? Ropinn var hávaðamældur úr 2,5 m fjarlægð og eins metra hæð með löggiltum, hljóðmæli af bestu gerð.

... að mesta snjókoma sem um getur, varð þegar 30.102 mm af snjó féllu við veðurathugunarstöðina Paradise á Rainier-fjalli í Washington í Bandaríkjunum á árunum 1971-1972?

... að Bandaríkjamaðurinn Ray Romano var hæst launaði sjónvarpsleikarinn veturinn 2004-2005 fyrir leik í þáttunum Everybody Loves Raymond? Fékk hann 117 milljónir fyrir hvern þátt.

... að mesta snjódýpt sem mælst hefur er 11,46 m? Þá skafla var að finna í Tamarac í Kaliforníu í Bandaríkjunum í mars 1911.

... að Bretinn Terry „Túrbó“ Burrows á metið í hraðasta gluggaþvotti? Hann þvoði þrjá glugga, sem hver var 1,14 m á hæð og breidd, á 9,24 sek. í National Exhibition Centre í Birmingham á Bretlandi 2. mars 2005. Burrows notaði 30 cm breiða sköfu og níu lítra af vatni.

... að engin kona slær hinni bresku Janet Palfreyman við í gluggaþvotti? Hún þreif þrjá glugga af sömu stærð og með sams konar búnaði og sagt var frá hér að ofan á 25,99 sekúndum í Hinkley í Leicesterskíri, Bretlandi, 24. apríl 2004.

... að níu leikmenn Western Bulldog og St. Kilda voru sektaðir um alls 3,5 milljónir króna eftir að upp úr sauð í deildarleik 4. maí 2003, sem er hæsta sekt sem um getur vegna agabrota í leik í afldeildinni? Aðeins einn var þó dæmdur í leikbann, Ryan Hargrave, sem fékk þriggja leikja bann fyrir að sparka í andlit Heaths Black, leikmanns St. Kilda, í slagsmálunum.

... að Kanadamaðurinn Sean Shannon sló met þegar hann fór með einræðu Hamlets – að vera eða ekki vera – sem er 260 orð á 23,8 sek. (665 orð á mínútu) í Edinborg, Skotlandi, 30. ágúst 1995.

... að stærsti kvistur sem mælst hefur var úr neðsta hluta stofns 351 árs gamals sitkagrenis í Port McNeill, í Bresku Kólumbíu í Kanada? Kvisturinn vó 20.361 kg og var 18,7 m í þvermál þar sem hann var breiðastur þegar hann var skorinn úr trénu árið 1976.

... að Echo 1 (stundum kallaður Echo 1A) er fyrsti fjarskiptahnötturinn? Honum var skotið á loft 10. júlí 1962 frá Canaveral-höfða í Flórída. Hann var í rauninni álhúðaður loftbelgur, þrjátíu metrar í þvermál, en um hann mátti endurvarpa útvarps- og sjónvarpsmerkjum til jarðar. Hann var tekinn úr notkun 24. maí 1968.

... að í apríl 1955 fékk hin bandaríska Emily Canellos-Simms ljóðabókina Dagar og dáðir lánaða á Kewanne-bæjarbókasafninu í Illinois í Bandaríkjunum og skilaði henni ekki fyrr en 47 árum síðar? Hún skilaði bókinni aftur með 22.343 króna ávísun vegna dagsekta.






# Umsátrið um Frjálslynda flokkinn

**UMRÆÐAN**
Frjálslyndi flokkurinn

Innreið Jóns Magnússonar og félaga úr Nýju afli í Frjálslynda flokkin vekur athygli. Lengi hefur Jón langað á þing og svo lengi sem elstu menn muna hefur hann tekið þátt í þjóðmálaumræðu. Flokkur hans, Nýtt afl hefur þó aldrei náð mælingu. Honum er staðan ljós. Verkið er vonlaust.

Eina leiðin er að ná olnbogarými annars staðar. Hann valdi Frjálslynda flokkinn. Til að ná þar fótfestu hefur hann tryggt sér vinfengi og stuðning þingmanna flokksins sem hann hælir á hvert reipi.

Gangur mála er sá, að Jón kemur í Frjálslynda flokkinn án þess að Nýtt afl hafi verið lagt niður. Nýtt afl er þjóðmálafélag sem getur boðið fram til Alþingis. Sem formaður ræður Jón þar öllu og heldur þeim möguleika opnum, þyki honum móttökur kaldar í Frjáslynda flokknum. Hann er í tveim flokkum sem er andstætt reglum stjórnmálaflokka. Hann er því ekki löglegur félagi. Hann leikur tveim skjöldum.

Þetta er eins og skipsrán. Hann fer þá óvenjulegu leið að véla yfirmennina á sitt band. Hann skuli sigla með þeim á ný og betri mið, þar muni aflast meira. Er nú stefnunni breytt og farið með löndum. Hásetarnir vita ekki hvert stefnir, en þykir sjórinn gruggugur. Þeir segja ekkert. Þora það ekki af ótta við að vera kjöldregnir, jafnvel hent fyrir borð. Útgerðarstjórinn skilur hvorki upp né niður og þegar hann lýsir áhyggjum sínum yfir að skipinu hafi verið rænt, er honum sagt að vera ekki með neitt múður, það sé mokafli, fiskurinn vænn og ekkert brottkast. Jón er umsvifalaust beðinn afsökunar.

Aflinn úr innflytjendaumræðunni kemur í ljós á landsþinginu í janúar. Þá sjáum við hver fengurinn verður og hvaða yfirbragð kemst á flokkinn. Hvort rasistastimpillinn er kominn til að vera. Þangað til segja margir fátt. Á meðan hefur Jón Frjálslynda flokkinn í herkví. Ef fundið er að því, er það móðgun við Jón og hann aftur beðinn afsökunar. Þetta er alveg kostulegt.


ÁMUNDI LOFTSSON

Jón Magnússon ætlar inn á Alþingi hvað sem það kostar. Þetta er síðasti séns. Hann hefur tryggt sér vinfengi og stuðning sitjandi þingmannanna Frjálslynda flokksins og mun tryggja þeim þau atkvæði sem honum eru tiltæk til endurkjörs. Hann á vísan stuðning þeirra á móti. Komist þeir inn á Alþingi verða þeir Jóni auðveldir viðfangs. Forsmekkur þess blasir við allra augum. Hann mun ríkja yfir hópnum eins og Napóleon.

*Jón Magnússon ætlar inná Alþingi hvað sem það kostar. Þetta er síðasti séns. Hann hefur tryggt sér vinfengi og stuðning sitjandi þingmannanna Frjálslynda flokksins og mun tryggja þeim þau atkvæði sem honum eru tiltæk til endurkjörs.*

Hér hangir fleira á spýtunni. Með væntanlegum reglum um fjármögnun á stjórnmálastarfsemi í landinu á Nýtt afl enga möguleika. Inngangа Jóns og félaga snýst því einnig um aðgang að fjármunum og eignum Frjálslynda flokksins.

Landsþingið verður það nærri kosningum að menn munu reyna allt til að halda friðinn. Það gefur Jóni svigrúm. Það vinnur með honum. Hann á hægar með að tryggja sér fylgi, kemst lengra með sínar áherslur. Þetta veit hann. Þetta er hinn grái leikur Jóns Magnússonar. Hann er klókari en tófan.

Nái Jón Magnússon völdum í Frjálslynda flokknum eins og hann stefnir að, er flokkurinn úr sögunni sem frjálslynt umbótaafl og næsta víst að hann verði til sölu á pólitískum uppboðsmarkaði eftir kosningar þar sem stefnumál hans fara endanlega lönd og leið.

## AF NETINU

### Hugleiðingar um jafnaðarhugsjónina

**Egill Helgason veltir fyrir sér aðgerðum til að jafna lífskjör á Íslandi.**

Jafnaðarhugsjónin er mjög rík í samtímanum en því miður er ekki hægt að jafna allt svo vel sé. Til dæmis vilja íþróttaáhugamenn frekar horfa á karla en konur spila fótbolta – og þarafleiðandi fá karlar hærri laun fyrir að iðka þessa í þrótt en konur. Nýlega spratt samt upp umræða um að jafna þyrfti þennan mun. Á móti er þykir flestum skemmtilegra að sjá konur iðka fimleika en karla og hið sama gildir um tennis og jafnvel um handbolta.

Það er ekki hægt að koma því til leiðar að karlmaður geti karli barn eða kona konu. Þarna er ákveðið ójafnræði sem hefur farið að svíða sárt á tíma aukins kynfrelsis. Það eru farnar flóknar leiðir til að leiðrétta þennan ójöfnuð í náttúrunni. Við hin getum notað gömlu aðferðina sem er tiltölulega einföld, þ.e. ef maður býr við þann jöfnuð að einhver vill gera það með manni. Svo er alls ekki um alla.

Svipað gildir um lög um fæðingarorlof. Það er ekkert launungarmál að þau eru ekki samin með hagsmuni barna í huga heldur til að jafna milli karla og kvenna. Því það er staðreynd að náttúrunnar vegna þarf karlmaður ekki að missa úr einn einasta vinnudag vegna barnsfæðingar. Það þarf að lokka karlana burt með peningum í nafni jafnræðisins.

Í skólunum er líka talin nauðsyn að jafna, enda er allt sem tengist elítisma bannorð núorðið. Samt er staðreynd að sumir geta ekki lært, vegna þess að þeir vilja það ekki, vegna heimsku eða vegna þess að þeir nenna því ekki. Samt skal blandað í bekki með þeim afleiðingum að helst enginn lærir neitt. Aðferðin er einfaldlega að draga niður bestu nemendurna. Þannig er aftur jafnað að ofan.

Í nafni jöfnuðar má heldur ekki rukka inn skólagjöld. Afleiðingin af því er jöfnuður sem felst í því að allir skólar verða jafnlélegir. Í heilbrigðiskerfinu á líka að ríkja jafnræði og birtist í því að fólki sem á peninga er bannað að nota þá til að kaupa læknisþjónustu, það má kaupa bíla og alls kyns skran, en helst ekki heilsu. Þarna er líka jafnað að ofan og niður.

**Silfur Egils er á Visir.is undir umræðan.**



# Færi að losna undan EES

UMRÆÐAN
Evrópusamstarf

Nú virðist vera komið tækifæri til þess að losna undan EES-samningnum eða að minnsta kosti að láta reyna á undanþágumöguleikana frá hinum allt óaðgengilegri valdboðum ESB.

Þær fregnir berast nú frá Noregi að menn þar séu farnir að átta sig á að EES-samningurinn er ekki í þágu Norðmanna nema undanþágur fáist frá tilskipunum ESB sem bæði Noregur, Ísland og Liechtenstein eru nauðbeygð til þess að gegna. Aðstæður í Noregi, reyndar líka á Íslandi, eru allt aðrar en í ESB-kjarnalöndum og reglugerðir ESB henta því oft afar illa. EES-samningurinn fól í sér framsal á fullveldi ríkjanna þriggja og þar með afsal á óskoruðum rétti þeirra til þess að setja sjálf lög og reglur í sínum þjóðlöndum. Það sem kveikti í Norðmönnum núna er þjónustutilskipunin svokallaða sem greinilega á að útvíkka markað ESB-þjónustufyrirtækja, hún er þó líklega í raun með svipuðum tilgangi og stór hluti tilskipana ESB: miðstýra heilum atvinnugreinum frá Brussel, gefa stórfyrirtækjum í ESB forskot en gera staðbundinni atvinnustarfsemi, sérstaklega litlum fyrirtækjum, erfiðara fyrir og hamla nýliðun. Ein afleiðing þjónustutilskipunarinnar gæti orðið undirboð sem íslensk fyrirtæki, sem eru vön að hlýta hér reglum og mannasiðum, geta ekki keppt við og neyðast kannske til þess að leggja upp laupana. Norðmenn benda á að ekki hafi enn reynt á undanþáguákvæði í EES-samningnum, með öðrum orðum hafa Noregur, Ísland og Liechtenstein ekki þorað að neita að hlýða ESB hingað til. Nú er greinilega kominn tími til þess að láta á þetta reyna.



FRIÐRIK DANÍELSSON

### Dýpkandi fen

Valdboð ESB vegna EES-samningsins eru líklega orðin um 3000 (fáir í íslenska stjórnkerfinu virðast vita nákvæma tölu) sem þýðir að Íslendingar hafa fengið í grófum dráttum eitt valdboð á hverjum virkum degi síðan samningurinn reið yfir þjóðina með samþykkt Alþingis 1993. Ekki sér fyrir endann á flóði tilskipana. Íslenska stjórnkerfið hefur bólgnað út, kostnaðurinn við það vex stöðugt, grónar og góðar íslenskar stofnanir eru að kaffærast í smámunasemi evrópskrar skriffinnsku. Sveitarfélögin verða óþyrmilega fyrir barðinu á tilskipununum og ráða illa við kostnaðaraukann sem af því hlýst, skattgreiðendur finna það. Og íslensk fyrirtæki þurfa að bera sívaxandi kostnað af leyfisveitingakerfum, reglugerðum og kvöðum. Íslensk stjórnvöld geta orðið trauðla sett landslýð lög eða reglur lengur án þess að fletta þurfi upp í tilskipanafeni EES-samningsins og gá hvort mönnum leyfist að stjórna landinu í samræmi við vilja og aðstæður landsmanna.

*Íslenska stjórnkerfið hefur bólgnað út, kostnaðurinn við það vex stöðugt, grónar og góðar íslenskar stofnanir eru að kaffærast í smámunasemi evrópskrar skriffinnsku.*

### Stjórn atvinnustarfseminnar að fara út

Íslensk stjórnvöld hafa þegar í raun misst stjórnina á starfsumhverfi atvinnustarfseminnar, viðskiptunum við útlönd, innstreymi útlendinga og brýnum menningarlegum málum. Vinnumarkaðstilskipanirnar, samkeppnisreglurnar eða uhverfistilskipanirnar eru ekki settar í samræmi við íslenska þörf heldur vegna þess að þær samræmast aðstæðum og vilja stjórnenda ESB. Viðskiptahindranir EES við lönd utan hins margjaplaða „innra markaðs" eru ekki í þágu Íslands heldur ESB. Rekstrarumhverfi atvinnunnar hér er að þróast í átt að evrópsku umhverfi, þar sem ósveigjanleiki, ofstjórn hins opinbera og allt of miklar og kostnaðarsamar kvaðir eru búnar, þegar á heildina er litið, að reka atvinnulífið í ESB í hatrammlega stöðnun sem enginn sér leið út úr, þrátt fyrir stöðuga útþenslustefnu. Lífvænleg nýliðun í vissum hlutum íslensks atvinnulífs er nú líka farið að hraka og ekki víst að erlend stórfyrirtæki geti hlaupið í skarðið endalaust.

### Skref í rétta átt

Það væri stórt skref í rétta átt ef Norðmenn gætu fengið undanþágu frá kvöðum EES-samningsins, við Íslendingar þurfum að styðja þá í því. En endanleg lausn á fullveldismálinu fæst ekki nema að EES-samningnum verði sagt upp og Íslendingar, og mögulega Norðmenn líka, taki upp tvíhliða viðskiptasamninga við ESB eins og stærsta landið í EFTA, Sviss, gerði á sínum tíma þegar Svisslendingar höfnuðu EES-samningnum. Það hefur gefist þeim afar vel, þeir halda sínu sjálfstæði og hafa notið meiri velgegngni en ESB-ríkin. EFTA (Sviss, Noregur, Liechtenstein og Ísland) er góður vettvangur til þess að koma Íslandi (og mögulega Noregi og Liechtenstein) undan tilskipanavaldi ESB og til þess að styðja Norðmenn, EFTA hefur reynst okkur farsællega og sækir fram á heimsvísu en ekki bara á þröngu svæði Evrópu.

*Höfundur er verkfræðingur.*

# Grafarþögn Vinstri grænna

**Umræðan**

Pétur Sigurðsson skrifar um umhverfismál.

ÞAÐ virðist hafa farið framhjá mörgum að ein meginástæðan fyrir mengun og gróðurhúsalofttegundum er jarðvegseyðing, hér á landi sem annars staðar. Þegar gróðurinn hverfur hættir hann að binda koltvísýring og þá tekur rotnun lífrænna leyfa við. Úr jarðveginum streymir því koltvísýringur og metan úr uppþurrkuðum mýrum.

Öll viljum við draga úr mengun en hefur fólk áttað sig á því að mengun frá bílum hér á landi, skipum og verksmiðjum er lítil miðað við þá mengun, sem jarðvegseyðingin, þessi niðurgreidda niðurlæging, gefur frá sér? Nú er talað um vakningu í umhverfismálum og því ber að fagna en hvernig má það vera að um þetta er ekkert talað, þessar manngerðu auðnir og eyðimerkur? Það er beitin, lausagangan, sem kemur í veg fyrir að unnt sé að snúa dæminu við, klæða landið nýjum gróðri og loka þannig mestu mengunaruppsprettunni.

Í vakningunni sem um er talað vekur mesta athygli afstaða Vinstri grænna. Þeir gefa sig út fyrir að vera umhverfisverndarfólk og þess umkomnir að lesa öðrum pistilinn en eru síðan sammála bændasamtökunum um að beita skuli auðnirnar og ekki komi til mála að friða þær.

Hvaða orð á að velja því fólki, „umhverfisverndarfólki", sem lætur sem því komi ekki við ömurlegt ástand hinnar lifandi náttúru, undirstöðu alls lífs á jörðinni? Hræsnarar er eina orðið sem á við Vinstri græna eða Vinstri svarta eins og margir eru farnir að kalla þá.

Að lokum vil ég hvetja alla til að lesa greinina „Að grafa sér gröf", sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins um síðustu helgi. Hún er holl hugvekja. Ef við tökum okkur ekki á er viðbúið að ósannindin um „óspillt" land og „sjálfbæran búskap" verði rekin öfug ofan í okkur. Það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir orðstír lands og þjóðar og hugsanlega spillt fyrir okkur á erlendum markaði.

*Höfundur er járnsmiður.*

*Öll viljum við draga úr mengun en hefur fólk áttað sig á því að mengun frá bílum hér á landi, skipum og verksmiðjum er lítil miðað við þá mengun sem jarðvegseyðingin gefur frá sér?*

# Orðheldni skiptir máli

UMRÆÐAN
Kjarabarátta

Kennarar í skólum borgarinnar hafa á undanförnum vikum ályktað og sent frá sér yfirlýsingar þar sem þeir lýsa óánægu sinni með að ekki hefur fengist niðurstaða í hvort endurskoðunarákvæði í samningum þeirra komi þeim til góða.

Á undanförnum dögum hafa sveitarstjórnarmenn tjáð sig í fjölmiðlum um með hvaða hætti þeir sjá fyrir sér samninga við kennara í framtíðinni. Þeir leggja til að aðskilja þurfi annars vegar samninga um launakjör og hins vegar samninga um innra skólastarf. Það sé í höndum sveitarstjórnarmanna að útfæra það.

Því ber að fagna að sveitarstjórnarmenn tjái sig um grunnskólann. Grunnskólinn er stærsta og mikilvægasta verkefni sveitarfélaga og hornsteinn íslensks þjóðfélags. Góð grunnmenntun þjóðarinnar er forsenda þess að við getum talist til sjálfstæðrar þjóðar.

Sveitarfélögin hafa gríðarlega hagsmuni af því að efla traust samfélagsins til samningagerðar við grunnskólakennara áður en næsta samningalota hefst. Koma þarf í veg fyrir að starf í grunnskólum verði fyrir viðlíka uppnámi og í samningalotunni árið 2004.



ÞORGERÐUR LAUFEY DIÐRIKSDÓTTIR

En hvað ber þá að varast í þessari umræðu?

Kjarasamningar kennara hafa verið tvíhliða. Annars vegar samningar um kaup og kjör og hins vegar fjalla þeir um gæði kennslu. Í drögum um kjarastefnu Félags grunnskólakennara er tvennt sem sérstaklega miðar að því að bæta skólastarfs. Í fyrsta lagi sveigjanleg kennsluskylda; ekki á að vera lágmark á kennsluskyldu en það á að vera hámark. Í öðru lagi nemendafjöldi í bekk/námshóp, til þess að hægt sé að tryggja að nemendahópar verði aldrei stærri en svo að unnt sé að sinna hverjum nemanda með þeim hætti sem grunnskólalög og aðalnámskrá kveða á um.

Kennarar hafa í gegnum tíðina lagt áherslu á að samningar þeirra innihaldi ákvæði sem gera þeim kleift að vinna af fagmennsku. Þessir kjaraliðir hafa ekki skilað þeim betri launum í krónum talið en hins vegar betri skóla og þar með starfsumhverfi.

Kennarar hafa talið mjög mikilvægt að tryggja faglega kennslu í grunnskólum um allt land. Þetta endurspeglast í könnunum sem gerðar hafa verið á skólastarfi og árangri nemenda í samræmdum prófum, s.s PISA. Ekki er merkjanlegur munur á skólum hér á landi, ólíkt því sem gerist annars staðar í heiminum.

*Sveitarfélögin hafa gríðarlega hagsmuni af því að efla traust samfélagsins til samningagerðar við grunnskólakennara áður en næsta samningalota hefst.*

Ísland skipar sér í fyrsta sætið hvað þetta varðar og Norðurlönd koma strax á hæla okkar enda hafa samningar kennara á Norðurlöndum gengið út á það sama: Að tryggja faglega og góða kennslu, bæði í gegnum kjarasamninga og aðalnámskrá.

Hefjast þarf strax handa ef byggja á upp traust tímanlega fyrir næstu samninga um að nægilegt fjármagn sé tryggt til að allir nemendur njóti lögbundinnar kennslu í framtíðinni.

Ef takast á að fylgja kennurum að baki þeirri samningagerð sem framundan er verða sveitarstjórnarmenn að sýna að þeir séu traustsins verðir með því að bregðast strax við endurskoðunarákvæði samningsins, þ.e. skoða hug sinn til þeirra samninga sem þegar hafa verið undirritaðir. Orðheldni skiptir miklu máli í samningagerð.

Öll viljum við jú að allir nemendur njóti lögbundinnar kennslu í framtíðinni og nægt fjármagn sé tryggt til að standa straum af kostnaði við hana.

*Höfundur er formaður Kennarafélags Reykjavíkur.*




Nemur eyrað það sem augað sér?

Fáðu enn kröftugri hljómburð úr stóra flatskjánum þínum með **Yamaha** heimabíómagnara. Með **Yamaha** magnara og réttu hátölurunum verða heildaráhrifin af myndinni og upplifunin öll sterkari, hljómurinn kemur úr öllum áttum í rýminu og þér finnst eins og það sé bíó heima hjá þér.

AF NETINU

## Hey, þetta er gras!

**Róbert Marshall fjallar um uppgötvun Guðna Ágústssonar.**

„Skopteiknarinn Gary Larson hefur um árabil teiknað myndir í flokki sem hann kallar Tales from the far side. Í dag datt mér í hug mynd sem ég sá eftir hann fyrir mörgum árum. Beljuhópur stendur á beit á grösugri hæð þegar ein þeirra lyftir höfði og segir: hey! þetta er gras! Við erum búnar að vera éta gras!!

Ég var sumsé að lesa viðtal við Guðna Ágústsson, landbúnaðarráðherra, þar sem hann, saltillur, segir Bush, Bandaríkjaforseta, skulda íslensku þjóðinni afsökunarbeiðni fyrir að blekkja sig til fylgilags við innrásina í Írak."

**Af www.marshall.is**

## Orkuveitan hækkar

**Ómar R. Valdimarsson fjallar um orkuverð í kuldakasti.**

„Það er ekkert svo langt síðan að Gullfr..., afsakið, Alfreð Þorsteinsson, tilkynnti Reykvíkingum að hækka þyrfti reikninga Orkuveitunnar, þar sem að „hlýindi hefðu dregið úr heita vatns notkun, og þar af leiðandi tekjum Orkuveitunnar".

Nú var helvíti kalt hérna um daginn og ég botnaði alla ofna og hafði öll ljós kveikt í nokkra daga. Ég geri því fastlega ráð fyrir að heita vatnið og rafmagnið lækki um næstu mánaðarmót. Eða hvað?

Þetta með að raforkuverð Orkuveitu Reykjavíkur sé að fara hækka um áramótin hlýtur eiginlega bara að vera einhver misskilningur. Er það „svona sem Orkuveitan vill hafa það?""

**Af www.omarr.blog.is/**

## RÚV enn á ný

**G. Pétur Matthíasson skrifar um RÚV-frumvarpið.**

„Það er einkennilegt hversu margir virðast halda að Ríkisútvarpið verði ákaflega ríkt við það að breytast í ohf. Keppinautarnir keppast við að halda þessu fram og tala um hversu erfitt verði að keppa við RÚV eftir breytinguna.

Ég sé ekki þessa peninga í frumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi. Óheillaskatturinn sem leggja á á hvert nef (og er upphafið að endalokum almannaútvarps í þjóðarþágu) á að skila sömu tekjum og Ríkisútvarpið hefur nú af afnotagjöldum. Miðað við upphæðina einsog hún er í furmvarpinu er jafnvel hæpið að það náist. Þess utan er upphæðin færð í lög, þannig að þegar nefskatturinn kemst í gagnið 2009 þá hefur upphæðið lækkað um sem nemur verðbólgunni. Kannski 6-12 prósent.

Þingmenn gætu þá þurft að samþykkja ný lög um hækkun nefskattsins áður er innheimta hans hefst. Leggja þarf fram frumvarp, sem mæla þarf fyrir, senda til nefndar, fá umsagnir og allt það og ræða í þremur umferðum í sölum Alþingis. Er þetta nú skynsamlegt."

**Af www.gpetur.blogspot.com**







**YAMAHA RX-V659**
7 x 150 W, 4 ohms, 1kHz, 0,7%THD
EISA verðlaunamagnari 2007
Verð: 69.995 kr.

YAMAHA



**YAMAHA RX-V1700**
7 x 180W, 4 ohms, 1kHz, 0,7% THD
Möguleiki á 1080p í gegnum HDMI
Verð: 129.995 kr.

Hátækni

Komdu í Hátækni og heyrðu betur það sem við höfum að segja um Yamaha heimabíómagnara.

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 60531

## Kjarni málsins

> Kyn kennara á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu 2005-2006




**menntun**
*nám, fróðleikur og vísindi*

**VÍSINDAMAÐURINN:** SÖLVI SVEINSSON SKÓLASTJÓRI VERZLUNARSKÓLANS

# Fræðsluþörf í stað skólaskyldu



Sölvi Sveinsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, hélt erindi á málþingi um framtíðarsýn grunnskóla síðastliðinn laugardag þar sem hann leiddi að því rök að skilningur samfélagsins á hugtökunum skóla- og fræðsluskylda hafi breyst. „90 prósent barna sem eru tveggja ára og eldri eru í leikskóla, og 95 prósent nemenda byrja í framhaldsskóla eftir grunnskóla og meira en helmingur þeirra er fram yfir tvítugt í námi. Fræðsluskylda, eða fræðsluþörf hefur því leyst skólaskyldu af hólmi. Nemendur eru almennt miklu lengur í námi en skólaskylda kveður á um,“ segir Sölvi.

Á málþinginu færði Sölvi einnig rök fyrir því að auka ætti flæði á milli skólastiga. Í því felst að nemendur geti farið á milli skólastiga án þess að hafa náð tilskildum aldri, ef þeir hafa getu til þess. „Af hverju mega ekki sex ára börn sem eru seinþroska ekki vera lengur í leikskóla og af hverju mega börn í níunda bekk ekki fara upp í framhaldsskóla,“ segir Sölvi, en hann hefur fengið leyfi til þess frá menntamálaráðuneytinu að taka þrjátíu nemendur úr níunda bekk inn í Verzlunarskólann á komandi önn. Þetta hefur verið gert á Akureyri í nokkurn tíma að sögn Sölva.

Þessari hugmynd Sölva fylgir gagnrýni á samræmdu prófin í tíunda bekk, því þau draga úr þessu flæði. Hann segir samræmdu prófin of stýrandi og að þau geti grafið undan verknámi því þær greinar fái enga áherslu í prófunum. „Allt íslenska skólakerfið er of prófamiðað, en það fyrirkomulag grefur undan einstaklingsmiðuðu námi. Það þarf að koma á meiri fjölbreytni í námsmati.“

■ **Skólinn**

## Laugarnesskóli

Laugarnesskóli er þriðji elsti grunnskólinn í Reykjavík, en skólastarf hófst í honum árið 1935. Í skólanum er kennsla yngstu bekkja grunnskólans, frá fyrsta upp í sjötta bekk, en áður var kennt í skólanum upp í sjöunda bekk. Ein helsta sérstaða Laugarnesskóla er stærsta náttúrgripasafn grunnskóla á Íslandi. Markmið skólans er að leitast við að vera í fararbroddi barnaskóla og veita börnum alhliða menntun og þroska með mannrækt og manngæsku að leiðarljósi. Skólastjóri Laugarnesskóla er Guðmundur Þór Andrésson.



■ **Fyrirlestur**

## Tungumál og atvinnulífið

Róbert Stefánsson, markaðsstjóri hjá Infotec og Hannes Högni Vilhjálmsson, hjá Háskólanum í Reykjavík, halda fyrirlestra í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins í dag klukkan 15.00.

Fyrirlestur Róberts kallast Þýðingar með aðstoð gsm-síma, en í honum verður sagt frá starfi útgáfufélagsins Infotec sem hefur unnið að því í samvinnu við OgVodafone að setja innihald setningahandbókar á stafrænt form.



Fyrirlestur Hannesar Högna heitir Lifandi mál og menning, en í honum verður lýst kerfi sem Háskólinn í Reykjavík er að þróa í samstarfi við Suðurkaliforníuháskóla (USC) og fyrirtækið Alelo Inc. til kennslu á tungumálum og siðum framandi þjóða.

■ **Fyrirlestur**

## Tungutækni í HÍ

Tungutæknisetur áformar að standa fyrir mánaðarlegum fyrirlestrum um tungutækni (máltækni) fram á vor. Fyrsti fyrirlesturinn verður haldinn í stofu 101 í Árnagarði þriðjudaginn 5. desember og hefst klukkan tólf. Fyrirlesari er Stefán Briem eðlisfræðingur og nefnist erindi hans „Vélrænar þýðingar milli tungumála“. Stefán mun fjalla um helstu þættina í þróun vélrænna þýðinga. Hann hefur fengist við rannsóknir og þróun á þessu sviði í aldarfjórðung og mun segja frá því. Þá mun hann ræða sérstaklega um vélrænar þýðingar af íslensku á önnur tungumál.

■ **Verðlaun**

## Uppúr skúffunum 2006



Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, afhendir verðlaun fyrir samkeppnina „Uppúr skúffunum 2006 – Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands“ við hátíðlega athöfn á morgun, föstudaginn 1. desember, klukkan fjögur í Tæknigarði. Allir háskólaborgarar hjartanlega velkomnir. Boðið er upp á léttar veitingar og ljúfa tóna og þess einnig minnst að í ár er Rannsóknaþjónustan 20 ára.

■ **Doktorsvörn**

## Hugmyndir barna um líkamann

Þriðjudaginn 21. nóvember fór fram doktorsvörn í uppeldis- og menntunarfræði frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þá varði Gunnhildur Óskarsdóttir, kennslufræðingur og lektor við Kennaraháskóla Íslands, doktorsritgerð sína, The development of children's ideas about the body: How these ideas change in a teaching environment eða Hugmyndir barna um mannslíkamann. Hvernig kennsla hefur áhrif á þróun hugmyndanna.

Aðalleiðbeinendur í verkefninu voru prófessorarnir Jón Torfi Jónasson og Michael Reiss.

Andmælendur voru Gustav Helldén, prófessor við háskólann í Kristianstad í Svíþjóð, sérfræðingur í kennslufræði náttúrufræðigreina og Robert Lock, dósent við Birmingham-háskólann í Englandi, sérfræðingur í kennslufræði náttúrufræðigreina.

■ **Doktorsvörn**

## Íslenskt leikhús

Laugardaginn 25. nóvember varði Sveinn Einarsson leikstjóri ritgerð sína A People´s Theatre Comes of Age. A Study of the Icelandic Theatre 1860-1920 við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Andmælendur voru dr. Sveinn Ingvi Egilsson, dr. Trausti Ólafsson og dr. Steve Wilmar frá Trinity College í Dublin. Athöfninni stýrði Oddný G. Sverrisdóttir, forseti hugvísindadeildar.

Meginkenning Sveins í þessari ritgerð er sú, að íslenskt leikhús hafi komist miklu fyrr til listræns þroska atvinnumennskunnar en almennt hefur verið talið. Hann skoðar hugtök eins og áhugaleiklist og atvinnuleiklist og kannar hvaða merkingu svipuð hugtök á öðrum tungumálum fela í sér. Í kjölfar þess setur hann upp nokkur viðmiðunarmörk, sem sýna að íslensk leiklist varð ekki atvinnuleikhús á einni nóttu, þegar leikarar og aðrir leikhúsmenn fluttu inn í Þjóðleikhúsið árið 1950 og byrjuðu að sýna þar.

# Gagngerar breytingar á skipulagi háskólans

**Skipulagi Háskóla Íslands mun líklega verða breytt á næsta ári. Í stað ellefu deilda munu líklega koma fimm til sjö skólar. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, er formaður nefndar háskólaráðs sem vinnur að breytingunum.**



**ÓLAFUR Þ. HARÐARSON** Stýrir nefnd á vegum háskólaráðs sem lagt hefur fram hugmyndir um breytingar á skipulagi Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrstu hugmyndir nefndarinnar um væntanlegar breytingar voru kynntar á háskólafundi þann sautjánda nóvember síðastliðinn.

Ólafur segir að ein hugmyndin sé að í stað þeirra ellefu deilda sem nú eru í Háskóla Íslands komi fimm til sjö skólar: heilbrigðisvísindaskóli, félagsvísindaskóli, hugvísindaskóli, verkfræði- og raunvísindaskóli, og mögulega uppeldisvísindaskóli. Ef verður af sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans, sem Ólafur telur afar líklega, muni uppeldisvísindaskólinn líklega verða byggður upp í kringum Kennaraháskólann.

Að sögn Ólafs eru breytingarnar fyrst og fremst fyrirhugaðar vegna þess að í úttektum sem Ríkisendurskoðun og Evrópsku háskólasamtökin framkvæmdu voru gerðar athugasemdir við núverandi deildaskiptingu í skólanum.

Ástæðan fyrir þessum athugasemdum er gríðarlegur stærðarmunur á deildum skólans. „Munurinn á fjölda nemenda í deildum skólans er mikill. Í fámennustu deildunum eru hundrað til tvöhundruð nemendur en í þeim fjölmennustu um 2.500. Við erum að tala um fimmtánfaldan mun á milli fámennustu og fjölmennustu deildanna. Önnur ástæða er sú að mönnum hefur þótt of mikið að vera með ellefu deildir,“ segir Ólafur og bætir því við að önnur orsök breytinganna sé mikil aukning nemenda í skólanum.

Næstu skref verða þau að nefnd háskólaráðs mun ýta undir að þessar breytingar verði ræddar í deildum og skorum skólans á næstu vikum og mánuðum. „Við viljum að það fari í gang mjög öflug grasrótarumræða í skólanum um þessar hugmyndir, þannig að háskólasamfélagið fái gott tækifæri til að ræða þær.

Vonandi verður komin niðurstaða um breytingarnar næsta vor,“ segir Ólafur og bætir því við að breytingarnar séu liður í því markmiði að efla Háskóla Íslands til muna.

ingifreyr@frettabladid.is

Helstu álitamálin voru tekin fyrir á 250 manna málþingi um síðustu helgi:

# Grunnskólalög í endurskoðun

Grunnskólalögunum verður hugsanlega breytt á næsta ári. 25. nóvember síðastliðinn var haldið málþing á Hótel Nordica þar sem rætt var um álitamál í endurskoðun laganna, svo sem samfellu á milli skólastiga, skólaskyldu og fræðsluskyldu, einstaklingsmiðað nám, samræmd próf og samstarf um skólastarf. Um 250 manns mættu á málþingið.

Að sögn Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, formanns nefndar sem semur frumvarp til nýrra grunnskólalaga, voru niðurstöðurnar á málþinginu meðal annars þær að reyna að líta á skólastigin þrjú, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigið sem eina heild. Hún segir niðurstöður málþingsins vera í átt til aukins sveigjanleika, valfrelsis, sjálfstæðis og velferðar nemenda.

Ein af niðurstöðum málþingsins að sögn Guðrúnar Ebbu er að breyta eigi fyrirkomulaginu á samræmdu prófunum í tíunda bekk því þau séu of stýrandi. Guðrún Ebba segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um það hvernig prófunum verður breytt.

Guðrún Ebba segir að málþingið hafi verið lokapunktur í samráðsferli sem hófst hjá nefndinni í mars. Hún segir að nefndin hafi talað við á annað hundrað hagsmunaaðila á landinu, „Það var mikil ánægja með þetta þing hjá þátttakendunum. Fólki fannst gott að fá tækifæri til að ræða þessi mál.“ Nefndin mun meðal annars nota þær niðurstöður sem komu fram á málþinginu þegar hún vinnur lagafrumvarpið um breytingar á grunnskólalögunum sem hún á að skila menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, í lok ársins. - ifv



**GUÐRÚN EBBA ÓLAFSDÓTTIR** Formaður nefndar sem skilar frumvarpi um breytingar á grunnskólalögunum til menntamálaráðherra í lok þessa árs.

*5 jól í Nettó!*

# *Tælensk jól*

## 30. nóvember-3. desember

**Kynnumst betur og smökkum saman tælenskan hnetukjúkling og önd!**



**Waraporn Chance og fleiri leyfa okkur að smakka í**
**Nettó-Mjódd: Fimmtud. og föstud. kl. 16-18.**
**Nettó-Akureyri: Föstud. kl. 16-18. og laugard. kl. 14-16.**
**Nettó-Grindavík: Laugardag kl. 14-16.**
**Nettó-Salavegi: Sunnudag kl. 14-16.**

nettó



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Karl Gunnlaugsson**

Garðarsbraut 28, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þriðjudaginn 28. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

F.h. aðstandenda

**Hörður Már Karlsson** — **Anna Lilja Guðjónsdóttir.**
**Berglind María Karlsdóttir** — **Kristinn Einarsson**
**Barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.**



*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Örn Steinar Ásbjarnarson**

Þorgrímsstöðum,

verður jarðsunginn frá Tjarnarkirkju, Vatnsnesi laugardaginn 2. desember kl. 14.00.

**Kristín Guðjónsdóttir**
**Ásbjörn Guðmundsson**
**Þorbjörg Ásbjarnardóttir** — **J. Óskar Sigurbjörnsson**
**Margrét Ásbjarnardóttir** — **Þorvaldur Kristjánsson**
**Ásbjörn, Alexander og Þorvaldur Örn.**



*Okkar ástkæri vinur, faðir, tengdafaðir, bróðir og mágur,*

**Gunnar M. Sigurðsson**

(Gunni Sig.), starfsmaður Vífilfells, Álfaskeiði 76, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju á morgun, föstudaginn 1. desember kl. 13.00.

**Aðalbjörg Sigþórsdóttir**
**Sigurður Örn Gunnarsson** — **Sif Heiða Guðmundsdóttir**
**Hilmar Örn Gunnarsson** — **Ólöf Jónsdóttir**
**Aðalbjörg Gunnarsdóttir** — **Höskuldur Þór Höskuldsson**
**Sigríður Ósk Zoëga Sig.** — **Guðmundur Smári Tómasson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Valberg Sigurjónsson**

matsveinn,

lést miðvikudaginn 22. nóvember á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. desember k. 13.00.

**Sigurjón Valberg Jónsson** — **Theódóra Sigrún Haraldsdóttir**
**Guðmundur Valberg Jónsson** — **Linda Silch**
**Kristinn Valberg Jónsson** — **Malgorzata Bluszko**
**Valborg Sigrún Jónsdóttir** — **Jón Ingi Sigvaldason**
**Jóhann Valberg Jónsson** — **Dagbjört Þuríður Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Magðalena Ólafsdóttir**

húsmóðir, Austurgerði 8, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 27. nóvember sl. Jarðarförin fer fram í Bústaðakirkju þriðjudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Hannes Vigfússon**
**Ómar Hannesson** — **Anna Karlsdóttir**
**Elín Hannesdóttir**
**Baldur Hannesson** — **Særós Guðnadóttir**
**Haukur Hannesson**
**Bryndís Hannesdóttir** — **Halldór Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞRÁINN BERTELSSON RITHÖFUNDUR ER 62 ÁRA Í DAG**

*Mannleg náttúra er nú einu sinni þannig að flest er hægt að þola nema velgengni annarra.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. NÓVEMBER 1835

## *Mark Twain fæðist*



Bandaríski rithöfundurinn Mark Twain fæddist á þessum degi árið 1835 . Hann hét réttu nafni Samuel Clemens.

Dulnefni sitt fékk fann hann þegar hann var skipstjóri á gufuskipi liðlega tvítugur. Þegar áin mældist ekki dýpri en tveggja faðma djúp hrópuðu hásetarnir „mark twain“ til að vara skipstjórann við. Þegar Clemens sneri sér að skriftum árið 1861 skrifaði hann ferðasögu í léttum dúr undir dulnefninu Mark Twain, sem hann notaði eftirleiðis. Árið 1864 flutti hann til San Franciscoog skrifaði þar söguna sem gerði hann frægan: The Celebrated Jumping Frogs of Calaveras County.

Næstu árum eyddi hann á faraldsfæti um heiminn og skrifaði bækur. Árið 1870 gekk hann í hjónaband, árið 1875 kom bókin Tom Sawyer út en árið 1885 kom meistarastykki hans, Stikilsberja-Finnur, út. Clemens varð gjaldþrota í kjölfarið en kom aftur undir sig fótunum. Árið 1903 fluttist hann til Ítalíu þar sem konan hans lést. Clemens tregaði hana mjög og bera verk hans eftir það þess vitni, kímnin var enn til staðar en efnistökin dekkri. Sjálfur lést hann árið 1910.

**SR. GARÐAR ÞORSTEINSSON PRÓFASTUR:** ALDARMINNING Í HAFNARFIRÐI

# Klettur í stormum lífs



**SÉRA GARÐAR ÞORSTEINSSON** Var sóknarprestur og klettur Hafnfirðinga í 45 ár, en hann hefði orðið 100 ára á laugardag.

„Garðar þjónaði á umbrotstíð og mörgum tímaskeiðum liðinnar aldar í Hafnarfjarðarkirkju, Bessastaðarkirkju og Kálfatjarnarkirkju. Hann var einstakur maður,“ sagði sr. Gunnþór Ingason, sóknarprestur í Hafnarfirði, en um helgina verður mikið um að vera í Hafnarfjarðarkirkju í tilefni aldarafmælis sr. Garðars. Hann þjónaði söfnuðum sínum frá 1932 til 1977, eða í fjörutíu og fimm ár. Hann lést árið 1979.

„Sr. Garðar var þróttmikill maður sem lét að sér kveða í félagsmálum á ýmsa vegu. Hann kom til Hafnarfjarðar í kreppunni og liðsinnti eftir bestu getu. Hann var formaður Vetrarhjálparinnar og fátækrahjálpar og var málsvari samhjálpar á þrengdartímum,“ sagði sr. Gunnþór. „Svo var hann einn af bestu söngvurum þjóðarinnar,“ bætti hann við, en Garðar söng með Karlakór KFUM og Fóstbræðrum og stjórnaði og söng með Þröstum, karlakór Hafnfirðinga. „Það er frábært að hlýða á hann syngja með Fóstbræðrum, það eru til upptökur með þeim þar sem sr. Garðar syngur einsöng og maður heyrir hreinlega ekki fallegri rödd,“ sagði Gunnþór.

Stríðsárin voru Hafnfirðingum erfið. „Sr. Garðar var kletturinn í þessum hafsjó þjáningu og rauna mannlífsins og þótti frábær sálusorgari. Hann var svo raungóður og traustur,“ sagði sr. Gunnþór.

Haldið verður upp á aldarafmæli sr. Garðars með veglegri dagskrá. Karlakórinn Þrestir og eldri Fóstbræður halda kórtónleika í kirkjunni klukkan þrjú á laugardag og á sunnudegi verður hátíðarguðþjónusta klukkan ellefu. „Ég, sr. Þórhallur Heimisson, sr. Þórhildur Ólafs og dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur leiðum messuna,“ sagði Gunnþór. Söngkonur sem sungu í kór kirkjunnar á efri árum séra Garðars koma einnig fram í messunni, þær Jóhanna Linnet, Ingveldur G. Ólafsdóttir, Guðný Árnadóttir og Margrét Pálmadóttir. Ásamt þeim syngja Ragnheiður Linnet, Hanna Björk Guðjónsdóttir, kór kirkjunnar og unglingakór, en nemandi úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar kemur einnig. „Svo verður hátíðisverður og samsæti í Hásölum Strandbergs, safnaðarheimilisins, þar sem sr. Björn Jónsson fyrrum prófastur flytur „Svipmyndir af samleið“, en hann jarðsöng sr. Garðar á sínum tíma,“ sagði sr. Gunnþór. Allir eru velkomnir.

**sunna@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**Bragi Sveinsson**

**lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 28. nóvember síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 5. desember klukkan 13.00.**
**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Helga Kristín Điep Nguyen**
**Kristín Ingveldur Bragadóttir**
**Þóra Sædís Bragadóttir**
**Aðalheiður Bragadóttir**
**Björn Bragi Bragason**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir, amma og langamma,*

**Elísabet Óskarsdóttir**

Sóltúni 5, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 1. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag velunnara Hlíðabæjar, Flókagötu 53.

**Óskar Heimir Ingvarsson** — **Guðrún Matthíasdóttir**
**Sigrún Pálína Ingvarsdóttir** — **Alfred Wolfgang Gunnarsson**
**Helga Björg Björnsdóttir** — **Hans-Petter Fransrud**
**Indriði Björnsson** — **Ekaterina Gagunashvili**
**Helga Þorleifsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**



*Elskuleg konan mín,*

**Ingibjörg Sófusdóttir**

Köldukinn 13, Hafnarfirði,

lést að Sólvangi þriðjudaginn 28. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.
Fyrir hönd barna, tengdabarna og barnabarna,

**Gunnar Guðmundsson.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristinn Guðmundsson**

bifreiðastjóri, Grenigrund 11, Akranesi,

andaðist á heimili sínu 27. nóvember 2006. Útförin verður gerð frá Akraneskirkju 8. desember 2006 kl. 14.

**Kirstín Benediktsdóttir**
**Rúnar Helgi Kristinsson**
**Petra Kristín Kristinsdóttir** — **Einar Guðni Þorsteinsson**
**Guðmundur Kristinn Kristinsson** — **Kristín Brynja Gústafsdóttir**
**Guðlaugur Guðjón Kristinsson** — **Sylvía Clothier Rúdolfsdóttir**
**og barnabörn.**




# KK & Einar Kárason

## flytja sögu KK í tónum og tali í Landnámssetri í Borgarnesi

Gjafakort á sýninguna er tilvalin jólagjöf.

Miðasala er hafin í síma 437 1600.

Frumsýning föstudaginn 29. desember n.k.
2. sýning laugardaginn 30. desember.

Sýningar í janúar:

| | | |
|---|---|---|
| Fös. 5. janúar | Fös. 12. janúar | Fös. 19. janúar |
| Lau. 6. janúar | Lau. 13. janúar | Lau. 20. janúar |
| Sun. 7. janúar | Sun. 14. janúar | Sun. 21. janúar |

LANDNÁMS-SETUR ÍSLANDS
BORGARNESI

Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar

S A F

Við óskum Landnámssetri Íslands til hamingju með Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar.

LímtréVírnet · SPM · BORGARBYGGÐ · Orkuveita Reykjavíkur · SAMSKIP

VÍS · samson · Ingibjörg Kristjánsdóttir · Ólafur Ólafsson · LOFT ORKA BORGARNESI EHF · Íslenska

Brákarbraut 13 -15 | Borgarnesi | Sími 437 1600 | www.landnam.is

Sýningar Landnámsseturs eru opnar alla daga frá kl. 11 - 17

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35193 11/06






## STUÐ MILLI STRÍÐA Britney eða Fred?

**ROALD EYVINDSSON** GEFUR VAFASAMAR JÓLAGJAFIR



Margir eru vafalaust farnir að hlakka til jólanna, þótt einhverjir kvíði þeim. Sjálfur er ég þarna mitt á milli. Get ekki beðið eftir að hafa það gott en kvíði því ofsalega að þurfa að kaupa geisladiska handa litlu frænkunum, sem finnst fátt eins skemmtilegt og að dilla sér við tónlist Britney, J-Lo og Shakira.

Það er nefnilega eitthvað annarlegt, ég leyfi mér að ganga svo langt að segja perralegt, við 29 ára gamlan mann sem kaupir diska með lagatitlum eins og Ooops I Did it Again. Svona næstum eins og miðaldra kallarnir og prestarnir sem fjölmenntu á myndir Shirley Temple þegar þær voru í bíó á sínum tíma. Alltaf skal mér líða eins og ég sé að kaupa argasta klám þegar ég fer með þetta að búðarkassanum.

Þegar ég lýsti þessari líðan fyrir félaga mínum spurði hann af hverju ég keypti einfaldlega ekki Limp Bizkit eða Red Hot Chili Peppers í staðinn og léti stelpurnar síðan skipta þeim. En ég get bara ekki hugsað mér að gera það vegna vonbrigðanna sem ég veit að það ylli. Sé fyrir mér stór, grátbólgin augu þegar í ljós kæmi að Fred Durst hefði leyst Britney af hólmi.

Hingað til hef ég leyst vandamálið með því að henda einhverjum „fullorðinsdisk“ með, til dæmis Best of Frank Sinatra eða Elvis Presley, svona eins og ég sé að leggja Passíusálmana á búðarborðið með kláminu. Svo hef ég það fyrir vana að spyrja sakleysislega hvort boðið sé upp á gjafapökkun, til að taka allan vafa af því að diskarnir með vafasama innihaldinu séu ekki til einkaafnota.

Lengi vel fannst mér þetta fyrirkomulag duga, en undanfarið þykir mér eins og afgreiðslufólkið sé nú farið að líta mig hornauga þegar ég spyr. Þannig að nú hef ég ekki bara orð á mér fyrir að vera gallharður J-Lo aðdáandi í helstu hljómplötuverslunum heldur elliær að auki og veit varla hvort mér finnst verra. Reyni bara að hugsa frekar um allar hnáturnar sem ég á eftir að gleðja um jólin.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝ DROTTNING GLÆPASÖGUNNAR






„Býr yfir öllu sem góð morðgáta þarf að hafa.“

*Þórarinn Þórarinsson,*
FRÉTTABLAÐIÐ

★★★

## Eftir höfund Þriðja táknsins

Óhugnanlegt morð á heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Reimleikar og hörmulegir atburðir grafnir úr fortíðinni - en tengjast þeir eitthvað morði á ungri konu sumarið 2006?

*Sér grefur gröf* er ný og spennandi glæpasaga eftir Yrsu Sigurðardóttur en bækur hennar koma nú á markað á 25 tungumálum í yfir 100 löndum heims.

**„*Skemmtileg* morðsaga eftir nýja glæpasagnadrottningu.“**
*Tímaritið* ALLAS *í Svíþjóð um Þriðja táknið*

**„*Sagan er æsispennandi ... grípur lesandann heljartökum.*“**
DAGBLADET *í Noregi um Þriðja táknið*

22.11.-28.11.2006
Metsölulisti Pennans / Eymundssonar
Skáldverk/innbundnar bækur
4. sæti

Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

**! Kl. 20.00**

*Hljómsveitin Villifé heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói. Samnefndur diskur þeirra inniheldur fjölbreytt lög eftir Árna Hjartarson en þar bregður fyrir skandinavískum fiðluvölsum, finnskum tangótakti, pólskum polka, sveitasöngvum, harmkvæðum og hetjuljóðum og allt verður þetta fléttað með þjóðlagakenndu ívafi og tilþrifum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sigur Rós í Svasílandi

Unicef stendur fyrir óvenjulegri uppákomu í versluninni Liborius við Mýrargötu. Þar verða til sýnis og sölu ljósmyndir félaganna í Sigur Rós sem þeir tóku á ferð sinni um Svasíland en þangað fór hljómsveitin til að kynna sér ástand meðal fólks sem smitað er af HIV-veirunni. Myndirnar eru allar til sölu en áhugasamir verða að leggja inn boð í verkin og þegar sýningarhaldinu verður lokið fær hæstbjóðandi sína mynd. Ferðina fóru þeir Sigur Rósar menn á haustdögum á vegum UNICEF Ísland, til að kynna sér starfsemi samtakanna þar í landi. Ferðin hafði mikil áhrif á hljómsveitarmennina og ákváðu þeir að efna til sýningar á ljósmyndunum sem þeir tóku í þessari heimsókn. Sýningin ber yfirskriftina: Yfirgefna kynslóðin: Svasíland með augum Sigur Rósar. Hún verður haldin í versluninni Liborius, Mýrargötu 3. Sýningin stendur yfir frá 30. nóvember til 7. desember. Uppboð verður haldið á ljósmyndunum meðan á sýningunni stendur og mun allur ágóðinn renna til styrktar alnæmisverkefnum UNICEF í Svasílandi.



**SIGURRÓS Í SVASÍLANDI** „Ferðin hafði djúpstæð áhrif á okkur," segja þeir í Sigur Rós, „við vonum að myndirnar miðli eitthvað af þeim áhrifum til þín."

**> Ekki missa af ...**

leikritinu **Sníkjudýrum** eftir **Marius von Mayenburg** á Rás 1 í kvöld kl. 22.15. Sníkjudýr var frumflutt í Hamborg 2000 og var útnefnt besta nýja leikritið það ár. Marius fæddist í München árið 1972 og stundaði nám í forngermönsku og bókmenntum. Tvítugur að aldri fluttist hann til Berlínar þar sem hann dvaldi við nám í leikritun á árunum 1994 til 1998; gegndi stöðu dramatúrgs við Þýska leikhúsið í Berlín og seinna Schaubühne-leikhúsið. Leikstjóri er **Lárus Ýmir Óskarsson** en í aðalhlutverkum eru Bessi Bjarnason, Ingvar E. Sigurðsson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Þrúður Vilhjálmsdóttir og Björn Jörundur Friðbjörnsson.

# Jón Óskar sýnir í 101

**Það er stutt fyrir Jón Óskar að fara að heiman í galleríið sem hann sýnir jafnan í, Gallerí 101, á bak við Alþjóðahúsið á Hverfisgötu. Það er lengri vegur úr vinnustofum hans, í Vestmannaeyjum, Kína, South Beach í Flórída, Skúlatúninu í Reykjavík og Höfðahverfinu þar sem hann hefur unnið.**

Þar hefur hann unnið við nýja hönnun á útliti tímarita Fróða sem eitt sinn var og nú heitir Birtingur. Myndverkin sem hann setti upp í gær á Hverfisgötunni koma lengra að. Verkin sem Jón sýnir í Gallerí 101 eru dagbókarskissur – alls um sextíu verk segir hann. „Dálítið stórar skissur – allt að 130 cm sinnum 70. Þetta eru dagbókarteikningar. Sumar eru unnar í Kína þar sem ég er kominn með vinnustofu og íbúð. Þær eru allar frá 2004 og eru allar unnar á kínverskan hríspappír, málaðar á gólfi með þessum kínversku penslum sem þeir nota og kínversku bleki. Aðrar vann ég í South Beach haustið 2005. Þær myndir eru gerðar á ómerkilegan amerískan pappír en málaðar með pennum sem eru eins og túss og eru fyrir stimpla, þeir eru með kúluhaus eins og svitalyktareyðirinn og gefa illa frá sér sem skapar sérstaka áferð í teikningunni."

Viðfangsefnin? „Allt þetta smáa, matur, fólk, skordýr, allt þetta góða sem er í kringum okkur og við tökum aldrei eftir." Öll verkin á sýningunni eru til sölu. „Það er alltaf sama góða verðið á mínum verkum," segir Jón. Þessi sýning er raunar bara tilhlaup að stórri sýningu sem hann er tekinn til við að undirbúa norður á Akureyri eftir áramótin í Listasafninu á Akureyri. Þar verða verk frá lengra tímabili, bæði gömul og ný. Jafnframt hyggst hann gefa út glanstímarit, 72 síður og prentað í vandaðri íslenskri prentsmiðju. Það heitir eðlilega Jón Óskar. Sýning Jóns opnar í Gallerí 101 á morgun kl. 17. **- pbb**




**MYNDLIST** Eitt verka Jóns Óskars á sýningunni.



**MYNDLISTARKONAN KRISTÍN HELGA KÁRADÓTTIR** Sýnir myndskeið á mörkum listgreina.

# Persónulegar kenndir

Nú eru síðustu forvöð að upplifa myndbands-sviðsetningu Kristínar Helgu Káradóttur í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Sýningin nefnist „Þráðlaus tenging" og er í svokallaðri Gryfju listasafnsins. Listakonan kemur sjálf fram í stuttum myndskeiðum sem er varpað upp í Gryfjunni. Myndskeiðin eru á mörkum þess að vera málverk, ljósmynd og kvikmynd. Myndböndin fléttast saman við sýningarsalinn sem umlykur þau með mjúkum leiktjöldum. Til að undirstrika stemninguna hefur tónlistarmaðurinn Bjarni Guðmann úr hljómsveitinni Úlpu, samið tónlist við verkin.

Mörg af fyrri myndböndum Kristínar Helgu eru tilvistarlegs eðlis. Þau lýsa kenndum eða aðstæðum sem áhorfandanum gefst kostur á að upplifa á sinn hátt. Kristín Helga skipuleggur sjaldnast myndbönd sín fyrirfram heldur lætur þau ráðast í vinnuferlinu. Hún vinnur út frá tilfinningunni og notar orðlausa og leikræna tjáningu.

Kristín Helga útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2004 með viðkomu í Listakademíunni í Kaupmannahöfn, sem skiptinemi. Sýningin stendur til sunnudagsins 3. desember en safnið er opið milli 13 og 17. **- khh**



**ÞAÐ ER VISSARA AÐ FINNA JÓLIN** Persónur úr verkinu Leitin að jólunum sprelluðu á tröppum Þjóðleikhússins um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Enn leitað að jólunum

Leikritið Leitin að jólunum eftir Þorvald Þorsteinsson við tónlist Árna Egilssonar naut mikilla vinsælda á fjölum Þjóðleikhússins í fyrra en verkið hefur nú verið tekið til sýninga á ný. Sýningin hlaut Grímuverðlaunin sem besta barnaleiksýning ársins í fyrra.

Tveir skrítnir og skemmtilegir náungar taka á móti litlum leikhúsgestum við aðalinngang Þjóðleikhússins. Með þeim í för eru tveir hljóðfæraleikarar og saman leiða þeir börnin með leik og söng um leikhúsið. Meðal viðkomustaða eru Kristalssalurinn, Leikhúsloftið og Leikhúskjallarinn, auk þess sem börnin fara um baksvið í leikhúsinu. Börnin ferðast inn í ævintýraveröld jólanna og sjá leikþætti um jólin í gamla daga og í nútímanum.

Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum fléttast inn í ævintýrið sem ætti að koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

Leikstjóri sýningarinnar er Þórhallur Sigurðsson en leikarar eru Rúnar Freyr Gíslason, Þórunn Erna Clausen, Hrefna Hallgrímsdóttir, Sigurður Hrannar Hjaltason og Margrét Kaaber en þau tvö síðastnefndu eru nýir þátttakendur í sýningunni sem tekur tæpa klukkustund.

Tónlistin úr verkinu hefur nú verið gefin út á geisladiski sem fæst í miðasölu Þjóðleikhússins og í verslunum Hagkaupa. **- khh**




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISSVIÐ

Meistaranámskeið í sálgæslufræðum
- í samstarfi við guðfræðideild HÍ:

• Sálgæslufræði: Sálgæsla í fjölskyldum
• Sálgæslufræði: Sálgæsla barna og unglinga

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Meistaranámskeið í viðskiptafræðum
- í samstarfi við viðskipta- og hagfræðideild HÍ:

• Þættir í heilsuhagfræði
• Bankar og fjármálamarkaðir
• Alþjóðaviðskipti
• Rannsóknir í stjórnun og stefnumótun
• Þekkingarstjórnun
• Rannsóknir í markaðsfræði
• Mat á árangri
• Vinnusálfræði
• Stjórnun þjálfunar og starfsþróunar
• Vinnuréttur
• Verkefnastjórnun og ráðgjöf
• Stefnumiðuð stjórnun - MA
• Frumkvöðlar og nýsköpun
• Stefnumiðuð stjórnun - MS
• Fjárfestingar fyrirtækja
• Markaðsfræði II - MS
• Samningagerð

Öll námskeiðin eru metin til þriggja eininga á meistarastigi.
Skráningarfrestur er til 5. desember.

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS



Úrval góðra bóka í jólapakkann:
MARY HIGGINS CLARK
HEIMA ER ENGU ÖÐRU LÍKT
MAGNÞRUNGIN SPENNUBÓK
Rauðhetta
Öskubuska
Mjallhvít
Gullbrá
STELPUBÆKUR
Tilvaldar í skóinn
AGATHA CHRISTIE
Flóð og fjara
MEISTARI MORÐGÁTUNNAR
ECKHART TOLLE
NÝ JÖRÐ
LEIÐARVÍSIR TIL BETRA LÍFS
Afi ullarsokkur
KRISTJÁN HREINSSON
GÁSKI OG GLAÐVÆRÐ
Nonnikonni
Frábær íslensk ævintýrasaga
KLEOPATRA KRISTBJÖRG
HERMI KRÁKU HEIMUR
VEKUR FÓLK TIL UMHUGSUNAR
PÁFAGAUKAR
MÖRGÆSIR
EÐLUR
FÉLAGS-SKORDÝR
HÁFISKAR
BÆNIR GUÐANNA
ERNA EIRÍKS
Þjóðkunnir menn
Ninna og Robbi
TILRAUNABÓK BARNANNA
GALDRABÓK BARNANNA
Dásamleg dýrabörn
Hjartagull
MARIO PUZO
OMERTA
GUÐFAÐIRINN
MARY HIGGINS CLARK
MARY HIGGINS CLARK
BIRGITTA H. HALLDÓRSDÓTTIR
INGA
Skjaldborg
Mörkinni 1 • Sími 588 24 00

# Barokk í Neskirkju

Rinascente-hópurinn heldur tónleika annað kvöld á vegum tónlistarhátíðarinnar „Tónað inn í aðventu“. Hópinn skipa þau Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona, Hrólfur Sæmundsson barítón og Steingrímur Þórhallsson, organisti og listrænn stjórnandi hópsins.

Á efnisskránni að þessu sinni eru verk eftir Feneyjatónskáldin Gabrieli og Girolamo Frescobaldi, sem uppi voru á 16. og 17. öld. Gabrieli var eitt þekktasta tónskáld Evrópu á þeim tíma og eitt höfuðtónskálda á mörkum endurreisnar og barokks. Frescobaldi var einnig áhrifamikill en áhrif hans má meðal annars merkja á tónsmíðum Johanns Sebastians Bach. Söngverk hans eru glæsileg, en gera miklar kröfur til flytjandans.

„Þetta er tónlist á mörkum endurreisnar og barrokk, annars vegar sönglög og nokkrir dúettar en einnig hljómborðslög frá þessum tíma,“ segir Hrólfur. „Við flytjum þessa tónlist beint úr handritunum, milliliðalaust frá tónskáldi til túlkanda.“ Hann áréttar að músík sem þessi geti skolast til í endurritun og krefjandi sé að rýna í handskrifaðar nóturnar en hópurinn leitist við að flytja tónlistina í sem upprunalegustu mynd. „Steingrímur á mestan heiðurinn að þessu, hann stúderaði í tónskóla Vatíkansins á sínum tíma og viðaði að sér alls konar efni eins og þessu,“ útskýrir Hrólfur.

Steingrímur stofnaði Rinascente-hópinn árið 2003 en hann hefur frá stofnun einbeitt sér að flutningi barokk og endurreisnartónlistar beint upp úr frumhandritum.

„Þetta verður mjög hugguleg stemning,“ útskýrir Hrólfur, „tónleikarnir fara fram í safnaðarheimili Neskirkju og þar myndast notaleg stemning.“ Þess skal einnig getið að hljómburður í safnaðarheimilinu þykir einnig afar góður.

Tónleikar Rinascente-hópsins hafa hingað til fengið frábæra dóma og góða aðsókn. Á næsta ári hyggst hópurinn ráðast í flutning á óperu eftir Georg Friedrich Handel.

Tónleikahátíðinni „Tónað inn í aðventu“ lýkur nú á sunnudag, en hún er árlegur viðburður í Neskirkju. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 annað kvöld. **- pbb**



**HRÓLFUR SÆMUNDSSON** Forkólfur yngri manna í íslensku tónlistarlífi þar á meðal Rinacenti-hópsins.



**TOM EGELAND** Nótt úlfanna og Við enda hringsins eru spennubækur hans sem komnar eru út hér á landi.

# Nótt úlfanna fer á hvíta tjaldið

Norski krimmahöfundurinn Tom Egelands á íslenska þýðingu á markaði þessa hausts. Spennusöguna Nótt úlfanna sem hann sendi frá sér í fyrra þar sem lýst er hertöku og gíslatöku flugumanna frá Tjetsníu. Tilkynnt var á miðvikudag að nú yrði ráðist í að kvikmynda þessa sögu og væri veittur til þess verks stórstyrkur úr Norska kvikmyndasjóðnum, nær hundrað miljónir íslenskra króna. Það er sænskur leikstjóri, Kjell Sundvall, sem leikstýrir, en hann á að baki tíu myndir í fullri lengd og er Veiðimennirnir þekktust þeirra. Kjell er um þessar mundir að vinna við kvikmynd um Beck, hinn þekkta sænska rannsóknarlögreglumann.

Úlfanótt kemur við kviku samtímans, nú þegar þekktir gagnrýnendur Putins hafa verið myrtir, bæði í Moskvu og London, fyrir að forvitnast um vel þaggað framferði rússsneska hersins í Tjetsníu. Útgefandi Egeland í Rússlandi hefur hætt við að gefa verk hans út þar í landi, en verk þessa spennuhöfundar hafa farið víða síðari misserin. Í viðtali við norska dagblaðið segir Egeland í gær að menn verði að forðast að skoða mál þessa stríðshrjáða lands af einsýni. Landið eigi í stríði við stórveldi. Atburðirnir í Beslan og takan á leikhúsinu í Moskvu blindi menn. Hann bendir á að þótt Rússar kalli bardagamenn frá Tjetsníu hermdarverkamenn megi til dæmis Norðmenn minnast að það voru skæruliðarnir sem sprengdu Rjukan-verið í stríðinu líka í augum Þjóðverja.

Egeland skrifar sjálfur handritið að Nótt úlfanna en framleiðslan mun kosta nærri 200 milljónir íslenskar.Verkið verður unnið sem kvikmynd fyrir bíó en líka í lengri gerð sem þáttaröð fyrir sjónvarp. Egeland er fæddur 1959 og starfaði sem blaðamaður áður en hann tók til starfa í sjónvarpi. Við enda hringsins kom út í fyrra og naut mikilla vinsælda. Hún er nú komin út í fjórtán löndum. **- pbb**

## NÝJAR BARNABÆKUR

**Ævintýrabækur Enid Blyton** eru meðal vinsælustu barna- og unglingabóka sem komið hafa út á íslensku. Bækurnar eru nú endurútgefnar hjá forlaginu Útkalli og í bókinni Ævintýraeyjunni lenda krakkarnir knáu og páfagaukurinn Kíkí í spennandi svaðilförum á dularfullri eyju. Þar eru gamlar og gleymdar koparnámur að finna en í þeim eru skuggalegir menn við undarlega iðju. Þýðandi er Sigríður Thorlacius. Fimm í nýjum ævintýrum er önnur bókin í flokki bóka um félagana fimm eftir Enid Blyton. Krakkarnir búast ekki við stóratburðum í Fagrakoti í jólaleyfinu en þegar þau finna upplýsingar um leynigöng í nágrenninu og skjöl hverfa á dularfullan hátt, er augljóst að ævintýri eru í uppsiglingu. Kristmundur Bjarnason er þýðandi bókarinnar.




**Sagan af Mosa og hugprýði hans** er saga af litlum kisa sem lenti í þeirri ótrúlegu raun vorið 2003 að týnast eftir bílveltu á Holtavörðuheiði. Þar ráfaði hann um með aðra framlöppina brotna,matarlaus í kulda og vosbúð uns hann fannst nærri fimm vikum síðar. Þetta er saga sem lætur engan dýravin ósnortinn. Söguna skrá Halldór Guðmundsson og Anna Björnsdóttir en hún er að auki prýdd fjölda teikninga eftir Halldór Baldursson. Ad-útgáfa gefur bókina út.







VOLVO S40 | VOLVO V50 | VOLVO S60 | VOLVO V70 | VOLVO C70 | VOLVO S80 | VOLVO XC70 | VOLVO XC90

# VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursеiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

## Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**HVER Á AÐ LESA NÆST?** Að mörgu er að hyggja þegar efnt er til upplestra. Til dæmis er ágætt að hafa skrýtlur á takteinunum til að létta andrúmsloftið. Mynd þessi var tekin nýlega af íbyggnum höfundum milli lestranna í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Lestin brunar

Á þessum árstíma er til siðs að rithöfundar kveðji sér hljóðs á ýmsum vettvangi og kynni verk sín enda er nú árleg vertíð hjá bókafólki. Vitað er af höfundum sem þeysast nú um fjallvegi landsins með skottin stútfull af jólabókum og bíða lesendur á landsbyggðinni án efa spenntir eftir nýjungunum. Nýlega fréttist af líflegum upplestri í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þar sem úrval höfunda messaði bókmenntaboðskapnum yfir Vestfirðinga sem gerðu að honum góðan róm en upplestrarkvöld undir yfirskriftinni „Opin bók“ eru árlegur viðburður þar í bænum.

Nú stendur svo til að kynna Austfirðingum brot af jólaútgáfunni en hin árlega „rithöfundalest“ brunar um landsfjórðunginn á næstu dögum. Lest þessi er skipulögð af Menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði, Kaupvangi á Vopnafirði og Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri.

Þátttakendur að þessu sinni eru Einar Kárason sem lesa mun úr ferðasögunni Úti að aka, Eiríkur Guðmundsson sem kynnir skáldsögu sína Undir himninum, Halldór Guðmundsson kynnir ævisöguna Skáldalíf, Ingunn Snædal sem les úr verðlaunaljóðabókinni Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást og Þórunn Valdimarsdóttir sem kynnir ævisögu sína um Matthías Jochumsson.

Höfundarnir hefja lesturinn á Skriðuklaustri í kvöld kl. 20. Síðan liggur leiðin til Vopnafjarðar á morgun, föstudag, en endastöðin verður í menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði á laugardagskvöld. - khh

# Stella Blómkvist í sjónvarp

Tilkynnt var í gær, miðvikudag, að samningar hafi tekist milli Réttindastofu Eddu útgáfu hf. og UFA Fernsehproduktion GmbH í Berlín um sölu á réttinum til gerðar sjónvarpsmyndar og sjónvarpsþátta byggðra á sögunni Morðið í hæstarétti eftir Stellu Blómkvist. UFA Fernsehproduktion fær einnig forkaupsrétt að öðrum útkomnum glæpasögum Stellu Blómkvist með það að markmiði að þróa sjónvarpsmyndir og sjónvarpsþáttaraðir upp úr bókunum. Undirbúningur að framleiðslunni er þegar hafinn og gert er ráð fyrir hluti hennar fari fram hér á landi. Þetta er í fyrsta sinn sem erlent kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslufyrirtæki tryggir sér rétt á íslenskum skáldsögum í þessu skyni, þó fyrirtæki hafi sýnt skáldsagnaröð Arnalds Indriðasonar um Erlend og kó áhuga.

UFA Fernsehproduktion GmbH er hluti af framleiðslufyrirtækinu UFA Holding GmbH sem aftur er hluti af fjölmiðlaveldinu Bertelsmann. Það er eitt elsta og virtasta kvikmyndaframleiðslufyrirtæki í Evrópu og var í fararbroddi á sínu sviði þegar á fyrstu áratugum kvikmyndalistarinnar, einkum á þriðja áratugnum framleiddi myndir á borð við Bláa engilinn eftir Josef von Sternberg og Metropolis eftir Fritz Lang.

UFA Fernsehproduktion sérhæfir sig í framleiðslu leikinna sjónvarpsmynda og er með helstu framleiðsluaðilum í þeim geira í Evrópu auk þess að framleiða leiknar sjónvarpsþáttaraðir og kvikmyndir. Þasð er verulegur hvalreki fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað ef hugmyndir þeirra UFA -manna verða að veruleika og skemmtilegt fyrir kerlinguna Stellu, hver sem hún er að ná þessari fótfestu í hörðum bransa sjónvarpsgerða í Evrópu.

Verður erfitt fyrir höfundinn að leynast mikið lengur en dulnefni hennar er best varðveitta leyndarmál í íslenskri útgáfu fyrr og síðar, fyrir utan höfund Njálu. Kæmi til framleiðslu þáttaraðar sem nýtti íslenskar aðstæður en með þýskum leikurum væri það happ íslenskum þjónustufyrirtækjum, styrkti enn ímynd lands og þjóðar á þýskumælandi markaði og hefði víðtæk áhrif.

Útgáfurétturinn á öllum bókum Stellu Blómkvist hefur verið seldur til Þýskalands, til þýska útgáfurisans Bertelsmann. Nú þegar eru allar fyrstu bækur Stellu komnar út á þýsku: Morðið í stjórnarráðinu (1997), Morðið í sjónvarpinu (2000), Morðið í hæstarétti (2001) og Morðið í alþingishúsinu (2002). Væntanlegar eru Morðið í Drekkingarhyl (2005) og nýjasta bókin Morðið í Rockville (2006) sem var að koma út og þýska forlagið keypti fyrirfram. -pbb







Volvo. For life.

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Gerðu jólainnkaupin í Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

**STÓRFENGLEG!**
Fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. **Síðustu sýningar fyrir jól!**
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR**
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00.

**PÉTUR GAUTUR**
Fös. 8/12 **uppselt**, lau. 9/12 **uppselt**, sun. 10/12 nokkur sæti laus.
**Allra síðustu sýningar!**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

**PATREKUR 1,5**
Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis!

KÚLAN KL. 20:00

**UMBREYTING** **Brúðusýning fyrir fullorðna!**
Fös. 1/12 nokkur sæti laus. **Síðasta sýning!**

**SKOPPA OG SKRÍTLA**
Lau. 6/1 KL. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00 - sýn. kl. 12:15 - sýn. kl. 14:00 **uppselt**.

LEIKHÚSLOFTIÐ

**LEITIN AÐ JÓLUNUM**
Lau. 2/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 3/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 9/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 16/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 örfá sæti laus - sýn. kl. 16:00, sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt** - sýn. kl. 14:30 **uppselt** - sýn. kl. 16:00 **uppselt**.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30-18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.



„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 1/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20

**BLÓÐBRÚÐKAUP**
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl.20 Fös 1/12 kl.20
Lau 2/12 kl. 20 Sun 3/12 kl.17
Sun 3/12 kl. 20 Miðaverð 1.500

**SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR**
Lau 2/12 kl. 14:30 Sun 3/12 kl. 11:00
Sun 3/12 kl. 14:00 Mán 4/12 kl. 17:00

**BROT AF ÞVÍ BESTA**
Í kvöld kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

**MEIN KAMPF**
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

**AMADEUS**
Sun 3/12 kl. 20 Sun 10/12 kl. 20
Sun 7/1 kl. 20 Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14
Lau 30/12 kl.14 Sun 7/1 kl. 14

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn

Í dag kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Í dag kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Fös 1/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Fös 1/12 kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Mán 4/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Þri 5/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500 AUKAS.
Mið 6/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fim 7/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fös 8/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Lau 9/12 kl.. 13:00 UPPS Miðaverð 1.400
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400
Sun 10/12 kl. 13:00 Miðaverð 1.400
Sun 10/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400
Mán 11/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Þri 12/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Mið 13/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fim 14/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.
Fös 15/12 kl. 9:30 Miðaverð 500 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ




# Árétting

Mynd þessi birtist ranglega með frétt um greiningarsýningu Þjóðminjasafnsins, Ókunn sjónarhorn, sem lauk um síðustu helgi.

Hið rétta er að „sjónarhorn“ hennar er vel þekkt, myndina tók Gunnlaugur P. Kristinsson, ljósmyndari á Akureyri, af eiginkonu sinni Gunborgu Kristinsson. Eru lesendur beðnir velvirðingar á þessum mistökum.





Sýnt í Iðnó

| | | |
|---|---|---|
| Lau. örfá sæti | 2. des. | Miðasala virka daga |
| Sun. | 3. des. | frá kl. 11-16 og |
| Fim. | 7. des. | 2 tímum fyrir sýningar. |
| Fös. | 8. des. | Sími 562 9700 |
| Lau. | 9. des. | idno.is og midi.is |
| | | Sýningar kl. 20 |

Síðustu sýningar!




“Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri.”
S.A. TMM




**Þú ert enginn Jonny Depp! :**
Fim 30. nóv kl. 20.00
Fös 01. des kl. 20.00
Miðaverð kr. 1.500 -
Skólafólk og hópar kr. 1.000

**Jólafárið:**
Lau 9. des kl.13.00 Frumsýning
Lau 9. des kl.15.30
Miðaverð kr. 800

**Miðasala sími : 551 4700**


# Að orða vonina upphátt

Kristín Steinsdóttir rithöfundur er einn af ástsælustu barnabókahöfundum landsins en skáldsagan Á eigin vegum er önnur skáldsaga hennar sem skrifuð er fyrir fullorðna. Sagan segir frá ekkjunni Sigþrúði sem ber út blöð og mætir í jarðarfarir, hún er einstæðingur því allt hennar fólk er horfið á braut en samt halda dagarnir áfram að líða. Sigþrúður er trú yfir litlu, en það er lyndiseinkunnin sem hún gefur konunni með græna hattinn sem sækir stundum sömu jarðarfarir og hún og Sigþrúður endar síðan á að fylgja síðasta spölinn þó þær hafi alls ekki þekkst. Breytni sú er til marks um innræti aðalpersónunnar, hún lætur sig varða um annað fólk en heldur sig ávallt í hæfilegri fjarlægð.

Þetta er ósköp hæversk saga um hógværa konu sem vart virðist skipta skapi. Undir rólegu yfirborðinu krauma samt þrár sem vakið er máls á í endurlitum Sigþrúðar þar sem hún rifjar upp bernsku sína og hjúskaparár, eini breyskleiki hennar virðist vera sá að hana dreymir. Af forsögunni að dæma hefur Sigþrúður snemma lært að treysta ekki á neinn nema sjálfa sig. Nú verður þó breyting á og það má lesa þessa skáldsögu Kristínar sem þroskasögu, þó svo að þær sögur séu oftar en ekki um fólk í yngra kantinum. Þetta er saga um mikilvægi tækifæranna því Sigþrúður er ein en ekki einmana og hún lærir loks að ferðast á eigin vegum, líka í bókstaflegri merkingu.

Stíll bókarinnar er áreynslulaus, hófstilltur og á köflum ljóðrænn. Sagan er sögð í næstum guðlegri þriðju persónu þar sem söguhöfundur vakir yfir Sigþrúði og minningum hennar en þó er höfundur óspar á húmorinn. Broslegar senur sem lýsa hversdagsamstri aðalpersónunnar kallast við harmrænar lýsingar á uppvexti Sigþrúðar og lífsbaráttu hennar og Tómasar. Kunnuglegum stefjum íslenska malaróttans bregður líka fyrir en ólíkt manninum sínum hefur Sigþrúður töluverða aðlögunarhæfni sem sannast best í bókarlok. Dagdraumar hennar, sem hún hefur ekki fært í orð við neinn, eru einnig afhjúpaðir lesendum og þar er kannski mesti sársaukinn líka, Sigþrúður er af kynslóð sem ekki leyfir sér að vona upphátt.

Á heildina litið er þetta afar vel heppnuð saga af manneskju sem lærist að gefa sjálfri sér annað tækifæri. Höfundi tekst að gera gleði og sársauka næstum heillar ævi skil í merkilega stuttri frásögn, eftirminnilegt samferðafólk Sigþrúðar er dregið upp með örfáum orðum og söguhetjan sjálf fylgir lesandanum að lestri loknum – það væru allir bættir að því að búa yfir smá Sigþrúði. **Kristrún Heiða Hauksdóttir**




**BÆKUR**
**Á eigin vegum**
Kristín Steinsdóttir
Vaka Helgafell
★★★★

Niðurstaða: Ljúfsár þroskasaga eldri konu, ekta kakóbollabók þegar frostið bítur úti og menn eru við það að missa trúna hver á annan.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

27 28 29 **30** 1 2 3

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.00 Átaki **Jafningjafræðslunnar Nóvember gegn nauðgunum**. lýkur með stórtónleikum **í Ráðhúsi Reykjavíkur** í kvöld en þar leika tónlistarmennirnir **KK** og **Pétur Ben** auk hljómsveitanna **Reykjavík!** og **Original Melody**.
- **Þóra Björk** syngur og spilar eigin lög og annarra ásamt hljómsveit á **Café Rósenberg**, Lýsa mætti lögum Þóru sem angurværu og björtu kassagítarpopp eða rokki með ljúfsárum undirtóni. Auk Þóru skipa hljómsveitina: **Ragnar Örn Emilsson Gunnar Hilmarsson, Arnljótur Sigurðarson** og **Magnús Tryggvason Eliasen.**

### SÝNINGAR

- 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.
- 11.00 **Katrín Pétursdóttir** sýnir í galleríi **i8** við Klapparstíg. Sýningin er opin þriðjudaga til föstudaga milli 11-17 og á laugardögum kl. 13-17.
- 12.00 Sýningin **Exercise in Touching**, **Æfing í að snerta** er opin í **Norræna húsinu** alla daga, nema mánudaga, milli 12-17. Sýnd eru verk **Borgny Svalastog** sem unnin eru í ýmissi tækni. Sýningin stendur til 17. desember.
- 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningarnar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14 og 18.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 11.00 **Hanna Hlíf Bjarnadóttir** heldur sýninguna **Puntustykki** á **Café Karólínu** á Akureyri. Verkið sem Hanna Hlíf sýnir fjallar um stöðu og sögu kvenna fyrr og nú. Sýningin stendur til 1. desember.

### BÆKUR

- 17.15 Kynning á jólabókum fer fram í **Bókasafni Kópavogs**, Hamraborg 6a, í samstarfi við **Bókabúðina** og **Kaffibúðina** í Hamraborg. Þá les **Steinar Bragi** úr bók sinni **Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins** og **Sigurjón Magnússon** les úr sinni bók **Gaddavír**. Einnig les **Jón Karl Helgason** úr þýðingu sinni á nýjustu bók **Pauls Auster Brestir í Brooklyn**. Kaffibúðin í Hamraborg býður kaffisopa á safninu. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

### UPPÁKOMUR

- 21.30 **DJ Lucky** spilar soul, fönk og reggí á **Café Paris**. Fjörið stendur fram yfir miðnætti.
- 19.30 Fjöllistamaðurinn **Gylfi Þór Gíslason** kynnir hljómdiskinn **Með mínu lagi** og opnar myndlistarsýningu á **Hótel Selfossi**. Síðustu ár hefur Gylfi háð glímu við Parkinson sjúkdóminn en þrátt fyrir það hefur hann látið listadraum sinn rætast. Boðið verður upp á léttar veitingar, Karlakór Selfoss syngur og Leikfélag Selfoss treður upp ásamt fleiri skemmtiatriðum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500

Gjafakort í Óperuna - Tilvalin jólagjöf
Spennandi verkefni á vormisseri - verð frá kr. 1.000
Til sölu í miðasölu Íslensku óperunnar

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



MEÐ Á NÓTUNUM
Árni Heimir Ingólfsson

# Menning er stundum hús

Eitt hvimleiðasta fyrirbærið í íslenskri menningarumræðu er þegar pólitíkusar og aðrir mætir menn blása á kröfur lista- og menningarstofnana um viðunandi þak undir höfuðið með þeim orðum að „menning sé ekki hús“. Pétur Blöndal blaðamaður spurði t.d. í Morgunblaðinu árið 2002: „Er ekki nóg af húsum, sem hægt er að nýta til listastarfsemi?“ Maður þarf ekki að skoða sig lengi um í íslensku menningarlífi til að sjá afleiðingarnar. Listaháskóli Íslands starfar á þremur stöðum í borginni, meðal annars í sláturhúsi og vélsmiðju. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika sína í kvikmyndahúsi, nema þegar búist er við fleiri áheyrendum en húsið rúmar. Þá er spilað í handboltahöll.

**Hús eru athvarf sköpunar**

Auðvitað segir það sig sjálft að menning er ekki hús. Hús eru steypa og steypa er dauð, en listin lætur okkur finna fyrir því að við erum lifandi, að við getum hlegið, grátið og fundið til. Hús er samt sem áður lífsnauðsynlegt athvarf fyrir þá sköpun sem á sér stað í menningunni, hvort sem um er að ræða skóla, tónleikasal, listasafn eða leikhús. Þegar íslenskir pólitíkusar halda því fram að menning sé ekki hús eru þeir fyrst og fremst að opinbera eigin skilningsleysi á því að menningin þarf aðstöðu til að geta þrifist.

„Menning er ekki hús“ -viðhorfið er ekki bara heimskulegt heldur beinlínis niðurlægjandi. Með því er gefið í skyn að menning sé og eigi að vera afgangsstærð, að hún sé ómagi, baggi á þjóðfélaginu. Skilaboðin eru skýr: Það kostar nógu mikið að halda lífinu í öllum þessum listamönnum þótt við förum ekki að byggja yfir þá líka. Kannski fer þetta að breytast nú þegar Ágúst Einarsson hefur sýnt fram á með óyggjandi hætti að menning er mikilvæg atvinnugrein og umsvifamikill þáttur í íslenska hagkerfinu. En það hefur alltaf verið vond pólitík á Íslandi að byggja ný hús undir listir og menningu. Nema í Kópavogi, en það er önnur saga.

**Ópera og listaháskóli**

Víðast hvar í Evrópu virðast menn hins vegar vera þeirrar skoðunar að menning sé ekki bara hús, heldur glæsileg og vönduð hús. Í Kaupmannahöfn er verið að byggja nýjar höfuðstöðvar danska ríkisútvarpsins, DR byen, sem áætlað er að muni kosta um 40 milljarða íslenskra króna. DR byen verður glæsileg menningarmiðstöð með fjórum risabyggingum, þar á meðal nýju tónlistarhúsi danska útvarpsins sem stendur til að vígja 2008. Óperan í Kaupmannahöfn hefur líka vakið heimsathygli, ekki bara fyrir arkitektúrinn heldur vegna þess að aðbúnaður listamannanna er óvenju góður. Húsið er heilar fjórtán hæðir (fimm eru neðanjarðar) og aðalsviðin eru sex, einn aðalsalur og fimm æfingasvið. Samtals eru yfir 1.000 herbergi í óperunni, sem er 41.000 fermetrar að heildarflatarmáli og kostaði yfir 30 milljarða króna.

En það tekst ekki alltaf jafn vel til þegar byggt er yfir listina. Mozarteum-listaháskólinn í Salzburg hefur starfað í meira en 160 ár og er einn frægasti listaskóli heims. Árið 1977 var vígð ný viðbygging við skólann, sem er til húsa í höll frá 17. öld, en fljótlega varð ljóst að eitthvað væri að. Byggingin þótti ljót, kennslustofurnar voru litlar og gangarnir þröngir, en öllu verra var að kennarar og nemendur tóku að veikjast meira en góðu hófi gegndi og jafnvel var óttast að nokkur dauðsföll tengdust nýja húsinu. Eftir að hafa barist við húsasótt í tvo áratugi ákvað borgarstjórnin í Salzburg í samráði við skólayfirvöld að rífa viðbygginguna og byrja frá grunni. Nýja Mozarteum-byggingin var vígð í síðasta mánuði og glæsilegri umgjörð fyrir skólann er ekki hægt að hugsa sér, enda kostaði hún 30 milljón evrur eða um 2,7 milljarða króna. Menning getur líka verið viðbygging ef því er að skipta.

**Að gera hlutina vel**

Þorsteinn heitinn Gylfason sagði eitt sinn að menning væri að gera hlutina vel. Hann lét þessi orð falla eftir að hafa heimsótt skóverksmiðju í Tékkóslóvakíu þar sem aðbúnaður var fyrir neðan allar hellur og engin leið fyrir starfsfólkið að búa til almennilega skó.

Þorsteinn bætti við: „Það versta sem hægt er að gera manni er að leyfa honum ekki að gera það vel sem hann gerir.“ Þetta er einmitt kjarni málsins. Forsenda þess að geta skarað fram úr er að hafa góða aðstöðu, rétta umhverfið, bestu tækin. Það vinnur enginn Tour de France á ónýtu hjóli. Samt eru íþróttir ekki hjól. Það verður enginn listaháskóli í fremstu röð til í sláturhúsi, eða heimsfræg sinfóníuhljómsveit í bíósal. Samt er menning ekki hús. Eða þannig.

# Músík Monks í Múlanum

Sjöttu tónleikar í tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans fara fram á DOMO-bar, Þingholtsstræti 5, í kvöld en þar leikur A.S.A., tríó Andrésar Þórs Gunnlaugssonar djassgítarleikara.

Þema kvöldsins verður tónlist píanóleikarans og tónskáldsins Thelonious Monk sem er einn af mikilvægustu tónskáldum djasssögunnar og er einn fárra djassópusahöfunda sem skapaði sér hvað mesta sérstöðu í tónsmíðum sínum en handbragð hans þekkja djasstónlistarmenn og -unnendur úr mílufjarlægð.

Tríóið skipa auk Andrésar Þórs, Scott McLemore trommuleikari og orgelleikarinn Agnar Már Magnússon en þess má geta að allir meðlimir tríósins hafa sent frá sér nýjar plötur á árinu sem er að líða og verða tónsmíðar þær á sérstöku tónleikaverði fyrir þá sem eru að hamstra jólagjafir.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangseyrir þúsund krónur en fimm hundruð krónur fyrir nemendur. **- khh**



**TIL HEIÐUR MONK** Tríó Andrésar Þórs leikur á Domo í kvöld.



**SÍÐASTA SÝNING Á MORGUN** Brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik vinnur að nýju verki fyrir Þjóðleikhúsið.

# Umbreytingu að ljúka

Annað kvöld verður síðasta sýning á brúðuleikverki Bernds Ogrodnik, Umbreyting – Ljóð á hreyfingu, í Kúlunni, sviði Þjóðleikhússins við Lindargötu. Verkið var frumsýnt á Listahátíð í Reykjavík á liðnu vori og hlaut feikigóðar undirtektir gagnrýnenda og leikhúsgesta. Bernd stýrir sjálfur brúðunum í verkinu, sem er án orða en þar er um að ræða laustengdar, ljóðrænar en jafnframt hversdagslegar frásagnir af vanalegu og óvenjulegu fólki.

Síðar í vetur er von á annarri brúðusýningu fyrir yngri áhorfendur úr smiðju Bernds Ogrodniks. Um er að ræða nýja sýningu á Pétri og úlfinum, við tónlist Prokofiefs.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Þjóðleikhússins, www.leikhusid.is. **- khh**

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
GRAND ROKK
Fimmtudagskvöld:
GLÆPAKVÖLD
Lesið úr nýjum glæpasögum
í takt við tónlist
Sunnudagskvöld:
JÓLAPERA
Helgileikurinn um Jósef frá Nasaret
Frumsýning kl. 18
Þriðjudagskvöld 5. des:
Dauðakóntrísveitin
SVIÐIN JÖRÐ
Útgáfutónleikar
Heineken.is
Allt um djammið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

NASA
FÖSTUD. 01. DES 2006
DANSVEISLA FLEX MUSIC
SÚPERPLÖTUSNÚÐURINN
DESYN MASIELLO
HÚSIÐ OPNAR KL. 00.30
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
LAUGARD 02. DES 2006
STÓRDANSLEIKUR
Í SVÖRTUM FÖTUM
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1500 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

*Það leyndi sér ekki að þarna sat María mey með son sinn Jesú við stýrið, barnslega fullorðinn. Þau voru nauðalík líkneskjunum, sem höfðu verið hnoðuð úr snjó, nema þau voru að háma í sig sælgæti, og einnig á svipuðum aldri; þó virtist María mey vera öllu yngri en Jesú.*

Úr smásagnasafninu Jólasögur úr samtímanum eftir Guðberg Bergsson. Bókin kom út hjá Forlaginu árið 1995.

# bækur

menning@frettabladid.is

## Bókarbrot í Borgarleikhúsi



Rithöfundarnir Auður Jónsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Árni Þórarinsson, Bragi Ólafsson, Einar Már Guðmundsson og Sigurjón Magnússon munu lesa úr verkum sínum á upplestrarkvöldinu „Brot af því besta“ í anddyri Borgarleikhússins í kvöld.

Að viku liðinni munu rithöfundarnir Árni Björnsson, Ingunn Snædal, Óskar Árni Óskarsson, Stefán Máni, Steinar Bragi og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir síðan kveðja sér hljóðs undir sömu yfirskrift.

Upplestrarkvöldin „Brot af því besta“, sem eru orðin fastur liður á aðventunni, eru samvinnuverkefni nágrannanna í Kringlunni þ.e. Borgarbókasafns - Kringlusafns, Borgarleikhússins, Kringlunnar og Eymundsson.

Boðið verður upp á léttan jóladjass og kaffihúsastemningu þar sem verslunarkeðjan Eymundsson býður sérkjör á bókum. Dagskráin hefst kl. 20, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR** Les úr nýjustu ljóðabók sinni, Ég stytti mér leið framhjá dauðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



## > Bók dagsins

bók **Salmans Rushdie**, **Harún og Sagnahafið** er ævintýraleg frásögn af uppruna sagnanna og einstöku sambandi feðga í landi þar sem allt getur gerst. Bókin kom út í íslenskri þýðingu **Hannesar Sigurðssonar** árið 1995.

## NÝJAR BÆKUR



Hlýnun jarðar er eitt umræddasta málefni í heiminum í dag, enda er hlýnunin þegar farin að hafa gífurlegar afleiðingar. Í bók Trausta Valssonar **How the World will Change** má finna fróðleik um hvernig veður- og náttúrufar mun breytast í heiminum í kjölfar þessarar þróunar sem margir telja óhjákvæmilega. Í bókinni eru um 300 kort og myndir sem teiknuð voru vegna bókarinnar, auk um 100 annarra mynda. Bókin er öll í lit.



Nótnahefti Snorra Sigfúsar Birgissonar píanóleikara, **Píanólög fyrir byrjendur og Hymni**, hefur nú verið endurútgefið hjá Smekkleysu. Um er að ræða fjögur hefti sem innihalda tuttugu og sex lög eða tónsmíðar Snorra frá árunum 1984 en lögin samdi hann að beiðni Nomus. Leiðbeiningar er að finna á íslensku og ensku og fylgir geisladiskur heftunum þar sem hlýða má á lögin í flutningi Snorra og Mikhales Aarons Óskarssonar.



**Íslenska fjarskiptahandbókin 2** er gefin út hjá Skjámynd ehf. Í ritinu má finna kynningu á íslensku fjarskiptafyrirtækjunum með skýringarmyndum og kortum af fjarskiptakerfum þeirra, fræðigreinar um fjarskiptatækni og uppflettisíður með tæknilegum upplýsingum. Bókin er 360 blaðsíður og sett upp á myndrænan hátt með rúmlega 400 ljósmyndum og teikningum auk fjölda taflna með tækniupplýsingum. Ritstjóri er Örlygur Jónatansson.



Bjarni Jónasson læknir hefur safnað saman gamansögum af læknum, hjúkrunarfólki og sjúklingum og er skemmtirit það gefið út með yfirskriftinni **Án lyfseðils** hjá Bókaútgáfunni Hólum. Skensið hefur áður birst í broshorni Læknablaðsins en ágóði af sölu bókarinnar rennur óskiptur til styrktar Minningarsjóði hjónanna Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar læknis í Hafnarfirði.



Ljóðabókin **Laðar nótt til ljóða** eftir Braga Björnsson kemur út á vegum Félags ljóðaunnenda á Austurlandi. Bókin er sú sjötta í ritröð austfirskra ljóðskálda. Bragi er fæddur árið 1929 og þekktur fyrir lausavísur sínar en það hefur ekki farið hátt um annan kveðskap hans. Ljóð hans eru fjölbreytt að efni en hann yrkir til að mynda um töfra náttúrunnar, leyndarmál lífsgátunnar og heimahaga sína í Hlíðinni.

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR
Föstudaginn 1. des

Dagskrá:
::: Séra Pálmi Matthíasson blessar vetrarstarfið
::: Gunnar Helgason kynnir nýja laxveiðimynd, Svona tekur laxinn
::: Bjarni Júlíusson, formaður SVFR segir frá nýjum veiðisvæðum SVFR.
::: Veiðistaðalýsing - hástökkvari sumarsins Stóra-Laxá
::: Myndagetraunin sívinsæla
::: Happahylurinn verður á sínum stað í boði Intersport

ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

SVFR INTERSPORT

# Foringinn í frystihúsinu

Margrét Frímannsdóttir hefur frá upphafi verið með áhugaverðari karakterum á Alþingi. Það var einhvern veginn ljóst að hún haslaði sér völl í pólitíkinni þrátt fyrir karlana í flokki sínum. Eða það grunaði mann.

Eftir lestur sögu hennar, hefur sá grunur verið staðfestur. Þar er farið yfir uppvöxt Margrétar á Stokkseyri, nokkuð snúið fjölskyldumunstur hennar og stutta æsku. Sextán ára að aldri ákvað hún sem sagt að nú væri hún orðin fullorðin og tími til kominn að snúa sér að stofnun eigin fjölskyldu ásamt því að vinna í frystihúsinu í plássinu. Eins og allir vita þykir slíkt ekki góð latína. Húsmóðurstarf, frystihús, pláss úti á landi þýðir hreint út sagt að stúlka skellir í lás öllum sínum dyrum að umheiminum og þeim möguleikum sem hann býður upp á. En ekki Margrét. Þvert á móti hefur hún byggt upp farsælan stjórnmálaferil á þessum aðstæðum.

Fyrsti hluti sögunanr virkaði dálítið flatur á mig. Fátt frásagnarvert, allt frekar almennt. Ástæðan er sú að Margrét ólst upp við mikla ástúð og öryggi hjá ömmu sinni og hennar manni – og það er nú einu sinni svo á okkar sjálfshjálpar- og pop-sálfræðitímum að maður er orðinn svo stútfullur af svona „harmsaga æsku minnar“ sögum að það tekur nokkurn tíma að kveikja áhuga manns þegar æskan hefur verið – ja, bara alveg ágæt. Þegar kemur að pólitíska þættinum í sögu Margrétar, sem er fljótlega eftir að hún ákvað að hún væri fullorðin, fer hins vegar fjörið af stað og eftir það rígheldur hún. Lesandinn fær að fylgjast með þessari litlu, kokhraustu, en foringjadýrkandi, stelpu mæta á hinn pólitíska leikvang með greindina og orkuna einar að vopni, haldandi að flokksbræður hennar séu samstarfsmenn og samstaðan þar sé ekta. Hún á eftir að komast að raun um annað þegar hún fer að vinna með ofur-karlrembunum í kringum sig – sem aukinheldur eru að kafna úr menntahroka. Smám saman opnast augu Margrétar en því skýrari sem pólitíska myndin og andstaðan innan flokksins verður, eflist hún þeim mun meira og lesandinn fylgist með því hvernig hún þroskast í gegnum starf sitt, þar til svo er komið að henni finnst (eðlilega) ekkert meira varið í sína meintu foringja en sjálfa sig – og ákveður að verða bara sjálf foringinn.

Þótt pólitíkin sé fyrirferðarmikill þáttur í sögu Margrétar, er hún fyrst og fremst merkileg sem persónuleg þroskasaga. Hún sýnir, svo ekki verður um villst, hvert stelpur með heilbrigt sjálfsmat, góða greind og kjark geta komist. Hún ætti að vera skyldulesning fyrir allar stúlkur á unglingsaldri.

Það hefði að ósekju mátt fjalla meira um einkalíf Margrétar í bókinni, koma með sögur og frásagnir af samskiptum við hennar nánustu. Þar er stiklað á stóru – of stóru og sagan virkar því stundum nokkuð hraðsoðin. Hún einskorðast líka við frásögn Margrétar í stað þess að vinna úr þeim aragrúa af gögnum sem til eru eftir langan feril í pólitík. Sagan hefði að vísu orðið lengri en það hefði verið allt í lagi. Það eru til menn sem hafa verið staðnir að því að skrifa sögu sína í tveimur, jafnvel þremur, bindum – og það án þess að vera skemmtilegir. Margrét verður seint sökuð um þann löst.

Þótt ég hefði viljað sjá mun ítarlegri sögu, fannst mér bókin skemmtileg. Hún er vel skrifuð sem þroskasaga og góð heimild um þau viðhorf og þá fordóma sem konur af kynslóð Margrétar hafa eytt ævinni í að brjóta á bak aftur og með því varðað leiðina fyrir komandi kynslóðir.

**Súsanna Svavarsdóttir**



**BÆKUR**
**Stelpan frá Stokkseyri**
Saga Margrétar Frímannsdóttur
Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir
Hólar

★★★

Merkileg þroskasaga sem þó mætti vera ítarlegri. Skyldulesning fyrir allar stúlkur á unglingsaldri.

# Rissa leitar að ísbjörnum

Kristín Steinsdóttir og Halla Sólveig Þorgeirsdóttir eiga farsælt samstarf að baki og fengu meðal annars Norrænu barnabókaverðlaunin og barnabókaverðlaun Fræðsluráðs fyrir bók sína Engill í Vesturbænum árið 2002. Í fyrra kom út bókin Rissa vill ekki fljúga, um rituungann Rissu sem sigrast á flughræðslu sinni og þessi bók er sjálfstætt framhald hennar. Rissa er nú komin á Grænlandsmið ásamt fjölskyldu og vinum þar sem lífsbaráttan er hörð. Rissa og systir hennar leggja í langferð að leita að ísbjörnum, sem pabbi þeirra lofaði að þær fengju að sjá, og verða margs vísari í þeirri ferð þó að titilspurningu bókarinnar sé aldrei svarað heldur meiri áhersla lögð á fæðukeðjuna almennt

Ég hef ekki lesið bókina um Rissu og flugörðugleika hennar en það er greinilegt að höfundar ætlast til þess að lesandinn þekki þá sögu og þær persónur sem þar koma fyrir. Ég veit ekki hvort mér finnst það jákvætt eða neikvætt. Það er ekki gaman þegar sömu staðreyndirnar eru þuldar upp aftur og aftur í hverri bók, einkum þegar bókin er ekki lengri en þetta, en á hinn bóginn er erfiðara að fá áhuga á persónum þegar maður veit lítið sem ekkert um þær. Ég veit reyndar ekki hvort börn láta sig svona smáatriði nokkru varða ef sagan grípur þau.

Frásögnin er nokkuð sundurlaus og frekar í formi brota en í samfellu. Þannig er frekar verið að ná fram tilfinningunni fyrir lífi fuglanna á Grænlandsmiðum eða mannfólksins í grænlensku þorpi en að fylgjast náið með einni atburðarás. Á köflum er vaðið úr einu í annað og ævintýri rituunganna verða stundum tilviljanakennd og fara jafnvel framhjá lesandanum en það ber að hafa í huga að flestar barnabækur eru lesnar oftar en tíu sinnum og því kostur ef sagan býður upp á eitthvað nýtt við annan eða fjórða lestur. Aftur ræður persónulegur smekkur miklu. Ég hef meira gaman af beinni frásögn og hún heldur mér meira við efnið en þetta form gefur færi á framhaldslestri því hægt er að hætta að lesa á hverri síðu og byrja svo upp á nýtt kvöldið eftir á þeirri næstu án þess að þurfa mikið að rifja upp.

Myndirnar eru fallegar og bæta smábröndurum við textann sem fyrir þá sem lesa frekar myndir en orð er mikill kostur.

**Brynhildur Björnsdóttir**




**BÆKUR**
**Hver étur ísbirni?**
Kristín Steinsdóttir og Halla Sólveig Þorgeirsdóttir
Vaka-Helgafell

★★★

Falleg bók og fróðleg en frásögnin nokkuð sundurlaus.




# eig'ðu EÐA leig'ðu

**SUPERMAN FÆST Í VÍDEÓHÖLLINNI OG Á ÖLLUM SÖLUSTÖÐUM BÓNUSVÍDEÓ**




## eig'ðana 1.999 kr.

**Úrval nýrra mynda og teiknimynda til sölu á aðeins kr. 1.999,-**

**Til sölu á eftirfarandi stöðum:**

- Vídeóhöllin Lágmúla 7
- Bónusvídeó Hraunbæ 121
- Bónusvídeó Þverholti 2, Mosfellsbæ
- Bónusvídeó Ánanaustum 15
- Bónusvideo Lækjargötu 2, Hafnarfirði
- Bónusvideó Spönginni
- Bónusvideó Mjódd
- Bónusvideó Lóuhólum 2-6
- Bónusvideo Nýbýlavegi 16

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU S. 568-5333**

Birtist með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl. - Verð geta breyst án fyrirvara. Gildir á meðan birgðir endast.

VIDEOHÖLLIN
*Á þínu bandi*

BÓNUSVÍDEÓ
*Leigan í þínu hverfi*


CASINO ROYALE


A SCANNER DARKLY

## GOTT GLÁP

**Casino Royale:** Bond var líka á þessum stað í síðustu viku en þetta er einfaldlega langbesta myndin í bíó þessa dagana enda hefur 007 ekki verið jafn sprækur og svalur í áratugi.

**A Scanner Darkly:** Skemmtileg nálgun Richards Linklater á vísindaskáldskap Philip K. Dick er alveg að virka. Sniðugt að teikna ofan í Keanu Reeves og félaga og breyta myndinni þannig nánast í myndasögu.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN GÍSLI GALDUR ÞORGEIRSSON TÓNLISTARMAÐUR

# Fer alltaf með vasaklút í bíó

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Börn, það var alveg frábær mynd.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
American Dreams.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Úúffff …Hugsanlega Dude Where is my Car, fannst svo magnað hvernig andrúmsloftið í henni var.
**Hefur þú grátið í bíó?**
Já, fer yfirleitt með vasaklút í bíó og tissjú.
**Uppáhalds íslenska persónan:**
Aggi Pó í Sódómu.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Finni í Blossa.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Big Lebowski.
**Mesti skúrkurinn:**
Tóti í Íslenska draumnum.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Nei er ekkert svar.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Myndin væri um tónlistarmann sem að ynni í Skífunni. Einn dag fær hann nóg og ákveður að loka búðinni og halda risa partí með Snoop og Dre, í búðinni. Þá fer allt úr böndunum þegar annar plötusnúður sem vinnur einnig í búðinni keyrir á Hummer inn í búðina og rænir henni. Þeir fara síðan til Brasilíu þar sem þeir lenda í hinum ýmsu ævintýrum. Valli Sport og Siggi Hlö leikstýra, Eggert Þorleifsson leikur mig og Bjössi Bolla leikur Dr. Dre.





## AF HVÍTA TJALDINU
Þórarinn Þórarinsson

# Myrtur fugl í sturtu

Snjallir leikstjórar láta sér ekki nægja að láta orðaflaum persóna sinna segja áhorfendum alla söguna heldur nota þeir óþrjótandi möguleika myndmálsins til þess að gefa vísbendingar, afvegaleiða og segja meira um persónurnar en þær gera sjálfar með orðum sínum og athöfnum.

Alfred Hitchcock gerði þetta af mikilli list og það er engin tilviljun að enn sé talað um að hann hafi leikið á áhorfendur eins og píanó. Það mætti til dæmis skrifa langt mál um notkun Hitchcocks á myndmálinu til að hrekkja áhorfendur í Psycho en látum eitt dæmi nægja.

Norman Bates hefur drepið áður en hann hittir Marion Crane og slátrar henni í frægasta steypibaði kvikmyndasögunnar. Það kemur þó aldrei beinlínis fram í myndinni en Hitchcock kemur því til skila á sinn lúmska hátt. Norman er með uppstoppaða fugla upp um alla veggi og hefur gaman að því að „stuff birds“ sem þýðir bókstaflega að troða í fugla en „bird“ er einnig vel þekkt orð yfir stúlkur í heimalandi leikstjórans þannig að Norman er sennilega meira fyrir að troða í … Æi, þetta er smekklegra eins og Hitchcock afgreiddi það.

Gægjur eru eitt meginþema Psycho. Myndin hefst á því að myndavélin súmmar inn um glugga þar sem Marion og elskhugi hennar hafa nýlokið sér af og áhorfandinn er því engu betri en Norman þegar hann fylgist síðar með Marion berhátta sig fyrir sturtuna. Þegar blóðbaðinu lýkur starir niðurfallið í sturtubotninum á áhorfandann á meðan það tekur við vatnsblönduðu blóði stúlkunnar þangað til myndavélin færist yfir á andlit hennar og hún starir á okkur dauðum augum eins og uppstoppaður fugl á vegg.



Hver myndavélarhreyfing og hver rammi góðrar kvikmyndar er útpældur og það ætti ekkert að vera innan hans fyrir tilviljun og þegar það er haft í huga eru smáatriði eins og val persónu á veggskrauti merkingarbær og dýpka ánægjuna af áhorfinu. Þá er það líka sameiginlegt einkenni á myndum þar sem myndmálinu er beitt af leikni að þær má horfa á aftur og aftur og aftur. Eins og Psycho.






# Jesúbarnið og jólastríð

**Jólamyndirnar eru byrjaðar að gera vart við sig í bíó og tvær slíkar verða frumsýndar á morgun. Önnur fjallar um jólameting nágranna sem endar með ósköpum en hin getur ekki orðið jólalegri enda byggist hún á frásögn Lúkasarguðspjallsins um meyfæðinguna.**


**MARÍA OG JÓSEF** Leggja í langt og strangt ferðalag til Betlehem og mæta miklu andstreymi en komast þó á leiðarenda þar sem María fæðir barn sem breytti sögunni.

### Í Betlehem er barn oss fætt …

The Nativity Story fylgir þeim Maríu og Jósef á leið þeirra frá Nasaret til Betlehem þar sem frelsarinn kom í heiminn eins og er fyrir löngu frægt orðið. Myndin hefst þó nokkru fyrr, á taugaveiklun sem greip Heródes konung vegna spádóms Gamla testamentisins um Messías en spádómurinn varð til þess að hann fyrirskipaði útrýmingu allra sveinbarna í ríkinu sem voru undir tveggja ára aldri.

Sögunni víkur síðan að Maríu en hennar bíður það hlutskipti að fæða son Guðs í þennan heim. Það þarf vart að rekja söguþráðinn frekar enda þekkir nánast hvert mannsbarn í hinum vestræna heimi framhaldið.

### … blikar jólastjarna

The Nativity Story var heimsfrumsýnd á sunnudaginn á sérstakri hátíðarsýningu í Vatíkaninu að viðstöddum rúmlega 7.000 áhorfendum. Fréttir herma að myndin hafi fallið áhorfendum vel í geð og það má segja að hún njóti geistlegrar blessunar en þetta er í fyrsta skipti sem kvikmynd hlotnast sá heiður að vera frumsýnd í Páfagarði.

Hin sextán ára gamla Keisha Castle-Hughes leikur guðsmóðurina í The Nativity Story en hún vakti mikla athygli árið 2002 fyrir frábæran leik í nýsjálensku myndinni Whale Rider en hún hlaut fyrir vikið tilnefningu til Óskarsverðlauna sem besta leikkonan í aðalhlutverki. Hinn nánast óþekkti Oscar Isaac leikur Jósef en breski eðalleikarinn Ciarán Hinds (Munich, Miami Vice) leikur Heródes en hann er síður en svo ókunnur sögutímanum þar sem hann lék Júlíus Seasar með miklum tilþrifum í sjónvarpsþáttunum Rome.

### Jóla hvað?

Kærleiksboðskapur Krists svífur ekki yfir vötnum í gamanmyndinni Deck the Halls þar sem leikararnir Matthew Broderick og Danny DeVito leiða saman hesta sína í mögnuðum nágrannaerjum sem stofna jólagleði fjölskyldna þeirra í stórhættu.

Jólin eru eftirlætisárstími Steve Finch sem Broderick leikur og hann er bókstaflega friðlaus á aðventunni þegar öll tilvera hans hverfist um jólaundirbúning og alls konar hefðir og uppákomum honum tengdum. Þetta gerir eiginkonu hans og börnum hins vegar lífið frekar leitt þar sem hann dregur þau áfram í ofstækinu.

### Jólahjólavitleysa

Ástandið versnar svo til muna þegar nýi nágranninn, bílasalinn Buddy Hall (DeVito), gerir tilkall til krúnunnar sem aðal jólakallinn í hverfinu. Hann byrjar á því að setja upp svo magnaða jólaljósaseríu á húsið sitt að hún sést utan úr geimnum og þar með er stríðshanskanum kastað.

Athyglin sem Buddy fær út á jólaljósin verður til þess að hann fyllist ofurkappi og gerir ýmsar glannalegar tilraunir til þess að toppa sjálfan sig í jólaskreytingum á meðan Steve fellur algerlega í skuggann með sitt hefðbundna jólaflipp. Hann snýr því vörn í sókn og nágrannaerjurnar stigmagnast.

Fjölskyldur klikkhausanna sameinast þó gegn þeim enda stefnir allt í það að illindin muni eyðileggja jólin fyrir öllum en stóra spurningin er hvort mögulegt sé að fá kappana til þess að grafa stríðsöxina áður en það er um seinan.

# Sagað í sama knérunn í þriðja sinn

Hryllingsmyndin Saw náði miklum vinsældum árið 2004. Þetta var frekar einföld og ódýr mynd sem kom með ferskan andvara inn í staðnaðan hryllingsmyndabransann enda fóru höfundar hennar frumlegar leiðir til þess að skelfa áhorfendur og vekja óhug í hjörtum þeirra.

Vinsældir myndarinnar urðu til þess að framhaldsmyndin Saw II var hrist fram ári síðar og nú er hann mættur þriðja árið í röð í Saw III.

Jigsaw er á síðasta snúningi að þessu sinni og bíður dauðans undirlagður af krabbameini. Krankleikinn hindrar hann þó ekki í því að halda illvirkjum sínum áfram þar sem Amanda, eitt af fáum fórnarlömbum hans sem lifði þrautir hans af, hefur gerst lærlingur hans.

Skötuhjúin ræna að þessu sinni lækninum Lynn sem fær að halda lífi svo lengi sem hún getur haldið Jigsaw gangandi en á meðan hún framlengir jarðvist sína með því að hjúkra illmenninu reynir Jeff, annað fórnarlamb, að leysa þraut að hætti Jigsaw á öðrum vettvangi.


**SAW III** Hugmyndaauðgi Jigsaw eru lítil takmörk sett þegar hann hrellir og kvelur fórnarlömb sín.

EFTIRLÆTI YESMINE





KOMIÐ Í HEIMSÓKN OG SJÁIÐ
EFTIRLÆTIS HLUTI YESMINE OLSSON

Yesmine kynnir bókina sína milli 19 og 21 í kvöld og býður viðskiptavinum að smakka á ljúffengum réttum úr bókinni.

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
OG ALLA VIRKA DAGA TIL JÓLA.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net

habitat



**> Athugið...**

*... að örbylgjuofninn gagnast í margt annað en að poppa. Skelltu sítrónunni inn í 15 sekúndur og þú uppskerð mun meiri safa þegar þú kreistir. Veittu hvítlauki sömu meðferð og ysta lagið rennur af honum.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR ALÞINGISKONA**

## *Borðaði impala-antílópu í Afríku*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ætli það sé ekki lambakjöt. Ég fæ bara aldrei leiða á því.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Þær eru svo ótrúlega margar. Sennilega var ótrúlegasta matarupplifunin þegar ég borðaði indverskan mat í fyrsta sinn. Ég fékk rauðan tandoori-kjúkling. Ég bjó á Indlandi þegar þetta var, svona matur hafði þá aldrei sést hér.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Selur finnst mér ekki góður, en annars er ég lítið matvönd.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ferskur rjómi. Ég get alltaf bjargað mér með rjóma.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það fer eftir tilfinningaástandi hvers dags hvað maður hefur þörf fyrir. Stundum þarf maður mat í jarðsambandi, til dæmis kjötsúpu, og stundum þarf maður eitthvað léttara.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Smjörva. Allt sem þarf í góðan grunn í sósu eiginlega.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Steinbít. Hann er svo bætiefnaríkur og myndi halda í mér lífinu.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ætli það hafi ekki verið þegar ég borðaði spörfugl og spörfuglsegg og þegar ég smakkaði frosk í fyrsta sinn. Ég hef líka borðað impala, sem er falleg antílóputegund í Afríku.





**Vínviðurinn**
**Einar Logi Vignisson**

# Ekki bara pinotage

Suður-Afríka hefur vakið mikla athygli fyrir framsækna víngerð síðustu tvo áratugina og hefur framrás landsins verið mikil eftir að aðskilnaðarstefnan leið undir lok og landið opnaðist fyrir erlendum viðskiptum. Höfuðþrúga suður-afrískrar víngerðar er pinotage. Vín úr henni eru jafnan djúprauð, kröftug og heit. Sumum finnst þau minna á brennt gúmmí, á jákvæðan hátt þó! Pinotage er blendingsþrúga sem var búin til fyrir tæpri öld, bræðingur pinot noir og cinsaut. Prófessor Abraham Izak Perold gerði tilraunir til að bæta gæði pinot noir þrúgunnar á víngarði við Góðrarvonarhöfða árið 1925. Ekki er ljóst hverju prófessorinn vildi ná fram, hann skildi engar skýrslur eftir sig. Flestir telja að hann hafi verið að reyna að bæta pinot noir þrúguna með tilviljunarkenndum hætti því cinsaut er mjög ólík þrúga en hefur þá kosti að vera auðræktanleg og sjúkdómalaus. Niðurstaðan var óvænt, móðurþrúgurnar eru báðar heldur litlausar en afkvæmið pinotage djúprautt.

Glen Carlou víngerðin, sem David Finlayson stjórnar og viðtal er birt við hér á síðunni notar, öfugt við flesta vínframleiðendur Suður-Afríku, franskar vínþrúgur en ekki heimaþrúguna pinotage. Ástæðan er sú að stofnandinn, Walter Finlayson, lærði sitt fag í Frakklandi og hreifst af öllu sem gert er þar í víngerð.

Flestar algengustu vínþrúgur heims eru ræktaðar í Suður-Afríku. Lengi var chenin blanc sem heimamenn kalla steen mikilvægasta hvíta þrúgan. Gaf yfirleitt af sér ódýr vín en hefur verið að ná sér á strik og gerðar hafa verið ýmsar athyglisverðar tilraunir sem hafa gefið af sér sérstök vín. Stór og mikil chardonnay-vín hafa vakið athygli, gjarnan nokkuð eikuð. Vín úr sauvignon blanc hafa vakið einna mesta athygli. Þykja einhverjir glæsilegustu fulltrúar þeirrar þrúgu utan Evrópu. Fínustu vín eru gerð úr cabernet sauvignon, gjarnað blönduð með öðrum þrúgum, t.d. upp á klassíska franska mátann eins og David Finlayson gerir. Mestu möguleikarnir í rauðu vínunum virðast búa í syrah-þrúgunni. Svalari héruð geta framleitt syrah nær frönskum stíl, en heitari héruð liggja nær áströlsku línunni.




**Á botninn hvolft:**
Hvítvínið öfluga Glen Carlou Chardonnay sýnir frumkraftinn sem býr í Suður-Afríku. Vínið var eitt þeirra fimm hvítvína sem fengu Gyllta glasið hjá íslensku vínþjónasamtökunum í október.

# Björt framtíð í Suður-Afríku

**David Finlayson, stjórnandi Glen Carlou-víngerðarinnar, var á leiðinni á Decanter-vínsýninguna í London þegar hann hafði viðkomu hér á Íslandi fyrir skemmstu. Einar Logi Vignisson ræddi við hann.**

Finlayson virkar við fyrstu kynni fremur hlédrægur og fíngerður en fljótlega kemur í ljós að undir niðri leynist dæmigerður kraftmikill Suður-Afríkumaður sem hefur sterkar skoðanir á víngerð, efnahagsmálum og íþróttum en þetta þrennt var fyrirferðarmikið í samtali okkar.

Hann er fyrrum brimbrettakappi en segist í vonlausri þjálfun sem er þó ekki vonlausari en svo að hann stundar fjallahjólreiðar af krafti en sú íþrótt hefur hingað til ekki þótt fyrir nema heldur vel þjálfað fólk. „Meginástæðan fyrir að ég lagði brettinu er sú að ég á tvö lítil börn og þetta er heldur hættulegt sport. Svo spilar inn í að maður verður að vera alveg í toppæfingu til að ráða við stærstu öldurnar og það var farið að fara í taugarnar á mér að ég réði ekki við það sama og í gamla daga. Þannig að ég læt hjólreiðar og veiði duga og er alveg hættur að keppa. Ég ætla að koma aftur til Íslands næsta sumar og fara í lax. Faðir minn var grænn af öfund þegar ég sagði honum að ég væri á leið hingað og spurði mig hvort ég gerði mér minnstu grein fyrir því hversu stórkostlegar árnar á Íslandi væru.

Árnar í Suður-Afríku eru flestar minni en hér á landi og erfitt að komast að þeim. Þær eru ekki eins miklar fiskiár og þið búið yfir en á móti kemur að náttúran er stórbrotin og mikið ævintýri að koma sér á bestu veiðistaðina. Oft förum við á kajak eða hjólabátum og syndum svo síðasta spölinn. Stundum mæta veiðimönnum hlébarðar og aðrar skepnur sem þú vilt helst ekki hitta þegar hættulegasta vopnið sem þú ert með er flugustöng!“



**DAVID FINLAYSON** Þykir einn efnilegasti víngerðarmaður heims. Forfallinn veiðimaður sem ætlar að mæta í lax á Íslandi næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

### Lehmann rosaleg týpa

Glen Carlou víngerðin var stofnuð árið 1985 af Walter Finlayson föður Davids. Hann hafði starfað sem víngerðarmaður hjá bestu vínframleiðendum Suður-Afríku en lært víngerð í Frakklandi og frönsk áhrif eru áberandi í víngerðinni. Nafn fyrirtækisins er fengið úr nöfnum dætra Walters, en þær heita Lena, Carol og Louise. Syninum David var hins vegar fljótlega falið að stjórna víngerðinni en hann hafði menntað sig í víngerð í háskóla í Suður-Afríku en jafnframt dvalið langdvölum í Bordeaux og í Ástralíu hjá Peter Lehmann.

„Það er ótengt núverandi eignarhaldi að ég fór til Lehmanns,“ segir David en Hess Group á bæði Glen Carlou og Peter Lehmann í dag. „Faðir minn hitti Peter fyrst á áttunda áratugnum og mikill vinskapur tókst með fjölskyldum okkar. Peter er alveg rosaleg týpa, dæmigerður Ástrali sem virkar hrjúfur en er með risastórt hjarta. Hann lét mig vinna alveg svakalega mikið, 16 tíma á dag í fjóra mánuði en ég lærði gríðarlega mikið hjá honum. Ástralski stíllinn í víngerð er ansi tæknilegur á meðan franski stíllinn er tilfinningalegur þar sem sagan og hefðirnar ráða för. Það var því skemmtilegt fyrir mig að kynnast þessum tveimur ólíku hefðum og ég hef reynt að taka það besta úr hvorum stílnum í víngerð okkar.“

### HM verður haldið

„Efnahagslífið gengur vel og nýja svarta millistéttin sem ekki var til áður er drifkraftur samfélagsins. Hún er mikilvæg fyrir okkur vínframleiðendur því áður höfðum við fjórar milljónir hvítra sem drukku vín en nú hafa 44 milljónir svartra bæst við og mikið af fólkinu er vel menntað. Við glímum auðvitað við ýmsa erfiðleika, misskiptingin er enn þá gríðarleg og fátæktin yfirþyrmandi sumstaðar.

En framtíðin er björt og knattspyrnuáhugamenn þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að HM 2010 klikki. Allt er á fullu í uppbyggingu og Þjóðverjarnir sem skipulögðu keppnina sl. sumar eru mættir niður eftir til að klára þetta með okkur. Það eina sem ég hef áhyggjur af er hvernig okkur mun ganga að taka á móti öllum þeim ferðamönnum sem koma á keppnina. Flugfélögin þurfa að endurskipuleggja sig og auka þarf gistirými.“






# Matreiðslubók á netinu

Mataráhugi Íslendinga virðist ekki fara dvínandi, ef marka má vefsíðuna matseld.is. Hún hefur verið í loftinu í um þrjá mánuði, og er þegar komin með yfir 800 notendur og 500 uppskriftir. „Síðan er eiginlega ekki farin af stað. Við höfum ekkert kynnt hana, og það er enn verið að vinna í forrituninni,“ sagði Jens Kristjánsson, matgæðingurinn á bak við matseld.is. Að sögn hans vantaði matreiðsluvef við hans hæfi. „Það er til haugur af matarvefjum, en þeir virðast allir vera meira og minna reknir af hagsmunaaðilum og gera ekki út á þennan almenna notanda. Á matseld.is er enginn sem stjórnar. Ég lagfæri stafsetningarvillur og svona, en að öðru leyti eru þetta bara notendur að koma sínu á framfæri,“ sagði Jens. „Fólk getur gert það sem því hentar: birt uppskrift, tekið þátt í umræðum eða skrifað grein um eitthvað. Þetta er í raun bara stór matreiðslubók og þankagangs-skráningarmaskína,“ sagði hann kátur.

Uppskriftir á vefnum koma úr öllum áttum. Þar má meðal annars finna indverskan mat, rússneska fiskisúpu, afrískan pottrétt, brauðrétti, pottrétti og hvað sem hugurinn, eða maginn, girnist og því engin ástæða til að festast í sama farinu í matseldinni. - sun



**INDVERSKUR POTTRÉTTUR** Indverskur matur nýtur mikilla vinsælda hérlendis, og á matseld.is má finna ýmsar einfaldar uppskriftir að góðgætinu.


www.fronkex.is
Frón
Láttu Frón sjá um að baka
Jólasmákökurnar
- og farðu í ferð til Evrópu
UPPSKRIFTA
SAMKEPPNI
FRÓN efnir nú til **uppskriftasamkeppni**. Sendu okkur eftirlætis smáköku-uppskriftina þína og þú gætir unnið helgarferð til Evrópu. Sú smákökutegund sem þykir ljúffengust verður sett á markað fyrir jólin 2007. Ekki nóg með það heldur mun smákökutegundin bera nafn vinningshafans.
Uppskriftir þurfa að berast fyrir 24. desember 2006 með tölvupósti á uppskrift@fronkex.is eða bréfleiðis til: FRÓN, Tunguháls 11, 110 Reykjavík.
ÍSAM
www.isam.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Rak stílistann fyrir að ýta undir átröskun

Nicole Richie hefur nú rekið góðvinkonu sína og stjörnustílistann Rachel Zoe og hefur ásakað hana um að ýta undir átröskun hjá viðskiptavinum sínum. Richie gefur þetta út á heimasíðu sinni þar sem hún talar um að Zoe sé svo illa haldin af átröskun sjálf að hún reyni eftir bestu getu að hafa áhrif á alla í kringum sig. „Rachel er með sérstakar pillur sem hún dreifir til viðskiptavina sinna sem hjálpar þeim að verða óeðlilega léttar,“ segir Richie en hún hefur grennst mikið síðustu ár og verið ásökuð í fjölmiðlum um að vera haldin átröskun.

Stjarna Zoe hefur risið hátt síðustu ár og er hún einn eftirsóttasti stílisti í Hollywood í dag. Meðal viðskiptavina Rachel Zoe eru Lindsay Lohan, Mischa Barton og Kate Bosworth en þær hafa allar grennst óeðlilega mikið upp á síðkastið sem ýtir enn frekar undir ásakanir Nicole Richie á hendur Zoe. Zoe hefur neitað alfarið fyrir allt saman og segir að Richie og hún skilji í góðu og ætli að halda áfram að vera góðar vinkonur.



**MISCHA BARTON** Er viðskiptavinur Rachel Zoe og er með eindæmum grannvaxin.



**KATE BOSWORTH** Hefur gjörsamlega horfið fyrir framan augunum á almenningi og má rekja það til Rachel Zoe.



**EKKI LENGUR VINKONUR** Nicole Richie og stílistinn Rachel Zoe voru góðar vinkonur og var Zoe stílistinn hennar. Nú sakar hin þvengmjóa Richie Zoe um að stuðla að átröskunum hjá viðskiptavinum sínum.

# Trúlofaðist leikkonu

Framleiðandinn Mark Burnett, sem hefur sent frá sér raunveruleikaþætti á borð við Survivor, Rock Star: Supernova og The Apprentice hefur trúlofast leikkonunni Roma Downey.

Burnett bað hennar um þakkargjörðarhátíðina í Mexíkó og ætla þau sér að giftast á næsta ári. Þau eru 46 ára og eiga bæði börn úr fyrri hjónaböndum. Burnett á tvo syni og Downey, sem hefur leikið í þáttunum Touched By an Angel, á eina dóttur.



**MARK BURNETT** Framleiðandi Survivor og The Apprentice ætlar að kvænast Roma Downey á næsta ári.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Christian Slater og sjónvarpsframleiðandinn Ryan Haddon giftust árið 2000.

# Slater skilur við Haddon

Skilnaður leikarans Christian Slater við sjónvarpsframleiðandann Ryan Haddon er genginn í gegn. Hjónin fyrrverandi, sem giftust á Valentínusardaginn árið 2000, skildu að borði og sæng í janúar á síðasta ári vegna óviðunandi ágreinings.

Slater, sem hefur m.a. leikið í True Romance og Broken Arrow, á tvö börn með Haddon. Ekki er víst hvort hann fái sameiginlegt forræði yfir þeim eins og hann hefur óskað eftir.

# Stutt og laggott í Hollywood

**Hollywood hefur aldrei verið þekkt fyrir að ala af sér löng og farsæl hjónabönd því flest stjörnuhjónabönd enda í skilnaði fyrr en seinna.**

Nokkur hjónabönd skera sig úr að því leyti að hafa ekki enst árið. Margir segja að fyrsta árið í hjónabandi sé eins og að svífa á bleiku skýi en það á aldeilis ekki við um neðangreind pör. Hvort það sé í tísku í Hollywood er ekki gott að segja en stjörnunum virðist vera mikið í mun að gifta sig og eru svo enn fljótari að skilja.

### Fjórir mánuðir

Þriggja ára krísan í hjónaböndum er vel þekkt og eru það mörg hjónabönd sem ganga í gengum erfiðleika þá en í Hollywood þekkist þessi sama krísa sem fjögurra mánaða krísan. Tvö þekkt hjónabönd hafa nú liðið undir lok eftir einungis fjögurra mánaða líftíma. Óvænt hjónaband leikkonunnar Renee Zellweger og kántrísöngvarans Kenny Chesney entist aðeins í fjóra mánuði en parið þekktist ekki lengi áður en það ákvað að ganga í það heilaga. Það er einmitt annað dæmi um hjónabönd í Hollywood, oftar en ekki er hugmyndin um hjónabandið ekki vandlega úthugsuð áður en hún er framkvæmd.

Seinni parið eru Kid Rock og Pamela Anderson sem sóttu um skilnað fyrir stuttu. Parið gifti sig á fjórum mismunandi stöðum í sumar en ástin kulnaði hjá þeim fjórum mánuðum síðar og hafa þau nú sótt um skilnað hvort frá öðru.

### Óviðunandi ágreiningur

Stallsystur Pamelu Anderson, Carmen Electra hefur einnig sett sitt mark á hjónabandssögu í Hollywood. Hún giftist körfuboltakappanum Dennis Rodman árið 1998 en hjónabandssælan entist ekki lengur en í tíu daga. Þá sótti Electra um skilnað og bar fyrir sig „óviðunandi ágreining“ sem ástæðu skilnaðarins. Það er ein algengasta afsökunin í Hollywood fyrir hjónabandslokum og notar fólk og fjölmiðlar þessi orð óspart.

### Það stysta í sögunni

Poppprinsessan Britney Spears á metið í stysta hjónabandi sögunnar. Hún giftist æskuvini sínum Jason Alexander í Las Vegas en segir sjálf að hún hafi verið í „annarlegu ástandi“ það kvöld. Hjónabandið entist í 55 klukkutíma og Spears hefur því ekki beðið lengi eftir að láta ógilda hjónabandið eftir brúðkaupsnóttina. Ekki fylgdi sögunni hvað vininum Jason Alexander fannst um málið en hann fékk sína 15 mínútna frægð á meðan málið gekk yfir í fjölmiðlum.

Spears er nú búin að skilja í annað skiptið á ævinni en hjónaband hennar og Kevin Federline entist í tvö ár. Það er því spurning hvernig henni gengur næst. Allt er þegar þrennt er, ekki satt?

alfrun@frettabladid.is



**BRITNEY SPEARS** Á heiðurinn að stysta hjónabandi í sögu Hollywood, 55 klukkutímar í heildina.



**FJÖGURRA MÁNAÐA KRÍSAN** Pamela Anderson og Kid Rock áður en slitnaði upp úr hjónabandinu eftir stuttan tíma.



**10 DAGAR** Dennis Rodman og Carmen Electra voru hjón í tíu daga áður en slitnaði upp úr.



**JASON ALEXANDER** Fyrrverandi eiginmaður Britney Spears varð frægur á meðan málið gekk yfir í fjölmiðlum.




**RENEE ZELLWEGER** Var of fljót á sér þegar hún giftist kántrísöngvaranum Kenny Chesney eftir að hafa þekkt hann í stuttan tíma. Hjónabandið entist í fjóra mánuði sem er algengur líftími í Hollywood.

# *Önnur stutt hjónabönd*

■ Jennifer Lopez og Chris Judd
Giftu sig árið 2001 og hjónabandið entist í níu mánuði.

■ Drew Barrymore og Tom Green
Hjónabandssæla þeirra tveggja entist ekki lengur en í fimm mánuði.

■ Colin Farrell og Amelia Warner
Giftust árið 2001 en allt kom fyrir ekki og þau skildu fjórum mánuðum síðar.

■ Nicolas Cage og Lisa Marie Presley
Líftími þessa hjónabands var ekki lengur en þrír og hálfur mánuður.



DOMO

Stökksteikt andarbringa með volgri andarlifur, mangó og sætum kartöflum í súrsaðri plómusósu

DOMO@DOMO.IS
DOMO.IS

DOMO RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588


Gómsætt
**Hellmanns Majones** er fyrsta flokks majónes sem laðar fram það besta í matargerðinni. Flauelsmjúk áferð, besta hráefni og ósvikin bragðgæði gera það ómissandi á samlokur, í salöt og hverskonar aðra matargerð.
HELLMANN'S REAL MAYONNAISE
HELLMANN'S Light MAYONNAISE
HELLMANN'S Extra Light MAYONNAISE
Hellmann's gerir samlokuna betri
Fiton/SÍA FI019380






# Borat ástæða skilnaðarins

Nú hafa Pamela Anderson og Kid Rock ákveðið að fara hvort í sína áttina eftir aðeins fjögurra mánaða hjónaband. Þær sögur ganga nú fjöllunum hærra í Hollywood að ástæða skilnaðarins hafi verið hlutverk Pamelu í kvikmyndinni um sjónvarpsmanninn Borat sem nýtur mikilla vinsælda meðal áhorfenda.
Í kvikmyndinni á Borat að vera yfir sig ástfanginn af Pamelu og vill kvænast henni.

Kid Rock líkaði ekki hlutverk Pamelu og kallaði hana öllum illum nöfnum eftir að hafa séð myndina og fannst spúsa sín greinilega bera sig of mikið í myndinni. Pamela fékk nóg en þetta var víst ekki fyrsta reiðikast Kid Rock gegn henni og á hann víst erfitt með að stjórna skapi sínu.


**EKKI NÓG ÁST** Kid Rock mun hafa kallað Pamelu öllum illum nöfnum eftir frumsýningu Borat-kvikmyndarinnar sem var kveikjan að skilnaðinum.


**BORAT** Kid Rock líkaði ekki hlutverk Pamelu í myndinni eftir Sacha Cohen og því má segja að hann sé ástæða skilnaðarins.

# Falleg útgáfugleði hjá Fabúlu í Tjarnarbíói

Tónlistarkonan Fabúla hélt útgáfutónleika í Tjarnarbíói á dögunum ásamt hljómsveit sinni. Fluttu þau efni af nýútkominni plötu, Dusk, við góðar undirtektir.

Með Fabúlu á tónleikunum voru Birkir Rafn Gíslason á gítar, Jökull Jörgensen á bassa, Sigtryggur Baldursson á trommur og slagverk og Ingunn Halldórsdóttir á selló. Platan Dusk einkennist af „melankólskri leikgleði“ og ríkti sá andi í Tjarnarbíói þetta föstudagskvöld.


**INGUNN OG JÖKULL** Sellóleikarinn Ingunn Halldórsdóttir og bassaleikarinn Jökull Jörgensen voru Fabúlu til halds og trausts á tónleikunum.


**FABÚLA** Fabúla söng lög af nýju plötunni sinni við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI


**Í TJARNARBÍÓI** Fjöldi fólks var samankominn í Tjarnarbíói til að hlýða á útgáfutónleikana.


**FYRRUM SYKURMOLI** Fyrrum Sykurmolinn Sigtryggur Baldursson, til hægri, sem nýverið spilaði á endurkomutónleikum sveitarinnar í Höllinni, og gítarleikarinn Birkir Rafn Gíslason spiluðu í Tjarnarbíói.

# Sérþarfir stjarnanna og stíf gæsla

„Við verðum með sérþjálfaða öryggisverði sem gæta stjarnanna og kannski ekki hvað síst Stradivarius-fiðlunnar sem Hjörleifur Valsson spilar á enda metin á nokkrar milljónir,“ segir Samúel Kristjánsson hjá Frost. Fyrirtækið hefur veg og vanda af einhverjum stærstu tónleikum Íslandssögunnar, Frostrósir: Evrópskar Dívur en þeir verða í Laugardalshöllinni laugardaginn 5. desember. Í engu verður sparað þegar þær Petula Clark og Sissel Kyrkjebo stíga á sviðið ásamt fjölda annarra söngkvenna því hátt í fimm hundruð starfsmenn koma að þessum tónleikum á einn eða annan hátt. Samúel hefur verið á fleygiferð að undanförnu enda syngja sumar stjörnurnar ekki í hvaða míkrafóna sem er og þá þarf að útvega. „Gríska söngkonan Eleftheria Arvanitaki hefur kannski gert hvað mestu kröfurnar enda er hún ef til vill langvinsælust af þeim öllum þótt við Íslendingar könnumst ekki mikið við hana,“ segir Samúel.


**STRÖNG ÖRYGGISGÆSLA** Stradivarius-fiðla Hjörleifs Valssonar verður undir vökulu auga öryggisvarða.


**SISSEL KYRKJEBO** Er mjög vinsæl hér á landi og syngur ásamt þeim Ragnhildi Gísladóttur og Eyvör Pálsdóttur.

Kostnaðurinn við tónleikana er gríðarlegur og nemur veltan í kringum verkefnið um hundrað milljónir. „Sviðsetningin ein kostar í kringum þrjátíu milljónir enda verður þetta að standast alþjóðleg gæði hvað umgjörð varðar,“ segir Samúel en dívurnar syngja síðan í sérstakri sjónvarpsútsendingu frá Hallgrímskirkju sem verður sýnd til fjölda Evrópulanda. - fgg



**Í EGILSHÖLL** Rapparinn Snoop Dogg hefur átt í miklum vandræðum með að halda sig á beinu brautinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Handtekinn með eiturlyf

Rapparinn Snoop Dogg var handtekinn fyrir að hafa í fórum sínum byssu og eiturlyf er hann yfirgaf upptökuver NBC-sjónvarpsstöðvarinnar þar sem hann hafði komið fram í kvöldþætti Jay Leno.

Snoop, sem heitir réttu nafni Calvin Broadus, og tveir félagar hans voru handteknir eftir að leit hafði verið gerð á heimili hans og bíl.

Snoop, sem hélt tónleika í Egilshöll í fyrra, þarf að mæta fyrir dómstólum hinn 12. desember vegna málsins. Hann þarf að gera slíkt hið sama 4. desember eftir að hann var handtekinn 27. september fyrir að hafa í fórum sínum hættulega kylfu á John Wayne-flugvellinum í Bandaríkjunum.

# Geiri gefur sjómönnum jólagjöf

**Ásgeir Davíðsson á Goldfinger hefur gefið út dagatal með myndum af súludansmeyjum staðarins sjötta árið í röð. Hann segir það ekki markmiðið að stúlkurnar sýni allt á myndunum, það geri þær bara á Goldfinger.**




**GOLDFINGER-DAGATALIÐ** Er skreytt myndum af nektardansmeyjum á Goldfinger en á einhverjum myndanna fékk hundur ljósmyndarans að fljóta með.

„Ég hef nú sagt það áður að þetta er jólagjöf mín til íslenskra sjómanna enda eru þeir uppáhaldsmennirnir mínir og ég vil helst koma þessu í hvert einasta skip,“ segir Ásgeir Þór Davíðsson, eigandi súlustaðarins Goldfinger, um dagatal fyrir árið 2007 sem hann gaf út nýlega.

Dagatalið er það sjötta sem Geiri sendir frá sér og að venju skartar það myndum af stúlkum sem stíga súludans á Goldfinger.

Geiri segir dansmeyjarnar sjá sér hag í því að sitja fyrir í dagatalinu, ekki síst þar sem þær fá myndirnar af sér brenndar á geisladiska og noti þær þegar þær sækja um vinnu á öðrum álíka klúbbum úti í hinum stóra heimi.

„Stelpan sem er á forsíðunni hefur dansað hjá mér af og til síðustu sex ár og það ætti að segja sína sögu um hvað stúlkunum finnst gott að vinna hjá mér,“ segir Geiri og bætir því við að dagatalið fái alltaf jafn góðar viðtökur.

„Ég prenta það alltaf í 5.000 eintökum í fyrsta versi og það hefur komið fyrir að þegar líður á árið þurfi að prenta meira þannig að yfirleitt fer þetta í 7.000 eintökum. Einu lætin sem ég man eftir í kringum þetta voru þegar það var fárast yfir því að vélskólanemar báru það út fyrir mig. Ég skil nú ekki alveg hver munurinn er á því að fá fólk sem komið er yfir tvítugt til að bera almanakið út eða biðja það um að leiða sig niður Laugaveginn í Gay Pride-göngunni. Ég átta mig ekki alveg á hvar siðferðiskenndin liggur í þessu en mér finnst þetta allt eiga rétt á sér.“



**ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON** Er hæstánægður með nýja almanakið.

Stúlkurnar eru fáklæddar í dagatalinu og eitthvað er um að myndirnar þyki full siðprúðar miðað við þá starfsemi sem almanakinu er ætlað að vekja athygli á en Geiri á skýringar á því. „Ég fer ekki að sýna allt á almanakinu enda er ætlast til þess að menn komi svo hingað upp eftir til að fá að sjá allt.“

**- þþ**



**ABBA** Safn tileinkað ABBA verður opnað í Stokkhólmi árið 2008.

# ABBA-safn í Svíþjóð

Safn tileinkað sænsku hljómsveitinni ABBA verður opnað í miðborg Stokkhólms árið 2008. Þar verða til sýnis föt og hljóðfæri sem sveitin notaði á farsælum ferli sínum, auk verðlauna, handskrifaðra laga og texta. Einnig verður þar hljóðver þar sem gestir geta tekið upp sín eigin ABBA-lög.

Aðstandendur safnsins fengu hugmyndina eftir að hafa kynnt sér Bítlasafnið í London. Það tók þá aftur á móti næstum tvö ár að sannfæra fyrrum meðlimi sveitarinnar, þau Benny Anderson, Björn Ulvaeus, Agnetha Faltskog og Anni-Frid Lyngstad, um að safnið væri góð hugmynd. „Það er gaman að einhver vilji notast við tónlistarferil okkar á þennan hátt,“ sagði ABBA í yfirlýsingu sinni. ABBA hefur selt yfir 370 milljónir platna. Jafnframt hafa yfir 27 milljónir séð söngleikinn Mamma Mia! sem þeir Björn og Benny sömdu saman.












# Kynna plötu með draugaveiðum

Breska stúlknasveitin Girls Aloud einbeitir sér nú að því að fylgja nýju plötunni sinni úr hlaði. Í því skyni ákváðu stúlkurnar að fara með upptökulið upp á arminn í tvö hús sem bæði eru víðfræg fyrir reimleika, og fara þar í andaglas. Ein þeirra, Nadine Coyle, þverneitaði þó að taka þátt í ævintýrinu og kvaðst vera allt of hrædd við slíka hluti. Hinar fjórar stúlkurnar héldu galvaskar af stað í fylgd Yvette Fielding, sem stjórnar þættinum Most Haunted. Tilraunin fór þó ekki betur en svo að Nicola Roberts flúði tökustað og Cheryl Tweedy og Kimberley Walsh grétu hvor í kapp við aðra. Cheryl sagði lífsreynsluna hafa verið hræðilega, hún hafi öskrað og grátið til skiptis. Kimberley, sem kvaðst vera tortryggnasta stúlkan í hópnum, sagðist hins vegar hafa öðlast trú á drauga og önnur slík fyrirbæri. Miðað við áhrifin sem tilraunin hafði á hljómsveitarmeðlimi verður því forvitnilegt að sjá hvort hún mun hrista upp í plötusölunni.



**GIRLS ALOUD** Draugaveiðarnar lögðust ekki vel í fjórar stúlknanna.






# Rappstjarna framtíðarinnar

**Hinn 15 ára gamli Daníel Alvin sigraði í rímnaflæðikeppni Miðbergs um síðustu helgi. Hann þótti skrefi á undan jafnöldrum sínum í textagerð og flutningi.**

„Ég er mjög sáttur, ætla fagna þessu með að fara út að borða á Ruby Tuesday,“ segir Daníel Alvin Haraldsson sem gerði sér lítið fyrir og vann rímnaflæðikeppni Miðbergs sem haldin var síðasta föstudag. Af þeim tæplega tíu sem tóku þátt þótti Daníel bera af með lagi sínu „Skrímslið og reiðin“, en dómnefnd var sammála því að Daníel væri skrefi á undan jafnöldrum sínum hvað varðar textagerð og flutning.

Í laginu fæst Daníel ekki við neitt smámál, en það er tilhugalífið, þá sérstaklega ástarsorgin sem er til umfjöllunar. „Ég var ekki búinn að æfa mig mikið, en undirspilið fékk ég aðeins þremur dögum fyrir keppni og þá þurfti ég að spýta í lófana,“ segir hann. Í verðlaun voru 15 þúsund krónur, MP3 spilari og nýútkominn geisladiskur rapparans Bents, sem Daníel metur mikið. Sjálfur hefur hann tekið upp fjögur lög, sigurlagið ekki þar með talið, en lögin er ekki hægt að nálgast að svo stöddu, „en eru væntanleg á myspace“.

Daníel Alvin kýs að láta kalla sig Danna A þegar hann er við hljóðnemann og neitar öllum tengslum við rapparann Sesar A.



**DANÍEL ALVIN HARALDSSON** Ætlar út að borða á Ruby Tuesday til þess að fagna sigrinum í rímnaflæðikeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann er 15 ára gamall og nemur við Engjaskóla í Grafarvogi. Hann fæddist á Íslandi, en fjórum árum ævinnar eyddi hann í Kaliforníu og Hawaii ásamt fjölskyldu sinni. Hann segist staðráðinn í að fara í framhaldsskóla á næsta ári en hefur enn ekki ákveðið hvert förinni skal heitið, en það skal vera skóli sem tekur vel á móti upprennandi rappstjörnum og skáldum.

dori@frettabladid.is

# Fagmennska er ekki nóg!

Þegar ég fékk plötu Bríetar Sunnu í hendurnar hugsaði ég með mér að hér væri komin en ein Ædolplatan, hrikalega ófrumleg umslagsmynd sagði allt sem segja þurfti. Ég leit aftan á plötuna og skoðaði lagalistann. „Nohh, þeir hafa ákveðið að treysta á ábreiðulögin, greinilegt að frumsömdu lögin hafa ekki verið að gera sig,“ hugsaði ég með mér. Leit síðan á það hverjir íslenskuðu lögin og mér til nákvæmlega engrar furðu voru það Stefán Hilmarsson, Einar Bárðarson og Kristján Hreinsson. Leit inn í umslagið til þess að athuga hvort þér/mér/hér-rím væri ekki örugglega að finna í textum Einars. Júbb, í báðum lögunum hans. Einar klikkar ekki.

Ég skoðaði betur lögin og þóttist þekkja að hér væru á ferðinni tónmild kántrílög enda hafði Bríet oft lýst yfir ást sinni á slíkum lögum í Ædolinu. Af fyrri reynslu þóttist ég samt vita að hér myndi ekki kveða við nýjan tón. Ædoldiskarnir hafa hingað til einkennst af ófrumleika, einsleitum útsetningum, fljótfærni og gríðarlegri hræðslu við að taka áhættu. Því ætti þessi plata Bríetar Sunnu að vera eitthvað öðruvísi en hinar?

Eitt var ég líka viss um; frammistaða Bríetar átti eftir að vera hin fínasta enda ágæt söngkona þar á ferð. Á listanum yfir þá sem komu að upptöku plötunnar var ég líka viss um að engan viðvaningsbrag mætti finna á plötunni. En það er einfaldlega ekki nóg að tónlist sé fagmannlega gerð. Það þarf einfaldlega svo miklu miklu miklu miklu meira, allavega til þess að tónlist geti talist góð. Ég endaði samt að sjálfsögðu á því að hlusta á gripinn almennilega en því miður, og ég endurtek: því miður, reyndust áhyggjur mínar um ágæti plötunnar á rökum reistar.



**TÓNLIST** Steinþór Helgi Arnsteinsson

**Bara ef þú kemur með**

Bríet Sunna

★★

Enn ein Ædolplatan sem er alveg eins og enn ein Ædolplatan, nema að það er meira kántrí og slidegítar.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 7 | B.i.12 |
| MÝRIN | kl. 5:50-7-9 | B.i. 12 | NATIVITY STORY | kl. 8 | B.i.6 |
| SCANNER DARKLY | kl. 10:15 | B.i.16 | | | |

- ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ -

SÝNINGARTÍMAR 23. NÓV - 3. DES.

| | | |
|---|---|---|
| Posto dell'anima, Il | (staður sálarinnar) | kl. 5:50 og 10:10 |
| FATE COME NOI | (gerið eins og við) | kl. 10:10 |

Morgunbladid 2 fyrir 1 í bíó

BÝÐUR ÁSKRIFENDUM SÍNUM Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Á ÍTÖLSKU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI GEGN FRAMVÍSUN MIÐA SEM VAR FRAMAN Á MOGGANUM Á LAUGARDAGINN

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| CASINO ROYALE | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 7:30 - 10:30 | B.i. 16 |
| CASINO ROYALE VIP | kl. 4:30 – 7:30 – 10:30 | | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 16 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i. 12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð | | | |

www.sambioin.is 575 8900

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | |
| THE GRUDGE 2 | kl. 8 - 10:10 | B.i. 16 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 | DIGITAL |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | |
| ADRIFT | kl. 10:10 | B.i.12 | |

www.sambioin.is

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| CASINO ROYALE | kl. 7 - 10 | B.i. 12 |
| FLYBOYS | kl. 10:10 | B.i. 12 |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GRUDGE 2 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 - 10 | Leyfð |

MIRACOLO, IL (kraftaverkið) kl. 8
DA ZERO A DIECI (frá einum upp í tíu) itölsk kvikmyndahátíð kl 6


# Allt í öllu á BBC 6

Söngkonan Courtney Love ætlar að taka yfir útvarpsstöðina BBC 6 í einn dag, hinn 11. desember næstkomandi.

Þar mun hún spila uppáhaldslögin sín og ræða um hvernig hún hitti eiginmann sinn Kurt heitinn Cobain, söngvara Nirvana. Meðal annars mun hún spila sjaldheyrð lög bæði með Nirvana og hljómsveit sinni Hole.

Love segist þegar hafa valið helling af lögum frá sjöunda áratugnum, þar á meðal lög Bítlanna og Elvis Presley. Einnig mun hún spila lög eftir New Order, REM og The Bangles. „Ég vil að fólk læri eitthvað nýtt," sagði hún. „Ég hef búið til lista og hef skoðað hann vel og vandlega. Ég komst að því að ég lifi í fortíðinni."

Love mun einnig fjalla um nýbylgjuna í Liverpool þar sem Love átti samskipti við listamenn eins og Julian Cope og Echo and the Bunnymen snemma á níunda áratugnum.

Oasis og Moby munu einnig taka yfir útvarpsstöðina BBC 6 í einn dag í næsta mánuði.



**COURTNEY LOVE** Söngkonan Courtney Love verður allt í öllu hjá BBC 6 hinn 11. desember.

# Barist gegn nauðgunum

KK, Pétur Ben, Reykjavík! og Original Melody koma fram á tónleikum í kvöld sem er lokahnykkur átaksins „Nóvember gegn nauðgunum" sem Jafningjafræðsla Hins hússins hefur staðið fyrir.

Ösp Árnadóttir hjá Jafningjafræðslunni segir að átakið hafi gengið vonum framar. Sjö skólar hafa verið heimsóttir og hefur fræðslan ýmsist verið á sal eða inni í lífsleikni- eða félagsfræðitímum. „Fólk hefur svolítið skekkta mynd af því hvernig þetta er. Það heldur að flestar nauðganir séu þannig að það sé setið fyrir stelpum og ráðist á þær. Það er bara í 10% tilfella." Hún bætir því við að staðreyndin sé sú að í 70% tilfella þekkja fórnarlömb nauðgunarinnar þann sem fremur glæpinn.

Að sögn Aspar skellir fólk oft skuldinni á stelpurnar sjálfar sem lenda í nauðguninni og kenna m.a. klæðaburði um hvernig fór fyrir þeim, að þær hafi kallað nauðgunina yfir sig. „Það voru líka margir að segja reynslusögur af einhverjum frænda eða vinum sem stelpa hefði sagt að hefði nauðgað sér. Það er eins og það sé algengt en samt er það bara í 1,5% tilfella þannig. Það er eins oft og fólk sem lýgur um að hafa lent í bílslysi til að fá út úr tryggingunum. Samt er það aldrei dregið í efa."



**ÖSP ÁRNADÓTTIR** Ösp segir að fólk hafi svolítið skekkta mynd af fórnarlömbum nauðgana. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Styrktartónleikarnir fara fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og standa þeir yfir frá 20 til 22. Aðgangseyrir er enginn en fólk getur lagt frjáls framlög í kassa til styrktar Stígamótum.

- fb

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ofurfyrirsætan **Kate Moss** hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að hún vilji gera sína eigin snyrtivörulínu. Fyrirsætan er nú með samning við snyrtivörufyrirtækið Rimmel en um leið og samningurinn rennur út vill hún búa til sitt eigið merki. Moss er greinilega farin að færa sig upp á skaftið í tískuheiminum því auk þess að vera vinsælasta fyrirsæta heims er hún að hanna fatalínu undir eigin nafni hjá Topshop.



# Ómþýður kærleikur

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hefur verið dugleg við að prófa nýja hluti á undanförnum árum. Hún samdi lög við söngleikinn Sól og Mána sem var fluttur í Borgarleikhúsinu, spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands og næst var röðin komin að tónleikum með Gospelkór Reykjavíkur.

Sumir hafa undrast þessa nýjungagirni Sálarinnar en það er vel skiljanlegt þegar hljómsveit sem hefur starfað svo lengi leiti nýrra leiða til að halda sér og aðdáendum sínum á tánum.

**TÓNLIST**

**Lifandi í Laugardalshöll**

Sálin og Gospel

★★★

Vel heppnaðir tónleikar þar sem innlifunin og léttleikinn skína í gegn. Sálin og Gospelkórinn smellpassa saman.




Á gospeltónleikunum í Laugardalshöll spiluðu hvítklæddir Sálarliðar flest af sínum þekktustu ástarlögum með aðstoð Gospelkórsins, stjórnanda hans Óskars Einarssonar, og fjögurra aðstoðarhljóðfæraleikara. Lagt var upp með að flytja texta þar sem kærleikurinn væri í fyrirrúmi enda kórinn þekktur fyrir trúarlegan söng sinn.

Lög á borð við Ekkert breytir því, Getur verið?, Hjá þér, Lestin er að fara, Þú fullkomnar mig, Svarið er já og Aldrei liðið betur fengu öll að hljóma á sinn ómþýða hátt á tónleikunum sem heppnuðust afar vel. Fékk kórinn sérstaklega vel að njóta sín í fyrstnefnda laginu. Þannig eru flest lögin á plötunni fín þó svo að inn á milli leynist lakari lög á borð við Sól um nótt og Flæði.

Það fer Sálinni betur að spila með Gospelkórnum heldur en Sinfóníuhljómsveitinni enda á sveitin uppruna sinn í sálartónlist sem hefur jafnan átt góða samleið með gospeli. Þó svo að sinfóníutónleikarnir hafi verið ágætlega heppnaðir virðist sveitin finna sig betur með kórnum og innlifunin og léttleikinn virðast meiri. Minna gospeltónleikarnir þannig meira á hin hefðbundnu Sálarböll sem sveitin er svo þekkt fyrir.

**Freyr Bjarnason**








**RYKMOPPA**
Gott rykmoppusett á fínu verði. Skaft og moppa saman í pakka.




**BORÐTUSKUR**
3 góðar borðtuskur saman í einum pakka, komdu og gerðu góð kaup!




**MICROFIBERKLÚTAR OG ÞVOTTAMOPPUR**
3 microfiberklútar saman í pakka, einstaklega hentugir í jólaþrifin. Einnig til þvottamoppa á góðu verði.




**MICROFIBERHANSKI**
Góður hanski úr microfiberefni sem dregur í sig ryk. Góður í jólaþrifin!

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## > Íslensk kvennalið upp um sjö sæti

Handknattleikssamband Evrópu gaf í gær út lista yfir styrkleika félagsliða í Evrópu eftir löndum. Íslensk kvennalið taka stórt stökk upp á við og fara úr 26. sæti í það nítjánda. Karlaliðin eru í 22. sæti og féllu um eitt sæti frá því í fyrra. Þetta þýðir að HSÍ getur sent til þátttöku eitt lið í Meistaradeild Evrópu, eitt í EHF-bikarkeppnina, eitt í Evrópukeppni bikarhafa og tvö í Áskorendakeppni Evrópu bæði í karla- og kvennaflokki.



MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON: KEFLAVÍK MÆTIR MLEKARNA KUNIN FRÁ TÉKKLANDI Í DAG

# *Þurfum á stuðningi áhorfenda að halda*



Keflavík mun í dag leika gegn tékkneska liðinu Mlekarna Kunin frá Tékklandi í D-riðli Áskorendakeppni Evrópu í körfubolta. Er þetta þriðji og jafnframt síðasti heimaleikur Keflvíkinga í riðlinum en eftir þennan leik á liðið tvo útileiki eftir.

Keflavík tapaði fyrsta leiknum sínum í riðlinum fyrir Kunin ytra, 107-74. Eins og riðillinn hefur spilast síðan þá eru þessi tvö lið í baráttunni um annað sæti riðilsins en tvö lið komast áfram í 16 liða úrslit. Það þýðir að Keflavík þarf ekki aðeins að vinna í kvöld, heldur einnig helst með meiri mun en liðið tapaði út í Tékklandi.

„Það verður erfitt en gaman,“ sagði Magnús Þór Gunnarsson, leikmaðurinn öflugi í liði Keflavíkur. „En við þurfum auðvitað fyrst og fremst að vinna leikinn áður við getum leyft okkur að hugsa um eitthvað annað.“

Úkraínska liðið Dnipro er ósigrað á toppi riðilsins en Norrköping frá Svíþjóð enn án sigurs í neðsta sætinu. Keflavík á eftir að mæta þeim liðum á útivelli og þarf helst að vinna þá báða, sérstaklega ef Keflvíkingar vinna ekki meira en 33 stiga sigur í kvöld.

„Það verður erfitt að mæta Dnipro á útivelli en við sáum samt alveg að við eigum séns á að vinna þetta lið. Við gætum alveg eins gert það á útivelli,“ sagði Magnús sem telur að Kunin sé sterkara lið en það úkraínska.

„Samt ekki 30 stigum betra en Keflavík það er alveg ljóst. Okkur líst vel á þetta verkefni. Við lentum einnig í þessari aðstöðu í fyrra þegar við þurftum að vinna lið frá Ríga og við gerðum það. Keflavík er alltaf best þegar á reynir og ég og Gunni þurfum bara að hitta vel í kvöld.“

Aðspurður segist hann ætla að setja niður eins margar þriggja stiga körfur og nauðsyn krefur. „Ég ætla alla vega að skjóta nóg,“ sagði hann í léttum dúr. Hann hvetur vitanlega alla til að mæta í kvöld.

„Maður vill alltaf fá fullt hús því við þurfum á stuðningi áhorfenda að halda.“



**PAUL SCHOLES** Einn af vinsælustu leikmönnum Manchester United í gegnum tíðina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Knattspyrnuskóli Man. Utd:

## Kynning um helgina

**FÓTBOLTI** Um helgina verða staddir hér á landi fulltrúar frá knattspyrnuskóla Man. Utd en þeir eru hingað komnir í þeim tilgangi að kynna starfsemi skólans og hugmyndafræði hans.

Af þessu tilefni verður efnt til kynningarfundar um starf og stefnu skólans. Einnig verða haldnar æfingar þar sem taka þátt ungar stúlkur og ungir piltar frá íslenskum liðum.

Kynningarfundurinn verður haldinn kl. 10 á laugardagsmorgun á Grand hóteli og er aðgangur ókeypis. Klukkan 13 sama dag verður síðan æfing í Risanum í Hafnarfirði og önnur æfing er á sama tíma og á sama stað daginn eftir.

Nánari upplýsingar um námskeiðið veitir Lúðvík Arnarson á tölvupóstfanginu ludvik@uu.is



**EGGERT MAGNÚSSON** Yfirgefur Ísland fljótlega.

Eggert Magnússon:

## Keypti íbúð í London

**FÓTBOLTI Eggert Magnússon, formaður KSÍ og tilvonandi stjórnarformaður West Ham, hefur staðfest við breska fjölmiðla að hann ætli að flytja til London svo að hann geti sinnt starfi sínu sem stjórnarformaður almennilega.**

**Eggert staðfesti einnig að hann hefði keypt íbúð í London fyrr á árinu sem nýtist honum vel núna þar sem hann hefur búið í London undanfarnar sjö vikur.**

**Þessi tilhögun Eggerts hefur vakið nokkra athygli enda hafa þeir erlendu fjársýslumenn sem hafa keypt ensk félög undanfarin ár flestir haldið sig nokkuð fjarri félaginu. Til að mynda hefur Malcolm Glazer, eigandi Man. Utd, aldrei séð leik á Old Trafford og Randy Lerner, eigandi Aston Villa, hefur ekki heldur séð sitt lið spila.** - hbg

# Skynsamari rekstur hjá KR í dag en margir leikmenn á fínum launum

**KR er ekki það félag sem býður bestu samningana. KR hefur nokkuð dregið saman seglin og býður lakari samninga í ár en í fyrra. Félagið er ekki hætt að greiða leikmönnum svartar greiðslur þótt þær séu á miklu undanhaldi. KR og Valur eru grófust í að hafa samband við samningsbundna leikmenn án leyfis.**

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hefur á undanförnum vikum tekið ítarleg viðtöl við marga af eftirsóttustu knattspyrnumönnum landsins síðustu ár. Tilgangur viðtalanna var að komast til botns í hinum sérstaka íslenska leikmannamarkaði sem enginn veit mikið um. Ekki einu sinni leikmennirnir sjálfir. Hvað eru leikmenn að fá í laun? Hvaða lið borga best? Hvernig samningar eru í boði hjá hverju félagi? Hvaða félög brjóta félagaskiptareglurnar? Er verið að greiða leikmönnum „svart“ og hvaða lið á mest af peningum er á meðal þeirra spurninga sem Fréttablaðið spurði leikmennina að.

Fréttablaðið mun alla þessa viku birta greinar sem ætlað er að varpa ljósi á leikmannamarkaðinn. Þær upplýsingar sem koma fram í greinunum eru alfarið fengnar frá leikmönnunum sjálfum. Í dag skoðum við stórveldið í Vesturbænum, KR.

### Alls kyns fríðindi

Það hefur lengi loðað við KR að vera það félag sem greiðir leikmönnum sínum hvað bestu launin enda hafa margir snjöllustu knattspyrnumenn þjóðarinnar lagt leið sína í Vesturbæinn.

KR er vissulega að greiða leikmönnum ágæt laun en KR er aftur á móti að bjóða um margt öðruvísi samninga en Valur til að mynda sem er aðallega í peningagreiðslum og engu öðru.

Leikmenn sem KR er á höttunum eftir er boðið meiri fríðindi á borð við afnot af bíl og íbúð og stundum fylgja líka með í pakkanum hlutir á borð við bensínkort.

### Buðu betri samninga fyrir ári

Það eru ekki mörg ár síðan KR stóð frekar höllum fæti fjárhagslega en reksturinn gengur betur í dag KR er ekki lengur að bjóða ofurlaun í hæsta flokki en á móti kemur að það eru nokkuð margir leikmenn hjá félaginu sem eru með góða samninga í kringum 200-300 þúsund krónur í fastagreiðslu á mánuði. KR var í raun að bjóða betri samninga fyrir sumarið 2005 en það gerir í dag.

### Umgjörðin skiptir máli

KR hefur verið að búa til umgjörð í kringum meistaraflokkinn hjá sér sem er leikmönnum að skapi. Leikmenn virðast líka vera til í að leika fyrir Teit Þórðarson. Það einkennir einnig félagið að það stendur við sína samninga og enginn dráttur er á



greiðslum lengur eftir því sem best er vitað.

Eitt sterkasta vopn KR er að félagið virðist eiga auðvelt með að útvega leikmönnum atvinnu sem í einhverjum tilvikum er framtíðarstarf viðkomandi leikmanns. Fyrir vikið er viðkomandi leikmaður ekki á eins háum launum hjá félaginu og margur heldur.

Dæmi eru um að leikmenn hjá KR hafi fengið tekjutryggingu samhliða starfinu sem þýðir að leikmaðurinn heldur launum þó hann missi vinnuna. Félagið þarf þá að bjarga honum um nýtt starf og sér til þess að hann haldi sömu launum.

### Hvetjandi greiðslur

KR er með sigurleikjabónus sem er í kringum 30-40 þúsund krónur. KR er með titlabónus í kringum hálfa milljón króna fyrir þá leikmenn sem eru líklegir til að spila mest fyrir liðið. KR býður leikmönnum, sem það er í viðræðum við, einnig undirskriftafé sem er allt frá hálfri milljón króna.

### Enn að greiða svart

Það eru ekki mörg félög á Íslandi sem eru til í að greiða fyrir leikmenn hér innanlands en KR er eitt þeirra þótt formaður rekstrarfélags KR vilji halda öðru fram. Þrátt fyrir betri rekstur á síðustu árum er ekki allt eins og best verður á kosið hjá KR. Vesturbæjarliðið er enn að greiða einhverjum leikmönnum svart þótt þeim hafi farið mjög fækkandi á síðustu árum.

Reyndar virðist skipta máli hver sér um að semja við leikmanninn því dæmi er fyrir því að stjórnarmaður hafi sagt við leikmann að KR væri hætt að greiða svart. Nokkru síðar hefur annar stjórnarmaður frá félaginu samband við leikmanninn og býður honum svartar greiðslur.

### KR og Valur hafa snemma samband við samningsbundna leikmenn

Forráðamenn KR hafa einnig gert sig seka um að brjóta reglur um félagaskipti og úttekt Fréttablaðsins hefur leitt í ljós að Valur og KR eru grófust í að setja sig í samband við samningsbundna leikmenn án leyfis.

Síðast í sumar hafði KR ólöglega samband við samningsbundinn leikmann annars félags í byrjun ágúst. KR fór reyndar þá leið að láta utanaðkomandi aðila hlera leikmanninn fyrst. Viðbrögð leikmannsins voru jákvæð og þá hafði stjórnarmaður í félaginu umsvifalaust samband án leyfis félags viðkomandi leikmanns.

Fyrir ári síðan var félagið ekki eins varkárt í samskiptum við leikmenn og þá höfðu stjórnarmenn ólöglega beint samband við samningsbundna leikmenn án þess að hlera þá á undan.

*Á morgun: FH*



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta leikur sinn annan leik í undankeppni HM á föstudag:

# Rúta kvennalandsliðsins kölluð „klakavagninn“

**HANDBOLTI** Það fer vel um íslenska kvennalandsliðið í handbolta í smábænum Valcea í Rúmeníu. Íþróttahúsið sem leikirnir í riðlinum fara fram í er í rúmlega hundrað þúsund manna borg sem heitir Valcea og er staðsett í djúpum dal Karpatafjallanna en hótelið sem íslenska liðið gistir á er í þorpi þar rétt fyrir utan og er u.þ.b. hálftíma akstur í íþróttahúsið.

Í þorpinu er fátt um fína drætti og þar eru nánast eingöngu hótel, sem gera sig út fyrir að vera heilsuhótel, með tilheyrandi nuddaðstöðu og öðru því um líku. Víða má sjá áhrif gamla kommúnistaríkisins á svæðinu. Mörg hótelanna eru í hálfgerðri niðurníðslu. Hótelið sem íslenska liðið er á er þó tiltölulega nýtt af nálinni ef mið er tekið af öðrum hótelum í nágrenninu og ágætlega er hugsað um íslensku stelpurnar. Það má augljóslega sjá á keyrslunni á milli hótelsins og íþróttahússins að mikil fátækt er á svæðinu.

Rútan sem keyrir liðið á milli staða hefur hingað til gengið undir nafninu klakavagninn sökum slæmrar miðstöðvar í langferðabílnum. Stelpurnar kvörtuðu sáran undan kulda fyrstu dagana og reynt var eftir fremsta megni að biðja bílstjórann um að hækka hitann en án árangurs.

Það stafaði að öllum líkindum af samskiptaörðugleikum, því það var sama hvað sagt var, alltaf kólnaði meira í bílnum. - dsd



**STUND MILLI STRÍÐA** Þær Ragnhildur Guðmundsdóttir, Rakel Dögg Bragadóttir og Elísabet Gunnarsdóttir sjást hér að leika uppi á hótelherbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGUR

Harðjaxlinn Ben Wallace er búinn að gera allt vitlaust á skömmum tíma hjá Chicago Bulls:

# Settur á bekkinn fyrir að nota ennisband

**KÖRFUBOLTI** Frákastavélin Ben Wallace, sem kom til Chicago Bulls frá Detroit Pistons í sumar, er búinn að gera allt vitlaust hjá félaginu á þeim stutta tíma sem hann hefur verið í herbúðum félagsins. Nýjasta nýtt er að Wallace braut reglur félagsins vísvitandi í leik gegn New York Knicks er hann mætti til leiks með ennisband sem einhverra hluta vegna er bannað hjá Bulls.

Hann var fyrir vikið settur á bekkinn. Í næsta leik á eftir mætti hann til leiks án ennisbandsins og fékk að spila en spilaði ekki vel. Í raun hefur Wallace átt í miklum erfiðleikum í vetur og hefur ekki einu sinni náð tíu fráköstum að meðaltali í leik. Vörnin átti að styrkjast með komu hans en hún hefur verið slakari en síðasta vetur það sem af er þessum vetri.

Annars virðist Wallace vera með allt á hornum sér og samskipti hans við þjálfara og stjórnarformann félagsins hafa ekki verið upp á marga fiska. Það er margt sem fer í taugarnar á Wallace hjá félaginu og til að mynda hefur hann rifist mikið yfir því að fá ekki að spila tónlist í búningsklefanum fyrir leiki.

Kaldhæðnin í þessu ennisbands-máli er sú að Bulls notar mynd af Wallace með ennisband í auglýsingaskyni fyrir félagið. En af hverju ákvað Wallace eiginlega að mæta til leiks með ennisbandið vitandi að það væri bannað?

„Ég var bara í þannig skapi,“ sagði Wallace einfaldlega.

Ben Wallace var í aðalhlutverki hjá Chicago Bulls sem vann New York Knicks í fyrrinótt, 102-85. Þá lék hann í tæpar 40 mínútur, skoraði tíu stig og tók tólf fráköst.

- hbg



**BEN WALLACE** Hefur ekki fundið sig eins vel hjá Chicago Bulls og Detroit Pistons þar sem hann varð meistari með liðinu árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**CARLOS TEVEZ** Vill eflaust frekar borga pening en fara í brasilísku treyjuna.

Carlos Tevez refsað:

## Neyddur í treyju Brasilíu

**FÓTBOLTI** **Argentínumaðurinn strunsaði heim á leið um síðustu helgi er honum var skipt af velli í leik West Ham. Hann bað félaga sína síðar afsökunar, sagðist hafa verið heitt í hamsi og því hafi hann brugðist svo illa við.**

**Félagar Tevez í West Ham-liðinu fengu að velja refsingu til að leggja á Argentínumanninn og þeir ákváðu að hann skyldi mæta á næstu æfingar í landsliðstreyju Brasilíu. Verður áhugavert að sjá hvort hann sættir sig við þá refsingu.**

- hbg

Silvinho og Bronckhorst:

## Framlengja við Barcelona

**FÓTBOLTI** Varnarmennirnir Silvinho frá Brasilíu og Giovanni Van Bronckhorst hafa ákveðið að framlengja samninga sína við Evrópumeistara Barcelona til ársins 2008 en samningar beggja áttu að renna út næsta sumar.

„Það er búið að ganga frá öllu og við munum skrifa undir pappírana í byrjun desember,“ sagði Txiki Begiristain, yfirmaður knattspyrnumála hjá Barcelona.

- hbg



**HÓTELIÐ** Hér gista „stelpurnar okkar“ í Rúmeníu. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGUR

Stuð hjá stelpunum:

## Spila á spil og skemmta sér

**HANDBOLTI** **Það var létt yfir íslenska kvennalandsliðinu í handbolta eftir að liðið vann sigur á Aserbaídsjan í fyrsta leiknum í undankeppni HM á þriðjudaginn. Liðið fékk frí í gær og í dag en það er erfitt verkefni fyrir höndum á morgun þegar Ísland mætir Portúgal.**

**Stelpurnar tóku fríinu fagnandi og eftir leikinn mátti víða sjá bros á andlitum þeirra. Ekki síst í herbergi þeirra Elísabetar Gunnarsdóttur og Hörpu Melsted þar sem fram fór hörkuspennandi lagakeppni.**

**Keppnin fór þannig fram að Rakel Dögg Bragadóttir sat við tölvuna, spilaði lög úr henni og hinar stelpurnar áttu að giska á hver væri flytjandinn. Það var að lokum Ragnhildur Guðmundsdóttir sem fór með nokkuð öruggan sigur af hólmi enda ansi nösk á að giska og greinilega vel að sér í tónlistarheiminum.**

- dsd


Ótrúlegt verð
á vetrardekkjum og álfelgum
í Hagkaupum Skeifunni

TILBOÐ 4 vetrardekk + 4 felgur

| | |
|---|---|
| 16" Álfelgur + 205/55R16 | 89.999.- |
| 16" Álfelgur + 215/70R16 | 99.999.- |
| 15" Álfelgur + 195/185-65R15 | 69.999.- |
| 15" Stálfelgur + 33x12.50R15 | 89.999.- |
| 14" Álfelgur + 185/175-65R14 | 54.999.- |
| 16" Álfelgur + 235/265-75R16 | 109.999.- |




Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**TVEIR ÞEIRRA TILNEFNDU** Zinedine Zidane og Fabio Cannovaro í úrslitaleik HM í Þýskalandi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Þrír efstu í kjöri FIFA á knattspyrnumanni ársins:

# Zidane á meðal þriggja bestu

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, upplýsti í gær hvaða þrír knattspyrnumenn væru efstir í kosningu á besta knattspyrnumanni heims. Það eru Brasilíumaðurinn Ronaldinho, Ítalinn Fabio Cannavaro og svo Frakkinn Zinedine Zidane sem stimplaði sig út úr knattspyrnuheiminum á eftirminnilegan hátt síðasta sumar. Það eru þjálfarar og fyrirliðar hinna 207 aðildarlanda FIFA sem hafa kosningarétt.

Ronaldinho er talinn líklegastur til að hreppa hnossið en með hann sem besta mann varð Barcelona spænskur meistari og bætti síðan um betur með því að vinna Meistaradeildina. Ronaldinho hefur hlotið þessi verðlaun undanfarin tvö ár og getur orðið fyrsti leikmaðurinn í sögunni til að vinna þau þrjú ár í röð.

Það skal þó enginn afskrifa Ítalann Cannavaro sem var nýlega útnefndur besti leikmaður Evrópu en hann varð ítalskur meistari með Juventus og síðan heimsmeistari með Ítölum þar sem hann lék frábærlega.

Það kemur mörgum á óvart að sjá Zidane á meðal þriggja efstu en þeir sem kusu hafa greinilega getað litið fram hjá skallanum á Materazzi þegar þeir gáfu atkvæði sitt. Zidane hefur unnið þessa nafnbót þrisvar sinnum á ferlinum og hann yrði sá fyrsti til að hljóta hana fjórum sinnum.

Kjörinu verður lýst 18. desember næstkomandi í Zürich.

- hbg

Gabriel Heinze kominn á fullt skrið:

# Berst glaður fyrir sæti sínu

**FÓTBOLTI** Argentínski varnarmaðurinn Gabriel Heinze hjá Man. Utd er loksins kominn á fullt skrið eftir meiðsli sem hann hlaut á HM í sumar. Hann berst nú hatrammri baráttu við Frakkann Patrice Evra um vinstri bakvarðarstöðuna hjá United og finnst það gaman.

„Ég er mjög glaður fyrir hönd Evra sem hefur verið að leika vel og það er gott fyrir liðið. Man. Utd snýst ekki um einstaklingana heldur um að ná góðum úrslitum og það hefur gengið vel í vetur. Það verður gaman að berjast um sæti í byrjunarliðinu,“ sagði Heinze en Frakkinn Mikael Silvestre er ekki eins hress enda ekki komist í byrjunarlið United síðan í september. Hann var ekki í leikmannahópnum gegn Chelsea og hann er nú orðaður við sölu til Spánar.



**GABRIEL HEINZE** Gríðarlega vinsæll hjá stuðningsmönnum Man. Utd.

„Það væri fínt að fara þangað. Af hverju ekki? Ég hef samt útilokað að fara aftur til Frakklands. Ekki af því mér líkar ekki við landið heldur vegna þess að ég þekki deildina þar of vel. Ég væri til í að prófa nýja hluti á nýjum stöðum,“ sagði Silvestre.

- hbg


Við erum 10 ára



AFMÆLISTILBOÐ

**50% afsláttur** af öllum HUGO BOSS umgjörðum og sólgleraugum.

**50% afsláttur** af öllum BARNA- OG UNGLINGA umgjörðum.

SJÓNMÆLINGAR - EKKI MISSA AF ÞESSU

ÉG C

GLERAUGNAVERSLUN

Hamraborg 10
200 Kópavogi
sími 5543200

Smáratorgi 1
201 Kópavogi
sími 5643200

**Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir að ráða þjálfara fyrir 2. flokk kvenna.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Sveinbjörnsson, form. meistaraflokksráðs kvenna, í síma 824-7619 eða í gegnum tölvupóst, johannes@saa.is.




Blue Lagoon gjafakort



Bláa lónið Húðvörur Spa meðferðir Veitingar Gisting

Upplýsingar í síma 420-8832 eða á bluelagoon@bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# Skrefinu framar með Sony

## Upplifðu það besta

Sony LX2 flatskjárinn tryggir þér bestu mögulegu myndgæðin með nýjustu LCD og Bravia tækninni. Fjöldi tengimöguleika veita þessum skjá sérstöðu. Hann hentar jafnt á heimilum og fyrirtækjum.



## Tryggðu þínu fyrirtæki alla möguleika

Í þessum skjá er möguleiki á innbyggðu auglýsingakerfi sem fyrirtæki geta nýtt sér - með lágmarksfyrirhöfn. Einungis þarf rafmagn að skjánum og lágmarks tölvukunnáttu til að geta nýtt sér þessa frábæru tækni. Nauðsynlegur hugbúnaður fylgir frítt með.

**Verð: kr. 69.900**



## Sony LX2

40" eða 32" / HD samhæfður (1080p) / Upplausn: 1366x768 / Sjónarhorn: 178°x178° / Svartími: 8ms / Hljóð: 2x7W SRS WOW, BBE digital / Inngangar: 2x HDMI, Component, S-video, Video, VGA tölvuinngangur, hljóð / Stýrimöguleikar: RS232, Control-S

**Litir:** Svartur eða Silfur

**40" skjár kr. 249.900**

**32" skjár kr. 159.900**

SONY

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *DHL-deild karla*

| | |
|---|---|
| FRAM-FYLKIR | 34-29 |

**Mörk Fram**: Jóhann Gunnar Einarsson 7/3 (11/5), Þorri B. Gunnarsson 7 (8), Stefán Stefánsson 6 (7), Andri Berg Haraldsson 4 (14), Haraldur Þorvarðarson 4 (4), Rúnar Kárason 2 (3), Sigfús Sigfússon 2 (3), Guðjón Drengsson 2 (5), Einar Ingi Hrafnsson 1/1 (1/1).
**Varin skot**: Björgvin Gustavsson 21/3, Magnús Erlendsson 2.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 9 (Stefán 4, Jóhann 1, Brjánn 1, Þorri 2, Guðjón 1).
**Fiskuð víti**: 6 (Einar 2, Jóhann 1, Rúnar 1, Þorri 1, Guðjón 1).
**Utan Vallar**: 16 mínútur.
**Mörk Fylkis**: Tomislav Broz 11/4 (17/5), Ásbjörn Stefánsson 7 (14/1), Brynjar Þór Hreinsson 4 (7), Þórir Júlíusson 2 (3), Eymar Kruger 2 (6/1), Haukur Sigurvinsson 2/1 (6/1), Hreinn Þór Hauksson 1/1 (1/1).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 16/2.
**Mörk úr hraðaupphlaupum**: 6 (Ásbjörn 4, Brynjar 1, Broz 1).
**Fiskuð víti**: 9 (Þórir 2, Arnar 2, Haukur 1, Kruger 1, Brynjar 1, Ásbjörn 1, Hreinn 1).
**Utan Vallar**: 12 mínútur.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **HK** | **8** | **6** | **1** | **1** | **210-191** | **13** |
| VALUR | 8 | 6 | 0 | 2 | 222-208 | 12 |
| **FRAM** | **8** | **5** | **1** | **2** | **243-215** | **11** |
| AKUREYRI | 8 | 4 | 1 | 3 | 216-209 | 9 |
| **STJARNAN** | **8** | **3** | **0** | **5** | **210-220** | **6** |
| HAUKAR | 8 | 2 | 2 | 4 | 227-240 | 6 |
| **FYLKIR** | **8** | **2** | **1** | **5** | **217-232** | **5** |
| ÍR | 8 | 1 | 0 | 7 | 216-246 | 2 |

### *Iceland Express deild kv.*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-GRINDAVÍK | 122-96 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **HAUKAR** | **6** | **6** | **0** | **584-371** | **12** |
| KEFLAVÍK | 7 | 6 | 1 | 679-482 | 12 |
| **GRINDAVÍK** | **7** | **4** | **3** | **570-542** | **8** |
| ÍS | 7 | 3 | 4 | 459-497 | 6 |
| **HAMAR** | **7** | **1** | **6** | **433-603** | **2** |
| BREIÐABLIK | 6 | 0 | 6 | 338-568 | 0 |

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| ASTON VILLA-MANCHESTER CITY | 1-3 |

0-1 Darius Vassell (18.), 0-2 Joey Barton (32.), 1-2 Gavin McCann (66.), 1-3 Silvain Distin (75.).

| | |
|---|---|
| FULHAM-ARSENAL | 2-1 |

1-0 Brian McBride (6.), 2-0 Tomasz Radzinski (19.), 2-1 Robin van Persie (36.).

| | |
|---|---|
| BOLTON-CHELSEA | 0-1 |

0-1 Michael Ballack (45.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-PORTSMOUTH | 0-0 |
| MANCHESTER UNITED-EVERTON | 3-0 |

1-0 Cristiano Ronaldo (39.), 2-0 Patrice Evra (63.), 3-0 John O'Shea (89.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UNITED** | **15** | **12** | **2** | **1** | **33-7** | **38** |
| CHELSEA | 15 | 11 | 2 | 2 | 25-8 | 35 |
| **PORTSMOUTH** | **15** | **7** | **3** | **5** | **19-12** | **24** |
| BOLTON | 15 | 7 | 3 | 5 | 15-14 | 24 |
| **ASTON VILLA** | **15** | **5** | **8** | **2** | **17-13** | **23** |
| ARSENAL | 14 | 6 | 4 | 4 | 22-12 | 22 |
| **LIVERPOOL** | **15** | **6** | **4** | **5** | **15-15** | **22** |
| READING | 14 | 7 | 1 | 6 | 16-18 | 22 |
| **EVERTON** | **15** | **5** | **6** | **4** | **18-15** | **21** |
| FULHAM | 15 | 5 | 5 | 5 | 16-21 | 20 |
| **TOTTENHAM** | **14** | **5** | **4** | **5** | **13-16** | **19** |
| MAN. CITY | 15 | 5 | 4 | 6 | 13-17 | 19 |
| **WIGAN** | **13** | **5** | **3** | **5** | **17-16** | **18** |
| M'BROUGH | 14 | 4 | 4 | 6 | 11-17 | 16 |
| **WEST HAM** | **14** | **4** | **2** | **8** | **10-16** | **14** |
| BLACKBURN | 13 | 3 | 4 | 6 | 11-17 | 13 |
| **NEWCASTLE** | **14** | **3** | **4** | **7** | **9-15** | **13** |
| SHEFF. UTD. | 15 | 3 | 4 | 8 | 9-19 | 13 |
| **WATFORD** | **14** | **1** | **6** | **7** | **10-20** | **9** |
| CHARLTON | 14 | 2 | 3 | 9 | 10-21 | 9 |

### *UEFA-bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| PARTIZAN BELGRAD-AUXERRE | 1-4 |
| LIVORNO-MACCABI HAIFA | 1-1 |
| DINAMO BUCARESTI-CLUB BRUGGE | 2-1 |
| GRASHOPPERS-SEVILLA | 0-4 |
| AZ ALKMAAR-SLOVAN LIBEREC | 2-2 |

**Grétar Rafn Steinsson** og **Jóhannes Karl Guðjónsson** voru báðir í byrjunarliði AZ. **Grétar** skoraði fyrra mark AZ á 69. mínútu.

| | |
|---|---|
| LENS-PARMA | 1-2 |
| OSASUNA-OB | 3-1 |

### *Forkeppni HM kvenna*

| | |
|---|---|
| RÚMENÍA-ÍTALÍA | 48-15 |

Leikurinn fór fram í fyrrakvöld.

| | |
|---|---|
| PORTÚGAL-ÍTALÍA | 33-12 |
| RÚMENÍA-ASERBAÍDSJAN | 46-21 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **RÚMENÍA** | **2** | **2** | **0** | **0** | **94-36** | **4** |
| PORTÚGAL | 1 | 1 | 0 | 0 | 33-12 | 2 |
| **ÍSLAND** | **1** | **1** | **0** | **0** | **31-28** | **2** |
| ASERBAÍDSJAN | 2 | 0 | 0 | 2 | 59-77 | 0 |
| **ÍTALÍA** | **2** | **0** | **0** | **2** | **27-81** | **0** |

### *Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar*

Dregið var í 16-liða úrslit í gær:

FJÖLNIR-KEFLAVÍK
KEFLAVÍK B-GRINDAVÍK
TINDASTÓLL-KR
ÍR-STJARNAN
FSU-MOSTRI
HAMAR/SELFOSS-ÞÓR ÞORL.
VALUR-SKALLAGRÍMUR
HVÍTI RIDDARINN-KR B

Fram vann öruggan sigur á Fylki í Safamýrinni í gær:

# Fjórði deildarsigur Framara í röð



**LÍTIL FYRIRSTAÐA** Varnarmaður Fylkis reynist lítil fyrirstaða fyrir Sigfús Pál Sigfússon Framara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANDBOLTI** Fram saxaði verulega á forskot HK og Vals í DHL-deild karla í gærkvöldi með öruggum fimm marka sigri á Fylki. Gestirnir úr Árbænum fengu að líta tvö rauð spjöld í leiknum og eru komnir í alvarlega fallbaráttu.

Framarar byrjuðu mun betur í gær og komust strax í 7-2 forystu. Þrátt fyrir það átti Hlynur Morthens, markvörður Fylkis, sinn besta leikkafla í upphafi leiksins þar sem hann varði fimm skot. En Fylkismenn náðu að nýta sér einbeitingarleysi Framarar eftir þessa öflugu byrjun og minnkuðu muninn í 9-7. En það reyndist aðeins um stundarsakir þar sem Framarar gáfu vel í á nýjan leik og komust í sex marka forystu þegar flautað var til hálfleiks, 17-11.

Það hafði sitt að segja að Fylkismenn misnotuðu þrjú vítaköst í fyrri hálfleiknum sem og að Arnari Þór Sæþórssyni var vikið af velli með rauða spjaldið eftir um stundarfjórðungsleik. Dómurinn kom í kjölfar brots Arnars á Daníel Berg Viktorssyni en Fylkismenn mótmæltu dómnum mjög.

Eins og gefur að skilja voru Íslandsmeistararnir öflugir í sóknarleik sínum og dreifðust mörkin vel á milli manna. Haraldur Þorvarðarson nýtti sín færi vel eins og reyndar fleiri leikmenn Fram.

Sigur Framara var aldrei í hættu í síðari hálfleik og greinilegt að Fylkismenn létu mótlætið fara í taugarnar á sér. Haukur Sigurvinsson fékk að líta rauða spjaldið fyrir olnbogaskot og Fylkisliðið orðið heldur þunnskipað. Niðurstaðan var fimm marka sigur, 34-29, og því fjórði sigur Fram í DHL-deild karla í röð orðin staðreynd. Íslandsmeistarnir eru farnir að láta vita af sér svo um munar.

Stefán Stefánsson var besti maður Fram en hann skoraði sex mörk í leiknum. Þorri B. Gunnarsson stóð einnig fyrir sínu sem og Björgvin Gustavsson í markinu.

- egm



**MENDIETA** Á heimleið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gaizka Mendieta:

# Fær að fara frá Middlesbrough

**FÓTBOLTI Gareth Southgate, knattspyrnustjóri Middlesbrough, hefur staðfest að hann muni leyfa Spánverjanum Gaizka Mendieta að yfirgefa herbúðir félagsins í janúar. Mendieta hefur verið hjá félaginu í þrjú ár og oftar en ekki verið meiddur. Fyrir vikið fær hann mjög lítið að spila.**

**„Ég er viss um að maður á hans aldri vill vera hjá liði þar sem hann fær að spila reglulega," sagði Southgate um hinn 32 ára gamla Spánverja. Athletic Bilbao hefur þegar verið orðað við miðjumanninn knáa.**

- hbg

# Fyrsti sigur Fulham á Arsenal í 40 ár

**Fulham vann í gær sigur á Arsenal í fyrsta sinn síðan Englendingar urðu heimsmeistarar í knattspyrnu og boðar það lítið gott fyrir Arsene Wenger og hans menn. Manchester United og Chelsea unnu sína leiki.**

**FÓTBOLTI** Arsenal tapaði í gær í fyrsta sinn fyrir Fulham síðan Englendingar urðu heimsmeistarar í knattspyrnu árið 1966. Það var á nýársdegi það ár sem það gerðist og því biðin langa á enda komin fyrir stuðningsmenn Fulham.

Ekki byrjaði kvöldið vel hjá Arsenal en liðið fékk á sig tvær hornspyrnur strax í upphafi leiks. Úr þeirri síðari skoraði Biran McBride eftir að Jens Lehman, markvörður Arsenal, misreiknaði fyrirgjöfina. Markið verður óneitanlega að skrifast á þann þýska. Útlitið var enn dekkra fyrir Arsenal-liðið er Tomas Radzinski skoraði annað mark Fulham á 19. mínútu eftir fyrirgjöf Luis Boa Morte. Markið var þó ekki sársaukalaust því Radzinski var á svo mikilli siglingu að hann klessti á auglýsingaskilti og þurfti aðhlynningu í kjölfarið.

Robin van Persie færði stuðningsmönnum Arsenal von með laglegu vinstrifótarskoti utan teigs. Staðan því orðin 2-1 eftir 35 mínútna leik.

Þrátt fyrir þetta héldu leikmenn Bolton áfram að sækja en höfðu ekki erindi sem erfiði í fyrri hálfleik.

Arsenal byrjaði betur í síðari hálfleik og var óheppið er mark Thierry Henry var þó réttilega dæmt af vegna rangstöðu. En hinum megin á vellinum lenti Boa Morte í því sama eftir skrautlega skógarferð Lehman.

Phillipe Senderos fékk svo að líta rauða spjaldið eftir aðra áminningu sína sem hann fékk fyrir að brjóta á Boa Morte rétt utan teigs.

En það breytti litlu og stóðu leikar óbreyttir til leiksloka. Heiðar Helguson lék síðasta stundarfjórðunginn fyrir Fulham og átti eitt ágætt færi.

Ryan Giggs var ekki í byrjunarliði Manchester United í gær og herma sögusagnir að það sé vegna ósættis hans og Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóra liðsins. Opinbera skýringin á fjarveru hans voru að hann væri meiddur á kálfa. Giggs átti afmæli í gær og fylgdist með leiknum úr stúkunni.

Það var einnig sérstök stemning að sjá að Neville-bræðurnir væru fyrirliðar sinna liða. Gary vitanlega hjá United og Phil hjá Everton en þetta er í fyrsta skipti sem bræður eru fyrirliðar liða sem mætast í ensku úrvalsdeildinni.

Cristiano Ronaldo kom United yfir í leiknum í lok fyrri hálfleiks er hann fylgdi eftir skoti Michael Carrick sem Nuno Valente varði en hélt ekki. Patrice Evra og John O'Shea skoruðu svo mörk United í síðari hálfleik.

Chelsea vann 1-0 sigur á Bolton á útivelli í gær og fylgir því enn fast á hæla Manchester United.

Andryi Shevchenko hefur mikið verið gagnrýndur fyrir markaleysi sitt síðan hann kom til Chelsea en hann var í byrjunarliðinu og átti frábært skot að marki sem Jussi Jaaskaleinen varði frábærlega. En upp úr horninu skoraði hinn nýliðinn hjá Chelsea, Michael Ballack, með fallegu skallamarki.

Markaþurrð Liverpool hélt áfram í gær og í þetta sinn gegn Portsmouth á heimavelli. Þá vann Manchester City góðan 3-1 útivallarsigur á Aston Villa sem fyrir leikinn í gær hafði aðeins tapað einum leik á tímabilinu.

- esá



**DÝRKEYPT MARK** Tomasz Radzinski skoraði annað mark Fulham en klessti svo á auglýsingaskilti eins og myndin sýnir. Hann þurfti svo að fara af velli í hálfleik. NORDIC PHOTOS/AFP



**DONOVAN MCNABB** Verður lengi frá eftir erfið hnémeiðsli. NORDIC PHOTOS/GETTY

Donovan McNabb, leikstjórnandi Philadelphia Eagles:

# Hugsanlega frá í heilt ár

**NFL** Donovan McNabb, leikstjórnandi Philadelphia Eagles, verður frá æfingum og keppni næstu átta til tólf mánuðina eftir að hafa gengist undir aðgerð á hné en hann sleit flest sem hægt var að slíta í hnénu í leik á dögunum. Meiðslin eru gríðarlegt áfall fyrir Eagles enda hafði McNabb farið á kostum með liðinu í vetur en það eygir litla von um árangur án hans.

- hbg

Spænski framherjinn Albert Luque hjá Newcastle:

# Vill fara aftur til Spánar

**FÓTBOLTI** Spænski framherjinn Albert Luque segist gjarna vilja snúa aftur til heimalandsins en hann hefur engan veginn komist í takt við enska boltann eftir að hann gekk í raðir Newcastle frá Deportivo la Coruna fyrir 10 milljónir punda.

Barcelona, Real Madrid, Real Betis, Real Mallorca og Bordeaux eru öll talin hafa áhuga á Luque og nú hefur Villarreal bæst í slaginn.

„Ég veit að Villarreal hefur spurst fyrir um mig sem og fleiri félög frá Spáni en það er ekki komið formlegt tilboð frá neinu þessara félaga," sagði Luque. „Lífið hefur ekki verið mér hliðhollt á Englandi. Ég fæ lítið að spila og fyrir vikið er ég ekki mjög hamingjusamur. Ef tækifærið gefst vil ég gjarna snúa aftur til Spánar."

- hbg



**ALBERT LUQUE** Hefur ekki staðið undir væntingum hjá Newcastle.



Jólagjafir í 90 ár
Einn með öllu sem þarf!
Kassagítarpakki frá Fender. Frá 15.900kr
Bassa og gítarmagnarar frá Fender. Frá 9.900kr
Premier TAMA YAMAHA
Trommusett Frá 39.900kr
Taktmælar og stillitæki Frá 2.750kr
Hljómborð frá Yamaha Frá 26.900kr
Skemmtileg og broskandi ásláttarleikföng frá Remo!
Ótúrlegt úrval effecta. Brian May og Jimi Hendrix
Hljóðritaðu jólaplötuna með Pro Tools
Alvöru hljóðvershátalarar frá YAMAHA. Frá 35.900kr
MBox upptökutæki með ProTools. Frá 29.900kr
Hljóðnemar frá 4.450kr
Fender gítarpakkar Gítar, magnari o.fl. Frá 26.900kr
digidesign Fender Ibanez Premier YAMAHA TAMA
Mikið úrval af töskum, kennslubókum, tónlistarforritum, staítfum og öðrum aukahlutum!
Öll bekktustu merkin á einum stað!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Laugavegi 176 (gamla Sjónvarpshúsið) 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340



> **Steve Buscemi**

Það kannast allir við andlitið á honum en það gleyma margir hvað hann heitir. Eftirminnilegustu hlutverk Steves eru án efa sem Donny í „Big Lebowski“, fulli bróðirinn í „Wedding singer“ og sem Carl í „Fargo“. Steve leikur einnig í sjónvarpsþáttunum Sopranos sem er á dagskrá sjónvarpsins í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON TEKUR GLEÐI SÍNA Á FÖSTUDÖGUM

# *Að leita gimsteina á skarnhaug*

X-faktor hefur verið hleypt af stokkunum og lofar góðu enn sem komið er. Ég er alltént hugfanginn á hverju föstudagskvöldi, þetta er miklu betra en Idol-stjörnuleitin. Enn er verið að skilja sauðina frá höfrunum og sjálfsagt hægt að eyða talsverðu púðri í að gera gys að minni spámönnunum. Sem væri aftur á móti ómaklegt. Mér finnst merkilegt til þess að hugsa hversu margir eru tilbúnir að leggja allt undir og opinbera sig algjörlega fyrir framan alþjóð. Til þess þarf kjark og ber að virða.



Dómararnir eru auðvitað límið sem heldur þáttunum saman. Fín hugmynd að fá Ellý Ármanns í hópinn; hún er reyndar dálítið hikandi og mér finnst hún horfa of mikið til Páls Óskars áður en hún ákveður sig. Sem er kannski skiljanlegt svona til að byrja með, hún á ábyggilega eftir að slípast til með tíð og tíma. Að öðrum ólöstuðum er Einar Bárðarson þó uppáhaldsdómarinn minn; fagmaður fram í fingurgóma og með báða fætur á jörðinni en í leiðinni líka svo gáskafullur. Einari er aldrei orða vant og það bókstaflega ískrar í mér þegar hann afgreiðir keppendur með meitluðu og drepfyndnu líkingarmáli sem hann hnykkir á með með skrækum og dillandi hlátri.

Enn hef ég þó ekki komið auga á keppanda sem lóðrar svo af hæfileikum að hann beinlínis slær mig út af laginu, en ætla ekki að missa af þætti ef hann skyldi reynast vera þarna einhvers staðar. Bíðum, vonum og sjáum hvað setur.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.30 Sigtið** SKJÁR EINN



▶ **18.00 Aston Villa - Man. CITY** SKJÁR SPORT



▶ **09.35 Martha** STÖÐ 2



▶ **17.05 Guiding Light** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Being Julia** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Íþróttakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudegi.
▶**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**18.30 Stebbi strútur (3:13)** Finnskur teiknimyndaflokkur um strútinn Stebba og Emmu vinkonu hans.
**18.40 Nám og vinna** (The Bread Winner) Barnamynd frá Jórdaníu.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Martin læknir (5:8)** (Doc Martin II)
**21.15 Launráð (105)** (Alias V) Bandaríska spennuþáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (The Sopranos VI) Myndaflokkur um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Aðalhlutverk leika James Gandolfini, Edie Falco, Jamie Lynn Siegler, Steve Van Zandt, Michael Imperioli, Dominic Chianese, Steve Buscemi og Lorraine Bracco. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni www.hbo.com/sopranos.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur (43:47)** (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**0.05 Kastljós**
**0.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Alfie**
**8.00 Dante´s Peak**
**10.00 Win A Date with Ted Hamilton!** (Stefnumót með stórstjörnu!)
**12.00 Along Came Polly**
**14.00 Dante´s Peak**
**16.00 Win A Date with Ted Hamilton!**
**18.00 Along Came Polly**
**20.00 Alfie**
▶**22.00 Being Julia**
**0.00 21 Grams**
**2.00 Friday After Next** Gamanmynd um frændurna Craig og Day-Day.
**4.00 Being Julia** (Hin eina sanna Júlía) Stjörnum hlaðin verðlaunamynd.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
▶**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Valentína**
**14.35 Svæsnustu sambandsslit í Hollywood**
**15.20 Two and a Half Men (8:24)** Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri. Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf. Alan bróðir hans stendur í skilnaði og flytur til Charlies ásamt Jake syni sínum. Hér sannast enn og aftur að karlmenn deyja ekki ráðalausir. Í aðalhlutverkum eru Charlie Sheen, Jon Cryer og Angus T. Jones.
**16.00 Jimmy Neutron**
**16.20 Leðurblökumaðurinn**
**16.40 Ofurhundurinn**
**17.05 Myrkfælnu draugarnir (24:90) (e)**
**17.20 Fífí**
**17.30 Bold and the Beautiful**
**17.55 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Búbbarnir (15:21)**
**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**1.10 The Closer - NÝTT (2:15)** (Málalok)
**21.55 Entourage (13:14)** Á meðan Vince er upptekinn við ást sína á Mandy er hún staðin að verki með gömlum kærasta.
**22.25 Arrested Development** (Tómir asnar)
**22.55 Svæsnustu lýtaaðgerðir í Hollywood**
**23.45** Grey's Anatomy (22:36)
**0.30 The Deal** (Stranglega bönnuð börnum)
**2.15 Juwanna Mann**
**3.45 The North Hollywood Shoot-Out** (Stranglega bönnuð börnum)
**5.10 Fréttir og Ísland í dag**
**6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 Four Kings - NÝTT** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers myndunum og Italian Job.
**21.00 The Player - NÝTT**
**22.00 Chappelle´s Show** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru blómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín að því sem honum dettur í hug. Þátturinn samanstendur af mörgum grínatriðum sem Chappelle hefur sjálfur skapað með sínum djarfa húmor.
**22.30 X-Files**
**23.15 Insider**
**23.40 Vanished (7:13) (e)** (Vanished)
**0.25 Ghost Whisperer (e)**
**1.10 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.35 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur má fræðast um í þessum frægu þáttum.
**2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Frægir í form (e)**
**15.55 Love, Inc. (e)** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem gengur alla leið.
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri Skjás Eins.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarísk gamansería.
**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 The Office** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían.
**20.30 Venni Páer - NÝTT!** Ný, íslensk gamanþáttaröð. Venni Páer er „alter ego“ Verharðs Þorleifssonar júdókappa. Páerinn er einkaþjálfari sem hefur bara einn viðskiptavin: greyið hann Bjössa.
**21.00 The King of Queens**
▶**21.30 Sigtið**
**22.00 C.S.I: Miami** Bandarísk sakamálasería um Horatio Crane og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
**23.00 Everybody Loves Raymond**
**23.30 Jay Leno**
**0.15 America's Next Top Model VI (e)**
**1.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.00 2006 World Pool Masters (e)**
**2.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Ítölsku mörkin (e)**
**14.00 Watford - Sheff. Utd. (frá 28. nóv)**
**16.00 Bolton - Chelsea (frá 29. nóv)**
▶**18.00 Aston Villa - Man. City (frá 29. nóv)**
**20.00 Liðið mitt**
**21.00 Fulham - Arsenal (frá 29. nóv)**
**23.00 Liðið mitt (e)**
**0.00** Man. Utd. - Everton (frá 29. nóv)




Glæný Línuýsa **890** kr.
Laksasteikur m/rauðvínspipar
Steinbítur í kryddhjúp
Plokkfiskur m/rúgbrauði
Fiskibollur að hætti Ömmu
Þorskur m/lauk, papriku og basil
Ýsa í sósu **1080** kr.
Saltfiskglás
Ýsuhnakkar í raspi
Humarsúpa **1080** kr. Lítrinn

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Í SJÖUNDA HIMNI

Það verður nóg um að vera hjá Hemma í kvöld, sem verður Í sjöunda himni á NASA við Austurvöll. Aðalgestir þáttarins verða hjónin Ómar Ragnarsson og Helga Jóhannsdóttir, sem ræða af einlægni við Hemma um lífið, tilveruna, ástina og börnin. Óskar Pétursson stórsöngvari og Gunnar Þórðarson syngja og flytja saman lagið „Örninn", sem er tileinkað Ómari. Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og rithöfundur, mætir í viðtal en hún er að hasla sér völl bæði hérlendis og erlendis með sakamálasögum sínum. Þjóðlega sveitin Bardhukka tekur lagið, en hún er skipuð einstökum listamönnum, Hjörleifi Valssyni og öðrum einvala listamönnum sem spila og syngja sígaunatónlist. Hemmi ræðir svo við tónskáldið og söngkonuna síungu Ingibjörgu Þorbergs, sem allir þekkja t.d. fyrir að hafa samið „Aravísur". Selma og Hansa syngja lag Ingibjargar, „Reykjavíkurmyndir" og Guðrún Árný lokar þættinum með laginu „Ég veit".



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „SIGTINU"
### Á SKJÁ EINUM KL. 21.30

Íslenskt sjónvarpsefni hefur sjaldan verið svona gott og sjónvarpsþátturinn Sigtið sannar það. Þátturinn snýst í kringum hann Frímann sem reyndi í síðustu seríu að búa til sjónvarpsþátt en kolféll. Núna verður hann að finna sér eitthvað annað að gera og reynir hann meðal annars að vera kennari, barnfóstra og leikhúsleikstjóri. Meinfyndnir og skemmtilegir sjónvarpsþættir fyrir alla Íslendinga nær og fjær.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Sníkjudýr
**23.25** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**19.15 Pro bull riding** (Albuquerque, NM - Ty Murray Invitational)

**20.10 Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2006) Útsending frá keppninni um sterkasta mann Íslands árið 2006.

**20.45 Arnold Schwarzenegger mótið** Stærsti íþróttaviðburðurinn í Bandaríkjunum og allra stærsta fitness-mót heims. Yfir 11 þúsund keppendur eru á þessu móti sem keppa í fjölda greinum s.s. vaxtarækt, fitness, aflraunum, lyftingum og mörgu fleiru.

**21.15 KF Nörd (14:15)** (KF Nörd) Í þessum næstsíðasta þætti um Nördana verður fylgst með þeim í undirbúningi sínum fyrir leikinn stóra gegn Íslandsmeisturum FH. J

**22.00 World´s Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Þegar keppnin um sterkasta mann heims fór fram var Jón Páll Sigmarsson sestur í helgan stein eftir að hafa orðið fyrstur til þess að sigra fjórum sinnum en það tókst honum árið áður. Nýr keppandi mætti því fyrir Íslands hönd, Magnús Ver Magnússon. Reiknuðu flestir með því að bandaríska tröllið OD Wilson færi með sigur af hólmi, en raunin varð önnur því íslenski nýliðinn vann yfirburðasigur.

**22.55 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum.

**23.25 Spænsku mörkin**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Urt **12.20** Mik Schacks Hjemmeservice **12.50** Hvad er det værd **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Liga DK **16.00** Frikvarter **16.20** Candy Floss **16.35** Lovens vogtere **17.00** Fandango med Rebecca **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** Uventet besøg **19.30** Desperate boligdrømme **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Gnavne gamle mænd **22.40** Waking the Dead **0.20** Ørnen

### NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** N¢dlanding **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Bosse **17.10** Gnottene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Ørnen **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Urix **22.45** Presidenten **23.25** Casanova

### SVT 1

**11.05** Argument **13.55** Anslagstavlan **14.00** Mitt i naturen **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.45** Sagoträdet **17.00** Max och Ruby **17.25** Stora maskiner **17.30** Expedition vildmark **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Landgång **19.30** Söderlund & Bie **20.00** Planeten **21.00** Oligarkernas uppgång **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Uppdrag Granskning **23.10** Entourage **23.40** Bingo Royale **0.25** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*... fær Ólafur Elíasson sem eykur hróður íslenskrar myndlistar um allan heim og vekur áhuga ótrúlegasta fólks á henni.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** **2** einn milljarðasti **6** ógrynni **8** ögn **9** hamfletta **11** karlkyn **12** strengjahljóðfæri **14** skaga fram yfir **16** tveir eins **17** hækkar **18** skjól **20** ónefndur **21** fugl.

**LÓÐRÉTT:** **1** hróss **3** frá **4** vanabindandi efni **5** þrá **7** nærri allar **10** fiskur **13** blund **15** hófdýr **16** tölu **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** nanó, **6** of, **8** fis, **9** flá, **11** kk, **12** selló, **14** slúta, **16** tt, **17** rís, **18** var, **20** nn, **21** orri.

**LÓÐRÉTT:** **1** lofs, **3** af, **4** nikótín, **5** ósk, **7** flestar, **10** áll, **13** lúr, **15** asni, **16** tvo, **19** rr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningunum eru á bls. 8

1. Naustið á Vesturgötu.
2. Aserbaídsjan.
3. Eggert Magnússon.

16.–18. desember

ROKKLANDSFERÐ: THE POGUES

Hvað er jólalegra en tónleikar með Pogues á aðventunni í London? Þessi stórkostlega hljómsveit hefur farið sigurför um heiminn síðustu misserin. Gríptu tækifærið og sjáðu Shane MacGowan og félaga þann 17. des. í Carling Academy Rixton-höllinni. Innifalið er flug fram og tilbaka með sköttum, gisting á 4* hóteli í 2 nætur með morgunverði, rúta til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og miði á tónleika The Pogues. Fararstjóri er Óli Palli enda er ferðin í samstarfi við Rokkland.

Verð á mann í tvíbýli:
59.900 kr.

30.–31. janúar

ARSENAL–MAN. CITY

Arsenal og Manchester City mætast á hinum nýja og glæsilega Emirates Stadium , þriðjudaginn 30. janúar í Ensku úrvalsdeildinni. Skelltu þér á flottan leik í London og sjáðu Thierry Henry og hinar stjörnurnar leika listir sínar. Gist er á þriggja stjörnu hóteli, miðsvæðis í London í eina nótt. Innifalið er flug, gisting og miði á leikinn.

Verð frá:
54.900 kr.

PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

>> Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

# Ráðamenn þjóðarinnar hafi hægt um sig



**HUGLEIKUR DAGSSON** Írar vildu banna hann en Hugleikur skrifar áramótaskaupið fyrir Íslendinga.

„Þetta hefur gengið frábærlega, smá snurfus eftir en stærstu tökunum er lokið,“ segir Reynir Lyngdal, leikstjóri áramótaskaupsins, en tökum á því lauk á þriðjudagskvöld. Tökuliðið barðist við vind og kulda við Kleifarvatn en Reynir segir að þetta hafi passað fullkomlega við atriðið. „Þetta er vonandi upphafsatriðið, mjög dramatískt og epískt,“ segir Reynir en viðurkennir þó að veðurfarið hafi leikið þá grátt fyrir tveimur vikum þegar lokaatriðið var sett á svið fyrir framan Hallgrímskirkju. „Þá var hörkufrost og mikill vindur og ég held að allir leikararnir hafi lagst í rúmið með kvef og lungnabólgu.“

Reynir er ritstjóri skaupsins en auk hans sitja þau Þorsteinn Guðmundsson, Hugleikur Dagsson, Margrét Örnólfsdóttir og bræðurnir Ari og Úlfur Eldjárn í ritnefnd. Leikstjórinn segir að markmiðið í ár hafi verið að fanga þjóðarsálina frekar en að endurskapa skemmtileg atvik frá árinu sem nú er að líða þótt þeim verði vissulega gerð góð skil. „Við viljum reyna að hafa smá tilfinningu fyrir markaðinum og poppkúltúrnum,“ bætir Reynir við en tekur þó fram að þjóðþekktar persónur komi einnig við sögu og að áhorfendur skaupsins eigi eftir að sjá yngri kynslóðina spreyta sig á ráðamönnum þjóðarinnar. „Þetta verður ekki „nastí“ og við ætlum ekki að leggja neinn í einelti,“ útskýrir leikstjórinn sem viðurkennir að smá kvíði sé fyrir hendi að einhver stórvægileg tíðindi gerist í desember. „Við höfum reyndar gert ráðstafanir en vonandi halda ráðamenn þjóðarinnar og áhrifafólkið í þjóðfélaginu sig bara til hlés,“ segir Reynir.



**REYNIR LYNGDAL** Tökum á áramótaskaupinu er lokið en síðustu tökur fóru fram við Kleifarvatn.

LOGI BERGMANN: MEISTARINN AFTUR Í LOFTIÐ EFTIR ÁRAMÓT

# Óvíst hvort Jónas verji titilinn



**LOGI BERGMANN** Undirbúningur fyrir spurningaþáttinn Meistarinn er í fullum gangi.

Spurningaþátturinn Meistarinn sem sló eftirminnilega í gegn fyrr á árinu verður aftur á dagskrá þegar nýtt ár er runnið upp. Þetta staðfesti spyrillinn Logi Bergmann Eiðsson í samtali við Fréttablaðið. „Við höfum verið að ákveða nákvæma dagsetningu en ég reikna með að allt fari á fullt í janúar,“ segir Logi og því geta spurningakeppnisóðir Íslendingar farið að undirbúa sig af krafti enda til mikils að vinna, fimm milljónir.

Líkt og síðast verður þjóðþekktum einstaklingum boðin þátttaka í þættinum og segir Logi að þeir hafi lagt höfuðið í bleyti um hverjir fá hið eftirsótta boðskort auk þess sem inntökupróf verði haldin fyrir almenning. „Þetta verður mjög svipað form og síðast og það verður forvitnilegt að sjá hverjir koma aftur,“ segir Logi en þeir fjórir sem komust í undanúrslitin fá sjálfkrafa þátttökurétt.

Þegar Fréttablaðið hafði upp á fyrsta Meistaranum, hinum unga verkfræðinema Jónasi Erni Helgasyni, hafði hann ekki tekið neina ákvörðun um hvort hann hygðist verja titilinn. Jónas hafði sigur gegn Ingu Dóru Ingvarsdóttur í æsispennandi úrslitaviðureign og fór hann heim með fimm milljónir í beinhörðum peningum. „Ég hef ekki ákveðið neitt, er reyndar ekkert viss um að það gerist þótt það yrði óneitanlega spennandi,“ segir Jónas. „Ég vil í það minnsta ekki þverneita fyrir það,“ bætir Meistarinn við. Jónas viðurkennir að hafa eytt peningunum misgáfulega, hann hafi ferðast en stærsti hluti vinningsupphæðarinnar var lögð inn á bók þar sem hún ávaxtast hægt og örugglega.



**JÓNAS ÖRN** Hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann ætli sér að verja titilinn.

Inga Dóra Ingvarsdóttir sagðist ekki eiga harma að hefna þegar Fréttablaðið náði tali af henni en hún starfar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. „Ég ligg hins vegar undir feldi og er að bræða það með mér hvort ég verði aftur með,“ segir hún. „Hef ekki tekið neina ákvörðun um það,“ bætir hún við en viðurkenndi að óneitanlega yrði það áhugavert.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**INGA DÓRA** Segist liggja undir feldi og bræði það með sér hvort hún ætli að vera aftur með.

# Jólaguðspjallið á svið á Grand rokki

„Jósef frá Nasaret er sennilega með kokkálaðri mönnum fyrr og síðar,“ segir Lísa Pálsdóttir, útvarpskona og forkólfur leikfélagsins Peðið, sem frumsýnir söngleikinn Jólapera – eða helgileikurinn um Jósef frá Nasaret, á Grand rokki á sunnudag.



**LÍSA PÁLSDÓTTIR** Ákvarðanir um uppsetningar Peðsins eru teknar í hláturskasti.

Peðið hefur starfað á Grand rokki frá því það setti upp leikritið Lamb fyrir tvo á menningarhátíð Grand rokks í fyrra. „Þetta leikrit er eftir Jón Benjamín Einarsson smið, sem maðurinn minn frétti að skrifaði leikrit í laumi og átti nokkur á lager. Við völdum þetta og settum upp. Í hláturskasti var síðan ákveðið að semja söngleik, Barperuna, sem var sýndur á menningarhátíðinni í ár og í öðru hláturskasti ákváðum við svo að setja upp jólaleik, sem er nú að fara á fjalirnar.“

Jólapera er verk í léttum dúr þar sem jólaguðspjallið er sagt frá sjónarhorni Jósefs. „Hann skilur ekki upp né niður í tilstandinu yfir einni barnsfæðingu, hvað allir þessir englar og vitringar eru að vilja, enda hefur hann ekki orðið fyrir neinni opinberun,“ segir Lísa en áréttar að ekki sé verið að gera gys að heilagri ritningu. „Þetta er falleg sýning og fjölskylduvæn, með góðri tónlist. Okkur langaði bara að segja jólasöguna á dálítið gamansaman en græskulausan hátt.“

Vilhjálmur Hjálmarsson leikstýrir verkinu en Björgúlfur Egilsson, eiginmaður Lísu, og Magnús R. Einarsson útvarpsmaður semja tónlistina og Tómas R. Tómasson Stuðmaður er þeim innan handar á sviðinu. Leikhópurinn samanstendur aðallega af fastagestum Grand rokks og fara sýningar fram á efri hæð staðarins á hverjum sunnudegi fram að jólum. **- bs**



**MAGNÚS EINARSSON** Semur tónlistina við Jólaperu.

# OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Faxafeni 10

Levi's

Signature

Levi's
buxur
4.990 kr.

Levi's
barnabuxur
3.990 kr.

## Full búð

af nýjum Levi's vörum.

Dömu, herra og barna.

Jakkaföt
frá 4.990 kr.

DOCKERS

Vörur í miklu úrvali.

**534 4450**
Faxafeni 10

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**

DR. GUNNA

## *Michael Jackson*

Klisjur eru klisjur af því þær eru sannar og ein sannasta klisjan er að allt sé best í hófi. Það er ágætt að eiga eitthvað af peningum og þurfa ekki að fá í magann um hver mánaðamót, en það er svo sem ágætt líka að fá í magann því þá finnur maður allavega fyrir því að maður sé lifandi. Eins lengi og gluggaumslögin koma inn um lúguna hefur maður tilgang í lífinu. Þannig að hófið liggur í því að fá í magann um sirka önnur hver mánaðamót.

**SVAKALEGUSTU** myndina af óhófi sá ég í þætti um Michael Jackson sem Martin Bashir gerði fyrir nokkrum árum. Þetta var átakanleg mynd af manni sem átti allt en samt ekki neitt. Hann lét henda öllum út úr milljónamæringaverslun í Las Vegas og gekk svo um og keypti sér drasl sem hvert um sig kostaði eins og það sem venjulegur launaþræll upp á Íslandi yrði ævina að vinna fyrir. Michael benti áhugalaus á draslið sem hann langaði í og svo hefur því eflaust verið skutlað á búgarðinn. Seinna sama dag var söngvarinn kominn upp á hótelherbergi, einn og vinalaus og leikandi sér að einhverju dóti. Þetta var sláandi dæmi af því hvar óhófið getur endað. Enn og aftur sönnuðust orð heimspekinganna frá Liverpool sem sungu „Þú getur ekki keypt þér ást“. Og allt kemur fyrir ekki þótt Michael Jackson sé búinn að kaupa útgáfuréttinn af textanum.

**STUNDUM** finnst mér eins og Ísland sé að verða eins og Michael Jackson í dótabúðinni. Eins og ofdekraður krakki sem fær allt upp í lúkurnar og er löngu hætt að verða glatt yfir nokkrum sköpuðum hlut. Það var gleði þegar Jón Páll og fegurðardrottningarnar unnu sína titla á 9. áratugnum, en slíkir titlar vekja litla ánægju nú. Við erum orðin svo agalega heimsfræg. Það bylja á okkur fréttir af fulltrúum þjóðarinnar, góðu millunum, sem eru að kaupa sér hitt og þetta í dótabúðum heimsins, en okkur er jafn sama og þjónunum hans Michaels þegar hann fer í innkaupaleiðangur. Við ypptum bara öxlum. Okkur er sama. Við vitum að gluggaumslögin koma alveg jafn títt inn um lúguna hjá okkur. Okkur finnst miklu meira koma til sigra Magna í karókí.

**NÚ** styttist í óhófsorgíuna miklu. Þegar mulningsvél heilaþvottarins er sett í gang er ágætt að vera andlega viðbúinn áreitinu með sögum foreldra sinna um jól fortíðar þar sem það þurfti bara nokkur rauð epli til að búa til hátíð. Besta vörnin er þó að hugsa um galtóm augun í Michael Jackson þar sem hann sat í miðri hrúgunni sinni: einn ríkasti maður í heimi og sá langsorglegasti.





